



STOFNAÐ 1944

Ársskýrslur ÍBA 2014-2015



Heiðursfélagar ÍBA, Hermann Sigtryggsson og Haraldur Sigurðsson.



Íþróttamenn Akureyrar 2015.



Ellert Örn Erlingsson og Ingibjörg Isaksen veita Hauki Þorsteinssyni heiðursviðurkenningu frá íþróttaráði Akureyrarbæjar 2015.

Ársskýrslur ÍBA 2014-2015

Efnisyfirlit

Bílaklúbbur Akureyrar. Ársskýrsla 2014-2015	2
Íþróttafélagið Eik. Ársskýrsla 2014-2015	5
Golfklúbbur Akureyrar. Ársskýrsla 2014-2015	9
KKA akstursíþróttafélag. Ársskýrsla 2014-2015	16
Hamrarnir. Ársskýrsla 2014-2015	18
Knattspyrnufélag Akureyrar. Ársskýrsla 2014-2015/2015-2016	19
Léttir hestamannafélag. Ársskýrsla 2014-2015	31
Karatefélag Akureyrar. Ársskýrsla 2014-2015	36
Kraftlyftingafélag Akureyrar. Ársskýrsla 2014-2015	37
UMF Narfi. Ársskýrsla 2014-2015	40
Nökkvi félag siglingamanna á Akureyri. Ársskýrsla 2014-2015	42
Sundfélagið Óðinn. Ársskýrsla 2014-2015	46
Skautafélag Akureyrar. Ársskýrsla 2014-2015	52
Skíðafélag Akureyrar. Ársskýrsla 2014-2015	62
Skotfélag Akureyrar. Ársskýrsla 2014-2015	64
Fimleikafélag Akureyrar. Ársskýrsla 2014-2015	66
Íþróttafélagið Draupnir. Ársskýrsla 2014-2015	70
Svifflugfélag Akureyrar. Ársskýrsla 2014-2015	74
Íþróttafélagið Akur. Ársskýrsla 2014-2015	77
Ungmennafélag Akureyrar. Ársskýrsla 2014-2015	79
Íþróttafélagið Þór. Ársskýrsla 2014-2015	82
Akureyri handboltafélag. Ársskýrsla 2014-2015	92
Hjólreiðafélag Akureyrar. Ársskýrsla 2014-2015	95
Íþróttabandalag Akureyrar. Ársskýrsla 2014-2015	97
61. ársþing Íþróttabandalags Akureyrar	100
Íþróttabandalag Akureyrar. Ársreikningur 2014-2015	103
Lög Íþróttabandalags Akureyrar	107



Stofnað 1974

Bílaklúbbur Akureyrar Ársskýrsla 2014



Árið 2014, var stjórn skipuð með eftirfarandi hætti:

Stjórnarformaður; Einar Gunnlaugsson
Varaformaður; Jón Rúnar Rafnsson
Gjaldkeri; Brynjar Gauti Schiöth
Ritari; Stefán Bjarnhéðinsson
Fjölmíðlafulltrúi; Grétar Óli Ingþórsson
Meðstjórnandi; Sigurjón Örn Vilhjálmsson

Deildarstjórar 2014

Jeppadeild Valdimar Geir Valdimarsson
Spyrnudeild Kristján Valbergsson
X-racedeild Sigurður Fannar Stefánsson
Fornbíladeild Jón Rúnar Rafnsson

Starfsemi klúbbsins var með hefðbundnum hætti, að því undanskildu, að haldið var upp á 40 ára afmælið með ýmsum hætti, þar á meðal var mikið lagt í Bíladaga sem slógu öll aðsóknarmet í gestaflölda þar sem veðrið lék við gesti og keppendur allan tímann.



Frambjóðendum allra flokka sem voru í framboði til bæjarstjórnarkosninga þetta árið, var boðið til veislu í húsnæði félagsins, ásamt gestum og gangandi, til að sýna svæðið og þróun þess, síðan félagið tók við því.

Árið 2014 var gott ár fyrir B.A þar sem félaginu tókst að koma sér á beinu brautina fjárhagslega séð og sér BA fram á að á komandi árum verði ráðist í frekari uppbyggingu brauta á svæðinu sem nauðsynlegt er til að geta sinnt öllum þeim greinum sem keppt er í á Íslandi í dag.

Árið 2014 var farið í að laga torfærusvæði BA í samráði við Fallorku og gekk það vonum framár. Drulluspyrnu-svæði var einnig sett upp og vakti sú keppni mikla lukku áhorfenda.



Jeppadeild BA hélt heila Fia Nez keppni, sem er í raun heimsmeistarakeppni í torfæru, þar sem hinar ýmsu þjóðir frá Norðurlöndum keppa í. Það voru 36 keppendur skráðir í þessa tveggja daga keppni. Fyrri daginn var mjög blautt og erfitt yfirferðar, en sunnudagurinn var frábær og mikið um frábær tilþríf keppendanna, því miður urðu afföll á bílum þetta árið en þeir munu koma sterkari til baka á flottari bílum í staðinn. Keppnin sjálf gekk eins og í lygasögu og varla nokkuð sem kom upp á, eða miklar tafir, þær sáust ekki. Samhliða Fia Nez keppninni, var keyrð Greifatorfæran, sem er árlegur viðburður hjá BA. Deildin hélt einnig Drulluspyrnu á Bíladögum. Á hana mættu um 2000 manns og var mikið fjör og þrillþríf gífurleg.

Spyrnudeild BA hélt 8 keppnir sem flokkast undir deildina, hélt nokkrar götuspyrnur, og tvær sandspyрnur, sem voru teknar saman, og haldnar sama dag. fjöldi keppenda hafa sjaldan verið fleiri og er þetta eitthvað sem mikil uppgangur er í. Mörg met féllu og árið var mjög gott í heildina. Mjög góð mæting var í Götuspyrnuna sem haldin var á Bíladögum.

X-Race deild BA stóð fyrir fjórum keppnum á árinu. Þrjár þeirra voru á Bíladögum sjálfum, en þær voru: Burn Out, Drift, þar sem áhorfendur voru í kringum 5000 manns og Auto-X. Áttu þær sér tryggja aðdáendur sem flykktust að þes-sum viðburðum. Reynst var að slá heimsmet í hópburnout, en það vantaði aðeins 6 bíla uppá til þess að það hefði orðið, en það var mikil sýning fyrir áhorfendur að sjá svo marga bíla reyna við þetta met.

Go Kart var svo haldið í júlí á sama ári.

Deildin sameinaðist reglulega í klúbbhúsi félagsins, til að fylgjast með viðburðum mótorsports úti í heimi.

Þess má einnig geta, að deildarformaðurinn Sigurður Fannar var í keppnisráði fyrir Drift og mótaði ásamt fleirum, reglur í Drift.

Fornbílaklúbbur BA var mjög afkastamikill á síðasta ári. Þeir vorum með 46 fundi á árinu fóru í nokkrar skúraheimsóknir. Einnig fóru þeir á Fiskidagana á Dalvík og voru með bílasýningu þar, svo á “Einni með öllu” á Akureyri var bílasýning. Svo það segir sig sjálft að þessir bílar voru sýndir mikið á árinu. Það er gaman að segja frá því að allar þessar bjæjarhátíðir og handverksýningar eru að hafa samband við Fornbílaklúbbinn, til að fá bílana á sýningu.

Deildin hélt Fornbílaskoðun í maí voru skoðaðir 60 bílar, en fornbílar eru skoðaðir á tveggja ára fresti. Deildin sá einnig um Bílasýninguna á Bíladögum, og var lagt upp með að sú sýningin yrði hin allra glæsilegasta afmælissýning sem sögur færu af. Sýningin tóksl afbragðsvel og þarna sást rjóni allra bíla á Íslandi, enda um 250 ökutæki til sýnis.

Jón Rúnar Rafnsson, Arnar Kristjánsson og Kristján Skjöldal voru sýningarstjórar og stóðu þeir sig til fyrirmyndar. Sýningin var vel uppröðuð, falleg og fjölbreytt.

Starfsmenn Bogans og starfsmenn Akureyrar voru mjög ánægðir með það.

Deildin mætti á sínum fornbílum, á landsmót fornbíla-manna á Selfossi, sem þeir dásömu í bak og fyrir. Samstarf þes-sarra tveggja klúbba hefur aldrei verið betra.

Svo er það gamli Fordinn sem er í uppgerð hjá deildinni og gert ráð fyrir því að hann komist á bílasýningu 2016

Við þökkum þeim virkilega gott starf sem koma að uppgerð að bílinum.

Frá áramótum hefur fornbílaklúbburinn staðið í breyt-



ingum á húsnaði félagsins og unnið ótrúlegt starf. td. er kominn fundarsalur.

Akstursíþróttamaður ársins 2014 var valinn Kristján Skjöldal. Hann hefur verið einn virkasti keppandi Bílklúbbsins síðustu ár, og á fjölmarga meistaratitla fyrir keppnir í fjölmörgum greinum mótorsportsins. Þar ber helst að nefna Íslandsmet í kvartmílu götuspyrnu og sandspyrnu.



Stofnað 1974

Bílaklúbbur Akureyrar Ársskýrsla 2015

Árið 2015, var stjórn skipuð með eftirfarandi hætti:

Stjórnarformaður; Einar Gunnlaugsson
Varaformaður; Jón Rúnar Rafnsson
Gjaldkeri; Brynjar Gauti Schiöth
Ritari; Stefán Bjarnhéðinsson
Fjölmiðlafulltrúi; Grétar Óli Ingþórsson
Meðstjórnandi; Sigurjón Örn Vilhjálmsson

Deildarstjórar 2015

Jeppadeild Valdimar Geir Valdimarsson
Spyrnudeild Jónas Freyr Sigurbjörnsson
X-raceideild Kristófer Danielsson
Fornbíladeild Jón Rúnar Rafnsson

Í samvinnu við Akureyrarbæ, var 1. áfanga að varanlegu tjaldsvæði komið í framkvæmd og keypt var þjónustuhús á svæðið. Þar var síðan haldið landsmót UMFÍ, sem tókst vel í alla staði. Þetta er í fyrsta skipti sem BA kemur að svo stóru verkefni með öðru félagi.

Sandspyrnubraut félagsins var tekin í gegn þetta ár og má segja að algjör jarðvegsskipti hafi orðið á þeim stað, þar sem brautin fékk varanlegan stað á svæðinu.

X-Race deild BA hélt stærstu og jafnframt flottustu driftkeppni, sem sögur fara af hér á landi.

28 keppendur mættu til leiks og voru stúkur fullar af áhorfendum alla keppnina. Ennfremur var keppt í Burnout á Bíladögum ásamt Auto-X keppni.

Deildin hélt spólsvæðinu opnu alla Bíladaga og var það mjög vel sótt. X-race deildin var einnig með spólsvæðin opin í sumar af og til og þar af leiðandi minnkaði spól innan bæjarins.

Spyrnudeild BA félagsins hélt 8 keppnir, sumarið 2015. 3 götuspyrnur, 2 sandspyrnur, 3 hjólaspyrnur auk þess að halda sandspyrnu á Sauðárkróki í samstarfi við Bílklúbb Sauðárkróks, þar sem tvö Íslandsmet féllu, annað í flokki snjóleða og hitt í flokki 2cyl mótörhjóla.

Hér má koma fram, að í götuspyrnukeppni á Bíladögum voru 60 keppendur, á allskonar tækjum að berjast við sigurinn og var þetta löng en skemmtileg keppni.

Í heildina voru 225 skráningar í keppnir 2015.

Opið var í spyrnuaefingar yfir sumarið, bæði með ljósum og flöggum til að koma keppendum af stað. Ágætis mæting var á æfingarnar og er deildin á því að spyrnukvöldin eigi bara eftir að verða betri og skemmtilegri, og er ætlunin að fjölga þeim á næsta tímabili.

Fornbílaklúbbur BA átti annað frekar afkastamikið ár. Þeir voru með 46 fundi á árinu fóru í nokkrar skúraheimsóknir. Þeir létu sjá sig á Fiskidögum, með bílana sína og sýndu þá á Einni með öllu hátíðinni.

Deildin hélt Fornbílaskoðun í maí voru skoðaðir 45 bílar, en fornbílar eru skoðaðir á tveggja ára fresti. Deildin sá einnig um Bílasýninguna á Bíladögum, sem tókst vel og var margt að sjá.

Jón Rúnar Rafnsson, Jón Gunnlaugur og Díaná voru sýningarstjórar og stóðu þau sig til fyrirmyndar. Sýningin var vel uppröðuð, falleg og fjölbreytt. Starfsmenn Bogans og starfsmenn Akureyrar voru mjög ánægðir með það.

Deildin mætti á sínum fornbílum, á landsmót fornbílamanna á Selfossi, sem þeir dásömu í bak og fyrir. Samstarf þess-sarra tveggja klúbba hefur aldrei verið betra.

Svo er það gamli Fordinn sem er í uppgerð hjá deildinni og gert ráð fyrir því að hann komist á bílasýningu 2016

Við þökkum þeim virkilega gott start sem koma að uppgerð að bílinum.

Nú er byrjað að koma upp aðstöðu í húsnæðinu fyrir gamla Fordinn sem verið er að gera upp.

Jeppadeild BA 2015 hélt 3 keppnir.

Drulluspyrnan var haldin á Bíladögum með enn meiri tilþrífum en áður, við mikinn fögnuð áhorfenda.

Tvöföld torfæra var haldin í ágúst. Gekk allt vel þó að undirmönnun hafi verið, en þetta tókst með stæl, fyrir utan eitt slys þar sem ökumaður var sendur á sjúkrahús til skoðunar eftir veltu, öryggisins vegna, en það er í fyrsta skipti á þessari öld.

Akstursíþróttamaður ársins 2014 var valin Halldóra Kr Vilhjálmisdóttir

Í fyrsta skipti í sögu BA var kona valin sem aksturíþróttamaður ársins.

Hún hefur keppt í flokki F hjóla í nokkur ár með góðum árangri.





Stofnað 1978

Íþróttafélagið Eik Ársskýrsla 2014

Aðalfundur félagsins var haldinn 24. maí 2014.

Í aðalstjórn voru kjörnir eftirtaldir aðilar:

Haukur Þorsteinsson, formaður.

Ragnheiður Austfjörð, varaformaður

Ingibjörg Elín Jónsdóttir, ritari

Stefán Jónsson, gjaldkeri

Guðbjörn Jónsson, meðstjórnandi

Í varastjórn voru kjörnir eftirtaldir aðilar:

Brynja Herborg Jónsdóttir.

Sigurjón Hilmar Jónsson

Elma Berglind Stefánsdóttir

Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir:

Bjarni Guðmundsson og Margrét Alfreðsdóttir

Starfsemi félagsins

Starfsemi félagsins á árinu var með nokkuð hefðbundnum hætti.

Haldnir voru 9 stjórnarfundir á árinu.

Formaður sat formannafundi Í.B.A.

Formannafundur Í.F. var haldin 1. mars í Reykjavík, undirritaður sat fundinn fyrir hönd félagsins.

Árþing ÍBA var haldið 8 apríl, fulltrúar félagsins voru Haukur Þorsteinsson, Ragnheiður Austfjörð og Guðrún Helgadóttir. Nokkur breyting varð á stjórn m.a. var Geir Kristinn Aðalsteinsson kjörinn nýr formaður ÍBA. Á þessu 61. Á ársþinginu kom fram tillaga stjórnar um ritun íþróttasögu Akureyrar og fjármagnuð með hluta af lottótekjum aðildarfélaganna í þrjú ár. Skilyrði þess að af verði er að um semjast við Akureyrarbæ að leggja fram tvisvar



Haukur Þorsteinsson, fráfaramandi formaður Eikar.

sinnum þeirri upphæð sem aðildarfélög ÍBA og íþróttabandalagið leggja fram samtals.

Á formannafundi ÍBA sem haldin var 25. nóvember var tilkynnt að bandalagið ætti 70 ára afmæli 20. desember og þess mynnst með ýmsu móti m.a. með kaffi á skrifstofunni á afmælisdaginn. En á næsta ári þ.e. 2015 verða í Íþróttahöllinni, sundlauginni og á öllu svæðinu þar í kring viðamikil kynning á starfi aðildarfélaganna ÍBA. Haukur Þorsteinsson og Ragnheiður Austfjörð sátu fundinn.

Í september boðuðu ÍBA og ÍRA öll aðildarfélög sambandsins til fundar við sig, 1 félag í einu. Umræðuefnið var mjög fjölbætt og m.a. um starfsemi félagsins, iðkenda-fjölda, barna og unglingastarf, fjármál félagsins, þjálfaramál og menntun þeirra, samskipti við ÍB,A ÍRA, og yfirvöld Akureyrarbæjar, framtíðarsýn félagsins og helstu áherslur.

Unglingalandsmót UMFÍ verður um verslunarmannahelgina 31. júlí til og með 2. ágúst 2015 á Akureyri. Mótshaldari er UFA og ÍBA í samstarfi við Akureyrarbæ. Bréf barst Eik frá bæjarstjóra Akureyrar í nóvember, þar sem hann óskað eftir að félagið tæki að sér skipulagningu og umsjón með keppni í boccía í samstarfi við keppnistjóra mótsins. En því miður treysti félagið sér ekki til að taka verkefnið að sér, því á sama tíma verða okkar þjálfarar sem mesta reynslu hafa á þessu sviði, með keppendur á Alþjóðaleikum Special Olympics í Los Angeles.

Vorfagnaður Eikar var haldinn á Botni í Eyjafjarðarsveit í tengslum við aðalfund félagsins þann 24. maí. En það er oftast árviss viðburður í starfsemi félagsins þar sem félagarnir koma saman og fagna árangri og um leið lokum vetrarstarfsins. Við það tækifæri voru afhentir tveir farandbikarar, þ.e. hvatningabikar Eikar sem Bára Sigurðardóttir hlaut fyrir góða ástundun og mestu framfarir á árinu. En Í.S.Í. bikarinn hlaut Guðmundur Bjarnason fyrir langa og farsæla veru sína í félaginu og einnig fyrir góða mætingu og ástundun.

- Æfingar í boccía yfir veturinn voru sem fyrr á mánudögum, fimmtudögum og laugardögum í Íþróttahúsi Glerárskóla. Sundæfingar voru á laugardögum í Glerársundlaug yfir vetrartímann. Æfingar í frjálsum íþróttum voru á þriðjudögum og fimmtudögum stærsta hluta ársins á Þórsvelli og í Boganum. Aðeins 6 félagsmenn stunda nú frjálsar og sér Egill alfarið um þjálfun þeirra með mjög góðum árangri.

- Annað árið í röð var þjálfun í golfi, sem þó nokkuð margir félagar nýttu sér, og vonandi verður framhald á þeirri þjálfun næsta sumar.

- Þjálfarar sem störfuðu hjá félaginu á árinu voru sem fyrr, Fylkir Þór Guðmundsson, Anna Einarsdóttir, Egill Þór Valgeirson og Aðalheiður Gísladóttir.
- Íþróttabandalag Akureyrar (IBA) og Íþróttaráð Akureyrar (IRA) hafa ákveðið að taka upp til endurskoðunnar og breytingu á reglum um húsaleigu- og æfingastyrki til handa aðildarfélögum IBA, þessari endurskoðun er ekki enn lokið.
- Þann 30. desember 2013 barst félaginu bréf frá Akureyrarbæ þar sem sagt er upp rekstrarsamningi sem gerður var við félagið í ársbyrjun 2006 til ársloka 2008 en síðan var hann framlengdur í 2 ár, eftir það hafa greiðslur borist árlega en án gildandi samnings. Vonir standa til þess að nýr samningur verði að veruleika sem fyrst.
- Val á Íþróttamanni Akureyrar 2014 fór fram 21. janúar s.l. í Menningarhúsinu Hofi. Við það tækifæri voru allir Íslandsmeistarar á Akureyri 2014 veittar viðurkenningar. Þar var Íþróttafélaginu Eik afhent viðurkenningaskjal með nöfnum þeirra sem urðu Íslandsmeistar hjá félaginu á árinu 2014, en það voru Kristín Ólafsdóttir Smith, Kristófer Fannar Sigmarsson, Magnús Ásmundsson,



Eikarfélagar.

María Dröfn Einarsdóttir og Stefanía Daney Guðmundsdóttir.

Þess má geta að keppendur félagsins í frjálsum íþróttum óskuðu eftir að fá sérstaka búninga fyrir æfingar og keppni í þessum greinum. Samið var við Henson um að hanna og sauma þá í okkar stíl og lit.

Stærsta verkefni félagsins á árinu var að halda Norðurlandsmót í boccía 2014. Mótið var haldið 25. október í Íþróttahöllinni á Akureyri. Keppendur komu frá öllum félögum á Norðurlandi, þ.e. Akri, Eik, Grósku, Snerpu og Völsungi. Fjöldi keppenda var rúmlega 80, en reiknað hafði verið með um 100 manns, en þeim fækkaði á síðustu stundu vegna andláts.

Mótinu lauk síðan með veglegu lokahófi með góðum mat frá Bautanum og góðri dinnertónlist, síðan var dansað fram á nótt og sá hljómsveitin Einn og sjötíu um fjörið. Veislustjóri var Snorri Guðvarðarson sem hann gerði af sinni einstöku snild. Um dómgæsluna sáu félagar í Kiwnisklúbbnum Kaldbak og Emblu, en þeir höfðu fyrir

mótið farið á námskeið í dómgæslu hjá Karli Þorsteinssyni sem einnig setti upp mótið fyrir okkur. Kiwanisfélagar gáfu einnig öll verðlaun og viðurkenningar sem þeir afhentu á lokahófinu. Mótstjóri var Haukur Þorsteinsson og Fylkir Guðmundsson yfirdómari, um tölvumál o.fl. sá Stefán Jónsson.

Íþróttamót innanlands

Slippmótið sem er innanfélagsmót Eikar, í boccía var haldið þann 22. febrúar í íþróttahúsinu á Hrafnagili. heiti mótsins er vegna stuðnings Slippsins við það í formi verðlauna og viðurkenninga. Félagar í Kiwanisklúbbnum Kald-bak sáu um dómgæslu á mótinu, keppendur voru alls 35.

- Úslit mótsins voru þau að í sveitakeppni varð sveit I í 1. sæti, hana skipuðu Heiðar Hjalti Bergsson, Steinunn María Þorgeirsdóttir, Magnús Ásmundsson, og Arnar Þór Stefánsson.
- Í 2. sæti varð F sveit, hana skipuðu Anna Ragnarsdóttir, Bára Sigurðardóttir og Sævar Bergsson.
- Í 3. sæti varð J sveit, hana skipuðu Matthías Ingimarsson, Nanna Kristín Antonsdóttir og Vignir Hauksson.
- Í einstaklingskeppni varð Kristófr Fannar Sigmarsson í 1. sæti, Elísabet Hannesdóttir í 2. sæti og Elma Berglind Stefánsdóttir í 3. sæti.

Íslandsmót ÍF. og Hængsmót voru sameinuð á þessu ári í sveitakeppni í boccía á Akureyri 11. og 12. apríl, keppendur félagsins voru 35.

- Í 1. deild varð D. sveit Eikar í 1. sæti, hana skipuðu Stefanía Daney Guðmundsdóttir María Dröfn Guðmundsdóttir og Magnús Ásmundsson. Í 3. deild varð varð H sveit Eikar í 3. sæti, hana skipuðu Jón Óskar Ísleifsson, Sigrún Ísleifsdóttir og Sævar Bergsson. Í rennu-flokki varð Karl Guðmundsson í 2. sæti.

Íslandsmót Í.F. í frjálsum íþróttum, innanhúss var haldið í Reykjavík 7. apríl, keppendur félagsins voru 5 og eftirtaldir aðilar unnu til verðlauna í sínum flokki.

- María Dröfn Einarsdóttir varð í 3. sæti, í 60, 200 og 400 m. hlaupi og langstökki.
- Kristófer Fannar Sigmarsson varð í 1. sæti í 60, 200 og 400 m. hlaupi, langstökki, hástökki og kúlumvarpi.
- Stefanía Daney Guðmundsdóttir varð í 1. sæti í 60, m, hlaupi og langstökki, 2. sæti í 200 og 400 m hlaupi og kúlumvarpi.

Íslandsmót í frjálsum íþróttum utanhúss var haldið á Laugardalsvelli 7. júní, keppendur félagsins voru 5 og eftirtaldir aðilar unnu til verðlauna í sínum flokki.

- Kristófer Fannar Sigmarsson varð í 1. sæti í 100, 200 og 400 m. hlaupi, langstökki, og kúlumvarpi.
- Stefanía Daney Guðmundsd. varð í 1. sæti í 200 og 400 m. hlaupi, langstökki og spjótkesti, 2. sæti í 100, m hlaupi og 3. sæti í kúlumvarpi. María Dröfn Einarsdóttir varð í 3. sæti í 100, 200, 400 m hlaupi og langstökki. Helena Hilmarsdóttir varð í 2. sæti í 100 og, 200 m hlaupi og langstökki.

Íslandsmót Í.F. í boccía í einstaklingskeppni var haldið á Seyðisfirði 3. og 4. október, Íþróttafélagið Viljinn á Seyðisfirði sá um framkvæmd mótsins í samvinnu við boccianefnd Í.F. Keppendur félagsins voru 17.

- Vignir Hauksson varð í 3. sæti í 1. deild
- Kristín Ólafsdóttir varð í 1. sæti í 2. deild
- Baldvin Steinn Torfason varð í 3. sæti í 3. deild
- **Norðurlandsmót** 2014 var haldið 25. október desember á Akureyri. Íþróttafélagið Eik á Akureyri sá um mótið að þessu sinni, keppendur Eikar voru 36.
- Í opnum flokki varð Eik S í 1. Sæti, hana skipuðu Anna Einarisdóttir og Egill Þór Valgeirsson.
- Í flokki BC1- BC4 ásamt rennuflokki varð Eik í 2. sæti, keppandi var Ólafur Karl Óskarsson og Eik varð einnig í 3. sæti, keppandi var Karl Guðmundsson.

Íþróttamót erlendis

Evrópuleikar Special Olympic 2014 fóru fram í Antwerpen í Belgíu 13.-20. september, en dagana 9.- 13. september tók Ísland þátt í vinabæjardagskrá. Vinabær Íslands var Kortrijk. Special Olympic nefnd ÍF. valdi keppendur til þátttöku, frá Eik voru valin í frjálsar íþróttir Stefania Daney Guðmundsdóttir og Kristófer Fannar Sigmarsson, einnig valdi ÍF. Egil Þór Valgeirsson þjálfara Eikar að vera einn af fararstjórum ferðarinnar.

Alþjóðaleikar Special Olympics verða haldnir 25. júlí – 2. ágúst 2015 í Los Angeles. Þjálfarar félagsins tilnefndu 7 einstaklinga í 3 greinar. ÍF. valdi síðan úr þeim hópi 3 keppendur frá Eik. Það eru Héðinn Jónsson og Maríu Dröfn Einarisdóttir í frjálsar og Báru Sigurðardóttir í boccía.

ÍF. hefur síðan valið Fylki Þór Guðmundsson og Egil Þór Valgeirsson þjálfara Eikar til að vera í fararstjórn sambandsins á þessum alþjóðaleikum.

Fjáröflun

Fjáröflun félagsins var með hefðbundnum hætti þ.e. með félagsgjöldum og sölu jólakorta. En æfingagjöld voru ekki innheimt á árinu m.a. vegna veglegra styrkja m.a. frá Samherja hf, Þroskahjálpi á N.E., Akureyrarbæ, Lionsklúbbi Akureyrar o.fl. aðilum, einnig fékk félagið úthlutað styrk úr ferðasjóði ÍSÍ. Þessir styrkir koma sér ákaflega vel fyrir félagið, en þó fyrst og fremst fyrir alla þá sem æfa og keppa fyrir félagið. Því þeir koma í stað innheimtu æfingagjalda og einnig getur félagið greitt verulega niður ferðakostnað keppenda á íþróttamót.

Lokaorð

Kæra íþróttafólk, árangur ykkar á árinu 2014 var nokkuð góður þegar á heildina er litið, þó sérstaklega var árangur ykkar sem æfa og keppa í frjálsum íþróttum glæsilegur. Á tveimur frjálsíþróttamótum, bæði úti og inni, unnust tugir verðlauna m.a. voru sett á þeim nokkur Íslandsmet. En hafið það ávallt hugfast kærar félagar að kjörorð okkar er og hefur alltaf verið það sama, að stærsti sigurinn sé er að vera með.

Að síðustu vil ég þakka samstarfsfólki mínu í stjórn, keppendum, þjálfurum og félagsmönnum öllum fyrir ánægjulegt og árangursríkt samstarf á árinu, og ekki síst fyrir mikið og óeigingjarnt starf í þágu félagsins. Einnig vil ég nota tækifærið og þakka öllum þeim sem stutt hafa starfsemi félagsins á einn eða annan hátt með ómetanlegri sjálfboðavinnu og fjárframlögum.

Haukur Þorsteinsson, formaður



Stofnað 1978

Íþróttafélagið Eik Ársskýrsla 2015

Aðalfundur félagsins var haldinn á Botni Eyjafjarðarsveit þann 16. maí 2015

Í aðalstjórn voru kjörnir:
Ragnheiður Austfjörð, formaður
Svava Sigurðardóttir, varaformaður
Stefán Jónsson, gjaldkeri
Ingibjörg E. Jónasdóttir, ritari
Þorgeir Jóhannesson, meðstjórnandi

Í varastjórn:
Brynja H. Jónsdóttir, 1. varamaður
Guðbjörn Jónsson, 2. varamaður
Elma B. Stefánsdóttir, 3. varamaður

Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir:
Bjarni Guðmundsson og Margrét Alfreðsdóttir

Starfsemi félagsins

Starfsemi félagsins var með hefðbundnum hætti. Haldnir voru átta stjórnarfundir á árinu. Formaður sat formannafundi ÍBA.

Vorfagnaður Eikar var haldinn í tengslum við aðalfund félagsins, en það er árviss viðburður. Þar koma félagar saman og fagna árangri vetrarstarfsins. Félagið veitti Hauki Þorsteinssyni fyrrverandi formanni félagsins viðurkenningu fyrir 18 ára setu sem formaður Eikar. Tveir farandbikarar voru veittir að venju. Hvatningabikar Eikar

hlaut að þessu sinni Stefanía Daney Guðmundsdóttir og ÍSÍ bikarinn hlaut Baldvin Steinn Torfason.

Æfingar í boccia yfir veturinn voru sem fyrr á mánuðögum, fimmtudögum og laugardögum í Íþróttahúsi Glerárskóla, sundæfingar félagsins voru á laugardögum yfir vetrartímann.

Æfingar í frjálsum íþróttum eru á þriðjudögum og fimmtudögum í Boganum og á Þórsvelli.

Á haustmánuðum byrjaði Eikin með boccia fyrir eldri borgara eða 60+ og voru æfingarnar á mánudögum. Átta einstaklingar hafa æft hjá félaginu og haft gaman af í Glerárskóla.

Þjálfarar sem starfa hjá félaginu á árinu eru sem fyrr Fylkir Guðmundsson, yfirþjálfari auk Aðalheiðar Gísladóttur, Egils Valgeirssonar og Önnu Einaradóttur.

Íþróttamaður Akureyrar var kosinn þann 20. janúar 2016. Við þá athöfn afhenti ÍRA íslandsmeisturum Eikar viðurkenningaskjal með nöfnum þeirra. Íslandsmeistarnir voru þau Kristófer Sigmarsson, Stefanía Daney Guðmundsdóttir og Helena Ósk Hilmarsdóttir.

Fjölskyldudagur Eikar var haldinn 28. mars 2016 í Naustaskóla. Eikarfélagar kynntu boccia listina fyrir gestum og 10. bekkingar Naustaskóla sáu um veitingar. Allir skemmtu sér vel frameftir degi.

17. sambandsþing ÍF var haldið í Reykjavík 24.-25. apríl og voru fimm fulltrúar voru frá Eikinni.

Íþróttamót innanlands

Slippmótið sem er innanfélagsmót Eikarinnar var haldið á Hrafnagili 7. mars.



Vignir Hauksson hlaut 1 sæti í einstaklingskeppninni. Hann og Elma Stefánsdóttir unnu svo sveitakeppnina.

Íslandsmót í boccia sveitakeppni var haldið í Hafnarfirði 11.-12. apríl. Íslandsmót í frjálsum íþróttum var haldið á sama tíma og sex keppendur frá Eik tóku þátt. Kristófer, Helena, Stefanía, María Dröfn, Héðinn og Matthías Einarsson tóku þátt og fengu þau til samans, 13 gull, 5 silfur og 4 brons.

Hængsmótið var haldið á Akureyri 1.-2. maí.

Íslandsmót í boccia – einstaklingskeppni var haldið í Reykjavík þann 9. október á vegum Aspar.

Norðurlandsmót var haldið á vegum Snerpu á Siglufirði 24. október.

Íþróttamót erlendis

Stefanía Daney fór á Opna Ítalska mótið í frjálsum íþróttum í Grosseto 9.-14. júní.

Helena Ósk fór til Færeyja á Norrænt barna- og unglingamót sem stóð yfir frá 2.-7. júlí.

Special Olympics hófst 25 júlí og fóru þrír félagar frá Eik á mótið. Það voru þau María Dröfn, Héðinn og Bára.

Fjáröflun

Fjáröflun félagsins var með hefðbundnum hætti, þ.e. með félagsgjöldum og sölu jólakorta. En æfingagjöld voru ekki innheimt á árinum, m.a. vegna veglegra styrkja frá Samherja hf., Þroskahjálpi á Norðurlandi eystra, styrk frá KEA og íþróttaráði Akureyrar.

Þessir styrkir komu sér afar vel fyrir félagið, því þeir koma í stað innheimtu gjalda og einnig var hægt að greiða niður ferðakostnað á íþróttamót.



Sigrún Ísleifs, Steinþór Jam Dam Stefánsson og Guðmundur Þorvaldsson urðu í 2. sæti sveitakeppninnar Stefánsdóttir unnu svo sveitakeppnina.

Lokaorð

Að lokum við ég þakka meðstjórnendum mínum, keppendum, þjálfurum og félagsmönnum fyrir ánægjulegt og skemmtilegt samstarf á árinu.

Ragnheiður Austfjörð, formaður



Gummi Bjarna, Kristin Ó. og Kristófer, hlutu 3. sæti sveitakeppninnar



Stofnað 1935

Golfklúbbur Akureyrar

Ársskýrsla 2014

Stjórn og nefndir starfsárið 2013-2014

Aðalstjórn

Formaður: Sigmundur Ófeigsson, eitt ár
Varaformaður: Jón Steindór Árnason, seinna ár
Ritari: Ingi Torfi Sverrisson, fyrri ár
Gjaldkeri: Guðlaug M. Óskarsdóttir, seinna ár
Meðstjórnandi: Örn Viðar Arnarson, seinna ár

1. varamaður Sigurður Skúli Eyjólfsson, eitt ár
2. varamaður Eygló Birgisdóttir, eitt ár

Vallarnefnd (GSÍ)

Formaður: Örn Viðar Arnarson
Jón S. Hansen
Heimir Jóhannsson
Sverrir Þorvaldsson
Bjarni Þórhallsson
Þórunn Haraldsdóttir
Ágúst Jensson
Steindór Kr. Ragnarsson

Afreks og unglinganefnd

Formaður: Skúli Eyjólfsson
Ingi Torfi Sverrisson
Anton Ingi Þorsteinsson
Ágúst Jensson
Árni Jónsson
Brian Jenssen

Kapleikjanefnd (GSÍ)

Formaður: Brynja Herborg Jónsdóttir
Haraldur Bjarnason
Skrifstofa GA

Arctic Open nefnd

Formaður: Ingi Steinar Ellersson
Viðar Valdimarsson
Halla Sif Svavarsdóttir
Jón Egill Gíslason
Eygló Birgisdóttir
Framkvæmdastjóri GA

Forgjafarnefnd (GSÍ)

Formaður: Stefán Jónsson
Eiður Stefánsson
Fylkir Þór Guðmundsson



Markaðs og kynningarnefnd

Jón Steindór Árnason
Jóhann Heiðar Jónsson
Ágúst Jensson

Aganefnd (GSÍ)

Formaður: Björn Axelsson
Jón Halldórsson
Svanhvít Ragnarsdóttir

Nýliðanefnd

Formaður: Karl Guðmundsson
Hermann Haraldsson
Jakobína Elín Áskelsdóttir

Öldunganefnd

Haraldur Júlíusson
Þórunn Anna Haraldsdóttir
Hafberg Svansson

Húsnefnd

Þorsteinn Konráðsson
Ingólfur Bragason
Baldur Ingi Karlsson
Jón Vídalín

Orðunefnd

Halla Sif Svavarsdóttir
Guðlaug María Óskarsdóttir
Framkvæmdastjóri GA

Skoðunarmenn ársreikninga

Sveinn Pálsson
John Júlíus Cariglia

Skýrsla formanns

Góðir félagar, ég býð ykkur öll velkomin að Jaðri á aðalfund GA 2014

Áður en fundur hefst formlega langar mig að biðja fundargesti og félaga GA að rísa úr sætum og minnast látinna félaga okkar. Þau Teitur Birgisson, Þorvaldur Jónsson, Guðrún Bergsdóttir og Margrét Þórðardóttir sem öll létust á árinu.

Kæru GA félagar, ég þakka samstarfsfólki, stjórnarmönnum (og konum), nefndarmönnum, starfsmönnum sem og öðrum GA félögum gott og árangursríkt samstarf síðastliðið starfsár.

Síðastliðinn vetur 2013-2014 var erfiður með tilliti til veðráttu þar sem miklir umhleyplingar ollu nokkurri klakamyndun sem hafði í för með sér nokkuð kal í vor, sérstaklega á flötum. Það er ljóst að vinna og þekking frá fyrri tilraunum um viðbrögð við vetrarskaða hjálpuðu okkar fólki í glímunni við klakamyndunina og vetrarskemmdir. Það er sýn okkar í stjórn GA að þessi vinna og tilraunir til að opna jarðveginn skipti sköpum um það hvernig völlurinn kom undan vetri. Vorið lét aðeins á sér standa en um mánaðarmótin apríl maí byrjaði að hlýna. Ekkert kuldakast kom í vor eftir að hlýna tók og kom svo sumarið af alvöru í júní, eitt besta sumar í manna minnum hér norðanlands. Okkar starfsfólk var í startholunum með vorverkin og má segja að tekist hafi á ótrúlega skömmum tíma að klára vorverk og koma vellinum í sumar stand. Umhirða, umgengni og aðbúnaður vallar var okkur til mikils sóma. Reynt var eftir fremsta megni að loka sárum og vera með eins lítið rask á vellinum og hægt var. Okkur stjórnarmönnum (og konum) er það alveg ljóst að þessi árangur hefði ekki áunnist nema með miklu og óeigingjörnu sjálfbærðastarfi, öflugum fólki í nefndum sem og góðu starfsfólki að ógleymdum jákvæðum GA félögum. Eftir þetta sumar er ljóst að Jaðar er svo sannarlega aftur kominn á kortið sem einn af bestu 18. holu völlum landsins.

Við GA félagar getum nú státað okkur af einni bestu inniaðstöðu á landinu. Þar er öll aðstaða hin besta og auðvelt fyrir kylfinga að æfa og bæta golfið yfir vetrarmánuðina. Við erum með tvo herma í aðstöðunni og er annar hermirinn miklu meira en golfhermir þ.e. „Trackman“ en hann er líka greiningartæki fyrir kylfinga og getur greint bæði sveiflu sem og boltaflug. Það er nú þannig að þessi tæki gerast ekki betri og erum við því með aðstöðu á heimsmælikvarða. Það er nú svo að inniaðstaðan verður okkar golfvöllur að jafnaði 5 til 6 mánuði á ári hverju svo hún skiptir GA félaga sköpum. Hluti af okkar framtíðarsýn varðandi inniaðstöðuna er að komast yfir annan Trackman og geta þar með boðið upp á tvöfalda slíka aðstöðu.

Nú er Ágúst, framkvæmdastjóri GA að skila af sér sínu fyrsta starfsári. Það urðu eðlilega breytingar með nýjum framkvæmdastjóra og held ég að allir okkar félagar geti vel við unað og verið stoltir af þeirri starfsemi sem GA stendur fyrir. Ágúst leysir starf sitt með sóma. Hann sótti á önnur mið með styrki, hann kom með þekkingu og nýjungar sem munu hjálpa okkur í framtíðinni og held ég að við getum verið afar ánægð með hans störf.



Flatirnar komu margar hverjar vel undan vetri

Í lok október komst stjórn og Brian Højgaard golfkennari að samkomulagi um starfslok hans. Brian hættir í lok janúar næstkomandi. Við höfum þegar auglýst eftir nýjum kennara og eru umsóknir farnar að berast. Stjórn GA vill nota þetta tækifæri og þakka Brian fyrir ánægjulegt samstarf og þá miklu þekkingu sem hann kom með til okkar í klúbbinn.

Þrátt fyrir að stefnan hafi verið tekin á það að halda framkvæmdum og raski á vellinum í lágmarki þá var hafist handa við allnokkrar breytingar. Helst er þar upp að telja að nýju brautirnar norðan vallar (verðandi 5 og 6) eru nánast klárar. Hafist var handa við breytingu á 10. brautinni sem gekk í raun afar vel auk þess sem tekið var í notkun nýtt teigasett á 11. braut sem eftir breytingu er sem ný braut. Það er mitt mat að vel hafi til tekist við þessa vinnu og þær hafi ekki verið að trufla spil kylfinga mikið.

Nú er þegar hafið verk við loka áfanga breytinganna að Jaðri. Á haustmánuðum var gerður vegslóði frá Jaðri til vesturs þangað sem fyrsta holan á nýjum par 3 velli á að vera. Farið var gegnum trjáreitinn vestan við 8. teigasettið. Einnig er búið að taka punkta fyrir æfingaskýli, við suður-enda nýja æfingasvæðisins. Skýlið verður skammt vestan við „fjósíð“ en sú aðstaða sem þar verður byggð upp mun gjörbreyta æfingaaðstöðu GA félaga með því að gera þeim kleift að slá úti lengur, þ.e. lengra fram á haustið og fyrr á vorin. Þessum framkvæmdum ásamt fleirum verður lokið um vorið 2016 þegar Íslandsmótið í högggleik verður leikið á Jaðri.

Fjöldi nýliða gekk í klúbbinn og er greinilegt að nýliða-



Séð yfir fjórðu flötina á Jaðri

gjald skiptir máli við fjölgun golfiðkenda. Fjöldi GA félaga er nú 679.

Völlurinn var spilaður mikið í sumar, þátttaka í mótum var mjög góð og gestakoma mikil enda eitt besta sumar í manna minnum, golfvöllurinn skartaði sínu fegursta alveg frá júní til október er það fór að hausta. Tíðin í nóvember hefur svo verið óvæntur bónus fyrir okkur GA félaga, þar sem við höfum getað spilað inn á sumarflatir í fyrsta sinn í manna minnum og hafa verið haldin tvö mót nú í nóvember.

Spilaðir hringir á Jaðri í sumar voru 23.877 samkvæmt golf.is og er það aukning um tæplega fjögur þúsund hringi frá því í fyrra. Það er ávallt eitthvað um það að hlaupið sé út á völl án skráningar þannig að ætla má að leiknir hringir í ár sé í kringum 25.000 talsins.

Unglingar okkar voru mjög duglegir að keppa í sumar á mótum GSÍ og unnu marga sigra, getum við verið mjög stolt af þeim. Í skýrslu stjórnar/unglingaráðs má finna upplýsingar um helstu afrek okkar unglinga. Ég vil þó minnast á það að GA eignaðist tvo Íslandsmeistara í sumar, Andrea Ýr Ásmundsdóttir í högggleik og Tumi Hrafn Kúld í holukeppni.

Akureyrarmótið var að vanda hápunktur mótahalds og var mjög góð þátttaka. Akureyrarmeistarar voru þau Ævarr Freyr Birgisson og Stefanía Kristín Valgeirsdóttir.

Að lokum við ég endurtaka þakkir mínar til allra GA félaga sem og starfsmanna klúbbsins.

*Takk fyrir
Sigmundur Einar Ófeigsson*

Skýrsla Afreksnefndar

Afreksnefnd telur að golfsumarið 2014 hafi verið gott. Klúbburinn tók þá stefnu sl. vetur að styðja enn betur við bakið á afrekskyllingum. Það var gert með því að skapa betri æfingaaðstöðu eða meira aðgengi að Trackman, aðstoða afrekskyllinga betur í keppnisferðum og að undirrita afrekssamninga við kyllinga. Aldursdreyfing afrekskyllinga er að mestu frá 14-18 ára. Það sem hefur einkennt GA er að það hefur ávallt vantar afrekskyllinga sem eru á aldrinum 20-40 ára. Þar þarf að gera betur.

Klúbburinn undirritaði afrekssamninga við Ævarr Frey Birgisson, Tuma Hrafn Kúld og Kristján Benedikt Sveinsson.

Í apríl var farið í æfingaferð til Íslantilla. Ferðin heppnaðist mjög vel og var vel skipulögð. Æft var fyrir hádegi og spilað 18-27 holur eftir hádegi. Brian golfkennari sá um að skipuleggja æfingar en ferðin gekk vel og voru allir ánægðir. Það vantaði þó nokkuð upp á að allir afrekskyllingar klúbbsins væru með í för.

Mjög góður árangur var á unglingamótaröðum og íslandsmótum. Andrea Ýr Ásmundsdóttir varð íslandsmeistari í sínum flokk, Tumi Hrafn Kúld lenti í öðru sæti í sínum flokk og Kristján Benedikt Sveinsson endaði í þriðja sæti í sínum flokk. Tumi varð svo íslandsmeistari unglinga í holukeppni í sínum flokk.

Á unglingamótaröðinni gekk vel hjá afrekskyllingum og voru okkar kyllingar mjög framarlega á stigalistanum.



Andrea Ýr varð Íslandsmeistari í stúlknafllokki 14 ára og yngri í sumar

Undirbúningur fyrir sveitakeppnina gekk ágætlega og var nokkuð góður. Kvennasveitin keppti í 2. deild og lenti í þriðja sæti en spilað var á Sauðárkrók. Karlasveitin keppti einnig í 2. deild en þar gekk ekki eins vel og féll sveitin niður í 3. deild.

Karlasveitin var að mestu skipuð kyllingum sem spiluðu einnig í sveitakeppni unglinga. Framtíðin er björt og telur nefndin að innan fárra ára mun sveitin vera meðal þeirra bestu á landinu.

Afreksnefnd er ánægð með þá þróun sem hefur átt sér stað undanfarin tvö ár. Klúbburinn er orðinn samkeppnishæfur við stærri klúbba á höfuðborgarsvæðinu hvað varðar aðstöðu og aðstoð við kyllinga. Afreksnefnd telur mjög mikilvægt að sjá kyllinga sem spila undir merkjum GA framarlega á GSÍ mótum. Helstu verkefni afreksnefndar er að viðhalda því góða starfi sem hefur átt sér



Jaðarsvöllur á góðum sumardegi

stað innan klúbbsins og mjög mikilvægt er að halda vel utan um afrekskyllinga klúbbsins.

Í gegnum tíðina hefur brotthvarf afrekskyllinga verið mjög mikið við 18-22 ára aldur. Stærsta verkefnið á komandi árum er að sporna við því en afreksnefnd vill sjá kyllinga frá GA í fremstu röð á Eimskipsmótaröðinni.

Klúbburinn stendur á tímamótum en Brian hefur slitið samstarfi við klúbbinn og því er ljóst að nýr golfkennari kemur til starfa. Enn er óljóst hver tekur við keflinu en nefndin mun aðstoða þann aðila eins vel og mögulegt er.



Stofnað 1935

Golfklúbbur Akureyrar

Ársskýrsla 2015

Stjórn og nefndir starfsárið 2014-2015

Aðalstjórn

Formaður: Sigmundur Ófeigsson, eitt ár
Varaformaður: Jón Steindór Árnason, fyrri ár
Ritari: Ingi Torfi Sverrisson, seinna ár
Gjaldkeri: Guðlaug M. Óskarsdóttir, fyrri ár
Meðstjórnandi: Örn Viðar Arnarson, fyrri ár

1. varamaður Sigurður Skúli Eyjólfsson, eitt ár
2. varamaður Eygló Birgisdóttir, eitt ár

Vallarnefnd (GSÍ)

Formaður: Örn Viðar Arnarson
Jón S. Hansen
Heimir Jóhannsson
Sverrir Þorvaldsson
Bjarni Þórhallsson
Þórunn Haraldsdóttir
Ágúst Jensson
Steindór Kr. Ragnarsson

Afreks og unglinganefnd

Formaður: Skúli Eyjólfsson
Bjarni Freyr Guðmundsson
Anton Ingi Þorsteinsson
Ágúst Jensson
Árni Jónsson
Golfkennari GA

Kapleikjanefnd (GSÍ)

Formaður: Jón Heiðar Sigurðsson
Haraldur Bjarnason
Skrifstofa GA

Arctic Open nefnd

Formaður: John Júlíus Cariglia
Viðar Valdimarsson
Halla Sif Svavarsdóttir
Jón Egill Gíslason
Eygló Birgisdóttir
Heimir Örn Árnason
Geir Kristinn Aðalsteinsson
Framkvæmdastjóri GA



Horft yfir fimmtu brautina frá hvíta teignum.

Forgjafar og aganefnd (GSÍ)

Formaður: Björn Axelsson
Eiður Stefánsson
Stefán Jónsson

Nýliðanefnd

Formaður: Karl Guðmundsson
Þorsteinn Konráðsson
Sigurlaug Helgadóttir
Snæbjörn Snæbjörnsson
Jón Gunnar Traustason

Öldunganefnd

Haraldur Júlíusson
Þórunn Anna Haraldsdóttir
Hafberg Svansson

Húsnefnd

Þorsteinn Konráðsson
Ingólfur Bragason
Baldur Ingi Karlsson
Jón Vídalín

Orðunefnd

Halla Sif Svavarsdóttir
Guðlaug María Óskarsdóttir
Framkvæmdastjóri GA

Skoðunarmenn ársreikninga

Sveinn Pálsson
John Júlíus Cariglia

Skýrsla formanns

Góðir félagar, ég býð ykkur öll velkomin að Jaðri á aðalfund Golfklúbbs Akureyrar 2015

Áður en fundur hefst formlega langar mig að biðja fundar gesti og félaga GA að rísa úr sætum og minnast látinn félaga okkar, en einn félagi GA lést á starfsárinu. Það var Árni Jóhannsson.

Kæru GA félagar, mig langar hér í upphafi að þakka bæði ykkur og einnig því frábæra starfsfólki sem vinnur hjá GA, ýmist á launaskrá eða sjálboðavinnu, fyrir afar jákvætt og gott samstarf. GA er áhugamanna og íþróttafélag og er auðvitað lítið annað en félagar klúbbsins og starfsfólk hans. Það erum jú við sem myndum liðsheildina og mótum okkar klúbb. Það er mitt mat að GA hafi sjaldan staðið sterkar, með afar sterkann fimm manna starfsmannahóp sem saman stendur af þeim Ágústi framkvæmdastjóra, Steindóri, vallarstjóra, Sturlu, golfkennara, Valdimar, aðstoðarvallarstjóra og Birgi viðhaldsmanni. Þegar ég tók við formennsku hér þá fannst okkur stjórnamönnum nauðsynlegt að styrkja starfsmannahópin upp í a.m.k. fimm starfsmenn. Okkur þótti það fjárlægt markmið sem þó er orðin raunin núna og hefur stjórn samþykkt að ráða einn starfsmann til viðbótar, aðstoðar-golfkennara með Sturlu.

Félagsstarfið gekk afar vel í ár. Nýr kennari var ráðinn í byrjun starfsársins, Sturla Höskuldsson og kom hann til starfa á vormánuðum. Það var mikill fengur fyrir klúbbinn að fá Sturlu, hann hefur sinnt unglingastarfinu afar vel og vona ég að GA félagar sjái sér hag í því að nýta sér

þjónustu hans. Hann virkjaði strax inniaðstöðu okkar í Golfhöllinni og má segja að vetrarstarfið hafi sjaldan verið blómlegra. Góð þáttaka var í öllum púttmótin og oft mikill fjöldi félaga við inniæfingar. Golfhermar voru vel nýttir bæði til kennslu sem og til að spila. Það er alveg ljóst að við þurfum á komandi árum að fjárfesta í öðru Trackman tæki bæði til að geta sinnt kennslu sem og getað spilað „inni“ golf, auk þess sem Tracman verður nauðsynlegur í aðstöðu kennara að Klöppum.

Annar starfsmaður var ráðinn til Golfklúbbsins á sama tíma, ekki minna mikilvægur, en Valdimar Þengilsson var ráðinn sem aðstoðar vallarstjóri. Valdimar er öllum hnútu kunnugur enda hefur hann unnið fyrir GA áður og er það okkar mat að við höfum náð í mjög öflugan mann sem styrkir liðsheildina vel. Við létum ekki staðar numið þarna í fjárfestingum þega mannauðurinn hafði verið efldur lá beinast við að bæta tæki og tól. Keypt voru fjögur tæki fyrir þetta sumar. Það var komin talsverð tækjaþörf hjá okkur og ef við viljum hafa golfvöll í fremstu röð er nauðsynlegt að eiga til þess öflug og góð tæki til að viðhalda vellinum. Einnig er útseld vinna hjá okkur að aukast og samstarf við klúbbana hér í kring að verða meira. Af þeim vélum sem fjárfest var í ber helst að nefna að keypt var ný götunarvél sem nýtist okkur vel hvort sem er yfir sumartímann við að gata flatir og annað eða yfir vetrartímann við það að brjóta klaka. Nú á GA einnig Trackmann kennslutækið / golfherminn en gengið var frá kaupum á honum þegar Brian hætti hjá okkur í vor.

Vetur 2014-2015 var nokkuð erfiður með tilliti til veðr-



Fannar Már Jóhannsson GA, að pútta á 9. flöt.

áttu þar sem umhleyplingar ollu nokkurri klakamyndun sem hafði í för með sér nokkuð kal í vor, sérstaklega á flötum. Okkar starfsfólk var þó öflugt að reyna að vinna á klakamyndunni og er sjáanlegt að með hverju árinu breytast vinnubrögðin og völlurinn batnar, reynslan þroskar okkar fólk. Á vetrarmánuðum kláruðum við að loka uppbyggingasamningnum við Akureyrarbæ þar sem aðilar voru sammála um að klára uppbygginuna 2016, en þá verður haldið Íslandsmót í högggleik hjá GA að Jaðri. Þessum loka áfanga hefur þegar verið hrint í framkvæmd og eru stærstu verkefni bygging Klappa (æfingahúsið) og litill þar 3, 6 holu völlur.

Í tilefni 80 ára afmælis GA voru nokkrar uppákomur á árinu m.a. var blásið til afmælisferðar GA til Spánar, á Íslandtilla og heppnaðist sú ferð afar vel. Þess má geta að mikill þrýstingur myndaðist strax um svipaða ferð að ári og er nú uppselt í aðra GA ferð sem farin verður 28. mars en þá fer 109 manna hópur með flugi frá Akureyri til Portúgals.

Vorið og sumarið lét heldur betur á sér standa þetta árið en vart er hægt að tala um að sumar hafi komir hér norðanlands í ár. Sumarið var allt frá vordögum eindæma kalt og sérstaklega sólarasnautt. Þetta hafði eðlilega áhrif á gæði vallarins en það er mitt mat að starfsfólki hafi tekist einstaklega vel til með vallarvinnuna og var ástand vallarins langt umfram það sem við hefðum getað vænst miðað við veðurfar enda má segja að aðsóknartölur á völinn sýni það því svipað margir hringir eru spilaðir sumarið 2015 eins og sumarið 2014, tæplega 25 þúsund hringir. Ferðamenn og gestir létu sig þó vanta en væntanlega hafa GA félagar spilað óvenju mikið. Hafði þetta slæma sumar einnig talsverð áhrif á rekstur Lundsvallar sem er í umsjá GA. Flatirnar á Lundsvelli komu því miður ekki nógu vel undan vetri og náðu sér aldrei almennilega á strik í sumar. Fyrir utan flatirnar var völlurinn í virkilega góðu ásigkomulagi. Síðastliðinn vetur vorum við með trjágreinar á flötunum. Það reyndist því miður ekki nógu vel og virðist hafa hjálpað til við klakamyndun frekar en að draga úr henni. Ástand flata ásamt slæmri aðsókn í Vaglaskóg vegna kuldatíðar gerði það að verkum að tekjur drógust talsvert saman á Lundsvelli í ár. Umhirða, umgengni og aðbúnaður vallar var okkur GA félögum til mikils sóma. Völlurinn skartaði sínu fegursta þrátt fyrir sólarleysið og erfiða verðráttu. Nýju brautirnar 5. og 6. voru vígðar þann 17. Júní af fjórum vöskum GA konum en gömlu holunum 8 og 9 var lokað. Bráðabirgða æfingasvæðið er nú á gömlu 8. og 9. brautum og nú er völlurinn kominn í það horf sem stefnt hefur verið að eftir þær breytingar sem sátnt náðist um frá upphaflega uppbyggingarsamningnum. Nú er Jaðar orðinn einn besti keppnisvöllur landsins og er hann nú rétt yfir 6 km. langur af öftustu teigum. Það eru okkar væntingar að völlurinn verði í topp standi næsta sumar þegar Íslandsmót í högggleik verður að Jaðri.

Mótahald var mjög öflugt í sumar, við höldum Íslandsmótið í holukeppni seinni hluta júnímánaðar sem tókst afar vel og voru veðurguðirnir okkur afar hliðhollir, Heiða Guðnadóttir GM og Axel Bóasson stóðu uppi sem Íslandsmeistarar. Arctic Open heppnaðist afar vel og var nánast full bókað í mótið, margir erlendir gestir, Hjóna og

para var líka fullbókað og mikil ánægja með það mót hjá keppendum og er þegar full bókað fyrir komandi ár. GA hélt líka Landsmót UMFÍ sem heppnaðist með miklum ágætum.

Jaðar er nú orðin hluti af útivistarsvæði Akureyrar. Gerður var afar skemmtilegur göngustígur gegnum Jaðar og strax í sumar var mikil umferð hjólandi og gangandi fólks þar um. Það er jákvætt fyrir okkur GA féлага að bæjarbúar og gestir fái notið þeirrar fallegu umgjörðar sem Jaðar er, sem vel gróíð og vel hirt útivistarsvæði. Það styrkir stöðu Jaðars að vera hluti af útivistarsvæði um leið og þar er fyrsta flokks golfvöllur, einn sá fallegasti á Íslandi. Fleiri gönguleiðir eru fyrirhugaðar gegnum Jaðar og er þeim þannig hagað að þær eiga ekki að trufla leik golfara. Þessar gönguleiðir nýtast okkur svo afar vel við umferð tækja út á brautir.

Lokið var við gerð sex holu þar 3 vallar og verður hann klár á árinu 2017. Það er mat okkar í stjórn GA að þegar þar 3 völlurinn verður tilbúinn og Klappir verða klárar (en sú aðstaða verður klár á vormánuðum) þá verðum við með eina bestu golfaðstöðu landsins og þótt víðar væri leitað. Þá má heldur ekki gleyma þeirri flottu inniaðstöðu sem GA er með, Golfhöllinni, í Íþróttahöllinni.

Það skiptir okkur máli að vera með fyrsta flokks aðstöðu fyrir golfþróttina á Akureyri, það er mikils virði að vera með 18 holu golfvöll, góðan keppnisgolfvöll með góða aðstöðu og góðu klúbbhúsi. Jaðar er einn þriggja 18 holu golfvalla utan 80 km. radíusar frá höfuðborgarsvæðinu. Okkur stjórnarnmenn GA setti hljóða er fram komu tillögur til Golfþings um að halda 4. Íslandsmót í högggleik af hverjum 5 skiptum á höfuðborgarsvæðinu, tillögur GSÍ samráðshóps um Íslandsmót var að setja kvóta á Íslandsmót á landsbyggðinni og ef af þessari hugmynd hefði orðið yrði næsta Íslandsmót að Jaðri upp úr 2050 og í framtíðinni yrðu u.þ.b. tvö Íslandsmót á öld að Jaðri. Okkur var ekki skemmt og má segja að barátta okkar í þessu máli, sem Jón Steindór og Ágúst leiddu, varð til þess að Golfþing féll frá þessum hugmyndum og farin var önnur og betri leið í samræmi við tillögu sem komu frá GA og sem þeir félagar kynntu á þinginu með stuðningi nokkurra annarra klúbba landsbyggðinni og leiddu til farsællar niðurstöðu.

Fjöldi GA féлага er nú 714 á móti 679 í fyrra. Þrátt fyrir þessa tölu er í raun fækkun fullborgandi meðlima í GA. Börn í golfskólanum í sumar voru öll munstruð í GA og lyftir það tölunni. Það er hins vegar þó nokkur lækkun á árgjaldstekjum milli ára.

Spilaðir hringir á Jaðri í sumar voru 24.445 sem er aukning frá fyrra ári um tæplega 600 hringi samkvæmt upplýsingum frá golf.is. Þarna hjálpaði m.a. góð tíð á haustmánuðum en spilað var inn á sumarflatir fram eftir nóvembermánuði.

Akureyrarmeistarar GA urðu þau: Kristján Benedikt Sveinsson og Stefanía Kristín Valgeirsdóttir. Að lokum vil ég endurtaka þakkir mínar til allra GA féлага sem og starfsmanna klúbbsins.

Takk fyrir

*Sigmundur Einar Ófeigsson
Formaður GA*

Skýrsla afreks og unglinganefndar

Síðastliðið hefur verið viðburðaríkt og mikið um að vera og virkilega góður árangur náðist í mótum sumarsins.

Það er ávallt mikið um að vera hjá krökkunum okkar yfir vetrartímann, síðastliðinn vetur stóðu unglingarnir fyrir þúttmótaröð í golfhöllinni. Mótaröðin var ágætlega sótt, hefðun þó gjarnan vilja sjá fleiri þar sem þetta er mikilvægur þáttur í fjáröflun krakkanna fyrir sínum æfingarferðum. Einnig héldu unglingar jóla- og páskapúttmót og var ágætis þátttaka í þeim.

Á sumardaginn var svo hið árlega kaffihlaðborð unglinganefndar haldið á uppá Jaðri og var það að venju mjög vel sótt og gættu GA félagar sér á gómsætu kökuhlaðborði.

Síðastliðinn vetur urðu þær breytingar að nýr golfkennari var ráðinn í stað Brian Højgaard sem hafði verið kennari hjá okkur undanfarin tvö ár. Við starfinu tók Sturla Höskuldsson og mætti hann til starfa 1. apríl. Þar sem að Brian hætti störfum 1. febrúar þá voru það Árni Jónsson og Friðrik Gunnarsson sem sáu um golfkennsluna á því tímabili. Við fengum svo Birgi Leif Hafþórsson atvinnukylfing í heimsókn til okkar yfir eina helgi á þessu tímabili og tókst sú heimsókn virkilega vel.

Á vormánuðum var ákveðið var að fara í hópæfingarferð á Akranes mánaðarmótin apríl-maí. Vellirnir á suðurlandinu eru ávallt fyrr til en hjá okkur hér fyrir norðan og því nauðsynlegt fyrir okkar krakka að komast aðeins út á golfvöll áður en mótaröðin hefst hjá þeim. Tókst sú ferð með mikilli þrýði og tóku skagamenn virkilega vel á móti okkur.

Á Emskipsmótaröðinni voru sex mót. Eitt þeirra var haldið hér á Jaðri, það var Íslandsmótið í holukeppni og tókst það frábærlega, Eyþór Ketilsson stóð sig best og komst í átta manna úrslit þar sem hann tapaði fyrir Stefáni

Má Stefánssyni í bráðabana. Sannarlega flottur árangur hjá honum Eyþóri.

Í sveitakeppni karla spiluðum við í 3. deild og komust við upp í 2.deild að ári. Kvennarsveitin spiluðu í 2.deild og komust þær upp í 1.deild að ári. Karlasveitin spilaði í Grundarfirði og hana skipuðu þeir Kristján Benedikt Sveinsson, Ævarr Freyr Benediktsson, Tumi Hrafn Kúld, Eyþór Hrafnar Ketilsson, Stefán Einar Sigmundsson og Fannar Már Jóhannsson. Kvennasveitin spilaði í Hveragerði og sveitina skipuðu þær, Stefanía Elsa Jónsdóttir, Stefanía Kristín Valgeirsdóttir, Andrea Ýr Ásmundsdóttir, Ólavía Klara Einarsdóttir, Sunnar Sævarsdóttir og Brynja Herborg Jónsdóttir. Eins og fyrr sagði þá tryggðu stelpurnar sér sæti í efstu deild að ári með því að sigra deildina í ár.

Á Íslandsbankamótaröðinni voru sex mót. Það var farið hópferð á hvert mót og tókst það vel. Þau voru vel sótt af unglingum okkar. Vorum við með marga kylfinga og helst er að nefna að við náðum í þrjá Íslandsmeistaratitla af 6 mögulegum í Íslandsmótinu í holukeppni, Andrea Ýr í 14 ára yngri kvk, Kristján Benedikt í 15-16 ára kk og Tumi Kúld sem varði titilin síðan í fyrra í 17-18 ára flokki. Svo náði hún Andrea Ýr líka í Íslandmeistaratitil í högggleik eftir þriggja holu umspil og varð á endanum stigameistari í sínum flokki. Sannarlega frábær árangur hjá Andreu sem og öllum okkar krökkum.

Í sveitakeppni 18 ára og yngri pílta sem spiluð var á Jaðri stóð sveit GA uppi sem sigurvegarar eftir hörku spennandi leik við Keilir. Einnig vorum við með tvær aðrar sveitir í sama móti, sameiginlega sveit með GHD og GÓ og svo sameiginlega sveit með GH. Stóðu drengirnir sig virkilega vel í mótinu. Einnig sendi GA sameiginlega sveit með GÓ í sveitakeppni 15 ára og yngri stúlkna og þar enduðu þær í öðru sæti. Sannarlega frábær árangur þar.



Sveitakeppni pílta, 18 ára og yngri á 9. flöt.



Stofnað 1996

KKA akstursíþróttafélag Ársskýrsla 2014

Árið 2014 var stjórn félagsins skipuð með eftirfarandi hætti:

Þorsteinn Hjaltason, formaður.

Sigurður Rúnar Sigþórsson, ritari

Guðmundur Hannesson

Jóhann Hansen

Bjarki Sigurðsson

Meðstjórnendur voru:

Fjalar Úlfarsson

Arni Grant

Baldvin Þór Gunnarsson

Gunnar Valur Eypórsson

Sigurður Bjarnason

Stefán Hansen

Kristján Ingi Jóhannsson



Einar Sigurðsson

Mikil vinna fer fram í fjölmörgum nefndum félagsins. Vefsíða félagsins er www.kka.is. Í janúar var að venju haldinn peningafundur KKA og var fjallað um fjármál félagsins, afkomu á síðasta ári og áætlanir fyrir það næsta. Samherji styrkti KKA aftur á þessu ári. Styrkurinn skiptir félagið verulega máli og hjálpar því við að veita þjónustu á svæðinu, heimamönnum sem og fjölmörgum ferðamönnum til ómældrar skemmtunar.

Vetrariþróttahátíðin Eljagangur var haldin í febrúar. Að venju sá KKA um nokkra viðburði á hátíðinni.

KKA átti 8 keppendur í toppformi á þolakstursmóti, sem haldið var í lok maí á Kirkjubæjarklaustri.

Þann 28. júní hélt KKA Íslandsmót í motocrossi í blíðskaparveðri og tókst mótið gríðarlega vel í alla staði enda er braut KKA orðin á heimsmeikvarða. KKA hélt Íslandsmót í þolakstri (enduro) þann 9. ágúst. Keppendur voru fjölmargir, veðrið var frábært og mótið tókst með miklum ágætum í endurolandi félagsins í Torfdalnum í Hlíðarfjalli.

Keppendur KKA stóðu sig vel á mótum ársins sem voru fjölmörg bæði á Akureyri og annars staðar á landinu.

Þorsteinn Hjaltason, formaður KKA var kjörinn til setu í dómstól MSÍ á ársþingi sambandsins.

Aðalfundur KKA var haldinn 15. desember. Einar Sigurðsson var kjörinn íþróttamaður KKA 2014. Einar er einn besti ökumaður landsins og er vel að titlinum kominn.



KKA svæðið



Akureyri 7. mars 2016

Þorsteinn Hjaltason, formaður KKA



Stofnað 1995

KKA akstursíþróttafélag

Ársskýrsla 2015

Árið 2015 var stjórn félagsins skipuð með eftirfarandi hætti:

Þorsteinn Hjaltason, formaður.
Sigurður Rúnar Sigþórsson, ritari
Guðmundur Hannesson
Jóhann Hansen
Bjarki Sigurðsson
Meðstjórnendur voru:
Fjalar Úlfarsson
Árni Grant
Baldvin Þór Gunnarsson
Gunnar Valur Eypórsson
Sigurður Bjarnason
Stefán Hansen
Kristján Ingi Jóhannsson

Mikil vinna fer fram í fjölmörgum nefndum félagsins.
Vefsíða: www.kka.is

Í janúar var að venju haldinn peningafundur KKA eða framhaldsaðalfundur og var fjallað um fjármál félagsins, afkomu á síðasta ári og áætlanir fyrir það næsta. Samherji styrkti KKA aftur á þessu ári. Styrkurinn skiptir félagið verulega máli og hjálpar því við að veita þjónustu á svæðinu, heimamönnum sem og fjölmörgum ferðamönnum til ómældrar skemmtunar.

Veður voru erfið seinni hluta vetrar og í einu ofviðrinu fauk félagsheimilið við barnabrautina og skemmdist mjög mikið. Þetta er vitanlega bagalegt þar sem húsið er mikið notað af börnum og foreldrum við æfingar en oft er ansi kalt að standa við brautina og þá er gott að geta farið inn í hús til að hita sig og hella upp á kaffi og búa til kakó handa börnunum.

KKA hélt Íslandsmót í þolakstri (enduro) þann 27. júlí. Fjölmargir keppendur voru skráðir til leiks að venju, veðr-

ið var frábært og mótið tókst með miklum ágætum í enduro-landi félagsins í Torfdalnum í Hlíðarfjalli.

Unglingalandsmót fór fram um sumarið og sá KKA um motocrosskeppnina sem haldin var 2. ágúst.

Þann 8. ágúst hélt KKA svo Íslandsmót í motocrossi í blíðskaparveðri og tókst mótið gríðarlega vel í alla staði enda er braut KKA orðin á heimsmælikvarða.

Keppendur KKA stóðu sig vel á mótum ársins sem voru fjölmörg bæði á Akureyri og annars staðar á landinu.

Á ársþingi landssambandsins MSÍ (Mótorhjóla- og snjósleðaíþróttasamband Íslands) voru tveir stjórnarmenn KKA kosnir í stjórn MSÍ. Það voru þeir Bjarki Sigurðsson og Baldvin Þór Gunnarsson. Þorsteinn Hjaltason, formaður KKA, var kjörinn í dómstól MSÍ en hann hefur setið í dómstólum frá stofnun MSÍ.

Á árinu endurnýjaði KKA vef sinn, www.kka.is.

Aðalfundur KKA var haldinn í október. Bjarki Sigurðsson var kjörinn íþróttamaður KKA 2015 en Bjarki náði frábærum árangri á árinu, eins og t.d. Íslandsmeistari í tvímenningi í þolakstri á mótorhjólum (enduro), hann var annar í mótaröð til Íslandsmeistara í motocrossi. Hann varð svo tvöfaldur meistari á snjósleðum á Vetrarleikunum. Auk þess að vera keppnismaður í fremstu röð leggur Bjarki gjörva hönd á félagsstörfin. Hann er í aðalstjórn KKA og í stjórn landssambandsins MSÍ, og í mótanefnd MSÍ.

Akureyri 7. mars 2016

Þorsteinn Hjaltason, formaður KKA





Stofnað 2005

Hamrarnir Ársskýrsla 2014

Starfsskýrsla fyrir árið 2014

Á aðalfundi félagsins var stjórn félagsins kosin og var hún skipuð eftirfarandi:

Þorgeir Rúnar Finnsson – formaður

Stefán Guðnason – varaformaður

Gunnar Þórir Björnsson – gjaldkeri

Arnór Sigmarsson – meðstjórnandi

Sindri Kristjánsson – meðstjórnandi

Fulltrúi handknattleiksdeildar: Hjalti Þór Hreinsson

Starfsemi félagsins var öflug á okkar mælikvarða árið 2014. Félagið sendi lið til þátttöku í 1. deild karla í handknattleik veturinn 2013-2014 og endaði félagið í áttunda sæti af ellefu liðum. Var mikil ánægja með þennan fyrsta vetur og sú góða stemning sem myndaðist oft á leikjum

var sérstaklega skemmtileg. Hamrarnir áttu í samstarfi með Akureyri handboltafélag varðandi leikmenn á 2. flokks aldri og léku því ungir leikmenn Akureyrar með Hömrnum í meistaraflokki.

Félagið hélt áfram að senda lið til þátttöku í bikarkeppni KSÍ í knattspyrnu og vorið 2014 voru það nágrannar okkar frá Grenivík, Magni, sem sigruðu okkur í leik á KA-vellinum. Ánægjulegast var samt að kvennalið Hamranna var endurvakið eftir nokkurra ára dvala og lék liðið í 1. deild kvenna A-riðli og enduðu þær í sjöunda sæti af níu liðum. Líkt og í handboltanum þá átti kvennaliðið í samstarfi með stærri félögunum hér í bæ og léku því stundum stúlkur úr 2.fl. Þór/KA með Hömrnum í 1. deildinni.

Íþróttamaður Hamranna árið 2014 var handknattleiksmaðurinn Valdimar Þengilsson.



Stofnað 2005

Hamrarnir Ársskýrsla 2015

Starfsskýrsla fyrir árið 2015

Á aðalfundi félagsins var stjórn félagsins kosin og var hún skipuð eftirfarandi:

Þorgeir Rúnar Finnsson – formaður

Stefán Guðnason – varaformaður

Gunnar Þórir Björnsson – gjaldkeri

Arnór Sigmarsson – meðstjórnandi

Sindri Kristjánsson – meðstjórnandi

Fulltrúi handknattleiksdeildar: Hjalti Þór Hreinsson

Hið blómlega starf sem hófst í raun á haust mánuðum 2013 var enn í gangi stóran hluta ársins 2015. Handknattleikslíð félagsins tók þátt annað árið í röð í 1. deild karla og bætti árangur sinn sem um munar. Endaði félagið í 5. sæti og komst þar með í úrslitakeppnina um sæti í efstu deild. Víkingar frá Reykjavík voru okkar mönnum sterkari í þeim viðureignum en mikil ánægja var með gengi liðsins. Því var það í raun virkilega leiðinlegt að ákveða þurfti að skrá félagið ekki til leiks næsta vetur og því er enginn handknattleikur spilaður undir merkjum



Hamranna í augnablikinu. Ánægjulegt er samt að sjá að stór hluti leikmanna Akureyrar handboltafélags eru drengir sem fengu margir hverjir sínu fyrstu reynslu í meistaraflokki í leikjum undir merki Hamranna.

Kvennalið félagsins í knattspyrnu tók aftur þátt í 1. deildinni sumarið 2015. Eftir góða byrjun í maí og júní var liðið með fullt hús stiga en við tók erfiður tími yfir hásumarið og fór svo að liðið endaði í 4. sæti í sjö liða riðli. Liðið mun halda áfram og verður því enn nokkur starfsemi í félaginu.

Líkt og áður ákvað karlaliðið að taka þátt í bikarkeppni KSÍ og aftur voru það Magnaðir Magnamenn sem unnu drengina um vorið í leik á KA-vellinum.

Íþróttamaður Hamranna árið 2015 var knattspyrnumaðurinn Elva Marý Baldursdóttir.



Stofnað 1928

Knattspyrnufélag Akureyrar

Ársskýrsla 2014-2015

Aðalstjórn KA 2014-2015:

Hrefna G. Torfadóttir, formaður
Ingvar Már Gíslason, varaformaður
Sigríður Jóhannsdóttir, gjaldkeri
Jóhannes Árnason, ritari
Helga Þyri Bragadóttir, meðstjórnandi

Varamaður: Ragnheiður Júlíusdóttir

Formenn eða fulltrúar deilda sátu einnig í stjórn en þeir voru:

Gunnar Garðarsson, fyrir blakdeild
Siguróli Magni Sigurðsson, fyrir handknattleiksdeild
Gunnar Nielsson, fyrir knattspyrnudeild þar til í september sl. er Eiríkur Jóhannsson tók sæti hans og
Guðmundur Haukur Sigurðarson fyrir tennis- og badmintondeild

Við minnumst góðra félaga okkar sem létust á árinu 2014:

Þorvaldur Jónsson, lést þann 28. júní,
Óðinn Árnason, heiðursfélagi KA, lést þann 5. nóvember
Árni Jóhannsson, fyrrverandi formaður KA, lést þann 26. nóvember.

Við minnumst þeirra með virðingu, hlýhug og þakklæti.

Síðastliðið sumar var íþrótt- og leikjaskóli starfræktur eins og undanfarin ár. Hann var með sama sniði og síðastliðin sumur, einungis var boðið upp á skólann hálfan daginn. Aðalumsjónarmaður skólans var Sævar Pétursson og umsjónarmenn með honum voru Sonja María Birkisdóttir og Jón Heiðar Magnússon. Skólastarfið gekk vel og þökkum við Sævari, Sonju, Jóni Heiðari og öllum þeim sem komu að skólanum kærlega fyrir þeirra störf. Aðsókn að skólanum var mjög góð og eins og fyrr ákváðum við að halda gjöldum í lágmarki. Við erum svo heppin að fá veglegan styrk úr Samherjasjóði sem gerir okkur kleift að halda námskeiðsgjöldum enn lægri en ella. Við hugsum okkur leikjaskólann nefnilega ekki sem fjáröflun fyrir félagið heldur sem þjónustu við KA-fólk og aðra hér. KA þakkar Samherja kærlega fyrir þeirra stuðning og höfðingsskap.

Vellir félagsins komu óvenjuvel undan síðastliðnum vetri, þar var ekkert kal og grasið varð grænt og fallett. Þrátt fyrir það er ekki hægt að líta framhjá því að ýmislegt þarf nauðsynlega að gera fyrir Akureyrarvöll eins og að setja nýja drenlög í völinn. Gamla drenlöggin er ónýt og bíður sér vissulega ekki til batnaðar. Síðastliðið sumar voru bæði

sett ný varamannaskýli og ný mörk á völinn. Nú þyrfti að endurnýja markatöfluna, klukkuna, en eins og áður hefur verið minnst á hér er hún orðin mjög léleg og ekki hægt að fá varahluti í hana lengur.

Gervigrasið hefur svo sannarlega staðið fyrir sínu og hver stund sem hægt var að nota það var nýtt.

Eins og ég hef sagt áður þá hefur tilkoma gervigrasins orðið til þess að fjöldi þeirra sem um svæðið og húsið fer hefur margfaldast og er það vissulega af hinu góða. Hér er líf og hér er fjör og þannig á það að vera.

Verið er að vinna að því að því að fá markatöflu og klukku á gervigrasvölinn og vonandi tekst það fyrir fyrsta leik í Íslandsmóti.

KA dagurinn, fjölskyldudagur að hausti, var haldinn í byrjun október að vanda. Þar var auðvitað boðið upp á hinn hefðubundna KA mjólkurgraut með slátri. Í þetta sinn voru ekki innheimt æfingagjöld því skráning iðkenda og greiðsla æfingagjalda er nú rafræn í gegnum hið svokallaða Norakerfi sem Akureyrarbær kom upp og þar inni eru einnig tómstundaávisanir iðkenda sem eru ekki lengur sendar heim til forráðamanna þeirra.

Fulltrúar deilda voru samt hér og nú hjálpuðu þeir fólk við Norakerfið og svöruðu þeim fyrirspurnum sem upp komu.

Margir hafa lýst ánægju sinni með það að hingað komi heilu fjölskyldurnar í hádeginu þennan laugardag, fái sér mjólkurgraut og fái svo tækifæri til að hitta fulltrúa úr stjórnunum deilda. Það er líka gaman að sjá þá sem koma við til að hitta mann og annan, eins og sagt er, og fá sér graut í leiðinni.

Ég held að mér sé óhætt að segja að KA dagurinn, fjölskyldudagur að hausti, sé kominn til að vera.

Haldið var áfram þeirri hefð sem skapaðist haustið 2010 að halda tvisvar á ári fundi með stjórnunum, ráðum og þjálfurum deilda. Þessir fundir, sem hafa verið vel sóttir og betur sóttir í raun eftir því sem þessum fundum fjölgar, eru bæði skemmtilegir og nauðsynlegir. Á þessum fundum er mjög notaleg stemning og ræðum við gjarnan saman um ýmis málefni félagsins. Formenn deilda og ráða segja frá starfi sinnar deildar og svara spurningum. Formaður og framkvæmdastjóri félagsins segja frá því sem er á döfinni. Það er gott fyrir aðalstjórn að geta sest með fulltrúum deilda og rætt bæði um málefni deilda og félagsins í heild og annað er tengist íþrótt- og félagsstarfinu.

Á þessum fundum er alltaf boðið upp á eitthvað í gogginn. Í vor grillaði nýr varaformaður og nú í haust var



5. fl kk - Íslandsmeistarar

boðið upp á lasagna að hætti varaformannsins. Það skal tekið fram hér að það hefur skapast sú hefð að það sé eitt af skylduverkum varaformanns að sjá um matinn á þessum fundum.

Nú er orðið um eitt og hálft ár síðan heimasíðan okkar var uppfærð og er þessi síða miklu aðgengilegri og skemmtilegri en sú gamla. Það er virkilega gaman að fara inn á síðuna og lesa fréttir frá deildum sjá hvaða íþróttaviðburðir eru á næstunni og fleira í þeim dúr. Til þess að gera heimasíðuna enn markvissari hafa Stefán Jóhannsson og Ágúst sonur hans fallist á að verða vefstjórar. Þeir hafa t.d. verið iðnir við að setja inn upplýsingar um félagið og gamlar myndir sem sjá má ef farið er inn á síðuna, smellt á um KA og svo KA heimilið. Ég vil lýsa ánægju minni og okkar í aðalstjórn með að hafa fengið þá feðga til þessa verks.

Haldið var upp á 87 ára afmæli félagsins sunnudaginn 11. janúar. Að dagskrá lokinni var að vanda boðið upp á kaffihlaðborð að hætti KA þar sem borðin svignuðu undan tertum, kökum og ýmsum réttum. Afmælisveislan var mjög vel sótt og var mjög ánægjulegt að sjá þar fólk á öllum aldri þarna. Afmælisdagskráin var í stóra salnum, sem við kölluðum einu sinni aerobic-sal, en því miður heyrðu þeir sem aftarlega sátu ekki nógu vel það sem sagt var en við munum bæta úr því fyrir næsta afmæli. Meðal atriða í hefðbundinni dagskrá var að tilkynnt var hver hlyti titilinn **Íþróttamaður KA 2014**.

Tilnefnd voru:

Íþróttamaður blakdeildar, Ævarr Freyr Birgisson
Íþróttamaður handknattleiksdeildar, Martha Hermannsdóttir
Íþróttamaður knattspyrnudeildar, Srđan Rajkovic
Allir þeir sem tilnefndir voru fengu bikar frá fyrrverandi formönnum félagsins.

Íþróttamaður KA árið 2014 er Martha Hermannsdóttir og fékk hún farandbikar frá félaginu og formannabikarinn frá fyrrverandi formönnum KA.

Þess má líka geta að KA átti 26 landsliðsmenn í hinum ýmsu landsliðum karla og kvenna á síðasta ári.

Á afmælinu var einnig Böggubikarinn veittur í fyrsta sinn. Böggubikarinn, eru tveir farandbikarar, gefnir af Gunnari Nielssyni, Ragnhildi Jósefsdóttur og börnum þeirra til minningar um Sigurbjörgu Nielsdóttur, Bögggu, systur

Gunnars. Böggva var fædd þann 16. júlí 1958 og lést þann 25. september 2011.

Böggubikarinn er farandgripur og er veittur á sama tíma og Íþróttamaður KA er kynntur. Formaður KA sér um afhendingu bikaranna við það tækifæri.

Þeir iðkendur sem tilnefndir voru til Böggubikarsins voru:

Frá blakdeild: Sóley Ásta Sigvaldadóttir og Gunnar Pálmi Hannesson.

Frá handknattleiksdeild: Arna Kristín Einarsdóttir og Daði Jónsson

Frá knattspyrnudeild: Anna Rakel Pétursdóttir og Ævar Ingi Jóhannesson

Böggubikarinn fengu: Arna Kristín Einarsdóttir og Ævar Ingi Jóhannesson



Mikilvægi íþróttastarfs hjá félagi eins og okkar verður ekki ofmetið en við megum ekki gleyma hve félagsstarfið er mikilvægt. Við höfum undanfarin ár unnið markvisst að því að efla það og styrkja. Hér hefur ýmislegt verið gert í átt að því að koma meira lífi í húsið hér og efla félagsstarfið. Allar þessar skemmtanir hafa verið og verða haldnar hér í KA og er það mjög af hinu góða. Við megum ekki gleyma því að félagið erum við sjálf og ef við viljum sjá öflugt félagslíf hér verðum við að leggja okar af mörkuðum og taka þátt. Það er ekki bara mál aðalstjórnar eða stjórna deilda að standa að öflugu félagslífi heldur mál okkar allra.

Ég sagði á síðasta aðalfundi að næsta stóra verkefni hjá okkur væri að taka félagsheimilið í gegn og hefði það í raun þurft að gerast fyrir löngu. Aðalstjórn samþykkti á fundi sínum snemma á síðasta ári að ráðist yrði í endurbætur á félagsheimili okkar og sett var á laggirnar 6 manna félagsheimilisefnd og áttum við þó nokkra fundi. Ekki var hægt að ráðast í jafn miklar breytingar og í vendum voru án þess að hafa fagmenn með okkur og þar mættu til leiks Logi Einarsson arkitekt og Ingólfur Guðmundsson af arkitektastofunni Kollgátu. Vil ég þakka þeim fyrir frábært samstarf og þeirra mikla innlegg í þessar breytingar og einnig þakka þeim sem í nefndinni sátu mjög gott samstarf.

Stærstu framkvæmdirnar voru svo auðvitað við félagsheimilið sjálft. Það má segja að gjörbreyting hafa orðið á því. Allt skrifstofuhald og stjórnun færðist yfir í félagsheimilið. Þar er komin skrifstofa framkvæmdastjóra og

starfsmanns, þar sem minni fundarsalurinn var og einnig var sett upp skrifstofuaðstaða eða vinnuaðstaða með tölvu og prentara sem deildir deila með sér. Minni fundarsalurinn verður eftir breytingar í suðurhluta félagsheimilis. Ákveðið var að hafa sjónvarpshornið áfram því ekki er annað hægt en að hafa notalegt sjónvarpshorn í félagsheimilinu og hefur það stækkað við breytingarnar.

Það er heilmikið búið að gera eins og sést á þessari upptalningu og vil ég taka það fram hér að mjög mikið af því sem gert hefur verið var unnið í sjálfböðavinnu.

Við ætlum aðeins að taka smá hlé á framkvæmdum. Álagið á starfsfólk og sjálfböðaliða vegna þessara miklu framkvæmda hefur verið mjög mikið. Hér var unnið frá morgni til kvölds við að smíða, parketleggja, mála og fleira og fleira. Ég vil þakka öllu starfsfólki hússins fyrir þeirra mikla framlag í þessum framkvæmdum, einnig vil ég þakka sjálfböðaliðum fyrir þeirra frábæru störf en þeir komu hér dag eftir dag og unnu langt fram á kvöld við þessar framkvæmdir. Ekki síst vil ég þakka Sævari framkvæmdastjóra því auk þess að sinna framkvæmdastjórnastörfum, stjórnaði hann verkinu, var parketleggjari, málari og fleira.

Það sem við áformum að gera næst er að taka eldhúsið og afgreiðsluna í gegn. Það verður þó trúlega ekki fyrr en á árinu 2015 því þessar framkvæmdir allar eru dýrar. Einnig þarf að flikka upp á anddyrið og gera það aðlaðandi.

Markmiðið er að félagsheimilið verði hjartað í félaginu þar sem félagsmenn vilja kíkja við, fá sér kaffisopa, horfa á æfingar hvort sem er úti á gervigrasinu eða fara yfir í íþróttasalinn og horfa á æfingar þar eða bara spjalla við mann og annan. Við viljum fá fólk í húsið, við viljum að iðkendum og forráðamönnum þeirra, og félagsmönnum finnist þeir velkomnir í KA heimilið. Það hefur m.a. verið markmið aðalstjórnar og framkvæmdastjóra að auka starfsemi í húsinu og starfsemi félagsins og virðist það smátt og smátt vera að takast.

Við getum farið að hlakka til þegar búið verður að taka félagsheimilið okkar alveg í gegn enn meira gaman verður að koma hingað.

Á KA daginn, þann 4. október, var myndaður vísir að Almenningsíþróttadeild með því að nokkrir hraustir félagar fóru í gönguferð undir styrkri leiðsögn Stefáns B. Birgissonar. Markmiðið með almenningsíþróttadeild er að hvetja félagsmenn og aðra til hreyfingar. Markmiðið er að taka fleira inn í þessa væntanlegu deild eins og t.d. skokk og hjóltreiddar og fleira.

Haustið 2014 var sett á stofn sögunefnd hjá KA og hefur hún starfa síðan undir stjórn Siguróla Magna Sigurðssonar, sagnfræðings.

KA hefur nú þegar gefið út tvær bækur um sögu félagsins og er það ekki markmið með þessari nefnd að vinna sérstaklega að útgáfu einnar bókar til viðbótar, það er hugsanlega markmið fyrir 100 ára afmæli félagsins og hlutverk þeirra sem þá verða í forsvari. Hlutverk nefndarinnar er miklu heldur að safna heimildum, bæði munnleg-

um og skriflegum, um félagið og koma þeim inn á heimasíðuna. Sett verður up svokölluð tímalína sem kemur neðst á heimasíðuna og þegar upplýsingar safnast inn verður hægt að smella á eitthvert ártalanna og sjá þá markverðustu atburði þess árs. Einnig munum við safna ýmsum munum úr sögu félagsins eða fá þá lánaða til lengri eða skemmri tíma til sýningar í KA heimili.

Ekki síður höfum við áhuga á gömlum myndum og viljum þá gjarnan fá eldri félagsmenn í lið með okkur til að hægt sé að skrá hverjir eru á þeim myndum. Vitneskjan um þá sem komið hafa að sögu félagsins má ekki glatast.

Ég vil þakka starfsfólki hússins þeim kærlega fyrir þeirra störf. Ég vil þakka alveg sérstaklega Sævar Péturssyni, framkvæmdastjóra félagsins, fyrir hans mikla starf í þágu félagsins og ekki síður okkar frábæra samstarf. Ég vil þakka honum sérstaklega fyrir hagsýni og útsjónarsemi í rekstrinum.

Við munum halda áfram sem fyrr aðgætni og aðhaldi í rekstri. Það er það sem okkur ber að gera. Það er svolítið merkilegt að hugsa til þess að svona stórt félag, félagið okkar, sé að miklu leyti rekið af sjálfböðaliðum. Allir sem sitja í stjórnun, ég sem formaður félagsins, allir aðalstjórnarmenn, formenn deilda og ráða og stjórnir þeirra eru sjálfböðaliðar. Við fáum þó ríkuleg laun því okkar laun eru ánægjan af því að vinna við að styrkja og efla félagið okkar. Launin eru líka fólgin í þeirri vináttu sem við njótum hér, þeirri samstöðu semvið finnum fyrr og í öllu því góða fólki sem við kynnumst. Sjálfböðastörfin eru endalaus, þau eru óþrjótandi en það er nefnilega það skemmtilega við þau. Þegar einu verki lýkur þá er hægt að hlakka til þess næsta. Auðvitað koma þær stundir að á móti blæs og byrðarnar virðast þungar en ánægju- og gleðistundirnar eru svo miklu, miklu fleiri.

Ég vil þakka öllum þeim sjálfböðaliðum sem komið hafa á einn eða annan hátt að félaginu á liðnu ári. Öllu því fólki sem lagt hefur hönd á plóginn til að gera félagið okkar það sterka félag sem það er verður seint full þakkað. Kærar þakkir til ykkar allra.

Við megum aldrei vanmeta það uppeldis-, forvarnar- og félagslega gildi sem íþróttaiðkun hefur. Styðjum vel við bakið á okkar ungu iðkendum og hvetjum þau til að vera sem lengst í KA við leik og störf.

*Hrefna Gunnhildur Torfadóttir
formaður KA*

Ársskýrsla blakdeildar KA 2014

KA átti líkt og síðast liðin ár bæði karla- og kvennalið í Úrvalsdeild BLÍ. Þessi lið eru að stærstum hluta til skipuð ungum leikmönnum sem jafnframt spila í 2.- 3.flokki. Karlaliðið komst í úrslitakeppni Bikarkeppni BLÍ en tapaði undanúrslitaleiknum á móti HK. Í deildarkeppninni lentu þeir í 4.sæti og 3.-4.sæti í lokakeppninni um Íslandsmeistaratil. Stúlkunum gekk ekki eins vel og náðu

þær hvorki inn í úrslitakeppni um Bikarinn né til Íslandsmeistaratitils.

Á Íslandsmótum yngriflokka varð 2.fl kk Íslandsmeistari, blandað 5.flokks lið náði 2.sæti og 2.og 3.fl.kvenna 3.sæti.

Stærsta verkefni blakdeildarinnar á s.l. ári var Íslandsmót Öldunga sem hlaut nafnið KAleikur 2014 og var haldið í íþróttahúsum bæjarins og á Dalvík dagana 1.-3.maí. Þarna mættu til leiks um 1200 keppendur í 154 liðum sem spiluðu 462 leiki í 22 deildum. Eins og gefur að skilja kostaði þetta mikla undirbúningsvinnu sem hófst strax og ljóst var að við fengjum mótið og í rauninni fyrr þar sem að við þurftum að vera búin að tryggja okkur íþróttahús og tilnefna Öldung mótsins áður en sótt var um mótið. Mótið tókst í alla staði mjög vel og viljum við þakka öllum þeim sem unnu að mótinu á einn eða annan hátt kærlega fyrir þeirra óeigingjörnu vinnu og þá sérstaklega blakfélki í öldungahópum KA og að öðrum ólöstuðum ber þar að nefna Eygló Birgisdóttur sem var öldungur mótsins og Hannes Garðarsson.

Það sem hæst ber á s.l. hausti er árangur meistaraflokks karla í fyrri hluta Bikarkeppni BLÍ sem haldin var á Neskaupstað í nóvember en þaðan komu þeir með fullt hús stiga þ.e. töpuðu ekki einni einustu hrinu.

Víkjum þá að einstaklingum innan deildarinnar en KA átti marga landsliðsmenn á árinu. Í forvalshóp fyrir A landslið karla s.l. voru Valþór Ingi og Ævarr Freyr, þeir komust ekki í lokahópin þá en voru kallaðir inn

aftur í haust og núna í desember var Ævarr Freyr valinn í lokahóp sem hélt til Luxemborgar á nýársdag. Valþór Ingi varð hins vegar fyrir því óláni að meiðast í síðasta deildarleik og komst því ekki á síðustu æfingar úrtökuhópsins.

Í forvalshópum fyrir U17 og U19 landslið kvenna átti KA 9 stúlkur en 3 gáfu ekki kost á sér. Drengirnir voru 6 í forvalshópum fyrir U17 og U19 landsliðin. Þessi lið tóku þátt í NEVZA mótunum í Danmörku og Englandi í október. Ásta Lilja, Harpa María, Benedikt, Gunnar Pálmi, Sævar, Valþór og Ævarr fóru með U19 landsliðunum til Danmerkur. Arnrun Eik, Hildur, Unnur, Valþór og Vigfús fóru með U17 landsliðunum til Englands.

Í stjórn blakdeildar 2014 sátu:

Ósk Jörunn Árnadóttir, Gunnar Garðarson, Margrét Jónsdóttir og Harpa M. Ævarsdóttir. Formaður yngri-flokkaráðs var Friðrika Marteinsdóttir.

Ársskýrsla handknattleiksdeildar KA 2014

Starf handknattleiksdeildar KA var líflegt á árinu 2014. Það er þó stórunderlegt að ætla að gera upphandknattleik á áramótum, þar sem að eitt almanaksár spannar tvö hálf keppnistímabil í handbolta.

Handknattleiksdeild KA skiptist upp í kvennaráð sem rekur meistaraflokk KA/Þór sem tekur þátt í Olís-deild kvenna og síðan yngri flokkaráð sem sér um rekstur allra yngri flokka félagsins í handbolta.

Tímabilið 2013-2014 náði meistaraflokksliðið ágætis árangri undir stjórn Einvarðar Jóhannssonar, en liðið var hársbreidd frá því að komast í úrslitakeppni Olísdeildarinnar. Í sumar urðu þjálfaraskipti hjá liðinu og tók hinn ungi og efnilegi Gunnar Ernir Birgisson við liðinu. Til þess að styrkja hópinn enn frekar frá fyrra ári voru fengnar tvær rúmenskar stúlkur sem hafa passað vel inn í liðið, og samfélagið okkar hér á Akureyri. Liðið hefur þó ekki verið alveg nógu duglegt að sækja sér stig í vetur, en aðeins tvö stig eru komin í hús fyrir áramót. Vert er þó að nefna að helmingurinn af mótinu er eftir og fullt af heimaleikjum hér í KA-heimilinu. Liðið er skipað skemmtilegri blöndu af yngri og eldri leikmönnum. KA/Þór hefur verið að gefa mörgum ungum stúlkum tækifæri á að spreyta sig meðal þeirra bestu og hefur það skilað nokkrum landsliðsmönnum í yngri kvennalandsliðin. Þær yngri græða mikið handboltalega séð af því að spila og æfa með þeim eldri og reyndari, sem eru algjörir burðarásar í liðinu. Stefna liðsins fyrir síðari hluta vetrar er að reyna að vinna sig upp í 8. sæti deildarinnar, sem gefur þátttökurétt í úrslitakeppninni. Þá var það mikið gleðiefni að í stjórn kvennaráðsins fjölgaði um heila tvo á þessu tímabili, og vinna margar hendur nú léttari verk en áður.

Yngriflokkaráð KA skipa 8 einstaklingar sem halda utan um það líflega starf sem er iðkað á fjöllum KA-heimilisins. Um 270 iðkendur eru hjá handknattleiksdeildinni þennan



Blaklið kk

veturinn, allt frá 8. flokki upp í 3. flokk. Til þess að þjálfar þessar upprennandi handboltastjórnur eru 16 þjálfarar, ásamt nokkrum aðstoðarmönnum sem eru að stíga sín fyrstu skref í þjálfun. Þá eru dómarar einnig ómissandi í starfinu, en 30 dómarar dæmdu alla þá leiki sem fóru fram í KA-heimilinu árið 2014. KA heldur tvö fjölleikamót á hverju keppnistímabili, í samstarfi við Þór og fór eitt slíkt fram í október og gekk það vel.

Eins og venjan er annaðhvert fara 4. flokkur karla og kvenna til Svíþjóðar að keppa á Partille-cup og var ein slík ferð farin í sumar sem gekk vel, þar sem krakkarnir stóðu sig með sóma bæði innan sem utan vallar.

Árangurinn vorið 2014 var góður hjá krökkunum og greinilega farin að skila sér sú stefna sem tekin var fyrir nokkrum árum að hafa alltaf reynda og góða þjálfara í öllum flokkum og ekki síst hjá yngstu flokkunum. Öll lið bættu sig verulega. Strákarnir í 5. flokki eldra ári urðu í 2. Sæti til Íslandsmeistara, stelpurnar í 4. flokki yngra ár urðu deildarmeistarar í 1. deild og spiluðu úrslitaleikinn í bikarnum og urðu í 2. sæti, stelpurnar í 4. flokki eldra ári urðu í 2. sæti í 1. deildinni og spiluðu líka úrslitaleikinn í bikarnum og urðu í 2. sæti, einnig spiluðu bæði lið í undanúrslitum til Íslandsmeistara í úrslitakeppninni. Þá urðu stelpurnar í 3. flokki Íslandsmeistarar í B-Úrslitum.

Þá voru 26 krakkar valdir í landsliðsúrtök á árinu, 14 stelpur og 12 strákar og náðu fimm af þeim að spila með sínu landsliði.

Í stjórn handknattleiksdeildar árið 2014 sátu:

Siguróli Sigurðsson

Stefán Guðnason

Ragnar Sigtryggsson

Gígja Vilhjálmisdóttir

Erlingur Kristjánsson

Guðrún Linda Guðmundsdóttir



Formaður yngriflokkaráðs var Jón Árelíus Þorvaldsson.

Ársskýrsla knattspyrnudeildar KA 2014

Starfsemi knattspyrnudeildar var sem fyrr mikið og öflugt. Nýi gervgrasvöllurinn við KA heimilið hefur gerbreytt allri æfingaaðstöðu félagsins og á sinn þátt í þeirri gríðarlegu aukningu iðkenda knattspyrnu hjá félaginu. Það skemmdi heldur ekki fyrir að náttúrulega grasið var tilbúið til æfinga og keppni í maí og er það mál manna sem best til þekkja að það sé einsdæmi í sögu knattspyrnudeildar

Segja má að skipts hafi á skin og skúrir þegar árangur annars flokks og meistaraflokks er metinn. Niðurstaðan eftir sumarið í fyrstu deild karla varð áttunda sætið sem er vissulega vonbrigði. Á tímabili í sumar var liðið nálægt því að gera sig gildandi í toppbárattu en stöngin út í lykileik gerði kannski útslagið að það náðist ekki. Annar flokkur karla var einungis hársbreidd frá því að vinna sér sæti í efstu deild eftir skemmtilegt mót. Sameiginlegt lið okkar og Þórsara í meistaraflokks kvenna gerði vel og endaði í 3 sæti Pepsídeildar.

Það má segja að árið 2014 hafi verið met ár hjá yngriflokkum KA hvað fjölda iðkenda varðar og má segja að sú aukning sé einmitt það sem stendur upp úr úr starfi deildarinnar allrar. Sérstaklega var fjölgun mikil í yngstu árgöngunum og má segja að plássleysi til æfinga sé orðið lúxusvandamál okkar á stundum. Síðasta vetur voru um 350 krakkar að æfa fótbolta og yfir sumartímann fór fjöldinn upp í rúmlega 500 iðkendur samanborið við tæplega 400 árið áður. Veturinn hefur svo verið að byrja mjög vel og hafa allt að 400 iðkendur verið að mæta á æfingar í byrjun vetrar.

Árangur yngri flokka á liðnu ári var mjög ásættanlegur og varð t.d. 3. flokkur kvenna B lið Íslandsmeistari auk þess sem 3. flokkur karla og kvenna urðu bikarmeistarar KSÍ á Norður- og Austurlandi.

Þess ber að geta að KA átti hvorki fleiri né færri en níu landsliðsmenn í knattspyrnu á nýliðnu ári og aftur segja elstu menn okkar þetta einsdæmi. Þessi ánægjulega þróun ber starfinu hjá okkur mjög gott vitni enda höfum við á að skipa vel menntaða þjálfara sem vinna við frábæra aðstöðu.

Yngriflokkaráð hélt Arsenalskólann eins og undanfarin ár með góðum árangri og mættu í skólann um 200 iðkendur víðsvegar af landinu.

N1 mótið var haldið og fór vel fram, sennilega frábærlega, miðað við það gjörningaveður sem yfir okkur dembdist þessa keppnisdaga. Þegar verst lét fékk framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar símtal frá Almannavörum sem vildu vita hvernig rýmingaráætlun værir fyrir keppnissvæðið kæmi til þess að eldingum lýsti niður! Mótið sýnir okkur ár hvert hve félagslega sterkt KA er, enda vinna við mótið gríðarlegur fjöldi KA félaga sem á óeigingjarnan hátt vill vinna fyrir félagið sitt. Sjálfboðaliðum þökkum við allt

þeirra góða starf um leið og við áréttum að án þeirra getum við ekki haldið starfi deildarinnar úti. Það sama má segja um sterka bakhjarla sem styðja við bak deildar með peningalegum styrkjum eða á annan hátt. Við þökkum þeim öllum fyrir stuðninginn.

Framtíð knattspyrnudeildar KA er björt ef við höldum vel á spilunum og stöndum saman. Við væntum mikils af fólkinu okkar á þessu ári.

Í stjórn knattspyrnudeildar árið 2014 sátu:

Gunnar Nielsson,
Jóhann Sigurðsson,
Páll Jónsson,
Halldór Aðalsteinsson,
Hjörvar Maronsson,
Sævar Helgason
Eggert Sigmundsson

Formaður yngriflokkaráðs var Bergvin Fannar Gunnarsson.



Akureyrarmót var haldið í Höllinni í maí.

Í byrjun október var svo í annað sinn haldið unglingamót í KA húsinu þar sem voru mætt til leiks rúmlega 120 ungmennti frá 7 félögum þar sem spilaðir voru rúmlega 200 leikir. Mótið tókst mjög vel og var fyrri dagurinn í Höllinni en seinni dagurinn í KA-húsinu þar sem leikið var til úrslita.

Þjálfarar hjá TB-KA eru tveir, þau Högni Harðarson (eldri hópar) og Sonja Magnúsdóttir (yngri hópur)

Af tennis innan KA er það að fréttast að haldið var námskeið í ágúst sem var mjög vel sótt eða um 25 manns. Kennari var margfaldur íslandsmeistari í tennis Raj Bonifacius. Einnig var ráðist í að merkja völl á gólfið í KA og fjárfesta í tennisneti, spöðum og boltum.

Í vetur hafa verið opnir tímar í tennis á sunnudagsmorgnum frá 9-10:30 og verður svo áfram fram á vor.

Í stjórn tennis- og badmintondeildar 2014 sátu:

Guðmundur Haukur Sigurðarson,
Finnur Friðriksson
Fjóla Kristín Helgadóttir

Ársskýrsla Tennis- og badmintondeildar KA 2014

Tennis- og badmintondeild KA hélt uppi hefðbundinni starfssemi í badmintoni á árinu 2014

Á vor-misseri vorum við með um 25 iðkendur á aldrinum 8-17 ára sem æfa í Höllinni á þriðjudögum og fimmtudögum. Síðan eru æfingar á sunnudagsmorgnum í KA húsinu fyrir krakka á aldrinum 5-8 ára ásamt því að eldri iðkendu hafa nýtt tímann sem aukaæfingu.

Í haust fækkaði mjög iðkendum og hefur haustið verið nýtt í að kynna og auglýsa íþróttina betur. Sú kynning skilað sér vel í desember og fjölgaði nokkuð í báðum hópum.

Af mótamálum er það að fréttast að badmintonfélögin sem starfa í Eyjafirði halda svokallað Norðurlandsmót í apríl, í fyrra var mótið hjá Samherjum í Eyjafjarðasveit. KA heldur mótið 2015.



Stofnað 1928

Knattspyrnufélag Akureyrar Ársskýrsla 2015-2016

Aðalstjórn KA:

Hrefna Gunnhildur Torfadóttir, formaður
Ingvar Már Gíslason, varaformaður
Sigríður Jóhannsdóttir, gjaldkeri
Helga Þyri Bragadóttir, ritari
Gunnar Nielsson, meðstjórnandi
Ragnheiður Júlíusdóttir, varamaður

Einnig sitja formenn deilda aðalstjórnarfundir en þeir eru:

Karl Matthías Valtýsson, blakdeild
Hjalti Þór Sveinsson, handknattleiksdeild
Eriður Jóhannsson, knattspyrnadeild
Guðmundur Haukur Sigurðarson, spaðadeild

Við minnumst þeirra félaga okkar sem létust á árinu 2015 með virðingu og þakklæti.

1. Rebekka Guðmann, sem lést 8. júní
2. Sigurbjörn Sveinsson, fv. varaformaður KA, sem lést. 31. ágúst
3. Örlygur Ívarsson, sem lést. 19. nóvember og
4. Þórlaugur Ragnar Ólafsson, sem lést 22. desember.

Blessuð sé minning þeirra

Á árinu 2015 réðst aðalstjórn í miklar framkvæmdir á félagsheimilinu og á síðasta afmæli í janúar 2015 má segja að nánast allt hafi verið á hvolfi þar. Með mikilli vinnu góðs starfsfólks og frábærra sjálfbóðaliða tókust breytingarnar mjög vel. Það var svo sannarlega kominn tími á þessar framkvæmdir og er ekki hægt að segja annað en við séum ánægð með það sem komið er.

Eftir að aðalfundarstörfum var lokið á aðalfundi 2015, vígðum við minni fundarsalinn þar sem t.d. aðalstjórn fundar og var hann látinn heita Árnastofa til minningar um Árna Jóhannsson, fyrrverandi formann KA sem lést í nóvember 2014, langt fyrir aldur fram.

Skrifstofuhald hefur færst yfir í félagsheimilið með því að skrifstofa framkvæmdastjóra fluttist þangað. Annað skrifstofuhald er þar einnig, skrifstofa starfsmanns/íþróttafulltrúa og þjálfarar hafa þar einnig aðstöðu.

Það á eftir að taka eldhúsið og afgreiðsluna í gegn sem og forstofuna. Við ákváðum að geyma framkvæmdir við eldhús og afgreiðslu fram til þessa árs, 2016, því þetta er dýrt dæmi og við þurfum að gæta þess að reisa okkur ekki hurðarás um öxl. Framkvæmdir sem við höfum ráðist í og

eigum eftir að ráðast í eru dýrar og ekki er vit að reyna að gera allt í einu.

Félagið okkar stækkar og stækkar og er það mjög ánægjulegt. Sú þróun sem byrjaði með tilkomu grevigrassins að meira líf færðist í hús og félag, hefur haldið áfram og er virkilega gaman að því að sjá hversu mikið líf er komið í félagið.

Deildir hafa margar hverjar stækkað mikið og má geta þess að það voru t.d. 600 iðkendur í knattspyrnu í sumar og hafa aldrei verið fleiri.

Almenningsíþróttadeild var stofnuð á aðalfundi 2015 og eru laugardagsgöngur einn þáttur í starfsemi hennar. Stefán Birgisson í SB sport í KA og María kona hans hafa skipulagt göngurnar. Reynt er að vera með gönguleiðir við allra hæfi. Heilu fjölskyldurnar geta vissulega komið og ef börnin litlu eru t.d. í kerru eða vagni er auðvitað upplagt að taka þau með. Gengið er frá KA heimili kl 10:30 á laugardaga þegar verður leyfir. Það eru allir velkomnir, ungir sem aldnir.

Mikill metnaður er í þjálfun og starfi deildanna okkar og eigum við stóran hóp af bráðefnilegu og duglegu íþróttafólki sem bera vitni um gott og öflugt starf hjá KA. Ég vil geta þess hér að:

Íslandsmeistarar urðu:

3. flokkur karla í knattspyrnu, b og c lið,
4. flokkur karla í knattspyrnu a lið,
5. flokkur yngra ár í handknattleik
2. flokkur kvenna í blaki.

Bikarmeistarar urðu:

- Meistaraflokkur karla í blaki
2. flokkur kvenna í blaki (þær urðu semsagt bæði Íslands- og bikarmeistarar)
 3. flokkur karla í knattspyrnu

Við erum mjög stolt af þeim

Svo eigum við líka hvorki meira né minna en 27 landsliðsmenn sem við erum líka afar stolt af. Sum þeirra eru meira að segja í fleiri en einum landsliðshóp, þ.e.a.s. aldursrskipt.

Við þurfum að halda vel utan um iðkendur okkar og veita



þeim tækifæri til góðrar íþróttaiðkunnar með þeim frábæru þjálfurum sem við höfum.

Við litum björtum augum framávið, bæði íþróttalega og félagslega. Það eru mörg verkefni framundan og aldrei er lognmolla í svona stóru félagi.

Við erum t.d. með sögunefnd sem ætlar sér það hlutverk að skrá muni og myndir félagsins. Þetta er mikil vinna og það er alveg rúm fyrir fleiri sjálfbóðaliða þar. Það væri líka gaman ef þeir sem eiga gamlar myndir eða muni frá starfinu myndu hafa samband við okkar.

Ég verð að segja það, þó ég hafi sagt það oft áður, því góð vísa er aldrei of oft kveðin, að sjálfbóðaliðarnir hjá okkur í KA eru hreint ótrúlegir. Það er alveg sama hvað þarf að gera það er alltaf stór hópur fólks boðinn og búinn til verka. Sjálfbóðaliðarnir eru grunnurinn að öflugu félagsstarfi okkar.

Ég við einnig þakka framkvæmdastjóra KA og öllu starfsfólki hússins fyrir frábær störf.

Síðastliðið sumar var íþrótta- og leikjaskóli starfræktur eins og undanfarin ár. Hann var með sama sniði og síðastliðin sumur, einungis var boðið upp á skólann hálfan daginn. Aðalumsjónarmaður skólans var Sævar Pétursson, framkvæmdastjóri KA.

Aðsókn að skólanum var mjög góð og eins og fyrr ákváðum við að halda gjöldum í lágmarki. Við erum svo heppin að fá veglegan styrk úr Samherjasjóði sem gerir okkur kleift að halda námskeiðsgjöldum enn lægri en ella. Við hugsum okkur leikjaskólagagn nefnilega ekki sem fjáröflun fyrir félagið heldur sem þjónustu við KA-fólk og aðra hér.

KA þakkar Samherja kærlega fyrir þeirra stuðning og höfðingsskap.

Vellir félagsins komu vel undan síðastliðnum vetri, þar var ekkert kal og grasið varð grænt og fallegt. Þrátt fyrir það er ekki hægt að líta framhjá því að ýmislegt þarf nauðsynlega að gera fyrir Akureyrarvöll eins og að setja nýja drenlög í völinn. Nú þyrfti að endurnýja markatöfluna, klukkuna, en eins og áður hefur verið minnst á hér er hún orðin mjög léleg og ekki hægt að fá varahluti í hana lengur. Völlurinn sjálfur, að meðtöldu dreninu, er eiginlega hálfónýtur.

Ég verð einu sinni enn að minnst á það hver tilkoma



gervigrasvallarins hefur gjörbreytt starfi félagsins, fjölgað iðkendum og félagsmönnum í húsinu. Þar sem við búum á norðlægum slóðum ættum við að hafa mun fleiri gervigrasvelli því þá myndum við ekki kvíða því að sjá hvernig vellir kæmu undan vetri og hvenær væri hægt að byrja að nota þá.

Á 87 ára afmælishátíð KA í janúar 2016 var útnefndur **íþróttamaður KA 2015**.

Tilnefnd voru:

Íþróttamaður blakdeildar: Ævarr Freyr Birgisson.

Íþróttamaður handknattleiksdeildar: Birta Fönn Sveinsdóttir.

Íþróttamaður knattspyrnudeildar: Ævar Ingi Jóhannesson

Allir þeir sem tilnefndir voru fengu bikar frá fyrrverandi formönnum félagsins.

Títillinn Íþróttamaður KA fékk: Ævar Ingi Jóhannesson og fékk hann farandbikar frá félaginu og formannabikarinn frá fyrrverandi formönnum KA.

Böggubikarinn var afhentur í annað sinn á afmælinu. Böggubikarinn er farandbikar sem Gunnar Nielsson, Ragnhildur Jósefsdóttir og börn þeirra hafa gefið til minningar um systur Gunnars, Sigurbjörgu, sem lést langt fyrir aldur fram. Böggubikarinn er veittur framúrskarandi efni-legu ungu íþróttafólki.

Tilnefnd frá knattspyrnudeild:

Aron Dagur Birnison

Æsa Skúladóttir

Tilnefnd frá blakdeild:

Hristiyan Dimitrov

Unnur Árnadóttir

Tilnefnd frá handknattleiksdeild:

Sigþór Gunnar Jónsson

Aldís Ásta Heimisdóttir

Böggubikarinn 2105 fengu: Aldís Ásta Heimisdóttir og Hristiyan Dimitrov.

Ákveðið var að breyta út af vananum með uppákomu sem við höfum kallar KA dag að hausti og vera með KA dag á

aðventunni og buðum upp á aðventugraut í upphafi aðventu. Okkur taldist til að um 200 manns hefðu komið í aðventugrautinn til að eiga notalega stund með fjölskyldu, vinum og félögum. Þessar „grautarstundir“ hafa mælst mjög vel fyrir og verið mjög vel sóttar.

Félagsstarf og þátttaka hins félagsmanna er gríðarlega mikilvæg í okkar félagi. Við höldum alltaf upp á afmæli KA sunnudaginn sem næstur er 8. janúar en það er afmælisdagur KA. Í ár vorum við búin að setja upp hljóðkerfi í salinn svo allir heyrðu það sem fram fór. Við höldum Þorablóta á síðasta ári sem svar mjög vel sótt. Mjög vel sóttir viðburðir voru einnig konukvöld og herrakvöld. Hin gríðarlega góða þátttaka félagsmanna í viðburðum eins og hér voru taldir upp sýnir okkur það að við þurfum fjölbreytni til að halda lífi í félagsstarfinu, við þurfum að skemmta okkur saman því maður er manns gaman.

*Hrefna Gunnhildur Torfadóttir,
formaður KA*

Ársskýrsla blakdeildar KA fyrir starfsárið 2015

KA átti líkt og síðastliðin ár bæði karla- og kvennalið í Úrvalsdeild BLÍ. Þessi lið voru að stærstum hluta til skipuð ungum leikmönnum sem jafnframt spila í 2. og 3. flokki. Karlaliðið okkar náði þeim frábæra árangri að verða Bikarmeistarar BLÍ og sigruðu þeir HK mjög sannfærandi í flottum úrslitaleik sem var sjónvarpað og því mjög flott kynning og auglýsing á blaki. Í deildarkeppninni lentu þeir í 4. sæti og 3.- 4. sæti í lokakeppninni um Íslandsmeistaratitil eftir tapleiki gegn fyrrnefndu HK liði. Stúlkunum gekk ekki eins vel og náðu þær hvorki inn í úrslitakeppni um Bikarinn né til Íslandsmeistaratitils.

Yngriflokkarnir okkar náðu ágætum árangri s.l. vetur og ber þar hæst að stúlkurnar í 2. flokki urðu bæði Íslands- og Bikarmeistarar. Stelpurnar í 3. fl. urðu í 2. sæti í Bikarkeppninni en 4. sæti í Íslandsmótinu og 2. flokks drengir í 3. sæti í Bikarkeppni en þeir náðu hinsvegar ekki að manna lið í Íslandsmótið. Við áttum tvö 5. flokks lið á Íslandsmóti yngri flokka og urðu þau bæði í 5. sæti í sínum deildum.



Krakkablað

Nýtt keppnistímabil fór vel af stað í haust. Fjölgun iðkenda hefur orðið í 3ja og 4. flokki sem stunda æfingar undir öruggri stjórn Piotrs. Góður árangur náðist hjá 2. 3. og 4. flokki á haustmótunum auk þess sem meistaraflokkur kvenna er á siglingu og er nú í 5. sæti Íslandsmótsins. Breytt samsetning liðsins hefur þar töluvert að segja en fleiri eldri spilarar tóku fram meistaraflokksskóna á ný og veita þeim yngri góðan liðstyrk. Þær stefna ótrauðar að því að komast í úrslitakeppnina þetta árið. Lukkan hefur ekki verið með karlaliðinu okkar í fyrri umferð deildarkeppinnar en þeir ætla sér þó einnig sæti í úrslitakeppninni í vor.

S.l. ár hélt blakdeildin tvö yngriflokkamót. Íslandsmót 2. og 3. flokks sem fram fór í mars s.l. og á haustdögum landshlutamót fyrir Norður- og Austurland. Í sumar tókum við svo að okkur strandblaksmót Unglingalandsmótsins. Ljóst er að verkefni sem þessi er ekki hægt að framkvæma nema með öflugum stuðningi iðkenda, aðstandenda og annarra velviljaðra og viljum við færa þeim okkar bestu þakkið sem og öllum sem hafa lagt hönd á plóg við hin margvíslegu verkefni sem snúa að rekstri deildarinnar.

Sumarið 2014 voru teknir í notkun tveir nýir strandblaksvellir í Kjarnaskógi. S.l. sumar hélt uppbygging þar áfram og er nú aðstaðan orðin til fyrirmyndar þó betur megi ef duga skal. Með tilkomu þeirra og sólarstranda-veðursins sem alltaf er í Kjarna bættist nýtt tímabil inn hjá blökurum þ.e. sumarið. Mjög líflegt er á völlum sem eru opnir öllum en umferð um þá er stjórnað á google- skjali í facebook hópnum strandblak Kjarnaskógur. Fyrir þessa framkvæmd ber að þakka.

Vikjum þá að einstaklingum innan deildarinnar en KA átti marga landsliðsmenn á árinu. Í forvalshópi BLÍ fyrir NEVZA mót U-19 ára landsliða átti KA 10 fulltrúa en 6 voru útvaldir. Það voru þau, Unnur, Hildur, Benedikt, Sævar, Valþór og Ævarr auk þess sem Filip var þjálfari drengjaliðsins. Í forvalshópi U-17 ára landsliðanna áttum við 4 stúlkur og voru 2 útvaldar þær Unnur og Arnún. NEVZA- mótin fóru sem fyrr fram í Englandi og Danmörku í október og nóvember. Ævarr tók þátt í þremur verkefnum með A-landsliðinu á árinu og ber Smáþjóðaleikana þar hæst þar sem karlalandsliðið vann til silfurverðlauna sem er besti árangur liðsins til þessa. Hann og Filip voru fulltrúar okkar KA manna, en auk þeirra áttum við 5 fulltrúa í æfingahópum, þau Öldu Ólínu, Piotr, Hilmar, Valþór og Martein. Nú um áramótin fóru A-landsliðin á NOVOTEL Cup í Luxemburg og er Hildur Davíðsdóttir okkar fulltrúi þar. Fleiri voru kallaðir til þessa verkefnis en gáfu ekki kost á sér af persónulegum ástæðum.

Í stjórn blakdeildar árið 2015 sátu:

Karl M. Valtýsson
Una Kr. Jónatansdóttir
Margrét Jónsdóttir
Steinþór Traustason
Sævar Randversson
Harpa Ævarrsdóttir



KA/Þór

Ársskýrsla handknattleiksdeildar KA fyrir starfsárið 2015

Handknattleiksdeild KA er að venju skipuð tveimur ráðum sem halda utan um starf deildarinnar, kvennaráð sem heldur utan um og rekur lið KA/Þórs í Ólís-deild kvenna og yngriflokkaráð sem heldur utan um rekstur á yngri flokkum KA/Þórs í kvennaflokki og 3-8. flokk KA í karlaflokki. Rekstur þessara ráða er aðskilinn. Fulltrúar deildarinnar eiga einnig áheyrnarsæti í stjórn Akureyri Handboltafélags.

KA/Þór

Tímabilinu 2014/2015 lauk með aðeins sjö stigum í húsi og næst neðsta sæti deildarinnar niðurstaðan. Nýr formaður tók við deildinni að loknu tímabili en Gunnar Ernir Birgisson er áfram þjálfari liðsins. Jóhann Gunnar Jóhannsson var ráðinn aðstoðarþjálfari. Tímabilið 2015/2016 er nú hálfnað og er óhætt að segja að meiðsla-draugar hafi leikið liðið grátt. Tveir erlendir leikmenn voru fengnir til félagsins sem lykilmenn en annar þeirra, Paula Chirila, meiddist illa strax í upphafi tímabils. Starfslokasamningur við hana var gerður og er hún komin á heimaslóðir í sínum bata. Markmaðurinn Nadia Bordon hefur einnig átt við meiðsli að stríða, auk nokkurra annarra lykilmanna. Einn þeirra hefur, væntanlega, lagt handknattleiksskóna á hilluna frægur, Anna Valgerður Erlingsdóttir, sem meiddist illa á öxl.

Meiðslin drógu verulega úr liðinu, innan sem utan vallar. Markmið tímabilsins var og er einfalt, að ná einu af efstu átta sætum deildarinnar, sem nú telur 14 lið. Þau lið spila í Ólís-deildinni á næsta tímabili – og komast auk þess í úrslitakeppni um titilinn, en sex lið spila í nýrri 1. deild kvenna. Þegar jólahlé var gert á tímabilinu situr liðið í 11.-13. sæti með fimm stig, fimm stigum frá liðinu sem situr í 8. sæti. Deildin er fremur tvískipt, en liðin í sætum 1-7 eru nokkuð fyrir ofan hin liðin. Liðið er sem fyrr að mestu skipað ungum leikmönnum, aðeins sex leikmenn af tuttu-gu eru orðnir tvítugir um þessi áramót.

Rekstur deildarinnar hefur verið nokkuð þungur. Styrktaraðilar hafa verið fáir en mikilvægir. Framundan

eru mikilvægar fjáraflanir sem leika sem oft áður stórt hlutverk í rekstri liðsins.

Yngri flokkar

Yngriflokkaráðið skipa 5 manns. Iðkendur hafa verið um 250 í karla og kvenna flokkum, frá 8. flokki upp í 3. flokk. Alls starfa 10 þjálfarar hjá félaginu í vetur auk nokkurra krakka sem aðstoða í yngstu flokkunum.

Gerð var sú breyting síðastliðið haust að ráðinn var einn þjálfari í fullt starf hjá unglingaráðinu og sér hann um þjálfun nokkurra flokka auk þess að vera yfirþjálfari og sjá um hin ýmsu mál er varðar handboltann hjá krökkunum. Er það von okkar að starfið verði allt markvissara og betra fyrir vikið.

Dómarar eru ómissandi og eru um 12 dómarar sem dæma leiki yfir veturinn og vantar fleiri sjálfbóðaliða í það. Haldið var dómaramámskeið fyrir byrjendur í haust sem var mjög vel sótt.

KA heldur tvö stór Íslandsmót í yngri flokkum á hverjum vetri í samstarfi við Þór.

Þá fóru 3. flokkur karla á Cell Cup í Ungverjalandi í ágúst og 4. flokkur kvenna á sterkt alþjóðlegt mót í Objat I Frakklandi í júlí.

Árangurinn vorið 2015 var góður hjá krökkunum. Öll lið bættu sig verulega og gaman að sjá árangurinn. Strákarnir í 5. flokki yngra ár urðu Íslandsmeistarar, Stelpurnar á eldra ári í 4. flokki urðu bikarmeistarar ásamt því að lenda í 2. sæti í 1. deildinni og spila úrslitaleikinn til Íslandsmeistara og urðu þar í 2. sæti. Stelpurnar í 3. flokki dattu út í undanúrslitum bikarkeppinnar og í undanúrslitum Íslandsmótsins. Báðir undanúrslitaleikirnir töpuðust með minnsta mun gegn sama liðinu. Þá dattu strákarnir í 3. flokki út í undanúrslitum bikarkeppinnar og urðu deildarmeistarar í 2. deild.



Þó nokkrir hafa verið valdir í hóp á landsliðsæfingar á árinu 2015 og eru það eftirtaldir: Birta Fönn Sveinsdóttir, Arnún Eik Guðmundsdóttir, Una Kara Vídalín, Aldís Ásta Heimisdóttir, Ásdís Guðmundsdóttir, Sunna Guðrún Pétursdóttir, Þórunn Sigurbjörnsdóttir og Ólöf Marín Hlynisdóttir. Sigbór Gunnar Jónsson, Ásgeir Kristjánsson, Dagur Gautason, Ottó Óðinsson, Jónatan Marteinn Jónsson, Birgir Baldvinsson, Ísak Ernir Ingólfsson, Arnór Ísak Haddsson, Bruno Berndat, Ólafur Einarsson, Ragnar Sigurbjörnsson og Þorvaldur Jónsson.

Þá spiluðu 10 einstaklingar landsliðum sínum á árinu 2015.

Í stjórn handknattleiksdeildar árið 2015 sátu:

Hjalti Hreinsson, Stefán Guðnason

Erlingur Kristjánsson

Ragnar Heiðar Sigtryggsson

Guðrún Linda Guðmundsdóttir

Ársskýrsla knattspyrnudeildar KA fyrir starfsárið 2015

Sem fyrr var starfsemi knattspyrnudeildar öflugt og umfangsmikið. Meistaraflokkur og 2. flokkur karla hófu undirbúningstímabilið með því að spila til úrslita um Kjarnafæðisbikarinn og meistaraflokkurinn spilaði einnig til úrslita um Lengjubikarinn en tapaði naumlega fyrir Breiðablik 0-1. Bæði liðin komu því vel stemmd inni baráttuna í Íslandsmótinu. 2. Flokkur náði markmiði sínu um að komast í hóp hinna bestu og mun spila í A-deild á árinu 2016, sannarlega vel að verki staðið. Hjá meistaraflokknum munaði hársbreidd að þessu sama markmiði yrði náð. Eftir snarpa baráttu skildu þrjú stig að KA og Þrótt Reykjavík sem náði öðru sætinu í deildinni. Í bikarkeppninni tókst KA að komast í undanúrslit þar sem við töpuðum í vítaspyrnukeppni á móti verðandi bikarmeisturum í Val. Þó að þetta væri niðurstaðan er ljóst að KA hefur tekið stórt skref framá við sem okkur tekst vonandi að byggja á til framtíðar.

Allur áhugi á leikjum KA hefur aukist. Sést það best að tvisvar náðum við vel yfir 1.000 áhorfendum á leiki liðsins. Óhætt er að segja að kviknað hafi í gömluð glæðum þegar sýnt var beint frá undanúrslitaleiknum í bikarnum á Akureyrarvelli. Vonandi verða slíkar útsendingar reglubundinn viðburður hjá okkur eins og áður. En liðið ár verður að öllum líkindum minnst fyrir tilkomu Schiötharana sem settu mark sitt á alla leiki liðsins, heima jafnt sem að heiman, með söng og öflugum stuðningi við liðið. Óhætt er að segja að fá lið á Íslandi eiga sér eins frábæra stuðningsmenn og KA. Það er óskandi að Schiöthararnir eflist frekar, því fátt er liðum mikilvægara en öflugur stuðningur í leik.

Í byrjun ágúst varð það að samkomulagi að Bjarni Jóhannsson, þjálfari KA, léti af störfum og var Tufa falið það verkefni að klára tímabilið. Árangur Tufa með liðið var frábær og kom ekki annað til greina en að ganga frá



varanlegum samningi við hann að tímabili loknu. Við erum þess fullviss að Tufa muni halda vel utanum það lið sem hann hefur úr að spila og vonandi náum við fljótt því markmiði okkar að spila í deild hinna bestu.

Sem fyrr segir náði 2. flokkur þeim árangri að komast í A-deild, en einnig lék liðið til undanúrslita í bikarkeppninni og var slegið þar út eftir vítaspyrnukeppni. Sameiginlegt lið okkar og Þórsara í meistaraflokks kvenna gerði vel og endaði í 4 sæti Pepsídeildar en 2. flokkur náði að landa bikarmeistaratitlinum sem er frábært afrek.

Hjá yngriflokkum KA í knattspyrnu hefur fjölgun iðkenda verið mjög mikil og var aftur slegið met hvað varðar fjölda iðkenda. Fram að sumri var fjöldi iðkenda um 400 og þegar sumarið byrjaði varð algjör sprenging og var fjöldi iðkenda yfir sumartímann u.þ.b. 600. Veturinn er svo að fara einstaklega vel af stað og hafa verið um 450 iðkendur að mæta á æfingar. Árlegir viðburðir gengu mjög vel þetta árið en yngirflokkaráð heldur 3-5 knattspyrnumót, svokölluð Stefnumót, yfir vetrartímann fyrir iðkendur á aldrinum 13-16 ára og svo minnibolta mót fyrir iðkendur á aldrinum 5-10 ára. Einnig heldur yngirflokkaráð Arsenalskólann ár hvert og mættu rétt tæplega 200 iðkendur í þann skóla frá yfir 30 félögum allstaðara af að landinu.

Árangur yngriflokka hjá KA þetta árið var frábær. 3.fl karla A-lið var hársbreidd frá því að fara í úrslitaleikinn í Íslandsmótinu en töpuðu í vítaspyrnukeppni fyrir Breiðablik sem enduðu sem Íslandsmeistarar. En í sama flokki gerði B og C liðið sér lítið fyrir og urðu bæði Íslandsmeistarar. 3 fl. kvenna urðu bikarmeistarar þetta árið og náðu ásamt því góðum árangri í Íslandsmóti. Í 4 flokki karla vara einnig svakalega flottur árangur og skilnaði A-liðið í þeim flokki Íslandsmeistaratitli í hús ásamt því að B liðið lék í úrslitakeppni. Aðrir flokkar stóðu sig einnig vel en þeir flokkar heimsóttu mót um allt land og var þó nokkuð að verðlaunum safnað. Á árinu 2015 spiluðu 8 leikmenn unglingalandsliðsleiki sem komið hafa upp úr yngriflokkastarfinu.

Nokkar breytingar voru gerðar á árinu 2015. Ber þar helst að nefna að Pétur Ólafsson hætti störfum sem yfirþjálfari hjá yngriflokkum. Pétur hafði sinnt því starfi frá 2008 en verið þjálfari hjá yngriflokkum KA með smá hléum frá árinu 1987. Pétur hefur unnið mikið og óeigingjarnt starf í

þágu félagsins og á hann bestu þakkir fyrir. Við starfinu tók ungur og efnilegur þjálfari Aðalbjörn Hannesson sem er vel mentaður og metnaðarfullur þjálfari sem við að bjóðum að sjálfsögðu velkominn.

Í byrjun vetrar var farið í metnaðarfullt tilraunaverkefni sem hingað til hefur tekist vel. Verkefnið er hin margumtalaða rúta sem við ákváðum að fara af stað með til að keyra okkar yngstu iðkendum á æfingar á vistunartímum í skóla og skila þeim aftur til baka. Nýtingin og ánægja foreldra er framar björtustu vonum og varð það til þess að við þurftum að bæta við annari rútu í þetta verkefni.

Það er svo skemmtilegt að segja frá því að nokkrir af þjálfurum okkar fóru í einstaklega skemmtilega og vel heppnaða ferð til Danmerkur. Þar heimsóttu þeir þrjú félög og fengu að fylgjast með æfingum og æfingaaðferðum þessara klúbba ásamt því að fá að spyrja þjálfara þeirra spjörnum úr.

Fjölmennasta N1 mótið í sögunni var haldið fyrstu vikuna í júlí og tóks einstaklega vel í alla staði. Við viljum sérstaklega þakka öllum þeim sjálfboðaliðum sem gera okkur kleift að halda mót sem þetta. Á þessu ári munum við halda þrítugasta N1 mótið og verður það haldið í ljóma Evrópukeppni landsliða karla þar sem við Íslendingar munum eiga fulltrúa í fyrsta skipti. Knattspyrnudeildin hélt sem fyrr þorablót sem er að verða stærsta þorablótið á Akureyri. Er ánægjulegt að sjá hversu margir mæta á þann fagnað til að skemmta sér og öðrum. Nú styttest í þorablótið í ár og er það von okkar að sem flestir mæti núna. Stefnan er sú að stækka þennan viðburð ár frá ári.

Að lokum þökkum við starfsmönnum KA og KA heimilisins fyrir ómetanlegt starf fyrir deildina. Að auki þökkum við öllum foreldrum og öðrum sjálfboðaliðum fyrir þeirra góða starf fyrir félagið um leið og við áréttum að án þeirra getum við ekki haldið starfi deildarinnar úti. Það sama má segja um sterka bakhjarla sem styðja við bak deildar með peningalegum styrkjum eða á annan hátt. Við þökkum þeim öllum fyrir stuðninginn.

Í stjórn knattspyrnudeildar árið 2015 sátu:

Eiríkur S. Jóhannsson
Hjörvar Maronsson
Gunnlaugur Eiðsson
Davíð Búi Halldórsson
Anna Birna Sæmundsdóttir
Róbert Kristinsson

Ársskýrsla Spaðadeildar KA fyrir starfsárið 2015

Á síðasta ári breyttum við nafni deildarinn í Spaðadeild þar sem hugmyndin er að deildin bjóði ekki aðeins upp á badminton heldur líka, tennis, borðtennis og vonandi veggtennis í framtíðinni.

Á hverju hausti er haldið stórt badmintonmót fyrir unglinga á Akureyri, Haustið KA þar sem yfir 100 keppendur af Höfuðborgarsvæðinu og Eyjafirði mæta til leiks. Þetta árið var enginn keppandi frá KA en það stendur svo



Spaðadeildin

sannarlega til bóta fyrir næsta ár. En keppendurnir og þjálfararnir að sunnan leggja mikla áherslu á að þetta mót leggist ekki af því þetta er eina mótið þar sem þau ferðast öll saman og gista.

Einnig er á hverju ári svokallað Norðurlandsmót þar sem félög hér í Eyjafirði keppa innbyrðis. KA hélt mótið á síðasta ári og á þessu ári verður mótið á Siglufirði.

Tennis hefur reynst skemmtileg viðbót við deildina og núna í byrjun janúar héldum við fyrsta innanfélagsmótið í tennis, væntanlega fyrsta tennismót á Akureyri í marga áratugi.

Þátttaka var mjög góð og stóð Goran Gusic uppi sem sigurvegari. Deildin stefnir að því að halda tvíliðamót í kringum páskana í lok mars.

Framtíð spaðadeildarinn er björt, áætlanir gera ráð fyrir að íþróttahúsið við Naustaskóla verði tekið í notkun á þessu ári og þar verði sérstaklega horft til badminton þ.e. varðandi lýsingu og liti í salnum.

Síðan höfum við núna bætt við borðtennis á sunnudögum og er núna hægt að koma á sunnudagsmorgnum í KA og spila badminton, tennis og borðtennis. Hvetjum alla til að kynna sér það.

Þjálfarar hjá Spaðadeildinni eru Sonja Magnúsdóttir og Laufey Lára Höskuldsdóttir

Í stjórn spaðadeildar árið 2015 sátu:

Guðmundur Haukur Sigurðarson
Finnur Friðriksson
Fjóla Kristín Helgadóttir



Léttir hestamannafélag Ársskýrsla 2014

Stofnað 1928

Stjórn Hestamannafélagsins Léttis skipa:

Formaður: Andrea M Þorvaldsdóttir.

Varaformaður: Haukur Sigfússon.

Gjaldkeri: Hjalti Halldórsson.

Ritari: Björgvin Helgason.

Meðstjórnandi: Hjalti Jón Sveinsson.

Skýrsla stjórnar 2014

Nú er enn einu frábæru starfsári að ljúka hjá Létti og margt og mikið hefur verið gert.

Mótahaldið byrjaði hjá okkur um miðjan janúar með nýárstöltinu og var skráning á það mót góð. Og í móta-
málum var nóg að gera framan að.

KEA mótarið breytti um svip og var keppt í liða-
keppni þetta árið og lukkaðist það að flestu leiti vel og var
boðið uppá smala braut sem vakti mikla lukku, sérstaklega
hjá áhorfendum.



Þrír knáir Léttisknappar: Guðmundur K. Tryggvason, Viðar Bragason og
Höskuldur Jónsson á góðri stundu.

Stjórnutölt var haldið með góðum gæðingum og skilaði
þó nokkru í kassann, haldið var skemmtilegt ísmót á
Leirutjörn í snjókomu en það kom ekki að sök.

Bellutölt og kvennakvöld var fámennnt og góðmennt,
Firmakeppnin tókst ágætlega og var hin ánægjulegasta.

Sameiginleg úrtaka var haldin með öllum félögunum í
firðinum og tókust þar á frábærir hestar, keppt var í
Gæðingakeppninni á sunnudeginum.

Vösk sveit Léttisfélaga brunaði suður á Hellu á
Landsmót og verð ég að segja að sjaldan hef ég verið stolt-
ari af því að vera formaður Léttis þegar hver rauði jakk-
inn af fætur öðrum raðaði sér í milliriðlana og þaðan í
úrslit. Er það vottur um frábært æskulýðs og námskeiðsár
þessi glæsilegi árangur barna, unglina og ungmenna á
Landsmótinu.



Tilkoma reiðhallarinnar hefur gjörbreytt möguleikum til hestamennsku
fyrir fatlaða á Akureyri.

Léttir átti fulltrúa úr yngri flokkunum í öllum milliriðl-
um en það voru þau, Björgvin Helgason og Fanndís
Viðarsdóttir í ungmennaflokki, Sýlvía Sól Guðmunds-
dóttir, Egill Már Vignisson og Þóra

Höskuldsdóttir í unglingaflokki og þeir Kristján Árni
Birgisson og Egill

Már Þórsson í barnaflokki. Fanndís Viðarsdóttir hafn-
aði í 6. sæti, Þóra

Höskuldsdóttir í 7. sæti og fyrrum Íslandsmeistararnir
Egill Már

Þórsson og Saga frá Skriðu urðu í 2. sæti með einkun-
ina 9,08 í barnaflokki, aðeins nokkrum komnum á eftir
sigurvegaranum. Óskum við þessum knöpum innilega til
hamingju með frábæran árangur.

Boðað var til fundar um mótamál Léttis um miðjan
maí fyrir komandi mótasumar og var mæting vægast sagt
léleg og út frá því var ákveðið að Léttir héldi ekki útímót
um sumarið. Mikið hefur verið kvartað yfir því við for-
mann félagsins en engin fæst til að halda mót er það ljóst
að engin mót verða haldin.

Námskeiðin voru fjölbreytt og mjög. Haldið var nám-
skeið með Arnari Bjarka Sigurðssyni sem stóð frá janúar
fram að Landsmóti. Reiðmaðurinn var kenndur og helgar-
námskeið var með Rúnu Einarsdóttur.

Þá var haldið Járningarnámskeið með Gestu Páli,
Skyndihjálpi fyrir hesta og menn með Elfu Ágústsdóttur,
dýralækni og Elfu Hrönn, hjúkrunarfræðingi og hjálp-
arsveitakonu. Einnig var skemmtilegur fyrirlestur með
Susanne Braun um líkamsbeitingu hesta.

Knapamerkin héldu áfram og einnig voru styttri nám-
skeið fyrir krakka. Einnig reyndum við að hafa námskeið

fyrir fullorðna byrjendur en þurftum að fella niður vegna dræmrar þátttöku.

Eins og áður sagði var æskulýðsstarfið í vetur mikið. Haldin voru námskeið, pizzukvöld, Líflandsmót, Goðamót og æskan og hesturinn. Yngri kynslóðin tók einnig þátt í KEA mótariðinni og stóð sig þar með þrýði. Léttir átti fulltrúa á Youth Cup á Hólum en það er alþjóðlegt mót sem haldið er víða um heim af FEIF, Ólafur Göran fór fyrir Léttis hönd og var félagi sínu og þjóð til sóma eins og við var að búast. Uppskeruhátið barna og unglinga verður hér í Skeifunni, laugardaginn næsta kl. 16:00.

Fákar og fjör var á sýnum stað og komu mörg atriði fram, bæði héðan úr héraði sem og lengra frá. Kvöldinu lauk með skemmtilegu balli.

Áshátíðin var á sýnum stað og var haldin hér með glæsibrag. Mikið var etið, drukkið og dansað. Allir skemmtu sér eins vel og hestamenn einir kunna.

Farið var í skemmtilega fjöruferð og Króksstaðarreiðin var á sínum stað. Margir létu sjá sig í þessum ferðum og áttum við ánægjulegar stundir saman.

Meistaradeildin var sýnd í anddyri reiðhallarinnar á breiðtjaldinu í vetur og var mæting mjög góð og gaman var að horfa á deildina saman og ræða um hesta og knapa sem voru í brautinni.

Fyrsta kvöldið af þremur var haldi í Pub Quiz. Það var nú ætlunin að klára þetta en það verður bara að gera það í vetur.

Sörlastaðir voru vel sóttir að vanda og þar hélt girðingavinna áfram ásamt því að borið var á hólfið og dittað að ýmsu í húsinu sjálfu.

Hamraréttin endurbyggð og sett efni í hana, borið var í reiðvegi, gólfið í reiðhöllinni lagað, lýsing sett upp frá syðra horni að

Hamrarétt, Kerru og rúlluplön voru löguð í Breiðholti

og áætlað er að fara í samskonar framkvæmdir í Lögmannshlíð næsta vor.

Eftir all marga fundi með Akureyrarbæ og Norðurorku var ákveðið að hefjast handa við hönnun og lögn á hita og fráveitu í Breiðholtshverfi, áætlað var að hefjast handa í október. Hönnunin gekk heldur hægt og tíminn flaug frá Norðurorku og héldu þeir fund með hesthúsaeigendum í Breiðholti og ákveðið að biða með verkið þar til næsta vor. Áætlað er að hefjast handa um miðjan júní 2015.

Gerður var eignaskiptasamningur við Hestamannafélagið Funa. Í Léttis hlut féll dómhúsið sem nú er við keppnisvöllinn hér úti en Funi fékk til eignar allar lagnir og velli á Melgeðismelum. Funi mun útvega Létti vatn og rafmagn þegar við höfum komið okkur upp aðstöðu á Melunum. Félögin gerðu með sér nýtingasamning af svæðinu. Einnig hefur verið gerður nýr lóðaleigusamningur við Eyjafjarðarsveit sem kynntur verður á eftir og borin undir atkvæðagreiðslu.

Vegna óvenju vætusams vors var ákveðið að loka reiðleiðinni meðfram Eyjafjarðar á til að verja leiðina. Lokunin fór misvel í félagsmenn og virtu ekki allir bannið. En við verðum að sýna þessum lokunum skilning og virða lokanir.

Léttir réðst til atlögu við lagfæringar á áningahólfi og aðkomu að Fosshóli í samstarfi við félögin í Þingeyjasveit. Reiðleiðinni að Fosshóli vestanmegin var breytt og gerð öruggari, gamla réttin rifin og byggð ný tvöföld rétt í staðinn, einnig voru sett upp nestisaðstaða á staðnum.

Reiðhöllin tók sinn tíma og er Ragnar búinn að standa vaktina og gera það vel. Stjórnin skipti með sér Reiðmannahelgunum til að minnka álagið á Ragnar og var mótanefndin dugleg að undirbúa og taka til eftir mótin. Opnunartíminn var aukinn og er nú opið frá 6-23 á virkum dögum og 9-21 um helgar þegar ekki er námskeið. Á virkjum dögum hefur húsið ýmist verið opið allt eða að hluta.

Töluvert var af því í sumar að MAST og Dýraeftirlitsmenn höfðu samband við mig vegna lausra hesta í bæjarlandinu ásamt því að margir hestar voru haglausir og/eða vatnslausir. Einnig er ofbeitt í bæjarhólfunum og hefur bærinn gert athugasemdir, bæði við mig og við leigutaka.

Þetta er eitthvað sem við verðum að taka okkur á í og laga.

Akstur í hverfunum er á stundum glæfralegur og enn er kvartað undan lausum hundum. Nú skulum við öll líta í eigin barm og taka okkur á í þessum málum og gæta vel hvort að öðru.

Að lokum langar mig að þakka kærlega öllum þeim frábæru félögum mínum sem starfað hafa í nefndum félagsins af miklum dug og þakka ég meðstjórnendum mínum fyrir frábært samstarf og óska nýrri stjórn vel farnaðar á komandi starfsári.

*Fyrir hönd stjórnar Hestamannafélagsins Léttis,
Andrea M Þorvaldsdóttir formaður.*



Léttisfélagar að endurbyggja hús á jörð félagsins Kaupangsbökkum.



Stofnað 1928

Léttir hestamannafélag Ársskýrsla 2015

Stjórn Hestamannafélagsins Léttis skipa.
Formaður Hólmgeir Valdemarsson.
Varaformaður Haukur Sigfússon.
Gjaldkeri Hjalti Halldórsson.
Ritari: Guðmundur Einarsson.
Meðstjórnandi Vignir Ingþórsson.

Þetta starfsár hefur verið nokkuð hefðbundið hjá okkur í Létti og mun ég fara yfir helstu atriði og störf stjórnar. En fimm stjórnarfundir hafa verið haldnir og þrír félagsfundir.

Strax í upphafi starfsársins voru kallaðar saman flestar nefndir félagsins til skrafs og ráðagerða og ljóst þá strax að mikill kraftur var í nefndarfélagi.

Skal nú í örstuttu máli getið þess helsta í starfi nefnda.

Ferðanefnd skipulagði ferð í Fjörðurnar en vegna kuldatíðar og ófærðar var ferðinni frestað til næsta sumars.

Firmakeppnisnefnd stóð fyrir firmakeppni félagsins í vor en ljóst er að endurmeta þarf þessa einu elstu fjáröflun okkar Léttismanna. Engu síður var nefndin öflug og hélt góða firmakeppni og seldi veitingar eftir keppni. Margir félagsmenn svöruðu kalli nefndarmanna og komu til keppni sem og með kræsingar að hlaðborðinu á eftir keppninni.

Fræðslunefnd hélt námskeið í samstarfi við Æskulýðsráð þar sem kennari var Birna Tryggvadóttir. Einnig almennt reiðnámskeið um síðustu páska þar sem kennarar voru Anna Valdimarsdóttir og Friðfinnur Hilmarsson.

Haganefnd sá um haga á Kaupangsbökkum og innheimtu á haggjaldi að næturhólfi. Erfiðlega tóks að fá þá sem notuðu hólfið til að hafa samband við nefndarmenn og er ljóst að einhver ný innheimtuaðferð þarf að koma til svo virki.

Mótanefndin sem sá um mót í Léttishöllinni stóð fyrir áramótatölti og KEA mótariðinni. Tókst hún með ágætum en mótarið félagsins þarf stöðugt að vera í þróun. Ný mótanefnd sem tekur við nú að loknum þessum fundi fær það verkefni að setja upp mótadagskrá fyrir árið 2016.

Reiðhallarnefnd sá um og fjármagnaði að skipta út því yfirlagi sem var í Léttishöllinni og setja í þess stað skeljasand auk hefðbundinna verka.

Áninga og reiðveganefnd var stórvirk á árinu, fyrst skal nefna endurnýjun á réttinni á Kaupangsbakkanum og nú er verið að setja upp nýja rétt ásamt Akureyrarbæ hér í Lögmannshlíðarhverfi.

Mikill tími hefur farið í að ræða fyrirhugaða Hugabraggaleið sem verið hefur óskaleið okkar hesta-

manna í áratugi og virðast þar vera ótrúlega mörg ljón á veginum en vonandi fáum finnst viðundandi laust sem fyrst.

Ritnefnd hefur haft örlítið óskýrt starfssvið en mun nú hafa ábyrgð á síðum félagsins. Með ráðningu framkvæmdarstjóra er það von okkar að heimasíðan okkar lettir.is sem og facebooksíðan okkar fái meira vægi og þess sér nú reyndar stað nú þegar. Hugmyndir eru uppi um að vera með örari fréttir frá stjórn og nefndum félagsins sem og gera meira að lifandi umfjöllun um hestamennsku almennt á síðunum báðum með t.d viðtölum og heimsókn-um til hestamanna í hesthús og í reiðtúra.



Frá Landsmóti UMFÍ á Akureyri 2015. Knapar: Berglind Pétursdóttir og Ágústa Baldvinsdóttir.

Skeifunefnd hefur séð um útleigu og nokkra aðra þætti í Skeifunni, en nú þykir mörgum Skeifunefndin eigi að sameinast Reiðhallarnefnd því þar eru svo margir hlutir sem skarast og því eðlilegast að hafa í einni og sömu nefndinni. Ath leggja fyrir á síðasta stjórnarfundinum nk. laugardag.

Skemmtinefnd sá um árhátið félagsins sem þrátt fyrir dræma aðsókn var góð skemmtun og góðar veitingar frá Bautanum.

Skeiðvallanefnd sá um útimótin hjá félaginu og hélt Gæðingakeppni félagsins sem var um leið úrtaka fyrir fjórðungsmót á Iðavöllum. Einnig var gerð tilraun til að halda kvöldmótarið líkt og gert var á afmælissári félagsins,

en þátttaka var mjög dræm. Svo var haldið í byrjun september haustmót í hestaþróttum sem tókst vel. Léttir átti marga keppendur á fjórðungsmóttinu á Íðavöllum og stóðu okkar fulltrúar sig með miklum sóma. Það er álit okkar að inni og útmótanefndir félagsins þurfi að vinna og tala saman og stilla saman strengina, heyrst hefur að innimóttin séu of mörg og þegar sumarið sé komið sé orkan bara búin bæði í mönnum og hestum. Þessu vísu við til nýrra móttanefna félagsins til skoðunar.

Stjórnutöltsnefndin ákvað með samþykki stjórnar að flytja keppnina úr Skautahöllinni í Léttishöllina. Voru bæði keppendur og gestir ánægð með þessa breytingu og ekki síst að nú þurftum við ekki að greiða háa húsaleigu auk þess að geta séð um veitingar sjálfir. Stjórnutölt 2015 tóks með miklum ágætum og staðfestir þá ákvörðun stjórnar félagsins að færa það heim hafi verið hárrétt.

Sjoppunefnd stóð sig vel en ljóst að þurfi að auka þar við starfsfólki, vegna ekki síst aukinna umsvifa í höllinni sem vissulega er jákvæð þróun.

Sörlataðanefnd stóð sig sem ætíð áður með stakri þrýði og eru þeir sem í þeirri nefnd sitja nú nánast búnir að ljúka við að girða allt hólfið á Sörlastöðum auk annara viðhaldsverkefna. Mikil aðsókn var á Sörlastöðum síðastliðið sumar og alltaf jafn gleðilegt að koma þangað.

Viðburðanefnd sá um Stórsýninguna Fákar og fjör á föstudagskvöldinu og síðan stóðhestaveisluna á laugardagskvöldinu. Þessi helgi heppnaðist afbragðsvel og búið er að ákveða hliðstæða veislu nú í vor.

Æskulýðsnefnd hélt utanum marga viðburði og námskeið sem vart er hægt að telja svo sem Útreiðatúrar, gistipartý, Líflandsmót, Goðamót auk knapamerkisins. Þessi nefnd er ekki síður ötul en þær hinar sem margt hvílir á.

Ný nefnd hefur verið skipuð af stjórn, en það er Melgerðismelaneftnd. Sú nefnd mun sjá um eignir okkar á melunum hér eftir.

Hvað mig varðar þá er þetta starfsár búið að vera bæði lærdómsríkt og skemmtilegt. Við tókum við góðu búi og höfum reynt að bæta og vinna til hagsbóta fyrir okkur sem best við höfum getað. Við höfum reynt að auka tekjur félagsins eins og kostur er og rekið félagið á eins hagkvæman hátt og megnast er unnt.

Ragnar Ingólfsson hefur verið starfsmaður okkar til nokkurra ára og auk uppbyggingar þá hefur hann séð um daglega umhirðu í reiðhöllinni og reyndar á svæðinu öllu. Nú þar sem nýframkvæmdum er flestum lokið þá mun hann hætta störfum um þessi áramót.

Það veit ég að ég tala fyrir hönd okkar allra þegar ég þakka Ragnari afbragðs góð störf fyrir okkur Léttisfélagi.

Í fyrravor réðum við Andreu Þorvaldsdóttur tímabundið í hálf talafrá framkvæmdastjóra, þar sáum við hversu mikilvægt að er að ráða framkvæmdastjóra í fullt starf hjá félaginu.

Stjórn félagsins ákvað því að stíga skrefið til fulls og ráða framkvæmdastjóra í fullt starf og blása til sóknar á öllum sviðum fyrir félagið.

Auglýstum við eftir framkvæmdastjóra nú síðsumars og

bárust okkur fjórar umsóknir. Eftir starfsviðtöl við þrjá einstaklinga þá var það ákveðið í framhaldinu á stjórnarfundum að ráða Sigfús Ólaf Helgason sem framkvæmdastjóra. Hann þarf vart að kynna fyrir ykkur vegna starfa hans hjá félaginu til fjölda ára.

Formaður og Andrea fyrrum formaður hafa átt fundi m.a. með bæjarstjóra þar sem rædd voru hugmyndir um Landsmót á Akureyri, þetta mál verður reifað undir liðnum önnur mál, einnig var fundað með skipulagsstjóra um breytta aðkomu að Lögmanshlíðarhverfi og breytingum á deiliskipulagi sem áður hafa komið fram, þau mál eru komin í farveg og verða unnin áfram. Ennfremur hafa verið haldnir fundir með embættismönnum bæjarins Einnig fundir varðandi ný beitarhólf en fyrirhugað er að í vor verði búið að endurnýja samninga og skipulag um beitarhólf í Skjaldarvík.



Íþróttafólk Léttis 2015: Höskuldur Jónsson og Fanndís Viðarsdóttir

Nokkur atriði eru sem vert er að minnst.

- Nú er búið að afhenda okkur glæsilegan hátíðarfána sem sómir sér vel eins og þið hér sjáið og ljúft og skylt að þakka þeim sem þar að koma bæði með vinnu og fjárframlög.
- Efnilegasti knapi síðasta árs hjá Létti var Fanndís Viðarsdóttir í ungmennaflokki og faðir hennar Viðar Bragason í fullorðinsflokki. Í unglingaflokki var kjörinn Þóra Höskuldsdóttir og í barnaflokki Egill Már Þórsson.
- Landsmót UMFÍ var haldið hér á Akureyri og tókum við Léttisfélagar að okkur þann þátt er að hestaþróttum snéri.

Við fengum mikið hrós frá framkvæmdarstjórn mótsins og á engan er hallað þótt ég nefni að þar átti Sigfús Helgason mestan heiðurinn Einnig skal þess getið að við fengum allan kostnað við mótshaldið greitt Ennfremur fékk Léttir styrk úr Landsmótssjóði UMFÍ að upphæð kr 800.000 sem við nýttum í kaup á hátalarakerfi til nota utandyra.

Einnig var fjárfest í á árinu útvarpssemi sem fjármagn-
aður hefur verið á liðnum árum með svokölluðum útvarps-
sjóði. Mun þetta breyta til mikilla muna mótahaldinu hjá
okkur og þjónusta miklu betur alla viðkomandi keppend-
ur, áhorfendur og starfsfólk. Útvarpssemiinn mun nýstast
bæði við mót inni í reiðhöllinni sem og úti á
Hlíðarholtsvælinum okkar og segja má að með þessum
kaupum séum við Léttismenn komnir í lofti á FM.

Loks fer að sjást fyrir endan á framkvæmdum í
Breiðholtshverfi, en þar hafa verið endurnýjaðar vatns og
rafmagnsleiðslur auk nýframkvæmda með hitaveitu og
frárennsli. Þetta er búið að vera brýnt til fjölda ára og er
verkinu loks að ljúka. Vonumst við nú til að þetta verði
hestamennskunni til mikils framdráttar.

Talandi um Breiðholtshverfið, þá er fyrirhugað að fara í
kerrustæðin næsta sumar og breyta fyrirkomulagi þar um
þannig að ekki verði geymt á stæðinu ótal hlutir sem
enginn hefur not af, heldur verði stæðin gjaldskyld (vægt
gjald) og viðkomandi hafi þá notendarétt af þessu tiltekna
stæði. Þetta fyrirkomulag er þekkt af stór-
Reykjavíkursvæðinu og hefur gefist mjög vel. Þetta á
einnig við um rúllustæðin, þar þarf líka að endurskoða
notkunina.

Þessi skýrsla stjórnar félagsins er hér liggur frammi er á
engan hátt tæmandi yfir öll þau öflug og yfirgripsmiklu
störf okkar Léttismanna á árinu sem hér er til umfjöllun-
ar.

Sjálfboðaliðarnir í starfinu eru óteljandi og störfin
sömuleiðis, það þarf ekkert að vera skipaður í einhverja
starfsnefnd til að gera gagn, og það er svo ánægjulegt líka
að sjá að mikið af ungu fólki er að koma til starfa hjá
okkur. Við sem eldri erum búum yfir mikilli reynslu og
þekkingu og það er okkar hlutverk að færa það til þeirra
sem taka við keflinu.



Mynd frá námskeiðahaldi í reiðhöllinni.

Aðstaða okkar Léttismanna er einhver sú besta á landi
hér og tækifærin sem við höfum til að takast á við framtíð-
ina eru mikil. Til að hámarka árangur á þeirri vegferð
þurfum við að standa saman. Við þurfum ekkert að vera
sammála um hlutina, skoðanaskipti eru hverju félagi
nauðsyn, en samheldni og samstaða hefur ætíð verið betra
veganesti til framfara, heldur en sundurlindi.

Hestamannafélagið Léttir er ríkt félag og það hefur
verið ákaflega skemmtilegt og um leið krefjandi að fá stýra
þessu 87 ára félagi okkar og fyrir það traust er ég þakklát-
ur.

Nú á þessu aðalfundi ársins 2015. stíga til hliðar tveir
stjórnarmenn Léttis sem hafa sett svo sannarlega svip sinn
á störf okkar hestamanna á liðnum árum.

Hjalti Halldórsson gjaldkeri félagsins hefur á liðnum
árum haldið um sjóði okkar og gert það listavel, og ekki er
hægt að nefna gjaldkerastörf Hjalta án þess að nefna hans
góðu konu, Petreu Sigurðardóttur sem hefur verið eigin-
lega aðstoðaraðalgjaldkeri okkar Léttismanna við hlið
Hjalta. Þau hjón eru að skila góðu búi til okkar sem eftir
sitjum.

Þau hjón eru nú flutt suður til Reykjavíkur og er mikil
eftissjá í þeim fyrir félagið, um leið og við Léttisfélagar öll
sem eitt óskum þeim velfarnaðar á nýjum slóðum, þökk-
um við þeim Hjalta og Petreu kærlega fyrir frábær kynni
sem og frábær störf.

Einnig er nú að stíga til hliðar Haukur Sigfússon sem
hefur setið í stjórn Léttis í fjöldamörg ár og hefur Haukur
svo sannarlega átt sinn þátt í eflingu félagsins og viðgangi.
Fyrir hans miklu og góðu störf viljum við Léttisfélagar
þakka.

*Fyrir hönd stjórnar hestamannafélagsins Léttis,
Hólmgeir Valdemarsson formaður.*



Stofnað 2008

Karatefélag Akureyrar Ársskýrsla 2014 -2015

Aðalfundur Karatefélag Akureyrar var haldinn að Óseyri í ágústmánuði 2014 og 2015. Kosið var í stjórn félagsins. Dagleg umsjón og rekstur hvílir áfram á yfirþjálfara og gjaldkera félagsins.

Stjórn Karatefélags Akureyrar 2014 og 2015:

Magnús Sigþórsson, formaður
Randver Ólafsson, varaformaður
Rut Guðbrandsdóttir, gjaldkeri
Hrannar Már Sigurðsson Hafberg, ritari
Jóhannes Sigmundsson, meðstjórnandi

Allar æfingar fara fram að Óseyri 1 og sumarið 2014 fékk félagið innri sal húsnæðisins til umráða og sumarið fór í að uppgæra salinn og var það gerð í sjálfböðavinnu félagsmanna. Keyptar voru júdódýnur og útbúið fjaðurgólf sem eykur en á fjölbreytni til æfinga. Æfingaaðstaða til styrktarþjálfunar með lóðum og æfingabekkjum er nú orðið mjög góð með auknu æfingarárými. Í febrúar 2015 var farið í fyrstu keppnisferð á Íslandsmeistaramót í Kata á vegum félagsins. Farið var með 26 krakka á aldrinum 7 – 15 ára í Smáránn í Kópavogi. Ekki var unnið til verðlauna þessa ferð en mikil reynsla og ánægja innan félagsins með ferðina og stefnt er að því að auka þátttöku félagsins í mótum á vegum KAÍ. Félagið tók einnig þátt í Akureyri á iði 2015 með sýningu í íþróttahöllinni þar sem börn á öllum aldri tóku þátt í og stóðu sig með sóma. Félagið var með í tenglum við afhendingu gráðanna, eins og fyrri ár uppákomur fyrir börn og foreldra þeirra og afhentar gjafir til barnanna. Nýbreytni var tekin upp við beltaafhendingu á vorönn 2015 að afhenda bikara til iðkenda sem sköruðu framúr varðandi mætingu og áhuga. Mun þetta verða árlegur viðburður í lok vorannar hér eftir. Við fyrstu afhendinguna var það Rakel Reynisdóttir sem hlaut bikar karateiðkandi ársins 2015 eldri iðkendur og María Bergland Traustadóttir hlaut bikar karateiðkandi ársins 2015 yngri iðkendur.

Árið 2014 og 2015 störfuðu eftirtaldir þjálfarar hjá félaginu Yfirþjálfari:

Magnús Sigþórsson

Aðstoðarþjálfari:

Rut Guðbrandsdóttir

Markmið félagsins eins og fyrri ár er að bjóða upp á bestu karatekennslu sem völ er á.

Að lokum vill stjórn Karatefélags Akureyrar þakka öllum þeim sem komu að starfi félagsins árið 2014 og 2015.

*Magnús Sigþórsson Formaður Karatefélags Akureyrar.
Karatefélag Akureyrar - Ársskýrsla 2014-2015*





Stofnað 1975

Kraftlyftingafélag Akureyrar 2014 og 2015

Ársskýrsla

Kraftlyftingafélag Akureyrar, KFA var stofnað 7. janúar 1975 og voru stofnfélagar tæplega 30. Tilgangur félagsins er að efla stálíþróttir á Akureyri og nágrenni, þroska félagsanda og stuðla að heilbrigðu lífni. Í dag eru 674 skráðir félagsmenn og þar af um 290 iðkendur.

Aðalstjórn 2015

Grétar Skúli Gunnarsson, formaður
Fjölur Guðmannsson, varaformaður
Hulda B. Waage, gjaldkeri
Kristján H. Buch, ritari
Viktor Samúelsson, meðstj.
Varmenn: Halldór Kristinn Harðarson, Friða Björk Einarisdóttir (ÁH), Magni Hjaltason og (ÁH) Þorbergur Guðmundsson

Aðalstjórn 2014

Grétar Skúli Gunnarsson, formaður
Fjölur Guðmannsson, varaformaður
Hulda B. Waage, gjaldkeri
Kristján H. Buch, ritari
Viktor Samúelsson, meðstj.
Varmenn: Einar Már Ríkarðsson, Alexandra Guðlaugsdóttir, (ÁH) Friða Björk Einarisdóttir, (ÁH) Halldór Kristinn Harðarson

Þjálfararáð KFA

Grétar Skúli Gunnarsson
Tryggvi J. Heimisson
Kristján H. Buch

Mótanefnd KFA

Grétar Skúli Gunnarsson
Fjölur Guðmannsson
Viktor Samúelsson

Aganefnd KFA

Einar Már Ríkarðsson
Grétar Skúli Gunnarsson
Alex Cambray

Deildarstjórn 2014

Grétar Skúli Gunnarsson (KRA)
Tryggvi Heimisson (OL)
Þorbergur Guðmundsson (HREY)

Deildarstjórn 2015

Grétar Skúli Gunnarsson (KRA)
Tryggvi Heimisson (OL)
Þorbergur Guðmundsson (HREY)

Skýrsla stjórnar

Verkefni stjórnar á starfs tímabilinu fóru fram með hefbundnum hætti. Aukning alls umfangs í rekstri og starfsemi félagsins með tilheyrandi álagi á starfsmenn og sjálfbæðaliða leiddi til þess að gengist var í breytingar á handbók félagsins sem skilað sér endurnýjun á fyrirmyndarfélagsgættun ÍSÍ núna í lok árs 2015.

Uppbygging samtengdra innviða félagsins til að bæta orðspor og velgengi starfsins hafa verið sérlega fjölþættir. Styrkleikar og veikleikar hafa verið skilgreindir. Þannig höfum við getað mótað hugmyndir af verkefnum og þjónustu til að bæta hvorutveggja.

Það ætti ekki að fara framhjá neinum að mikil gróska hefur verið í heimi lyftingamanna á norðurlandi. Iðkendur aldrei verið fleiri, rekstrarfarsendur og hlutverk aldrei verið skýrari.

Starfsemi og þjónusta

Þjónustutími er alla virka daga milli 14:30-22:30. Á þeim tíma eru starfsmenn með fasta viðveru, þrifa, afgreiða og halda utan um þjálfun og aðra þjónustu sem af þeim er krafist.

Kraftlyftingafélag Akureyrar heldur utan um samtals 12 opna æfingahópa þar fyrir utan eru margir lokaðir og óskráðir hópar. Heildarþjöldi klukkustunda þjálfunar er vel yfir 50 klukkustundir á viku.

Rekstur

Rekstur félagsins skilaði rúmlega 2 mkr. hagnaði árið 2015 sem er í samræmi við þá stefnu sem stjórn félagsins hefur sett sér og unnið hefur verið markvisst að. Áhaldakaup og fjárfestingar hvað varðar uppbyggingu á rekstri og starfsemi félagsins í Sunnuhlíð hefur verið gífurlega þungur og getum við glaðst yfir því að félagið er í dag gífurlega vel tækjum búð og skuldlaust. En tækja kaup á tímabilinu hafa verið fyrir meira en 17 mkr sem hefur nánast alfarið verið fjármagnað með æfinga og þáttökugjöldum.

Það hefur komið upp umræða þess efnis að stefna að því að eigið fé félagsins jafngildi jafnan bókfærðu virði eigna félagsins. Enn er nokkuð í land með að markmiðið

náist en með áframhaldandi aðhaldi í rekstri sem skilar jákvæðri rekstrarafkomu munum við sjá betur til lands í þeim efnum. Áfram var unnið að skilvirkari ættunargerð innan félagsins og náðust mikilvægir áfangar í þeirri vinnu.

Mótastarf

Hér á Akureyri voru haldinn **19** mót þar af **8** sem voru skráð á mótaskrá **LSÍ**, **ÍF** og **KRAFT**. Okkar fjölmennasta mót er alltaf gamlársmótið í bekkpressu en þáttakendur voru rúmlega **50** að þessu sinni. Heildarfjöldi keppenda á mótum á vegum félagsins árið **2014** og **2015** er **478**.

Dómarar



Dómaramál eru fín, starfandi eru **12** kraftlyftingadómarar og **7** lyftingadómarar í bænum. Mikilvægt er fyrir félagið að vera með vottaða alþjóðadómara í bæði kraftlyftingum og lyftingum svo hægt sé að vera með námskeið og próf fyrir nýja dómara án þess að vera fá kennara frá Reykjavík eða útlöndum.

Afreksstarf

Afreksstarfið var áfram í miklum blóma á starfstímabilinu. Meistaraflokkur félagsins náði þeim árangri að sigrast liðakeppni kraftlyftingasambands Íslands í karla flokki **2015** og öðru sæti í kvennaflokki **2015**. Árið **2014** hafnaði KFA í öðru sæti aðeins **10** stigum á eftir fyrsta sætinu. KFA fékk viðurkenningu frá Akureyrarbæ fyrir að **22** einstaklingar náðu að vinna íslands- og eða bikarmeistara titil á árinu **2015** sem er **32%** aukning frá árinu áður. Viktor Samúelsson íþróttamaður félagsins hefur verið í sviðsljósinu bæði árin en hann var ósigrður á öllum mótum sem hann keppti á innanlands og vann samtals **13** innlenda meistaratitla, stigahæstur í öllum tegundum kraftlyftinga óháð kyni og þyngdarflokkum, og náði góðum árangri erlendis í fyrria. Viktor var kjörinn kraftlyftingamaður ársins **2015** og íþróttamaður Akureyrar árið **2015**. Viktor hafnaði í öðru sæti um kjör íþróttamanns Akureyrar **2014**. Þetta er í þriðja sinn sem lyftingamaður hlýtur þessa nafnbót en síðast var það Haraldur Ólafsson sem varð tvisvar íþróttamaður Akureyrar **1980-81**.

Landsliðsmenn félagsins (2014-2015) eru:

Kraftlyftingar Alex Cambray Orrason, Alexandra Guðlaugsdóttir, Aron Ingi Gautason, Einar Hannesson, Friða Björk Einarsdóttir, Hulda B. Waage, Karl Anton Löve, Kara Gautadóttir, Viktor Samúelsson og Þorbergur Guðmundsson

Lyftingar Björk Óðinsdóttir og Ingólfur Þór Ævarsson



Barna og unglingastarf

Barna og unglingastarf félagsins hefur verið sérlega öflugt og má sjá aukningu í nær öllum aldurshópum á milli ára. Fjöldi iðkenda í barna og unglingaflokkum fór úr **52** iðkendum á árinu **2014** í **80** iðkendur á árinu **2015** sem er um **30%** aukning á milli ára. Það að börn og unglingar á Akureyri geti stundað lyftingar sér til ánægju og heilsubót- ar er eitt mikilvægasta verkefni félagsins

Skýrsla lyftingadeildar KFA

Lyftingadeild félagsins hefur verið að blómstra. Árið ein- kenndist af metnaði og bjartsýni eins og undanfarin ár. Yngraflokka starfið gekk vel og mikil aukning hefur verið á áhuga og iðkunnn innan deildarinnar. Tryggvi Jóhann Heimisson er yfirþjálfari og deildarstjóri lyftingadeildarinnar. Hann hefur séð um þjálfun eldri hópa eins og undan- farna vetur, auk þess sem hann hefur haldið utan um dag- legt skipulag deildarinnar. Grétar Skúli Gunnarsson og Viktor Samúelsson hafa þjálfað **10-12** ára og **13-15** ára hópana. Lyftingadeildin hefur jafnframt nokkra aðstoðar- þjálfara sem eru núverandi eða fyrrverandi lyftingamenn.

Ástundun hefur aukist jafnt og þétt síðan félagið hefur bætt aðstöðu sína. Áhersla félagsins á að auka aðgengi og iðkunendum barna og yngri unglinga aldurshópum í lyft- ingum hefur verið helsta áhersluefni deildarinnar hvað varðar þjálfun.

Vorið **2015** byrjuðum við með ókeypis æfingar til að kynna lyftingar fyrir börnum á aldrinum **10-17** ára vegna unglingalandsmóts UMFÍ sem haldið var hér á Akureyri. Töluverð aukning varð á þáttöku og var ákveðið vegna ýmis ástæðna að halda áfram að bjóða uppá þessa þjón- ustu gjaldfrjálst. Á tímabilinu hafa yfir **80** einstaklingar á öllum aldri æft lyftingar. Fjölmennast var í **10-12** ára

hópnum á vorönn **2015** en kom það fyrir að hann var nokkru sinnum fullur.

Fengum gestþjálfara sem aðstoðaði okkur við skipulagið á virkni lyftingadeildarinnar. Fyrirfram skilgreindar áherslur aldurshópa standa ennþá fyrir sínu og breytingarnar voru að æfingum var fjölgað og álaginu dreift meira yfir alla vikuna. Þannig gátu þau börn sem höfðu verulegan áhuga tileinkað sér tæknilegafærni og aðrar áherslur í þjálfun fyllilega. Sama skipulag hefur verið samþykkt á næsta ári.

Þótt mikill uppgangur hefur orðið innan deildarinnar hallar ennþá töluvert á íþróttinni og verður mikilvægt á komandi ári að halda áfram þeirri uppbyggingu sem hefur átt sér stað og viðhalda sama stig þjónustu. Einnig er nauðsynlegt að stækka salinn og auka þar með möguleika á stærri æfingahópum.

Skýrsla kraftlyftingadeildar KFA


Grétar Skúli Gunnarsson er yfirþjálfari og deildarstjóri kraftlyftingadeildarinnar. Hann hefur einnig séð um tvö grunnþjálfunarhópa og skipulagt flest alla æfingahópa og flokka innan deildarinnar. Viktor Samúelsson og Fríða Björk Einarsdóttir hafa einnig verið virkir þjálfarar í deildinni á árinu sem er að líða. Viktor hefur haldið utan um stærsta grunnþjálfunarhópinn sem hefur sífellt verið að auka nýliðinu innan deildarinnar. Fríða sá um kvennahópin ásamt Grétari Skúla alla vorönnina þar til hún lét af störfum í lok sumars. Kraftlyftingadeildin hefur jafnframt nokkra aðstoðarþjálfara.

Á bilinu 120-130 hafa lokið grunnþjálfun á tímabilinu og mikil aukning í öllum flokkum deildarinnar. Deildinn heldur utan um þrjá grunnþjálfunarhópa, kvk, kk og auka hóp fyrir einstaklinga sem þurfa auka þjónustu eða passa ekki inni aðra hópa.

Kraftlyftingaiðkendur úr KFA áttu **30%** af þáttökum á íslenskum meistaramótum á tímabilinu og voru heildar þáttakendur á mótum **yfir 400**. Rúmlega **40** iðkendur eru með þáttökurétt á Íslandsmeistaramótið í opnum flokki og staða íþróttarinnar aldrei verið betri á Akureyri.

Grétar Skúli Gunnarsson, formaður





Stofnað 1964

UMF Narfi Ársskýrsla 2014

Ungmennafélagið Narfi fagnaði 50 ára afmæli á árinu og af því tilefni gaf félagið út dagatal fyrir árið 2014 með fallegum myndum frá Hrísey. Gestur Leó, Gísli Einarsson og Kristín Björk gáfu myndir á dagatalið og færum við þeim kærar þakkir fyrir. Ætlunin er að halda þessari hefð áfram sem fjáröflun fyrir félagið.

Á vorönn stóð félagið fyrir vikulegum íþróttaæfingum fyrir börn og fullorðna. Ingibjörg Guðmundsdóttir sá um íþróttaskóla fyrir leikskólabörn, Dána Björg Sveinbjörnsdóttir og Einar Örn Gíslason sá um frjáls-íþróttaæfingar fyrir grunnskólabörn, Ingimar Ragnarsson sá um knattspyrnuæfingar fyrir grunnskólabörn, skipt í yngri og eldri hóp. Þá voru badmintonæfingar fyrir 13 ára og eldri ásamt fullorðnum, sem Ingólfur Sigfússon, Sýlvía Sigurðardóttir og Dána Björg Sveinbjörnsdóttir skiptu með sér að hafa umsjón með.

Íslenska lýðveldið fagnaði 70 ára afmæli á árinu og var ákveðið að halda sameiginlega veislu lýðveldisins og Ungmennafélagsins á þjóðhátíðardaginn 17. júní. Hátíðarhöldin hófust með hinu árlega 17. júní hlaupi félagsins. Ungmennafélagið bauð síðan gestum upp á grillaða hamborgara að hlaupi loknu. Sýning var á munum úr sögu félagsins í anddyri Íþróttamiðstöðvarinnar og hélt Narfi Björgvinsson ræðu þar sem hann las m.a. úr fundargerð frá stofnfundi félagsins, en félagið var stofnað 23. febrúar 1964. Farið var í leiki við Sæborg og börnunum var boðið í bío þar sem allir fengu popp og djús.

Félagið styrkti Hríseyjarhátíðina um leigu á hoppuköstul-um og var börnum boðinn frír aðgangur að þeim.

Á haustönn stóð félagið fyrir íþróttaskóla fyrir börn á leikskólaaldri í umsjá Ingibjargar Guðmundsdóttur, frjáls-íþróttaæfingum fyrir 5-11 ára í umsjá Berglindar Rósar Guðmundsdóttur og Ingólfs Sigfússonar og knattspyrnuæfingum fyrir 11-15 ára í umsjá Ingimars Ragnarssonar. Einnig hóf félagið tilraunaverkefni þar sem boðið var upp á fjölbreytt þemanámskeið í nokkrar vikur í senn. Farið var af stað með körfuboltanámskeið sem Böðvar Már Styrmissón sá um. Í nóvember og desember var námskeið í júdó sem Elín Jóhanna Bjarnadóttir sá um. Námskeiðin voru tvískipt, fyrir 6-10 ára og 11-15 ára.

Félagið sótti um styrk í Menningar- og viðurkenningasjóð KEA og hlaut félagið styrk til kaupa á áhöldum í Íþróttamiðstöðina fyrir leik- og grunnskólabörn. Færir félagið KEA bestu þakkir fyrir stuðninginn.

Á þorláksmessu sá félagið um móttöku, flokkun og útburði á jólapósti líkt og undanfarin ár. Árlegt jólaball félagsins var haldið annan í jólum í Íþróttamiðstöðinni. Boðið var upp á léttar veitingar í boði félagsins og Kristjánsbakarís. Enginn aðgangseyrir var innheimtur en gafst gestum kostur á að styrkja félagið með frjálsum framlögum. Pöntunarlisti fyrir dagatal fyrir árið 2015 lá fyrir á jólaballinu.

*Stjórn UMF Narfa
Heimir Áslaugsson formaður
Ingólfur Sigfússon gjaldkeri
Ingibjörg Þórðardóttir ritari
Steinunn Bjarnadóttir meðstjórnandi.*



Stofnað 1964

UMF Narfi Ársskýrsla 2015

Árið 2015 var viðburðaríkt hjá ungmennafélaginu Narfa. Á vorönn voru knattspyrnuæfingar fyrir eldri nemendur, frjálsíþróttæfingar og íþróttaskóli fyrir leikskólabörn. Framhald var á fjölbreyttum þemanámskeiðum fyrir börn og hófust þau á fótbolta í umsjá Ingimars. Næst voru fimleikar og parkour sem Stefán Þór Friðriksson þjálfari frá Fimleikafélagi Akureyrar sá um.

Hátíðarhöld í tilefni þjóðhátíðardagsins 17. júní fóru fram með hefðbundnum hætti og hófust með 17. júní hlaupinu. Að hlaupi loknu fengu börnin ís í boði Kjörís, farið var í leiki við Sæborg og svo í traktorsferð um þorp-ið. Að lokum bauð félagið börnunum í bió í Sæborg og fengu allir popp og djús.

Félagið bauð iðkendum sínum niðurgreiðslu á keppnisgjöldum á Unglingalandsmót UMFÍ sem haldið var á Akureyri um verslunarmannahelgina og voru tveir keppendur sem fóru á sitt fyrsta Unglingalandsmót.

10.-14. ágúst var sundnámskeið fyrir grunnskóla- og leikskólabörn. Þjálfari var Ragnheiður Runólfsdóttir yfirþjálfari hjá Sundfélaginu Óðni á Akureyri. Var þátttaka góð og mikil ánægja með námskeiðið.

Víkuna 21.-27. september tók ungmennafélagið þátt í Hreyfivíku UMFÍ sem er evrópskt lýðheilsuverkefni sem hefur það að markmiði að kynna kosti þess að taka virkan þátt í hreyfingu og íþróttum. Stóð félagið fyrir 13 viðburðum þessa viku og var þátttakan almennt góð. Gengið var litla hringinn, leikjatímar voru í íþróttahúsinu fyrir eldri og yngri börn, badminton fyrir fullorðna, hjólaferð fjölskyldunnar,

fótbolti fyrir fullorðna, íþróttaskóli fyrir leikskólabörn, fótboltaæfing fyrir grunnskólabörn, blak fyrir fullorðna,

leikjatími úti og fjölskyldutími í íþróttahúsinu. Síðasta daginn, sunnudag, var frítt í sund og fjölskyldustund á hátíðarsvæðinu þar sem voru grillaðar pylsur í boði félagsins og dregið var úr lukkupotti. Þátttakendum gafst kostur á að skrá nafn sitt í lukkupott alla Hreyfivíkuna, fyrir þátttöku í viðburðum og fyrir að synda, fara í ræktina eða fara í frísbíggj. Þrír vinningar voru dregnir úr pottinum sem allir innihéldu gjafabréf í Sportver og Toppmenn & sport ásamt harðfiski frá Hvammsfiski. Þökkum við Hvammsfiski fyrir stuðninginn við verkefnið. Alla dagana var sundkeppni milli sveitarfélaga og drógu Hríseyingar fram keppnisskapið og sýndu mikla samstöðu og dugnað við að synda og höfnuðu í 3. sæti, syntu 250.5 metra á hvern íbúa, samtals 43 km. Glæsilegur árangur þar. Reiknum við með að gera þátttöku í Hreyfivíkunni að árlegum viðburði.

Íþróttæfingar á haustönn hófust svo í framhaldi af hreyfivíkunni. Í hverri viku höfum við tíma í íþróttahúsinu fyrir fótboltaæfingar fyrir grunnskólabörn, krakkafjör og leikir fyrir grunnskólabörn, íþróttaskóla fyrir leikskólabörn, blak og badminton til skiptis fyrir fullorðna og fótbolta fyrir fullorðna.

Félagið gaf út dagatal fyrir árið 2016 líkt og síðustu tvö ár. Venju samkvæmt annaðist félagið móttöku og útburð á jólapósti á þorláksmessu og hélt svo sitt árlega jólaball annan í jólum.

*Stjórn Umf. Narfa 2015-2016 skipa
Hrund Teitsdóttir formaður
Ingólfur Sigfússon gjaldkeri
Steinunn Bjarnadóttir ritari.*



Stofnað 1963

Siglingaklúbburinn Nökkvi Ársskýrsla 2014

Árið byrjaði með miklu fundarhöldum, annarsvega með starfshóp um uppbyggingu Nökkva og svo aðrir fundir vegan fyrirhugaðs uppbyggingasamnings Nökkva við Akureyrarbæ. Aðalfundur var haldinn í mars og í stjórn voru kosnir Hrönn Ásgeirsdóttir, Jón Hrói Finnson, Gauti Elfar Arnarson og Kristján Kristjánsson og fromaður áfram Rúnar Þór. Framkvæmdum á Höepfnarsbryggju og nýja svæðinu var haldið áfram og öllu umbylt, þ.e.a.s. Höepfnarsbryggjan var stækkuð í suður og út, nýja uppfyllingin stækkuð og efni í Vaðlaheiðargöngum notað. Stóri dagurinn er svo 28 maí 2014 en þá mættu stjórnarmenn Nökkva og fleiri á bæjarskrifstofurnar til undirskriftar á 5 ára uppbygginga-samningi við bæjarstjórn Akureyrar. Samingurinn er til 5 ára og hljóðar upp á 75 milljónir króna á samningstímanum.

Fyrsta flotbryggja Nökkva var svo sjósett nokkrum dögum seinna, ný trébryggja smíðuð og gömlu flotbryggjurnar fengu yfirhalningu. Framkvæmdir voru enn í gangi þegar sumarnámskeiðin hófust en allt tókst þetta og gengu námskeiðin ljómandi vel og voru mjög vel sótt. Spænskur siglingakennari, Bernat Gali var fengin til landsins og hóf hann störf í júní og fram í júlí í samstarfi við Siglingasamband Íslands (SÍL). Fullorðinsnámskeið á kjölbáta hófst einnig í júní og stóðu út sumarið.



Seinnipart júní var nýju flotbryggjunni komið fyrir og var það talsverð framkvæmd með botnfestingum og tilheyrandi búnaði, en flotbryggjan gefur mjög mikið skól fyrir norðanáttinni og stækkar athafnasvæði krakkana talsvert, sérstaklega þegar ýfingur er í veðrinu. Framkvæmdir héldu áfram á Höepfnerssvæðinu, gert var bílastæði norðan við geymsluskúrinn og uppfyllingin kringum Nökkva stækkuð og löguð til Íslandsmótið í siglingum var haldið í Nökkva í ágúst og voru siglingafólk Nökkva u.þ.b. helm-



Íslandsmót 2014

ingu allra þátttakenda og stóðu sig ljómandi vel. Ríkka sjónvarpskona á Stöð Tvö var svo hjá okkur einn dag í ágúst, myndaði krakkana við siglingar og úr varð skemmtilegur þáttur um lífið á Pollinum með hressum krökkum. Siglingasumrinu lauk svo með Akureyrarmóti á kænnum sem heppnaðist ágætlega.

Í september var svo einn siglingamaður frá Nökkva, Björn Heiðar Rúnarsson þátttakandi í heimsmeistararmótinu í siglingum sem fram fór í Santander á Spáni, hann varð síðar útnefndur siglingamaður Nökkva og SÍL annað árið í röð.



Bernat Gali með Laserhópnum





Siglingaklúbburinn Nökkvi Ársskýrsla 2015

Starfsárið 2015 hófst strax eftir áramótin, fyrstu teikningar af nýjum húsum leit dagsins ljós og fór bygginganefnd á fund með Fanney Hauksdóttir þar sem hún kynnti fyrstu hugmyndir sínar. Um er að ræða mjög metnaðarfullar hugmyndir að stórrí og veglegri þjónustu-miðstöð við Pollinn.

Aðalfundur 9 mars 2015. Ný stjórn var kosin á aðalfundi, Rúnar Þór Björnsson áfram formaður, Hrönn Ásgeirsdóttir og Gauti Elfar Arnarson í aðalstjórn og tveir nýjrir stjórnarmenn, þau Elín Sif Sigurjónsdóttir og Rúnar Harðarson. Varastjórn eru þau Karen Malmquist og Sigurður Þorláksson.

Aðalfundur samþykkti að láta reyna á metnað bæjaryfirvalda með nýju teikningunum frá Fanneyju og arkitektastofunni AVH. Næstu viku á eftir var haldin kynning með starfshópi um uppbyggingu Nökkva og kynnti Fanney þar þessar nýju hugmyndir. Skammt er frá að segja að þessar hugmyndir féllu í grýttan jarðveg í starfshópnum og ekki var haldið áfram með kynningu á þeim opinberlega.

SÍL stóð fyrir ferð á æfingabúðir í Barcelona og fóru þau Þorlákur Sigurðsson úr Nökkva og Hulda Hannesardóttir úr Brokey.

Nökkvafólk var með í áttakinu Akureyri á Iði 2015 sem fram fór allan maí mánuð og settum upp báta á sýningu sem haldin var í Íþróttahöllinni og kynntum starfsemi klúbbsins.

Framkvæmdir á Nökkvasvæðinu hófust í maí, nýja svæðið var jafnað út og mikið efni fékkst þegar steypir grunnar og jarðvegur var flutt á uppfillinguna vegna framkvæmda annarstaðar í bænum. Stefán smiður í Innbænum hóf svo störf við Nökkva í maí, steypur var sökkull undir landstöpul fyrir stóru flotbryggjuna og smíðaðir snyrtilegir nettir landgangar á eldri trébryggjur okkar. Mikið sig hefur verið á Nökkvasvæðinu og öll húsín farin að halla út að sjónum vega þessa, sumarhúsið sem við leigjum var tekið og hækkað upp og rétt af, ekki var lagt í gamla húsið okkar og er það bara með talsverða slagsíðu. Í júní skilaði verktaki svo af sér nýja svæðumu í endanlegri mynd. Í September hófust fyrstu framkvæmdir á nýja svæðinu, sem nauðsynlega þarf að fara fá nafn, og var 10 metra breiður rampur/skábraut gerð suður úr uppfillingunni og náðis að malbika og ganga frá svæðinu áður en snjór og frost lagðist yfir. Unnið er með nýjar teikningar af bátaskýli/ húsi samkvæmt upprunanlegum hugmyndum okkar Nökkvamanna. Verktakarnir Halldór Baldursson, Finnur Aðalbjörnsson og Skútabergr styrktu klúbbinn talsvert með vinnuframlagi við Nökkvasvæðið og með efni og efnisflutningum.

Námskeið Nökkva hófust í byrjun júní og stóðu fram í

miðjan ágúst, ágætis þátttaka var þrátt fyrir kaldasta sumar sl 20 ára og mikla og neikvæða umfjöllun um mengun á Pollinum. Viku eftir viku var fjallað um mengun hjá Nökkva og almennt á Pollinum og er búið að ákveða að færa útrengsli hjá siglingaklúbbnum á meira dýpi og lengra út. Boðið var upp á friar kynningar og sigling á miðvikudögum í byrjun sumars á kjölbátum félagsins, Paradís og Wafarer og komu nokkrir nýjrir áhugasamir og sigldu með.

Æfingabúðir SÍL voru haldnar á Akranesi í byrjun júlí og átti Nökkvi nokkra þátttakendur þar í Optimist og Laserflokki. Krakkarnir stóðu sig vel á mótinu sem haldið var í lokin og uppskáru Eimskipsbikarinn sem er afhentur fyrir bestu sameiginlegu úrslit siglingafélags.

Um verslunarmannahelgina vorum við þátttakendur í Unglingalandsmóti UMFÍ sem haldið var á Akureyri og stóðum fyrir siglingakeppni sem stóð föstudag og laugar-dag. Allt gekk vel og fóru þátttakendur glaðir heim eftir góða pizzuveislu og hlaðnir verðlaunum.

Íslandsmótið á kænnum var svo haldið í Reykjavík og siglt var 3 daga en siglingafélagið Brokey hélt mótið sem tókst mjög vel. Nökkvi átti tvo Íslandsmeistara, Þorlákur Sigurðsson í Laser Radial flokki og Björn Heiðar Rúnarsson í Opnum flokki, aðrir stóðu sig vel og var td. Ísabella í öðru sæti í Optimist A flokki.

Uppskeruhátíð Nökkva var svo haldin í nóvember og siglingafólk klúbbsins valið. Breki Sigurjónsson var valinn siglingamaður Nökkva og Ísabella Sól Tryggvadóttir siglingakona Nökkva. Eins fékk Magni Þrastarson sérstaka viðurkenningu fyrir störf sín fyrir Nökkva sumarið 2015.

Áfram er unnið með nýjar teikningar sem verða kynntar á nýju ári. Jólagjöf siglingafólks Nökkva kom svo í formi styrks frá Samherja sem afhentur var við hátíðlega athöfn í glæsilegri nýbyggingu ÚA 20. Desember.

Akureyri 2.mars 2016.

Rúnar Þór Björnsson formaður Nökkva, félags siglinga-manna Akureyri.



Þátttakendur Nökkva, Íslandsmót



Ísabella Sól, Breki og Magni með viðurkenningar sínar á uppskeruhátíð Nökkva 2015.



Fv. Dagur Freyr, Breki, Ísabella Sól, Björn Heiðar, Friðrik Valur og Emil Andri. Á myndina vantar Garðar Örn sem einnig var þátttakandi frá Nökkva.



Verðlaunahafar og þátttakendur UMFÍ



Stofnað 1962

Sundfélagið Óðinn Ársskýrsla 2014

Aðalfundur 2014

Aðalfundur Sundfélagsins Óðins var haldinn í sal Brekkuskóla þann 8. apríl 2014.

Ný stjórn var kjörin á fundinum. Formaður var kjörinn Ómar Kristinsson og með honum sex aðalmenn í stjórn sem síðan skiptu með sér verkum með eftirfarandi hætti:

Elsa María Guðmundsdóttir, varaformaður
Halla Björk Garðarsdóttir gjaldkeri
Lísa B. Gunnarsdóttir, meðstjórnandi
Einar Hólm Davíðsson, meðstjórnandi/ritari
Heiðar Ólasson meðstjórnandi - Hildur Friðriksdóttir tók sæti Heiðars í byrjun sundárs.
Börkur Þór Ottósson, meðstjórnandi

Uppskeruhátíð fyrir árið 2014

Uppskeruhátíð Óðins var haldin í sal Brekkuskóla laugardaginn 10. janúar sl. Þar var farið yfir árangur liðins árs og sundmenn heiðraðir. Húsfyllir var á hátíðinni og skemmtu allir sér hið besta, stórir sem smáir. Tilkynnt var um val á sundmanni Akureyrar 2014 sem er Bryndís Bolladóttir.

Að venju voru sundmenn heiðraðir fyrir árangur og frammistöðu á liðnu ári.

Í krókóðilahópi, sem er eldri hópur félagsins fyrir fatlaða, fengu Tinna Rut Andrésdóttir og Axel Birkir Þórðarson viðurkenningar fyrir stigahæstu sund karla og kvenna. Í sama hópi fékk Breki Arnarsson viðurkenningu fyrir ástundun og Bergur Unnar Unnsteinsson fyrir framfarir. Í afrekshópi fengu Elín Kata Sigurgeirsdóttir og Baldur Logi Gautason viðurkenningu fyrir mestu bætingu á árinu. Stigahæsta sund karla átti Birgir Viktor Hannesson og stigahæsta sund kvenna Bryndís Bolladóttir.

Í yngri hópum fengu viðurkenningu fyrir ástundun Rebekka Sif Ómarsdóttir og Matthildur Eir Valdimarsdóttir og fyrir framfarir Aþena Arnarsdóttir og Elías Bessi Örvarsson.

Íslandsmeistarar félagsins á árinu 2014 voru heiðraðir sérstaklega á uppskeruhátíðinni. Alls kræktu fimm sundmenn í 13 Íslandsmeistaratitil á árinu í hinum ýmsu aldursflokkum. Þau voru Axel Birkir Þórðarson, Bergur Unnar Unnsteinsson, Bryndís Bolladóttir, Nanna Björk Barkardóttir og Tinna Rut Andrésdóttir.

Landsliðsverkefni

Axel Birkir Þórðarson keppti á Evrópuleikum Special Olympics í Belgíu. Hann vann til gullverðlauna í 200 m skrið og varð fjórði í 100 m skrið.

Bryndís Bolladóttir var valin í landslið á NMU í Svíþjóð og náði 6. sæti í 100m skriðsundi og 16. sæti í 50m skriðsundi.

Sundmaður Akureyrar

Bryndísi Bolladóttur var valin Sundmaður Akureyrar 2014. Bryndís hóf ferilinn hjá Dillu eins og flestir sundmenn Óðins og hefur ferillinn verið upp á við æ síðan.

Bryndís náði mjög árangri á tímabilinu. Þó að hún sé einungis 15 ára er hún meðal fremstu sprettsundskvenna landsins. Hún synti sig örugglega inn í unglingalandslið og keppti fyrir Íslands hönd á Norðurlandmóti unglinga í Svíþjóð síðastliðinn vetur, þar sem hún komst í úrslit í 100m skriðsundi.

Bryndís er frábær íþróttamanneskja sem æfir vel. Hún gefur alltaf 100% vinnu í allt sem hún gerir. Hún er til fyrirmyndar bæði við æfingar, nám og sönn félagsmanneskja í sundfélaginu okkar.



Helstu mót.

Að venju fór sundfólk Óðins víða og mikinn á árinu. Fyrsta mót ársins var Reykjavík International Games Óðinn vann til sjö verðlauna.

Félagið sendi 50 manna hóp á Gullmót KR í febrúar og náðist þar góður árangur. Viku síðar sóttu yngri iðkendur hið árlega Gullmót Óðins í Glerárlaug sem er skemmtileg hefð og setur skemmtilegan svip á sundár yngri hópanna ásamt Páskamótinu, Sjórnæingjadegi og Jólasundi.

Þá fór hópur frá félaginu á Actavis-mót SH í lok mars.

ÍM50 fatlaðra fór fram 5.-6. apríl og þar unnu Óðinsmenn til fjögurra verðlauna.

Á ÍM50 átti Óðinn átta keppendur sem að þessu sinni unnu ekki til verðlauna þó oft hafi legið nærri. Bryndís Rún Hansen vann til þriggja gullverðlauna en ekki náðist

að klára félagskipti til Óðins áður en að mótinu kom og því keppti hún sem gestur.

Á Asparmótinu, sem fram fór í byrjun maí, unnu sundmenn félagsins til fjögurra verðlauna.

Að venju fór stór hópur frá félaginu á Akranesleika og náðist þar góður árangur.

Félagið tók ekki þátt í Bikarkeppni ÍF 2014.

Óðinn vann til 25 verðlauna í einstaklingsgreinum og fjögurra í boðsundi á Aldursflokkameistaramóti Íslands sem fram fór í Reykjanessbæ. Félagið varð í 5. sæti í stigakeppni mótsins en þátt tóku keppendur frá 16 félögum.

Á Unglingameistaramóti Íslands í júní vann Óðinn til átta verðlauna.

Á nýju sundári bauð Óðinn til Sprengimóts að vanda. Ágætur árangur náðist á mótinu og gestalið voru vonum framar mörg, frá Rán, UMFS, Aftureldingu, UÍA og ÍA ásamt öflugri piltasveit frá SH.

Sundmenn Óðins gerðu góða ferð á Bikarkeppni SSÍ og unnu sér sæti í 1. deild. Unnu þau til 17 verðlauna á mótinu.

Á ÍM25 fatlaðra í byrjun nóvember unnu sundmenn félagsins til 12 verðlauna og á ÍM25 tveimur vikum síðar settu keppendur Óðins þrjú Akureyrarmet og unnu til sjö verðlauna.

Desembermót Óðins var að venju lokamót ársins 2014.

Almennt um starfið

Eins og rakið hefur verið hér að framan var árið 2014 ágætt ár hjá Óðni hvað árangur varðar. Þjálfarar félagsins hafa sinnt starfi sínu vel og tekist að halda stöðugleika meðal iðkenda. Félagið leitast við að vera með vel menntaða þjálfara og hefur það skilað sér í góðum árangri. Þónokkrar breytingar urðu á þjálfarateyminu á árinu og reyndist á stundum þrautin þyngri að brúa þau bil sem mynduðust en þykir þó hafa tekist vel.

Sundmenn á öllum aldri eru í stöðugri sókn og margir efnilegir sundmenn að vaxa upp hjá félaginu. Metnaður stjórnar Óðins stendur til þess að sundmenn okkar standi jafnfætis keppinautum sínum á þrátt fyrir þrengri aðbúnað á sumum sviðum.

Sem fyrr var aðstaða félagsins til sundæfinga rædd og þá sérstaklega í útilaug Akureyrar. Lengi hefur legið fyrir að plássleysi í laug er vandamál sem ekki verður leyst nema með byggingu nýrrar æfinga- og keppnislaugar á Akureyri. Stjórn Óðins mun halda áfram að minna á sig og leggja mikinn metnað í að sundmenn geti stundað íþróttina á Akureyri, frá sundskóla til afreksmanna og allt þar á milli. Einnig hefur Óðinn ákveðið að beita sér að auknum krafti í því að auka hlut sundíþróttarinnar í almenningssíðu og hefur lýst yfir áhuga á að koma að sundi á öllum stigum.

Við megum þó heldur ekki gleyma að leggja rækt við innra starf okkar. Hvað fjölda iðkenda varðar er nokkuð ljóst að við erum löngu komin að efri mörkum miðað við núverandi aðstöðu og tímafjölda og af þeim sökum er afar

brýnt að hlúa að þeim sundmönnum sem við eigum. Gæði starfsins eru ekki fyrst og síðast metin í fjölda gullpeninga eða bikara. Þau ráðast af því hvernig okkur tekst að byggja upp og styrkja sundmennina okkar sem einstaklinga til framtíðar. Mörg íþróttafélög horfa með virðingu og aðdáun til þess starfs sem unnið er hjá Óðni við þann þrönga kost sem við búum við. Af því getum við sannarlega verið stolt og það hvetur okkur til að gera enn betur.

Búnaður sá er félagið hefur til umráða vegna sundmóta er því miður að fjarlægjast þær kröfur sem gerðar eru af hálfu SSÍ varðandi sundmót. Óttast félagið að þetta gæti leitt til þess að það missi spón úr aski sínum hvað mótahald varðar, og er þá sérstaklega lítið til AMÍ sem annað hvert ár hefur verið haldið á Akureyri og verið félaginu mikill akkur, sérstaklega fjárhagslega.

Fjárafilanir

Fjáröflunarnefnd félagsins sýndi enn á árinu hversu ómetanlega hún er félaginu og iðkendum. Ljóst er að sundið okkar á Akureyri krefst verulega meiri fjárútláta fyrir sundmenn og fjölskyldur þeirra en hjá félögum sunnan heiða sem krefst þess að félagið, iðkendur og forráðamenn séu iðnir við kolann þegar kemur að fjáröflunum á borð við rækju- og gulrótarsölu og þátttöku í sölu á álfum SÁÁ. Síst batnandi ástandið í þjóðfélaginu almennt hefur leitt til þess að harðnað hefur á dalnum í fjáröflunarstarfi íþróttafélaga og finnum við hjá Óðni verulega fyrir þeim samdrætti. Ein okkar helsta fjáröflun er AMÍ og er það orðið okkar stærsta fjáröflun og við hreinlega stólum á að við séum valin til að halda það annað hvert ár. Síðan er það Sólarhringsundið (110,55 km syntir á liðnu ári), sem hefur dregist talsvert saman frá því sem best var. Styrkur Samherja til íþróttafélaga hefur þó verulega létt róðurinn fyrir heimili sundfólks og verður seint fullþakkaður.

Sú breyting sem við gerðum að færa fjáröflun meira frá sameiginlegum fjáröflunum til þess að hafa þær einstaklingsmerktar hefur komið mjög vel út og virðist vera almenn sátt um þá breytingu.

Áfram eru þó nokkrar sameiginlegar fjárafilanir, enda nauðsynlegt til að standa undir almennum rekstri Óðins. Auglýsingaskiltin á bakkanum er stór þáttur í að fjármagna almennt starf félagsins en þar sem og annars staðar hefur styrkjum fækkað.

Lokaorð

Heimasíða Óðins www.odinn.is hefur verið frétt- og upplýsingamiðill félagsins um nokkurt skeið. Þar er m.a. að finna allar helstu upplýsingar. Flestar fréttir um starfið hverju sinni, s.s. mót og aðrar upptakur, eru þar aðgengilegar og ekki má gleyma öllum þeim myndum sem teknar hafa verið á mótum eða viðburðum sem gaman er að skoða aftur og aftur. Félagið hefur einnig fært sig inn á Facebook og mun reyna að nýta þann vettvang enn betur þegar fram líða stundir

Stjórn Óðins þakkar öllum þeim sem komu að starfi félagsins á einn eða annan hátt árið 2014 fyrir samvinnuna. Sérstakar þakkir vil ég færa öllum sem sátu í nefndum fyrir félagið, tóku að sér fararstjórn eða sinntu dómgæslu og öðrum störfum. Þátttaka og stuðningur foreldra og velunnara er sem fyrr lykillinn að góðu starfi.

*Akureyri 10. apríl 2015
Ómar Kristinsson
formaður*



Stofnað 1962

Sundfélagið Óðinn *Ársskýrsla 2015*

Aðalfundur 2015

Aðalfundur Sundfélagsins Óðins var haldinn í sal Brekkuskóla þann 15. apríl 2015. Ekki varð breyting á stjórn félagsins milli ára en í henni sitja eftirfarandi:

Ómar Kristinsson, formaður
Elsa María Guðmundsdóttir, varaformaður
Halla Björk Garðarsdóttir, gjaldkeri
Einar Hólm Davíðsson, ritari
Lísa Björk Gunnarsdóttir, meðstjórnandi
Hildur Friðriksdóttir, meðstjórnandi
Börkur Þór Ottósson, meðstjórnandi

Uppskeruhátíð fyrir árið 2015

Uppskeruhátíð Óðins var haldin í sal Brekkuskóla laugardaginn 9. janúar 2016. Þar var farið yfir árangur liðsins árs og sundmenn heiðraðir. Húsfyllir var á hátíðinni og skemmtu allir sér hið besta og gæddu sér á veitingum sem fundarmenn höfðu með sér á hlaðborð. Tilkynnt var um

val á sundmanni Akureyrar 2015 sem er Bryndís Rún Hansen.

Í Krókódílahópi, sem er eldri hópur félagsins fyrir fatlaða, fengu Bergur Unnar Unnsteinsson og Tinna Rut Andrésdóttir viðurkenningar fyrir stigahæstu sund karla og kvenna. Í sama hópi fékk Breki Arnarsson viðurkenningu fyrir ástundun og Fannar Logi Jóhannsson fyrir framfarir í sundtækni.

Í Úrvalshóp fengu viðurkenningu fyrir ástundun Katrín Magnea Finnsdóttir og fyrir framfarir í sundtækni Finnur Björn Antonsson. Í Framtíðarhópi fengu viðurkenningu fyrir ástundun Elín Rósa Ragnarsdóttir og fyrir framfarir í sundtækni Olga María Valdimarsdóttir.

Í Afrekshópi fengu viðurkenningu fyrir mestu bætingu á árinu Þóra Snorraddóttir og Hákon Alexander Magnússon. Stigahæsta sund karla átti Snævar Atli Halldórsson og stigahæsta sund kvenna Bryndís Rún Hansen.

Sú breyting var á afreksviðurkenningum þetta árið að valinn var Fyrirmyndar sundmaður Óðins og varð Breki Arnarsson fyrir valinu. Í umsögn með viðurkenningunni

segir að Breki sé afar duglegur drengur og mæti mjög vel á allar æfingar og eins sé hann er mikill vinur allra. Breki æfir bæði með Afrekshópi og Krókódilahópi.

Meistarar og metaregn

Að minnsta kosti 43 Akureyrarmet í einstaklingsgreinum voru slegin á árinu og þar öflugust var Þura Snorradóttir en hún sló 21 Akureyrarmet og margbætti eigin Akureyrarmet, sérstakleg í baksundi. Átta Akureyrarmet voru slegin í boðsundum.

Óðinn átti 15 Íslandsmeistara á árinu 2015 og þeir voru:

- Aþena Arnarsdóttir
- Alexandra Tómasdóttir
- Axel Birkir Þórðarson
- Bergur Unnarunnsteinsson
- Breki Arnarsson
- Bryndís Rún Hansen
- Elín Kata Sigurgeirsdóttir
- Embla Sól Garðarsdóttir
- Eva Sól Garðarsdóttir
- María Arnarsdóttir
- Nanna Björk Barkardóttir
- Rebekka Sif Ómarsdóttir
- Sigurjóna Ragnheiðardóttir
- Snævar Atli Halldórsson
- Þura Snorradóttir

Landsliðsverkefni

Að venju voru iðkendur Óðins á ferð og flugi á árinu og kepptu m.a. á alþjóðavettvangi sem fulltrúar Íslands.

Tinna Rut Andrédóttir og Bjarki Skjöldal kepptu á Alþjóðaleikum Special Olympics í Los Angeles í lok júlí.

Bryndís Bolladóttir var valin í landslið á EM og NM og Bryndís Rún Hansen keppti á Smáþjóðaleikunum og á HM50.

Sundmaður Akureyrar

Bryndís Rún var kjörin sundmaður ársins 2015 hjá Óðni. Á árinu 2015 keppti hún m.a. á Íslandsmeistaramóti, Smáþjóðaleikunum, HM í Rússlandi og Háskólamótum NCAA dII í Bandaríkjunum. Bryndís hefur undanfarin ár verið í hópi sterkustu sundkvenna landsins og keppir hún fyrir hönd félagsins með landsliði Íslands. Hún er margfaldur Íslandsmeistari í skriðsundi og flugsundi, Íslandsmethafi í 50m og 100m flugsundi í 25m braut og 50m flugsundi í 50m braut.

Helstu afrek Bryndisar á nýliðnu ári voru þau að hún tvíbætti Íslandsmetið í 50m flugsundi, varð fyrsta íslenska konan til að synda 50m flugsund undir 27 sekúndum og önnur íslenska konan til að synda 100m skriðsund undir 56 sekúndum.

Síðastliðna tvo vetur stundaði Bryndís Rún nám við Nova Southeastern Universitý á Flórída þar sem hún var í tvígang kosin íþróttamaður vikunnar í ríkinu og var einnig útnefnd nýliði ársins.

Bryndís stefnir á Ólympíuleikana í Ríó 2016 og er við

æfingar bæði hér heima og erlendis undir stjórn Jacky Pellerin landsliðsþjálfara Íslands.

Helstu mót.

Að venju fór sundfólk Óðins víða og mikinn á árinu. Fyrsta mót ársins var Nýársmót ÍF var sem Óðinn fékk ein verðlaun. Stuttu síðar var haldið á Reykjavík International Games þar sem Óðinn vann til þriggja verðlauna.

Félagið sendi rúmlega 30 manna hóp á Gullmót KR í febrúar og náðist þar góður árangur og komu 53 verðlaun með í farteskinu. Viku áður sóttu yngri iðkendur hið árlega Gullmót Óðins í Glerárlaus sem er skemmtileg hefð og setur skemmtilegan svip á sundár yngri hópanna ásamt Páskamótinu, Sjóráningjadegi og Jólasundi. Í mánuðinu fór hópur iðkenda í Krókódíla-hópi á mót í Malmö og kom heim með 12 verðlaun og endaði í öðru sæti í stiga-keppni mótsins.

Þá fór hópur frá félaginu á Actavis-mót SH í lok mars (35 verðlaun).

ÍM50 fatlaðra fór fram 5.-6. apríl en því miður hindraði veður að iðkendur Óðins kæmst á mótið.

Á ÍM50 unnu keppendur Óðins til 10 verðlauna, þar af fimm gullverðlauna, og settu níu Akureyrarmet og eitt Íslandsmet, sem Bryndís Rún setti í 50m flugsundi.

Akranesleikar eru yfirleitt stærsta mót yngri iðkenda Óðins í keppnishópum og eitt árið enn fór stór hópur á Skagann og náðist þar prýðisgóður árangur.

Félagið tók ekki þátt í Bikarkeppni ÍF 2015.

Óðinn vann til Óðinn vann til 64 verðlauna í einstaklingsgreinum, þar af

19 gull, 11 silfur og 20 brons, á Aldurflokkameistaramóti Íslands (AMÍ) sem fram fór á Akureyri. Í boðsundi vann félagið til 4 gullverðlauna, 3 silfurverðlauna og

7 bronsverðlauna. Mótið var að þessu sinni fyrir alla yngri sundmenn þar sem UMÍ og AMÍ var steipt saman.

Um Verslunarmannahelgina tóku iðkendur Óðins þátt í glæsilegu Ungmennalandsmótir UMFÍ sem fram fór á Akureyri. Keppendur félagsins unnu til 65 verðlauna á mótinu sem Óðinn sá um fyrir hönd ÍBA.

Á nýju sundári bauð Óðinn til Sprengimóts að vanda. Ágætur árangur náðist á mótinu og gestir okkar fóru ánægðir heim sem fyrr.

Á ÍM25 fatlaðra í byrjun nóvember unnu sundmenn félagsins til fimm verðlauna og á ÍM25 tveimur vikum síðar settu keppendur Óðins fjögur Akureyrarmet og unnu til sex verðlauna.

Óðinn tók ekki þátt í Bikarkeppni SSÍ sem var aðeins viku síðar en ÍM25 og þótti ekki verjandi að senda keppendur í tvær svo dýrar og tímafrekar keppnir með viku millibili.

Desembermót Óðins var að venju lokamót ársins 2015 og var að þessu sinni haldið í góðu samstarfi við Eignaver, en þó í fimbulkulda. Félagið stóð fyrir dómaramámskeiði í tengslum við mótið og stefnir að því að fjölga slíkum námskeiðum til að tryggja að við stöndum ekki öðrum sundfélögum að baka þegar kemur að því að senda dómara á mót, eins og hverju sundfélagi er skylt.

Mótahald Óðins

Áður hefur verið vikið að Aldurflokkameistaramóti Íslands 2015 sem Óðinn var framkvæmdaðili að. Mótið er ávallt það stærsta á sundárinu og því mikið umleikis. Tæplega 300 keppendur mættu til leiks ásamt fjölda annarra gesta sem settu sannarlega svip á umhverfi laugarinnar. Framkvæmd mótsins gekk vonum framar, enda veður með besta móti, og ber að þakka það þeim sem að mótinu komu, hvort sem er sjálfbodaliðum félagsins, starfsmönnum laugarinnar, gestum, keppendum eða styrktaraðilum. Mótinu var síðan slitið með glæsilegu lokahófi í Íþróttahöllinni.

Auk AMÍ og smærri móta sem Óðinn hélt á árinu ber að minnast á Ungmennalandsmót UMFÍ og Áskorunina.

Félagið fagnaði því tækifæri að fá að taka þátt í landsmótinu með hinum félögunum innan ÍBA og vonar að það starf leiði til enn frekari samstarfsverkefna í framtíðinni. Enn og aftur sýndi það sig þessa daga hversu öflugt íþróttalífið er á Akureyri.

Áskorunina var nýbreytni sem félagið tók upp á á vordögum 2015 þar sem það bauð öllum sem vildu að taka þátt í 50m skriðsundskeppni. Þótt félagið hefði óskað þess að fleiri hefðu nýtt sér þetta tækifæri, þá er það ekki að baki dottið og mun endurtaka leikinn. Vonir okkar standa til þess að þessi viðburður verði til að auka hróður og sýnileika íþróttarinnar í samfélaginu.

Almennt um starfið

Árið 2015 var glæsilegt á margan hátt. Árangur iðkenda hvort sem var í keppni eða á æfingum, var með miklum ágætum og félagið hafði mörg járn í eldinum. Þjálfarar félagsins hafa sinnt starfi sínu vel og tekist að halda stöðugleika meðal iðkenda. Félagið leitast við að vera með vel menntaða þjálfara og hefur það skilað sér í góðum árangri en erfitt getur reynst að fá nýja þjálfara í greininni. Þónokkrar breytingar hafa orðið undanfarið og á stundum þrautin þyngri að brúa þau bil sem mynduðust en þykir þó hafa tekist nokkuð vel.

Sundmenn félagsins á öllum aldri eru í stöðugri sókn og margir efnilegir sundmenn að vaxa upp hjá félaginu. Metnaður Óðins stendur til þess að sundmenn okkar standi jafnfætis keppinautum sínum á þrátt fyrir þrengri aðbúnað á sumum sviðum.

Sem fyrr var aðstaða félagsins til sundæfinga ofarlega á baugi í samræðum um félagin og þá sérstaklega í Sundlaug Akureyrar. Lengi hefur legið fyrir að plássleysi í laug er vandamál sem ekki verður leyst nema með byggingu nýrrar æfinga- og keppnislaugar á Akureyri. Stjórn Óðins mun halda áfram að róa öllum árum að því að slík laug verði að veruleika og leggja mikinn metnað í að sundmenn geti stundað íþróttina á Akureyri, frá sundskóla til afreksmanna og allt þar á milli. Einnig mun Óðinn áfram beita sér að auknum krafti í því að auka hlut sundíþróttarinnar í almenningisþýðningu.

Innra starf okkar verður þó alltaf það sem kemur fyrst. Hvað fjölda iðkenda varðar er nokkuð ljóst að við erum

löngu komin að efri mörkum miðað við núverandi aðstöðu og tímafjölda í laugum og af þeim sökum er afar brýnt að hlúa að þeim sundmönnum sem við eigum. Gæði starfsins eru ekki fyrst og síðast metin í fjölda gullpeninga, bikara eða meta. Þau ráðast af því hvernig okkur tekst að byggja upp og styrkja sundmennina okkar sem einstaklinga til framtíðar. Mörg íþróttafélög horfa með virðingu og aðdáun til þess starfs sem unnið er hjá Óðni við þann þrönga kost sem við búum við. Af því getum við sannarlega verið stolt og það hvetur okkur til að gera enn betur.

Búnaður sá er félagið hefur til umráða vegna sundmóta hefur því miður verið að fjarlægjast þær kröfur sem gerðar eru af hálfu SSÍ varðandi sundmót. Óttast félagið að þetta gæti leitt til þess að það missi spón úr aski sínum hvað mótahald varðar, og er þá sérstaklega litið til AMÍ sem annað hvert ár hefur verið haldið á Akureyri og verið félaginu mikill akkur, sérstaklega fjárhagslega. Þó horfir til betri vegar með tilkomu nýrra snertisþjalda sem komin eru, þótt biðin eftir þeim hafi verið löng, þó ekki sé hér lendum aðilum um að kenna í því máli. Mál er varða geymslu á búnaðinum er enn sem áður í ólestri og ekki séð hvernig það mál verður leyst svo vel sé.

Fjárafánir

Sundiðkun á Akureyri krefst verulega meiri fjárútláta fyrir sundmenn og fjölskyldur þeirra en hjá félögum sunnan heiða sem krefst þess að félagið, iðkendur og forráðamenn séu iðnir við kolann þegar kemur að fjáðflunum á borð við rækju- og gulrótarsölu og þátttöku í sölu á álfum SÁÁ. Þar kemur fjáröflunarnefnd félagsins sterk inn og verður seint hægt að þakka það starf sem hún vinnur.

Mörg fyrirtæki hafa undanfarið haldið að sér höndum í styrkveitingum sem hefur leitt til þess að harðnað hefur á dalnum í fjáröflunarstarfi íþróttafélaga og höfum við hjá Óðni fundið fyrir þeim samdrætti.

Ein okkar helsta fjáröflun er AMÍ og er það orðið okkar stærsta fjáröflun og við hreinlega stólum á að við séum valin til að halda það annað hvert ár. Síðan er það Sólarhringsundið, sem hefur dregist talsvert saman frá því sem best var.

Styrkir Samherja til íþróttafélaga hefur þó verulega létt róðurinn fyrir heimili sundfólks og verður seint fullþakkaður.

Auglýsingaskiltin á sundlaugarbakkanum eru stór þáttur í að fjármagna almennt starf félagsins en þar sem og annars staðar hefur styrkjum fækkað.

Lokaorð

Heimasíða Óðins www.odinn.is hefur verið frétt- og upplýsingamiðill félagsins um nokkurt skeið. Þar er m.a. að finna allar helstu upplýsingar. Flestar fréttir um starfið hverju sinni, s.s. mót og aðrar upptakur, eru þar aðgengilegar og ekki má gleyma öllum þeim myndum sem teknar hafa verið á mótum eða viðburðum sem gaman er að skoða aftur og aftur. Félagið hefur einnig fært sig inn á Facebook sem hefur reynst öflug upplýsingaveita fyrir félagið og aukið á sýnileika þess.

Stjórn Óðins þakkar öllum þeim sem komu að starfi félagsins á einn eða annan hátt árið 2015 fyrir samvinnuna. Sérstakar þakkir vil ég færa öllum sem sátu í nefndum fyrir félagið, tóku að sér fararstjórn eða sinntu dómgæslu og öðrum störfum. Þátttaka og stuðningur foreldra og velunnara er sem fyrr lykillinn að góðu starfi.


*Akureyri 10. mars 2015
Ómar Kristinsson
formaður Sundfélagsins Óðins*



Uppskera



Bryndís Hansen





Stofnað 1937

Skautafélag Akureyrar Ársskýrsla 2013-2014

Aðalstjórn Skautafélagsins 2014:

Sigurður Sveinn Sigurðsson
Jón Grétar Rögnvaldsson
Dröfn Áslaugsdóttir
Haraldur Ingólfsson
Halldóra Ósk Arnórsdóttir
Ólöf Sigurðardóttir
Reynir Sigurðsson

Starf Skautafélagsins árin 2013 og 2014 hefur verið bæði blómlegt og viðburðarríkt. Í Skautafélaginu eru auk aðalstjórnar þrjár deildarstjórnir yfir krulludeild, listhlaupadeild og hokkídeild. Hver deildarstjórn sér um að sinna málefnum sinnar deildar og aðalstjórn félagsins hefur heildarhagsmunum félagsins að leiðarljósi og hefur m.a. yfirmisjón með rekstri Skautahallarinnar.

Tímabilið 2013-2014 fór að stórum hluta í það að bæta fjárhagsstöðu félagsins og til undirbúnings við endurbætur í húsi og bæta félagsaðstöðuna. Reksturinn hefur verið þungur í mörg ár en aðeins einn launaður starfsmaður var í húsinu með þeim fjárráðum sem til voru og því mörg verk sem voru gerð í sjálfböðavinnu fyrir félagið og þar á meðal framkvæmdastjórnastaðan. Á árinu náðist þó loks að klára rekstrarsamning við Akureyrarbæ sem gerir Skautafélaginu kleyft að reka Skautahöllina með viðunandi hætti. Viðsnúningur varð í fjárhag félagsins á tímabilinu uppá 16 milljónir króna. Stærsti hluti þess kom til vegna rekstrarsamnings við Akureyrarbæ en þá náðist einnig að greiða upp skuld við Norðurorku.

Á Íþróttasviðinu var árið einnig happalegt en SA átti langflesti íslandsmeistara og landsliðsfólk íþróttafélaganna á Akureyri á tímabilinu. Íslandsmeistaratitill unnust í öllum deildum en Listhlaupadeildin vann 4 íslandsmeistaratitla og 4 bikarmeistaratitla. Íshokkídeildin vann 3 íslandsmeistaratitla en meistaraflokkar karla og kvenna unnu báðir deildar- og íslandsmeistaratitla.

Skautahöllin er lokuð í 3 mánuði í sumar og líklega allt að 6 mánuði á næsta ári. Skemmdir á plötu verða rannsakaðar í sumar og hafist handa við viðgerðir í mars 2015. Einnig er talið skynsamlegt að fara í framkvæmdir við að bæta félagsaðstöðu og íþróttaaðstöðu aðra en ísinn, á sama tíma. Fyrirhugað er að stækka svalir, loka rými og og undir svölum með gleri og gera æfingarármi og lyftingasal á

3. hæð. Þetta hefur alltaf hafa vantað og er nauðsynlegt fyrir framþróun félagsins.

Skýrsla stjórnar LSA 2013-2014

Stjórn LSA skautaárið 2013-2014
Formaður: Halldóra Ósk Arnórsdóttir
Varaformaður: Elísabet Kristjánsdóttir
Gjaldkeri: Kristín Þöll Þórsdóttir
Ritari: Dröfn Áslaugsdóttir
Meðstjórnandi: Ingibjörg Þorvaldsdóttir
Varamaður: Rut Hermannsdóttir
Varamaður: Sigrún Ingibjörg Jóhannsdóttir

Skautaárið sem er senn á enda er búið að vera viðburðarríkt og ekki hefur árangur keppenda staðið á sér. Margt skemmtilegt er búið að vera í gangi í vetur og skemmtilegt er að segja frá því að nýliðun er búin að ganga mjög vel. Sú ákvörðun að ráða skautastjóra var það eina rétta því sjá má að deildin er farin að iða af lífi aftur þó svo að verki skautastjóra í nýliðun sé langt frá því að vera lokið. Nýliðun er mest á haustin og í janúar en nýliðunin í haust gekk mjög vel en í janúar gátum við ekki farið í herferð í nýliðun vegna þjálfaraskorts en flestir okkar aðstoðarþjálfarar eru í Menntaskólanum og því er janúar annsi annsamur tími hjá þeim.

Eins og undanfarin ár var Iveta Reitmayerova, yfirþjálfari deildarinnar, en hennar hægri hönd og skautastjóri var Kristín Helga Hafþórsdóttir og eru þær orðnar ansi öflugt teymi saman. Bæði Iveta og Kristín eru búnar að standa sig mjög vel á liðandi skautatímabili, enda stóðu allir okkar skautarar sig gríðalega vel í vetur. En það eru fleirri þjálfara sem starfa við deildina og koma að þessari góðu uppbyggingu og árangri deildarinnar og þær eru Arney Líf, Sara Júlía, Heiðrún, Hildur Emelía og Harpa Lind. Einnig var bætt við þjálfara í byrjun mars og var Ivana ráðin sem aðstoðarþjálfari en við þökkum öllum okkar þjálfurum fyrir vel unnin störf.

Segja má að æfingabúðirnar á Akureyri í júlí og ágúst marki jafnan upphafið af nýjum skautavetri. Það var Iveta Reimayerova yfirþjálfari deildarinnar sem sá um alla ísþjálfun A og B keppenda og Kristín Helga sá um C-keppendur og skautaskólann en því miður var engin balletkennsla eins og hefur verið síðust ár því hún Anja Matyskina komst ekki og ekki fannst neinn annar balletkennari með stuttum fyrirvara nema Ivana hljóp í skarðið með danskennslu. Æfingabúðirnar enduðu síðan með

áheitasöfnun og maraþoni sem allir skautarar æfingabúðanna tóku þátt í og var kátt í höllinni í heilan sólarhring.

Við höldum nokkur mót í vetur, sem hafa verið haldin undir stjórn Sigrúnar Ingibjargar Jóhannsdóttur. Auk þess sem við tókum þátt í nokkrum mótum í Reykjavík, öllum mótum Skautasambandsins, Kristalsmótsins fyrir C-skautara og Reykjavík International fyrir A-skautara og eldri B-skautara. Deildin stóð fyrir tveimur sýningum á skautaárinu, jólasýninginu og vorsýningu. Jólasýningin var hugljúf og tókst hún alveg einstaklega vel. Vorsýningin var hress og skemmtileg með Disney ævintýrum og einnig náðum við að fá nokkra efnilega hokkiskautara í sýninguna og þurftu þeir að mæta á margar strangar æfingar til að ná dansinum en afraksturinn var frábært atriði og skemmtigildið mikið.

Velgengi skautaranna okkar er búin að vera ótrúleg í vetur hvort sem hérlendis eða erlendis. Á öllum fimm mótum skautasambandsins stóðu skautararnir sig mjög vel og voru félagi sýnu til sóma og rökuðu verlaununum hingað norður. Nefna má að 4 bikarmeistara skiluðu sér í hús ásamt nokkrum silfur og bronz verðlaunum eins var á íslandsmótinu að það komu fjórir titlar í hús ásamt nokkrum silfur og bronz verlaunum. Nánast má segja að Skautafélag Akureyrar hafi átt síðasta mót ÍSS en þar voru nánast allir okkar keppendur á verðlaunapalli. Það má segja að keppendur í C-deildinni sé búið að fjölga gríðalega núna frá síðasta tímabili en á þessu tímabili tók engin skautari frá okkur þátt í Kristalsmótinu sem var haldið í Birninum í nóvember en á Frost vinamótinu áttum við 18 keppendur. Margir þessar keppenda voru að skauta sín fyrstu keppnisspor og stóðu allir sig rosalega vel. En það voru um 80 keppendur á þessu móti og mörg verðlaun skiluðu sér til okkar skautara, bæði verðlaunasæti og heiðursverðlaun dómara. Vegna mikils keppnisálags og stuttan tíma til að undirbúa næsta tímabil vegna ísleysisi í sumar var ákveðið að fresta Akureyrarmótinu þar til í haust.

Emilía Rós Ómarsdóttir hreppti þann heiður að vera skautakona LSA 2013.

Á þessu tímabili áttum við 4 landsliðsskautara sem eru Hrafnhildur Ósk, Elísabet Ingibjörg (Gugga), Emilía Rós og Hulda Dröfn. Þær Emilí, Gugga og Hulda fóru í byrjun febrúar til Slóveníu með landsliðinu á Dragon Trophy og stóðu þær sig með þryði. Rúmum þremur vikum seinna héldu þær Hrafnhildur, Gugga og Emilía út til Upsala í Svíþjóð og kepptu á Norðurlandamótinu þar sem þær voru landi sínu til sóma.

Í byrjun mars héldu nokkrir skautar, 9 talsins ásamt Ivetu Þjálfara og nokkrum mömmum til Budapest í keppnisferð, til að keppa á ISU Sportland Trophy. Þetta var mjög skemmtileg ferð, sól og blíða fullt af búðum og cirkus í Budapest. Til toppa ferðina stóðu allir okkar skautara sig æðislega, þetta var gríðalega stórt mót og margir keppendur í öllum flokkum og voru okkar skautara mjög framalega og hún Ísöld Fönn náði sér í silfurverðlaun. Litla Ísland kom bara á óvart og mótshaldara spurðu hvort við kæmum ekki aftur að ári. En til að gera sér grein fyrir stærð mótsins að þá er hver keppnisflokkur aðeins eitt ár í stað tveggja hér heima að utanskuldum ISU



SA Vikingar Íslandsmeistarar 2014

flokkunum. Marta María 7 sæti af 37 keppendum, Rebekka 10 af 23 keppendum, Pálína 7 af 11 keppendum, Ásdís 11 af 25 keppendum, Emilía 6 af 21 keppenda og Gugga 8 og Hulda 12 og Hrafnhildur 15 af 27 keppendum.

Öskudagsanmmisalan gekk mjög vel í ár og toppuðum við okkur en þetta er lang stærsta fjáröflunin sem deildin stendur fyrir til að standa undir rekstri deildarinnar en einnig voru haldin tvö bingó þetta tímabilið. Áheitasöfnunin gekk mjög vel og fer sú söfnun í niðurgreiðslu á æfingabúðum.

Í deildinni nú eru skráðir rétt um 90 iðkendur og er það mun betra en á tímabilinu á undan en haldið verður áfram góðu nýliðastarfi til að deildin geti dafnað meira.

Þegar á heildina er lítið var líðið skautaár vel heppnað, en nú þarf að halda áfram og bæta deildina enn frekar á næsta skautaári. Við þökkum skauturum og foreldrum fyrir líðandi skautavetur og óskum öllum okkar skauturum til hamingju með frábæran árangur í vetur.

Stjórn LSA

Skautafélag Akureyrar, Íshokki deild. Samantekt starfsins Haust 2013 – Vor 2014

5., 6. og 7. Flokkur

Þjálfarar voru Elise Marie Valjeots og Jóhann Már Leifsson en aðstoðarþjálfarar Matthías Már Stefánsson og Róbert Guðnason. Sarah Smiley var með í byrjun, kom starfinu af stað og lagði línurnar en fór svo í fæðingarorlof. Nýliðun í þessum flokkum gekk nokkuð vel og að venju voru mótin 4 á tímabilinu, tvö mót fyrir áramót og tvö eftir. Þátttaka í mótunum var góð og frammistaðan sýnir að starfið er á réttri leið.

4. Flokkur

Þar þjálfuðu fyrir áramót þeir Rett Vossler, markmaður meistaraflokks og Ben DiMarco leikmaður sama flokks en þeir komu báðir frá Ameríku til að spila og þjálfra hjá okkur þennan veturinn, en Jón B. Gíslason mætti til leiks eftir áramót og kláraði til vors. Fjórdi flokkurinn taldi um 20 leikmenn, bæði stráka og stelpur og spilaði getuskipt sem A og B lið. A-liðið vann alla sína leiki en B-liðið átti á brattann að sækja, skiljanlega, gegn sömu andstæðingum

og A-liðið en sýndi þó góðar framfarir og lofar góðu. Eins og venjulega voru 4 mót hjá þessum flokki, tvö mót fyrir áramót og tvö eftir.

3. flokkur

Þriðja flokk þjálfaði Rett Vossler. Framfarir voru stöðugar og góðar, en mótahald markaðist talsvert af því að SR-ingar mættu stopult til þátttöku á mótum og Björninn ákvað að mæta ekki í síðasta mótið í lok tímabilsins. Mótin áttu að verða 6 alls á tímabilinu en urðu því aðeins 5.

Jötnar

Áttu svölítið köflótt tímabil. Þjálfari Jötna var Richard Tahtinen og fylgdi hann þeim í heimaleiki en útileiki spiluðu þeir flesta óstuddir og misvel mannaðir. Í heildina var árangur þeirra þó ágætur og þeir lentu í öðrusæti ekki langt á eftir Húnum.

Víkingar

Undir handleiðslu Rikka áttu þeir frábært tímabil eftir smá hnökra í startinu. Skemmt er frá því að segja að þeir urðu bæði Deildarmeistarar og Íslandsmeistarar og unnu það afrek að vera taplausir í einvíginu og taka Bikarinn í aðeins þremur leikjum.

SA kvennalið

Ben Dimarco þjálfaði kvennalið SA þennan veturinn. Þetta tímabil var svölítið sérstakt í kvennahokkíinu þ.e. nú var landslið kvenna að æfa sér allan veturinn og því margar landsliðskonur sem ekki spiluðu með SA liðinu. Liðið náði þó góðum árangri og landaði Íslandsmeistaratitli þó að Deildarbikarinn færi suður.

Kvennalandslið

Í viðleitni Sambandsins til að þróa kvennahokkíð á landsvísu þá lagði Hokkídeild SA í samvinnu við ÍHÍ til æfingátíma og þjálfun (Ben DiMarco) fyrir norðlenska leikmenn liðsins allan veturinn. Mismunandi skoðanir eru uppi um hvernig til tókst, eins oft er um nýja hluti.

Valkyrjur og OldBoys

Þeirra starf var með hefðbundnu sniði þó ekki hafi tekist ennþá að tryggja Valkyrjum fasta reglulega æfingátíma. OldBoys æfir tvisvar í viku og bæði heldur mót hér og sækir mót suður. Valkyrjur taka þátt í 2 mótum á tímabilinu því fyrra í Egilshöll fyrir áramót og seinna mótið verður á Akureyri um miðjan maí.

Innanfélagsmót

Fyrir áramót var spilað innanfélagsmót í 4. Flokki og yngri sem tók 3 helgar, en það er minnkun frá fyrra ári þar sem þá var spilað bæði fyrir og eftir áramót.

Vormót

Boðið er upp á vormót nú eins og síðasta ár og er það spilað frá 22. Apríl og til loka ístímabilsins sem er 20 maí. Spilað er í tveimur deildum með blönduðum liðum, 4 í hvorri deild. Mótið heldur að þessu sinni Jón B. Gísla og er þátttökugjaldið 4þ. per haus.

Foreldrafélagið

Eins og undan gengin ár hefur foreldrafélagið séð um skipulag og framkvæmd ferða og mótahalds fyrir 3. flokk og yngri auk þess að reka sjoppuna í Skautahöllinni. Stjórn foreldrafélagsins og allt það fólk sem komið hefur

að verkum með þeim hefur að venju skilað algjörlega frábæru sjálfboðaliða starfi í þágu barnanna og félagsins sem seint verður þakkað að fullu því þarna liggur einn af hornsteinum starfsins alls.

Og í lokin, KÆRAR ÞAKKIR þið öll sem lagt hafið Deildinni lið í stóru og smáu, því vegna ykkar er þetta allt hægt.

Stjórn íshokkídeildar er skipuð eftirtöldum aðilum:


- Ólöf Sigurðardóttir, formaður
- María Stefánsdóttir, ritari
- Ari Gunnar Óskarsson, meðstjórnandi
- Garðar Jóhannesson, meðstjórnandi
- Reynir Sigurðsson, meðstjórnandi
- Sæmundur Leifsson, meðstjórnandi

Ársskýrsla Krulludeildar

Stjórn Krulludeildar er skipuð eftirtöldum mönnum:

- Ólafur Hreinsson, formaður
- Ólafur Freyr Númason, varaformaður
- Davíð Valsson, gjaldkeri
- Rannveig Jóhannsdóttir, ritari
- Rúnar Steingrímsson, meðstjórnandi
- Hallgrímur Valsson, varamaður
- Sveinn H. Steingrímsson, varamaður

Starfsárið 2013-2014 var hefðbundið í starfi Krulludeildar, enda er mótahald að mestu í föstum skorðum. Hallgrímur



Ísold Fönn Vilhjálmsdóttir 2014. Ísold varð Íslandsmeistari stúlkna 10 ára og yngri og vann öll Íss mót ársins

Valsson hætti sem formaður á aðalfundi deildarinnar í maí 2013 og tók Haraldur Ingólfsson við því embætti. Aðrar breytingar á stjórn urðu þær að Svanfríður Sigurðardóttir hætti sem ritari og Gísli Jón Kristinsson hætti sem vara-
maður. Rannveig Jóhannsdóttir var svo kjörin ritari í stað Svanfríðar, Rúnar Steingrímsson varð meðstjórnandi í stað Haralds, og þeir Hallgrímur Valsson og Sveinn H. Steingrímsson urðu meðstjórnendur. Áfram í stjórn voru svo Davíð Valsson og Ólafur Freyr Númason. Í haust sótti Krulludeildin um styrk úr Íþróttasjóði til kaupa á mælibúnaði sem nauðsynlegur er í keppni. Við höfum notast við heimasmiðaðan búnað, en þörf er á meiri nákvæmni en sá búnaður býður upp á. Styrkumsóknin var samþykkt og fáum við 140.000 króna styrk. Mælibúnaðurinn er á leið til landsins, ásamt fleiru sem stjórn Krulludeildar ákvað að kaupa. Haustið 2014 hófust æfingar í byrjun september, en fyrsta mótið, Akureyrarmótið, hófst í lok mánaðarins. Fimm lið tóku þátt í mótinu. Mammútar urðu Akureyrarmeistarar, Ice Hunt í öðru sæti og Garpar í þriðja. Gimli Cup hófst síðan í nóvember og stóð fram í desember. Mammútar héldu uppteknum hætti og sigruðu, Freyjur urðu í öðru sæti og Dollý í þriðja sæti. Ákveðið var við upphaf Bikarmóts Krulludeildar að breyta nafninu til heiðurs og minningar um Magnús Einar Finnsson, fyrrverandi formann SA og krulluspilara. Garpar gáfu fyrir nokkrum árum bikar til minningar um Magga sem keppt hefur verið um og heitir mótið hér eftir Magga Finns Bikarmót Krulludeildar. Fimm lið tóku þátt að þessu sinni. Mammútar kórónuðu árið og sigruðu Freyjur í úrslitaleik. Mammútar unnu semsagt öll mót sem liðið tók þátt í sem slíkt, önnur en úrslitakeppni Íslandsmótsins. Í desember var svo Jón Ingi Sigurðsson, fyrirliði Mammúta, kjörinn krullumaður ársins úr okkar röðum og Rannveig Jóhannsdóttir krullukona ársins. Stjórn deildarinnar ákvað að sá einstaklingur sem efstur yrði í kjörinu yrði íþróttamaður Krulludeildar, en sá einstaklingur af hinu kyninu sem hlyti flest atkvæði yrði einnig heiðraður. Að venju fór svo fram Íslandsmót sem hófst í janúar. Fimm lið skráðu sig til leiks. Aldrei hafa jafn fá lið tekið þátt í Íslandsmótinu. Garpar urðu deildarmeistarar, en ásamt þeim fóru Mammútar, Ice Hunt og Freyjur í úrslitakeppni. Mammútar urðu Íslandsmeistarar eftir sigur á Görpum í úrslitaleiknum og Ice Hunt hlaut bronsverðlaun eftir sigur á Freyjum. Ice Cup er á hverju ári hápunktur í starfsemi Krulludeildarinnar og lokapunkturinn á vetrarstarfinu. Mótið 2013 var afmælistmót, það tíunda í röðinni, en fyrsta mótið var haldið í maí 2004. Mótið hefur unnið sér ákveðinn sess á meðal heimafélks og margt í undirbúningi, skipulagi og framkvæmd komið í fastar skorður, en það gerist ekki af sjálfu sér. Þar spilar inn í mikil samstaða, samvinna og margar vinnustundir krullufólks sem hefur skilað okkur þessu glæsilega móti og tækifærum fyrir okkur til að spila við erlent krullufólk hér heima á þokkalega góðu svelli. Undirbúningur fyrir mótið sem fram fer 1.-3. maí 2014 er á góðu róli. Meðþátttaka verður í mótinu að þessu sinni og í fyrsta skipti verða erlendir leikmenn fleiri en þeir innlendu. Alls eru 20 lið skráð til leiks, þar af 10 sem eingöngu eru skipuð erlendum leikmönnum og tvö sem eru blönduð erlendum og innlendum leikmönnum.

Starfsemi Krulludeildar var hefðbundin á liðnu starfsári eins og vikið var að í upphafi. Við eigum áfram við sömu vandamál að stríða. Í fyrsta lagi aðstöðuna, í öðru lagi aðstöðuna, í þriðja lagi aðstöðuna og í fjórða lagi tíma-setningar á æfingum. Þetta og sjálfsagt ýmislegt annað hefur orðið til þess að iðkendum hefur fækkað – þeim sem æfa og keppa reglulega yfir veturinn. Ég leyfi mér að fullyrða að það sem helst heldur í okkur lífinu og viðheldur áhuganum er Ice Cup. Á hverju ári fáum við inn nokkra krulluleikmenn sem eru „hættir“ að spila þegar lið vantar leikmenn eða mótið vantar lið til að slétta töluna. Á næsta ári stöndum við frammi fyrir ákveðnum vanda sem komandi stjórn þarf að taka ákvörðun um hvernig bregðast skuli við. Á dagskrá eru endurbætur á gólfplötunni og fleiru í Skautahöllinni og eru áform um að svellið verði tekið þann 1. mars vegna framkvæmdanna og áætlað að opna aftur 1. september. Það verður því mikill þrýstingur og samþjöppun á allri starfsemi á komandi keppnistímabili og ólíklegt að við fáum samþykkt að hafa svellið fyrir okkur í tæpa viku eins og við höfum haft á vorin undanfarin tíu ár – og þar að auki kannski vafamál hvort við fengjum mörg erlend lið hingað í lok febrúar eða byrjun mars. Það eru nokkrir kostir í stöðunni; skoða með móta-hald í Reykjavík eða erlendis og kalla mótið samt Ice Cup og halda það á vegum Krulludeildar. Sleppa úr einu ári og treysta á að mögulegt verði að taka aftur upp þráðinn 2015, þá vonandi á betri gólfplötu og hugsanlega með bættri aðstöðu að öðru leyti í Skautahöllinni. Kannski mætti nýta jólafríð og halda „Mini“ Ice Cup og vonast til að einhver erlend lið vildu koma hingað og spila – og fagna áramótunum og njóta flugeldasýningar landans í leiðinni. Hver veit.



Skautafélag Akureyrar Ársskýrsla 2014-2015

Stofnað 1937

Innan vébanda Skautafélags Akureyrar starfa þrjár deildir hvar mikið og gott starf með börnum og unglingum sem og fullorðnum er unnið á degi hverjum. Starfið er blómlegt, rekstur deildanna gengur nokkuð vel. Aðalstjórn Skautafélagsins hefur yfirumsjón með starfsemi félagsins og Skautahöllinni, en rekstur hennar er vandasamt verkefni sem krefst mikillar vinnu.

Árið 2014 var einstaklega happalegt fyrir Skautafélag Akureyrar í víðum skilningi þar sem annarsvegar var nýr rekstrar-samningur undirritaður en hinsvegar voru afrekin á íþróttasviðinu mörg og félagið styrkti stöðu sína sem leiðandi félag í skautaiþróttum á Íslandi. Nú fyrst skyggir rekstur félagsins ekki á aðra starfsemi en stærsta skrefið í þessu var samningur við Akureyrarbæ sem tryggir fjármagns sem nægir fyrir eðlilegu starfsmannahaldi sem er án efa mikil breyting frá því sem áður var en fjársveldi var orðið svo að nauðsynlegu viðhaldi var orðið ábótavant. Þá stendur yfir undirbúningur fyrir framkvæmdir á húsinu vorið 2016 sem eru langt á veg komnar sem og teikningar sem gera ráð fyrir félagsaðstöðu og stækkun á klefum.

Viðburðir á vegum félagsins voru fjölmargir á tímabilinu. Listhlaupadeild hélt bæði jóla- og vorsýningu sem báðar gengu vel og fjölmargir lögðu leið sína í Skautahöllina. Íshokkídeildin hélt tvö stór barnamót ásamt öllum þeim fjölmörgu kappleikjum og mótum sem fram fara árlega á vegum deildarinnar en síðast og ekki síst var NIAC, alþjóðlegt heldri kvennamót, haldið í fimmta sinn.

Krulludeildin hélt einnig fjölmörg mót eins og tíðkast en það sem stendur upp úr var Ice-Cup mótið þar sem 9 erlend lið tóku þátt. Íslandsmótið í krullu var einnig sögulegt en í fyrst sinn tók lið frá öðru félagi en SA þátt með iðkenndum úr nýstofnaðri krulludeild Bjarnarins.

Árangur deilda félagsins var í heildina mjög góður en félagið var t.a.m. með flesta Íslandsmeistara og flesta landsliðsmenn allra akureyrskra íþróttafélaga á liðnu ári. Listhlaupadeildin átti 6 Íslandsmeistara á árinu og 6 bikarmeistara, 3 landsliðsmenn og frábæran árangur á öllum mótum bæði innanlands sem erlendis. Íshokkídeildin vann 5 af þeim 6 Íslandsmeistaratitlum sem í boði eru og áttu 28 landsliðsmenn á tímabilinu..

Ársskýrsla Aðalstjórnar

Í Skautafélaginu starfa alls 6 stjórnir og verða meðlimir þeirra tilgreindir síðar en um er að ræða eina stjórn í hverri deild auk tveggja foreldrafélagsstjórna ásamt aðalstjórn félagsins.

Aðalstjórn Skautafélags Akureyrar var tímabilið 2014-2015 skipuð eftirtöldum aðilum:

- Sigurður Sigurðsson, formaður
- Vilhjálmur Vilhjálmsson, varaformaður
- Davíð Valsson, jaldkeri
- Reynir Sigurðsson, ritari
- Ólöf Sigurðardóttir, meðstjórnandi
- Ingibjörg Magnúsdóttir, meðstjórnandi
- Ólafur Hreinsson, meðstjórnandi

Á síðasta aðalfundi kom Rut Hermannsdóttir inn í stjórn í stað Ingibjargar Magnúsdóttur en að öðru leyti er stjórnin óbreytt fyrir næsta tímabil.

Í Skautahöllinni starfa 3 starfsmenn, ýmist í fullu- eða hlutastarfi þeir eru:

Jón Benedikt Gíslason, framkvæmdastjóri
Þorsteinn Vignisson, svellagerðarmaður
Ólöf Sigurðardóttir, ræstítæknir

Starfsemi skautahallarinnar helst nær óskert alla daga frá opnun tímabilsins 20. ágúst til 20. maí fyrir utan aðfangadag, jóladag, gamlaársdag og nýársdag. Alla aðra daga er starfsemin í fullum gangi en stærsti hluti dagskráinnar eru æfingar sem hefjast suma daga kl 6.30 á morgnanna og lýkur um kl 23.00 á kvöldin.

Helgarnar eru þéttsetnar í Skautahöllinni og þá í langflestum tilvikum haldin mót eða viðburðir á vegum deilda félagsins. Opnunartímar fyrir almenning eru einskorðaðir við helgar en lítið er um lausa tíma aðra en þá sem losna vegna keppnisferða. Þessir tíma nýta oftast aðrar deildir eða hópar. Lausa tíma í tímatöflunni eru helst að finna á morgnanna en eitthvað er um að hópar leigi svellið á þeim tímum til skemmri eða lengri tíma. Þó svo skörð séu í tímatöflunni á morgnanna þá má segja að deildir félagsins sláist um tíma í höllinni en með fjölgun iðkennda er orðið snúið að koma eldri æfingarrópum inni núverandi tímatöflu.

Starfsmenn eru þrír, framkvæmdastjóri, svellagerðamaður og ræstítæknir. Hlutverk þeirra skarast nokkuð þar sem oft er aðeins einn starfsmaður í húsinu á hverjum tíma svo framkvæmdastjóri sér einnig um svellagerð og ræstingar líkt og svellagerðamaðurinn sinnir ræstingum. Foreldrafélagið hefur séð um rekstur sjöppunnar en það fyrirkomulag hefur reynst afar vel. Deildirnar sjá um klefavörslu á æfingartímum þar sem foreldrar skiptast á um vaktirnar.

Síðastliðin ár hefur reksturinn reynst þungur og því hefur verið skorið um nögl í öllum rekstri Skautahallarinnar, svo langt að það hefur komið niður á eðlilegu viðhaldi. Þó má segja að með mikilli sjálfböðavinnu ötulla félagsmanna hafi gengið ágætlega að halda starfinu gangandi. Með nýjum rekstrarsamningi hefur gefist svigrúm til viðhalds og endurnýjun rekstrarvara. Þar má helst nefna kaup á minni gólfþvottavél sem notuð er til móts við stærri vél sem var í húsinu en erfitt er að koma henni að öllum flötum. Þá haf allir ræstivagnar og ryksuga verið endurnýjuð. Íshefillinn og fræsari hafa fengið nýja rafgeyma og ný hef-
ilblöð á tímabilinu.

Nú sér loksins fyrir endann á ferlinu að langþráðum framkvæmdum á plötunni undir svellinu en búist er við að þær framkvæmdir geti hafist í febrúar/mars árið 2016. Platan hefur orðið fyrir mikilli frostlyftingu og er orðin kúpt sem gerir alla svellagerð erfða og krefst mikillar aukavinnu og viðhalds. Þegar langt var liðið á þetta tímabil og ísinn orðinn má segja láréttur var þynnsti punktur íssins rétt rúmlega 1 cm en sá þykksti um 18 cm en til viðmiðunar er leitast við að hafa ísinn um 3 cm væri platan fullkomlega



Andri Már 13.10.15 (ElvarPáls)

lárétt. Þessi auka þykkt vegna kúpunnar á plötunni eykur eðlilega orkukostnað svo um munar.

Samhliða framkvæmdum á plötunni verða búningsherbergi stækkuð og von er á að hægt verði að ráðast í félagsaðstöðu samhliða framkvæmdum á plötu. Þessar framkvæmdir hafa hvað mest að segja fyrir starfsemi félagsins. Með stækkun á klefum er mögulegt að halda heimsmeistaramót í íshokki en þau hafa hingað til aðeins verið haldin á höfuðborgarsvæðinu en þau telja 8 mót síðan árið 2001. Það er þó ekki aðeins stærð og fjöldi klefa sem gæti staðið í vegi fyrir að hér verði haldið heimsmeistaramót heldur einni aðstaða utan ís. Með félagsaðstöðu skapast nægilega stór og mörg rými fyrir allt það utnumhald sem fylgir slíku móti svo það skiptir einnig sköpum ef sótt er um að halda þvílíka viðburð. Félagsaðstaða á eflaust eftir að hafa mjög jákvæð áhrif á starfsemi deilda sem og rekstur hússins en aðstaðan getur orðið tekjulind fyrir húsið.

Iðkenndum hefur fjölgað það sem af er vetri en um 350 manns iðka nú þær íþróttir sem nú eru stundaðar í húsinu. Mikil fjölgun varð í byrjendaflokkum í íshokki en nýliðun í listhlaupadeild var minni en árið áður. Það sem er áhuga-
verðast við mikla nýliðun í íshokki síðastliðin tvö ár er að kynjahlutföllin eru nokkuð jöfn og haldast þannig allt upp í 5. flokk. Íshokki er ein af fáum íþróttum á landinu þar sem ekki er kynjaskipt í keppnisflokkum fyrr en í meistara-
araflokki svo stelpur og strákar spila saman sem lið í öllum öðrum flokkum. Yfir 30% af iðkenndum í íshokki hjá Skautafélaginu eru kvenkyns í dag og allar líkur eru á því að hlutfall kvenna eigi eftir að aukast. Hjá listhlaupadeild eru kynjahlutföllin nokkuð ójöfn en í dag er aðeins einn drengur æfir þá íþrótt svo þar er sannarlega verk að vinna.

Það er ekki aðeins fjölgun í yngstu árgöngunum hjá félaginu því fullorðnum byrjendum hefur fjölgað ört í íshokki og eru nú fjöldinn kominn hátt í 40 manns sem ekki hafa byrjað í íþróttinni fyrr en á fullorðins árum. Kynjahlutfallið er nokkuð jafnt en þessi hópur stundar einnig íþróttina saman án kynjaskiptingar. Í krulludeild hefur iðkenndafjöldinn haldist svipaður og síðastliðin ár sem er jákvætt í ljósi aðstæðna. Kynjahlutfallið í krulludeild er nánast helmingaskipt og þar spila allir saman, konur sem karlar og ungir sem gamlir.

Ársskýrsla Listhlaupadeildar

Stjórn listhlaupadeildar er skipuð eftirtöldum aðilum:

- Ingibjörg Magnúsdóttir, formaður
- Rut Hermannsdóttir, varaformaður
- Kristín Þöll Þórsdóttir, gjaldkeri
- Hrafnhildur Guðjónsdóttir, ritari
- Margrét Rún Karlsdóttir meðstjórnandi
- Gunnhildur Einarsdóttir, varamaður

Skautaárið sem er senn á enda er búið að vera viðburðaríkt og ekki hefur árangur keppenda staðið á sér. Nýliðun deildarinnar gekk ekki eins vel og á síðasta ári og má áætla að ástæðan sé að engar æfingabúðir voru hjá okkur síðasta sumar og þar af leiðandi engin skautaskóli.

Nokkrar breytingar urðu á stjórn LSA á miðju tímabilinu þegar Halldóra lét af störfum sem formaður deildarinnar og starfandi varaformaður tók við keflinu af Halldóru. Rut Hermannsdóttir tók þá að sér varaformennskuna í deildinni.

Eins og undanfarin ár var Iveta Reitmayerova, yfirþjálfari deildarinnar og henni til aðstoðar var Ivana Reitmayerova. Með þeim í þjálfarateyminu er Kristín Helga Hafþórsdóttir en hún hefur yfirumsjón með byrjenda flokkum og sér um þjálfun eldri C keppenda. Þjálfara teymið okkar hefur staðið sig mjög vel á liðandi skautatímabili, enda stóðu allir okkar skautarar sig gríðarlega vel í vetur. En það eru fleiri þjálfarar sem starfa við deildina og koma að þessari góðu uppbyggingu og árangri deildarinnar, Arney Líf þjálfaði hjá okkur fyrir áramót og hefur komið og aðstoðað eftir áramót, Ólöf María kom heim til Íslands í starfsnám og nutum við góðs af því og svo hafa A og B keppendurnir okkar hlaupið undir bagga ef á hefur þurft að halda. Við þökkum öllum okkar þjálfurum fyrir vel unnin störf í vetur.

Þar sem skautahöllin var lokuð síðasta sumar fór stór hópur skautara til Novy Jicin í Tékklandi í æfingabúðir. Dvöl hópsins stóð yfir í þrjár og hálfa vikur og voru nokkrir foreldrar með í för. Það var Iveta Reimayerova sem var yfirþjálfari búðanna og henni til aðstoðar var Hanna Töcziková. Ivana sá um þjálfun fyrir yngstu skautaranna og Ana Matyskina sá um ballettkennslu. Það var ekki slakað á þegar heim var komið heldur brunað til Reykjavíkur í æfingabúðir sem haldnar voru í Birninum og

sáu Iveta, Ivana, Clair og Andrew um þjálfun. Í þeim búðum fengu stelpurnar sín fyrstu kynni af jóga og hot jóga. Yngri skautarar fjölmenntu í þær búðir. Að Bjarnabúðunum loknum var farið í áheitasöfnun til að reyna fjármagna allt hafarið og strax á eftir var maraþon- ið þar sem öllum iðkendum deildarinnar var boðið að taka þátt og var kátt í höllinni í heilan sólarhring.

Við höldum nokkur mót í vetur, sem hafa verið haldin undir dyggri stjórn Margrétar Rúnar Karlsdóttir eða henni Möggu, en henni til aðstoðar var Gunnhildur Einarsdóttir. Auk þess sem við tókum þátt í nokkrum mótum í Reykjavík, öllum mótum Skautasambandsins, Kristalsmótsins fyrir C-skautara og Reykjavík International fyrir A-skautara og eldri B-skautara en þar sem eldri B skauturum var bætt við á seinustu stundu tók engin B- skautari þátt frá okkur.

Deildin stendur fyrir tveimur sýningum á skautaárinu, jólasýninginu og vorsýningu. Jólasýningin var hugljúf og tókst hún alveg einstaklega vel. Vorsýningin verður hress og skemmtileg með áherslu á gamla góða slagara. Hún verður haldin á sunnudaginn og mælum við með að allir mæti á þessa stórskemmtilegu sýningu.

Velgengi skautaranna okkar er búið að vera ótrúleg í vetur jafnt á mótum hérlandis og erlendis. Á öllum fimm mótum skautasambandsins stóðu skautaranir sig mjög vel og voru félagi sínu til sóma og rökuðu verlaununum hingað norður. Nefna má að 6 bikarmeistarar skiluðu sér í hús ásamt 3 silfur og 2 bronz verðlaunum, eins var á Íslandmeistaramótinu að það komu 6 íslandsmeistaratitlar í hús ásamt 2 silfur og 3 bronz verlaunum. Í ár var RIG-ið ISU mót í fyrsta skipti og einnig var í fyrsta skipti í sögu sjónvarpsins sem var bein útsending frá íslensku listhlaupamóti og þar brugðu okkar stelpur ekki út af vananum og röðuðu sér í öll efstu sætin í þeim keppnisflokkum sem við áttum keppendur í. Stelpurnar héldu uppteknum hætti á Vetrarmóti ÍSS og þar bætti Emilía Rós Ómarsdóttir stigamet í stúlknafllokki A, fyrir stutta prógramið, frjálsa prógramið og lauk hún keppni með 81,05 stig samanlagt.

C- keppendur okkar hafa jafnframt verið að standa sig mjög vel og raða sér í verðlaunasæti í flestum þeim flokkum sem við eigum keppendur. Þeir tóku þátt í Kristalsmótinu sem haldið er í Birninum í nóvember ár hvert. Á Frost vinamótinu áttum við 12 keppendur og voru nokkrir þessara keppenda að skauta sín fyrstu keppnisspor og stóðu allir sig rosalega vel. Það voru um 80 keppendur á þessu móti og skiluðu mörg verðlaun sér til okkar skautara, bæði verðlaunasæti og heiðursverðlaun dómara. Akureyrarmótið var haldið í byrjun nóvember og þar hreppti Ingibjörg Elísabet titilinn Akureyrarmeistari árið 2014.

Emilía Rós Ómarsdóttir var valin skautakona LSA í annað sinn árið 2014, auk þess að vera valin íþróttamaður SA.

Á þessu tímabili áttum við 3 landsliðsskautara sem eru Emilía Rós, Marta María og Pálína að auki náðu Ásdís Arna og Aldís lágmörkunum fyrir ungir og efnilegir. Í desember fór hluti landsliðsins ásamt ungum A skauturum á ISU-mót í Bratislava, Emilía Rós gat ekki tekið þátt á þessu móti vegna bílslyss sem þær mæðgur lentu í á leið heim af bikarmótinu. Árangur stelpnanna var stórglæsilegur, Marta María kom heim með gull og þær Ásdís og Ísold með silfur.

Að þessu sinni áttum við 3 keppendur á Norðulandamótinu sem haldi var í Stavanger í Noregi en þær Emilía Rós, Marta María og Pálína voru okkar fulltrúar á mótinu. Gekk þeim öllum mjög vel og náði Emilía að skila besta árangri Íslands hingað til í stutta prógraminu. Stúlkurnar röðuðu sér í 12, 13 og 18 sæti.

Næsta mót sem þær stöllur tóku þátt í var ISU Hamar Trophy í Noregi. Þar náði Emilía Rós þeim frábæra árangri að hafna í öðru sæti í stúlknaflökki á ISU móti. Einnig náði Marta María 3 besta scori fyrir frjálsa prógramið í stúlknaflökki og 5 sæti samanlagt einnig skautaði Pálína mjög vel og hafnaði í 17 sæti.

Ísold Fönn skellti sér til Ítalíu ásamt foreldrum sínum eftir páskana og tók hún þar þátt í móti sem er hluti af European criterium og hafnaði hún þar í þriðja sæti.

Þrír iðkendur listhlaupadeildar fengu 30 000 króna styrk úr Magga Finns minningasjóðnum en styrkirnir voru allir veittir til þátttöku í æfingabúðum.

Öskudagsanmmisalan gekk mjög vel í ár og toppuðum við okkur enn einu sinni en þetta er lang stærsta fjáröflunin sem deildin stendur fyrir til að standa undir rekstri deildarinnar. Áheitasöfnunin gekk mjög vel og fór sú söfnun í niðurgreiðslu á æfingabúða sem skautararnir tóku þátt í.

Í deildinni nú eru skráðir rétt um 90 iðkendur og er það mjög svipað og í fyrra en við höfum átt fleirri A og B keppendur í ár.

Næsta viðfangsefni deildarinnar er að taka þátt í Unglingalandsmóti ÍSÍ sem fram fer á Akureyri um verslunamannahelgina og munu A, B og C skautarar frá aldrinum 11-18 ára standa til boða að taka þátt. Svo vel takist til þurfa allir að taka höndum saman og vinna saman að undirbúningi og framkvæmd mótsins. Þetta er í fyrsta skipti sem listhlaup er keppnisgrein á landsmóti og þegar keppandi er búin að greiða keppnisgjaldið getur hann keppt í öllum þeim greinum sem honum dettur í hug. Við munum halda almennan fund á næstu vikum þar sem við munum kynna mótið og óska eftir sjálfboðaliðum til að starfa með okkur. Jafnframt verða æfingabúðir sumarsins kynntar á þeim fundi.

Allt stefnir í að næsta tímabil verði í styttri kantinum þar sem von er um að framkvæmdir hefist á vormánuðum 2016 á nýrri plötu og vonandi bættri félagsaðstöðu.

Þegar á heildina er litið var liðið skautaár mjög vel heppnað, en nú þarf að halda áfram og bæta deildina enn frekar á næsta skautaári. Við þökkum skauturum, þjálfurum og foreldrum fyrir liðandi skautavetur og óskum öllum okkar skauturum til hamingju með frábæran árangur í vetur.



Emilía Rós Ómarsdóttir á Íslandsmótinu í Listhlaupi. Emelía sigraði á öllum ÍSS mótum ársins 2015 og var valin Skautakona ársins hjá Skautasambandi Íslands

Ársskýrsla Íshökkídeildar

Stjórn íshökkídeildar er skipuð eftirtöldum aðilum:

- Ólöf Sigurðardóttir, formaður
- María Stefánsdóttir, ritari
- Ari Gunnar Óskarsson, meðstjórnandi
- Garðar Jóhannesson, meðstjórnandi
- Reynir Sigurðsson, meðstjórnandi
- Sæmundur Leifsson, meðstjórnandi

5., 6. og 7. Flokkur og Byrjendur

Þjálfari var Sarah Smiley og aðstoðarþjálfarar voru Róbert Guðnason, Halldór Ingi Skúlason og Silvía Rán Björgvinsdóttir. Nýliðun í þessum flokkum gekk nokkuð vel og að venju voru mótin 4 á tímabilinu, tvö mót fyrir áramót og tvö eftir. Þátttökan í mótunum var góð og frammistaða barnanna sýnir að starfið er í góðum höndum.

4. Flokkur

Þar þjálfaði Jón B. Gíslason og aðstoðarþjálfarar voru

Matthías Már Stefánsson og Jakob Ernfeldt. Fjórhóli flokkurinn vann alla sína leiki sem sýnir að framfarir hafa verið afar miklar. Eins og venjulega voru 4 mót hjá þessum flokki, tvö mót fyrir áramót og tvö eftir.

3. flokkur

Þriðja flokk þjálfaði Ben DiMarco en aðal útánúmhaldarar voru Ari Gunnar, Steini og Gústi bóndi. Framfarir voru miklar og skemmst frá því að segja að liðið tapaði aðeins 2 leikjum í vetur og urðu Íslandsmeistarar með yfirburðum.

2. flokkur

Þjálfari var Jay LeBlanc. Þetta var fámennur flokkur þetta keppnistímabil og átti svolítið köflótt tímabil þessvegna, en í heildina var árangur þeirra þó ágætur og þeir lentu í 3. sæti rétt 1 stigi á eftir Birninum.

Víkingar

Undir handleiðslu Ríkka og með Clark McCormik sem aðstoðar þjálfara áttu frábært tímabil. Þeir leiddu keppnina allan tímann nema að aðeins slaknaði á siglingunni undir lok deildarkeppninnar og þeir misstu af deildarbikarnum með 1 stigi en unnu svo úrslitakeppnina af öryggi.

SA kvennaliðin

Eldra kvennalið SA, Ásynjur þjálfaði Ben DiMarco en þær báru höfuð og herðar yfir önnur lið í þeirri deild og áttu taplausan vetur, sem er frábær árangur.

Yngra kvennalið SA, Ynjur þjálfaði Björn Már fyrir áramót en Sarah seinni hlutann og gerðu þær afar vel í keppni við eldri liðin og framtíðin er björt hvað þann hóp varðar.

Valkyrjur, Jarlar og OldBoys

Jarlar voru formleg viðbót um áramót og starf þessara flokka var með hefðbundnu sniði þó ekki hafi tekist ennþá að tryggja Valkyrjum og Jörlum fasta reglulega æfingartíma. OldBoys æfir tvisvar í viku og bæði heldur mót hér og sækir mót suður. Valkyrjur taka þátt í 2 mótum á tímabilinu því fyrra í Egilshöll fyrir áramót og seinna mótið verður á Akureyri um miðjan maí.

Innanfélagsmót

Fyrir áramót var spilað innanfélagsmót í 4. flokki og yngri sem tók 4 helgar, en það er minnkun frá fyrra ári þar sem þá var spilað bæði fyrir og eftir áramót.

Vormót

Boðið var upp á vormót nú eins og síðasta ár og var það spilað í apríl og til loka ístmabilsins sem er 20 maí. Spilað var í 4 deildum, Royal deild, úr Valkyrjum og Jörlum sem skipt var upp í 3 lið. - 1. deild úr 4.fl, 3.fl, 2.fl og mfl kvk. - 2. Deild úr 6., og 5.fl. og voru 4 lið í hvorri deild. Og svo var 3. deildin úr 7.fl. og byrjendum. Mótið hefur stöðugt vaxið og voru flestir þátttakendur nú frá upphafi.

Foreldrafélagið

Eins og undan gengin ár hefur foreldrafélagið séð um skipulag og framkvæmd ferða og mótahalds fyrir 3. flokk

og yngri auk þess að reka sjoppuna í Skautahöllinni. Stjórn foreldrafélagsins og allt það fólk sem komið hefur að verkum með þeim hefur að venju skilað algjörlega frábæru sjálfboðaliða starfi í þágu barnanna og félagsins sem seint verður þakkað að fullu því þarna liggur einn af hornsteinum starfsins alls.



Landsliðsmenn í krullu sem tóku þátt í Evrópumóti C deild 2015. Kristján Sævar Þorkelsson, Rúnar Steingrímsson, Ólafur Hreinsson og Kristján Bjarnason

Ársskýrsla Krulludeildar

Stjórn Krulludeildar er skipuð eftirtöldum mönnum:

- Ólafur Hreinsson, formaður
- Ólafur Freyr Númason, varaformaður
- Davíð Valsson, gjaldkeri
- Rannveig Jóhannsdóttir, ritari
- Rúnar Steingrímsson, meðstjórnandi
- Hallgrímur Valsson, varamaður
- Sveinn H. Steingrímsson, varamaður

Í vetur héldum við líkt og áður Akureyramót, Bikarmót Magga Finns, Gimlimót og Íslandsmótið. Tvö lið tóku að sér að hirða dollurnar. Ice Hunt urðu Akureyrar- og Gimlimeistarar en Garpar unnu Bikar- og Íslandsmótið. Lið Ice Hunt var skipað þeim Davíð Valssyni, Kristjáni Þorkelssyni, Rúnari Steingrímssyni og Sævari Sveinbjörnssyni. Fyrir Garpa léku þeir Árni Ingólfsson, Hallgrímur Valsson, Kristján Bjarnason og Sigurgeir Haraldsson.

Ekki má samt gleyma Áramótamótinu og Ice Cup. Áramótamótið 2014 fór fram mánudaginn 29. desember. 33 þátttakendur mættu til leiks og skiptust í 8 lið sem léku í tveimur riðlum. Að endingu voru það svo Beauty and Beast sem stóðu uppi sem sigurvegarar. Beauty and Beast var skipað Ara, Bjössa, Davíð og Óla.

Vegna fyrirhugaðra framkvæmda hafði ekki verið reiknað með að Ice Cup yrði haldið þetta árið. Framkvæmdum var hinsvegar frestað og stjórnin ákvað að setja mótið aftur á þrátt fyrir að reikna mætti með lítilli þátttöku erlendra liða, sem yfirleitt skipuleggja ferðir sínar á mót með mun lengri fyrirvara en við Íslendingarnir erum vanir.

Þátttakan reyndist þó mun meiri en við var að búast og

alls tóku 16 lið þátt í mótinu í ár. 66 liðsmenn voru skráðir og meiri hluti þeirra erlendir. Erlendu liðin voru níu og auk þess sem eitt lið er samsett úr tveimur Íslendingum og tveimur Ungverjum og eitt lið fékk til liðs við sig svissneskan starfsmann úr Vaðlaheiðargöngunum. Í tveimur af erlendu liðunum voru Íslendingar sem búsettir eru erlendis og spila krullu þar. Bjarki Steinarsson spilar með norsku liði og Guðrún Sablow sem spilar með liði frá New York. Eins og oft gerist þurfti að setja saman eitt lið svo liðafjöldi yrði hagstæður. Svo skemmtilega vildi til að samsetta liðið, The Others, stóð svo uppi sem sigurvegari. Liðið var skipað þeim Jóhanni Björgvinssyni, Martin Gossweiler, Ólafi Frey Númasyni og Viðari Jónssyni.

Þrátt fyrir mjög erfið skilyrði, tókst mótið með ágætum. Með mikilli vinnu félagsmanna rann allt smurt og ísgerð tókst ótrúlega vel. Er öllum sjálfboðaliðum þökkud sú mikla vinna sem þeir lögðu á sig til að mótið gæti heppnast sem best.

Krullukona og krullumaður ársins voru valin af stjórn Krulludeildar. Svanfríður Sigurðardóttir var valin krullukona ársins og Davíð Valsson krullumaður ársins.

Í október tóku 3 félagar úr krulludeildinni þátt í C-keppni Evrópumótisins 2014. Þetta voru þeir Jón Inga Sigurðsson, Ólafur Númason og Sigurður Steindórsson, sem allir koma úr Mammútum. Með þeim voru einnig Andri Magnússon og Guðmundur Karl Ólafsson úr Krulludeild Bjarnarins.

Starfsemi deildarinnar nú í vetur hefur sjaldan verið daprari og, því miður, ekki sjáanleg mikil breyting þar á. 4-5 lið tóku þá í mótum vetrarins og enn færri mættu ef aðeins var um æfingu að ræða. Oft þurfti að leita uppi mannskap til að fylla í hópinn svo hægt væri leika. Nær eingöngu voru mánudagar nýttir en miðvikudagar voru lánaðir til annara deilda Skautafélagsins.

Skýringar á lélegri mætingu eru væntanlega margar en helst er að nefna lélegar aðstæður, vondur ís og vondur æfingatími. Eins fer meðalaldur félagsmanna hækkandi og varla hægt að reikna með að breytingu þar á fyrr en betri aðstæður skapast. Fyrirhugaðar lagfæringar í höllinni á næsta ári og þátttaka Krulludeildar í Unglingalandsmóti UMFÍ, í ágúst á þessu ári, gætu haft einhver jákvæð áhrif en ljóst er að alvöru krullusvell þarf til að bæta stöðu okkar.

Í byrjun desember sl. sótti Krulludeild SA um að taka þátt í verkefni Alþjóða Krullusambandsins, sem gekk út á að fá lánaða færanlega krulluadstöðu sem jafnvel mátti kaupa í lok lánstímans. Nokkur vinna var lögð í umsóknina og leitað eftir jákvæðum stuðning bæjaryfirvalda við umsóknina án skuldbindinga. Viðbrögðin ollu vonbrigðum. Jákvæð umfjöllun ÍBA var send til umsagnar til íþrótta ráðs en þar var afgreiðslu málsins frestað örfáum dögum áður en umsóknin til Alþjóðasambandsins var send inn. Það er skemmst frá því að segja að okkar umsókn hlaut

ekki náð fyrir augum sambandsins. 16 aðilar frá 11 löndum sóttu um og frændur og okkar frá Finnlandi munu væntanlega fá húsið og reisa það í Turku.

Enn er ekki öll von úti en allt þarf þetta þó að vinnast með bæjaryfirvöldum. Sé vilji til þess, hjá þeim, að standa með okkur í að bæta aðstöðu krullumanna sjáum við marga möguleika. Alþjóðasambandið benti okkur á að við værum sennilega hæf til að sækja um lán til félagsins og eins höfum við eftir ýmsum leiðum fengið ábendingar um fleiri möguleika til að verða okkur úti um bætta aðstöðu.

Næsta tímabil verður með breyttu sniði þar sem áætlað er að fara í lagfæringar á plötu og vonandi bæta félagsaðstöðuna. Reiknað er með að framkvæmdir hefjist í feb. - mars og því styttest tímabilið þannig að Ice Cup 2016 verður ekki haldið. Reynt verður að klára öll önnur mót fyrir lokun hallar.

Það hlítur að verða verkefni næstu stjórnar að halda áfram vinnu við að skapa betri aðstöðu og þá byrja á að sannfæra bæjaryfirvöld um ágæti þess að Krulla verði í boði, bæði sem hluti af íþróttaflóru bæjarins og eins sem stuðningur við markaðsetningu bæjarins í ferðamennsku.



Marta María Jóhannesdóttir sigraði á Grand Prix Bratislava 2015 og Ásdis Arna Bergsveinsdóttir hafnaði í öðru sæti.



SA Íslandsmeistarar kvenna 2015.

Skíðafélag Akureyrar

Ársskýrsla 2014-2015

1. Stjórn SKA og nefndir

Í stjórn SKA 2014-2015 sátu Guðjón Marteinsson formaður, Friðbjörn Benediktsson varaformaður, Arnar Friðriksson gjaldkeri, Vilborg Þórarinsdóttir ritari, Björk Guðmundsdóttir meðstjórnandi, Alma Ólafsdóttir meðstjórnandi og Einar Eyland meðstjórnandi. Stjórn SKA fékk umboð aðalfundar 2014 til að finna stjórnarmeðlim sem ekki tókst að finna á aðalfundinum.

Stjórnin byrjaði strax, að loknum síðasta aðalfundi, að undirbúa starfið fyrir haustið og var ákveðið að hittast á fyrsta fundi í ágúst.

Stjórnin hóf sitt eiginlegt starf í ágúst 2014 og fundaði formlega aðra til þriðju hverja viku á starfsárinu.



Frá Andrésar Andar leikumum 2014.

Meðal helstu málefna sem núverandi stjórn hefur beitt sér fyrir eru:

1) Starfssamningur við Akureyrarbæ: sem rann út um áramótin 2014-2015. Stjórn SKA setti saman ýtarlegar hugmyndir um markmið SKA og um það sem má betur fara í Hlíðarfjalli er varðar skíðaíþróttina og lagði þær fram á fundi með Íþróttaráði og IBA í byrjun september ásamt nýjum samningi við Akureyrarbæ. Stjórn SKA er búin að hitta fulltúa ÍRA nokkrum sinnum í vetur til að fylgja þessu eftir. Nú þegar hefur SKA fengið húsnæði undir skrifstofu og félagsaðstöðu í Laugargötu ásamt auknu aðgengi að Íþróttasalnum. Stjórnin vonast til að það verði farið í framkvæmdir í Hlíðarfjalli í sumar en það hefur ekki verið staðfest ennþá. Útfærsla að hugmyndum varðandi framkvæmdir í Hlíðarfjalli er í gangi núna og á komandi vikum.

2) SKA tók í notkun nýtt innheimtukerfi vegna æfinga.



Brettadeild 2014.

gjalda sem Akureyrarbær setur sem skilyrði til að foreldrar geti nýtt tómstundarávísanir. Þetta kefi kallast NORA. Mikil vinna fór í að koma þessu af stað í haust. Eitthvað var um byrjunarörðugleika sem leystust flestir þegar leið á veturinn. Stjórn þakkar skilning foreldra þar sem það á við.

3) Haustæfingar fóru af stað í göngu og alpagreinum um leið og skólarnir tóku til starfa í ágúst og var almenn ánægja með það. Góð mæting var í öllum árgöngum nema hjá yngstu krökkunum. Þar má gera betur og eru hugmyndir um hvernig á að gera það í haust. Laugargata mun vera miðstöð haustæfinga.

4) Æfingar á snjó byrjuðu í Hlíðarfjalli fyrripartinn í október fyrir eldri hópanna. Ágætar aðstæður voru í Norðurbakka og Andrésarbraut fyrir Alpa og Brettagreinar og í göngubraut fyrir göngufólk. Framan af vetri voru bakkarnir oft mjög harðir sem hentar brettafólki síður. Hlíðarfjall opnaði svo 19. des 2014 og þá byrjuðu æfingar hjá öllum hópum og árgöngum. Vindasamt var oft í Hlíðarfjalli í vetur sem kom í veg fyrir æfingar og var talsvert af aukaæfingum hjá þjálfurum til að bæta fyrir það.

5) SKA stóð fyrir mörgum mótum í Hlíðarfjalli í vetur í öllum greinum og tókust þau vel. Í ár var 40 ára afmæli Andrésar Andarleikanna sem tókust mjög vel. Kempumót var haldið í fyrsta sinn þetta árið og var mikil ánægja með það. Búast má við að það verði árviss viðburður hér eftir.

6) Stjórn SKA hefur rætt um hvernig megi varðveita sögu félagsins. Eitt skref í þá átt er að bjóða eldri félögum aðstöðu til að hittast í Laugargötu og hefur það nú þegar verið gert.

7) Strýtusjoppa: hefur gengið þokkarlega í vetur þrátt fyrir marga lokunardaga um helgar í vetur. Hugmyndir

eru um að endurskoða fyrirkomulag á rekstri sjöppunnar fyrir næsta vetur. Erfiðlega hefur gengið að manna hana á köflum og þarf að endurskoða með hvaða hætti hún verður rekin áfram, til að tryggja að félagið verði ekki af þessum nauðsynlegum tekjum. Tillaga í þá átt verður lögð fyrir aðalfund SKA 2015.

8) Einkennisklæðnaður: Stjórn beitti sér fyrir því, í samstarfi við fatanefnd, að keyptar yrðu SKA peysur handa þeim sem það vildu. Auk þess fengu allir iðkendur húfu merкта félaginu fyrir Andrésarleikanna. Þetta er liður í því að auka samstöðu og samheldni hjá SKA iðkendum og tókst að mati stjórnar vel.

Auk þessa hefur stjórn sett sig inn í málefni sérgreinanefnda félagsins eftir þörfum, fundað með fulltrúum þeirra og beitt sér fyrir málum og tekið þátt í uppákomum eftir því sem þurfa þykir.

Stjórn SKA þakkar félagsmönnum, iðkendum og þálfurum samstarfið á liðnum skíðavetri.

*Stjórn
Skíðafélags Akureyrar*



Keppendur á gönguskiðum á góðri ferð.



Æfing á góðum degi í Hlíðarfjalli.

Skotfélag Akureyrar Ársskýrsla 2014

Stjórn SA 2014

Sigurður Áki Sigurðsson, formaður
Finnur Steingrímsson, varaformaður
Hafsteinn Lúðvíksson, gjaldkeri
Gyða Árnadóttir, ritari
Guðlaugur Bragi Magnússon, meðstjórnandi

Rekstur Skotfélags Akureyrar gekk vel á árinu 2014 og skilaði rekstrarafgangi eins og undanfarin ár.

Við höldum 31 mót í 14 mismunandi greinum, þar af 13 í haglagreinum og 18 í kúlugreinum og er það nokkur fjölgun frá því árinu á undan. Mikil gróska hefur verið í öllum keppnisgreinum og þátttaka í mótum verið góð. Annað árið í röð höldum við Íslandsmeistaramót í sport- og gróf skammbýssu og einnig höldum við bikarmeistaramót í SKEET.

Fjórir aðilar unnu Akureyrarmeistaratitlana þetta árið.
Guðlaugur Bragi Magnússon í SKEET og Trap
Finnur Steingrímsson í Silhouette
Kristbjörn Tryggvason í Benchrest
Grétar Mar Axelsson í Sporting, grófri- og staðlaðri skammbýssu.

Skotfélag Akureyrar átti keppendur á mótum víðsvegar um landið og stóðu þeir sig allir með sóma. Bestum árangri náði Grétar Mar bæði í hagla- og kúlugreinum.

Skotmaður ársins 2014 er Grétar Mar Axelsson. Hann er afar fjölhæfur skotmaður og hefur stundað æfingar af kappi bæði í hagla- og kúlugreinum. Grétari hefur farið mikið fram í haglaskotfimi á stuttum tíma og varð hann í öðru sæti til bikarmeistara Íslands og í þriðja sæti í



Grétar Mar Axelsson og Guðlaugur Bragi Magnússon



Grétar Mar Axelsson

Íslandsmeistaramótinu. Hann varð einnig Íslandsmeistari í sport- og gróf skammbýssu.

Lokahófið var haldið 20. september og tókst það vel þótt keppendur hefðu mátt vera fleiri. Keppt var í bæði hagla- og kúlugreinum og voru keppendur 14 talsins.

Ekkert gerðist í frágangi og vinnu við nýju ríffilbrautina, enn eitt árið! Málið hefur strandað hjá bænum vegna skorts á fjármagni en okkur hefur verið lofað að farið í að klára þetta á starfsárinu 2015.

Inniðstaðan er nánast frágengin en ekki hefur verið hægt að taka hana formlega í notkun. Undanfarnar vikur hafa staðið yfir breytingar sem þurfti að fara í til þess að fá úttekt á aðstöðunni og sjáum við nú loks fyrir endann á því og vonumst til að geta byrjað að nota hana á næstum vikum.

Helstu framkvæmdir sem farið var í á skotsvæðinu á síðasta ári voru breytingar á ríffilhúsi auk þess sem skipt var um gler í suðurstaftni félagsheimilisins. Þá var byrjað á framkvæmdum við eldri SKEET völinn þar sem pallar voru steyptir upp.

Árið 2015 byrjar vel!

SKEET mennirnir okkar hafa æft af kappi frá áramótum og mun Guðlaugur Bragi taka þátt í tveimur úrtökumótum í apríl og maí vegna smáþjóðaleikana sem haldnir verða á Íslandi í sumar.

Á dögnum fjölmenntu okkar menn á Íslandsmeistaramót í sport- og gróf skammbýssu og varð Grétar Mar Íslandsmeistari í sportbýssu þriðja árið í röð og í grófbýssu annað árið í röð.

Opnunartími skotsvæðisins verður með sama fyrirkomulagi og undanfarin ár og hefur verið gengið frá ráðningu starfsmanns.

Helstu framkvæmdir þessa árs er að klára framkvæmdirnar við eldri SKEET völlinn. Byggja þarf ný hús fyrir kastvélar og klára frágang í kringum völlinn svo hann standist allar þær kröfur sem gerðar eru.

Íslandsmeistaramótið í SKEET verður haldið á Akureyri í ágúst á þessu ári og verða vellirnir því að vera í toppstandi fyrir þann tíma.

Akureyri 6. apríl 2015,

Sigurður Áki Sigurðsson, formaður Skotfélags Akureyrar



Grétar Mar Axelsson



Skotfélag Akureyrar Ársskýrsla 2015

Stjórn SA 2015

Sigurður Áki Sigurðsson, formaður
Finnur Steingrímsson, varaformaður
Andrés Ívarsson, gjaldkeri
Gyða Árnadóttir, ritari
Guðlaugur Bragi Magnússon, meðstjórnandi

Rekstur Skotfélags Akureyrar gekk vel á árinu 2015 og skilaði rekstrarafgangi eins og undanfarin ár.

Við höldum 33 mót í hinum ýmsu greinum, Mikil gróska hefur verið í öllum keppnisgreinum og þátttaka í mótum verið góð. Þriðja árið í röð höldum við Íslandsmeistaramót í sport- og gróf skammbýssu og einnig höldum við Íslandsmeistaramót í SKEET.

Fimm aðilar unnu Akureyrmestarattitlana þetta árið.
Guðlaugur Bragi Magnússon í SKEET
Bragi Óskarsson í Sporting
Finnur Steingrímsson í Silhouette
Wimol Sudee í Benchrest

Grétar Mar Axelsson í Trapp, grófri- og staðlaðri skammbýssu.

Skotfélag Akureyrar átti keppendur á mótum víðsvegar um landið og stóðu þeir sig allir með sóma. Bestum árangri náði Grétar Mar bæði í hagla- og kúlugreinum.

Skotmaður ársins 2015 er Grétar Mar Axelsson. Hann er afar fjölhæfur skotmaður og hefur stundað æfingar af kappi. Grétari hefur á stuttum tíma orðið einn besti skotmaður landsins í sínum greinum, í haglagreinum varð hann í öðru sæti til bikarmeistara Íslands og í þriðja sæti í



Frá vinstri: Guðlaugur Bragi Magnússon, Grétar Mar Axelsson og Finnur Steingrímsson

Íslandsmeistaramótinu. Hann varð einnig Íslandsmeistari í sport- og gróf skammbýssu.

Lokahófið var haldið 26. september og tókst það vel.

Ekkert gerðist í frágangi og vinnu við nýju ríffilbrautina, enn eitt árið! Málið hefur strandað hjá bænum, í haust fengum við heimsókn nokkura aðila tengdum framkvæmdasviði bæjarins ásamt bæjarstjóra sjálfum og var okkur lofað að farið yrði í að klára þetta mál frá.

Inniaðstaðan er frágengin og hefur verið tekin formlega í notkun.

Þar eru nú stundaðar æfingar tvisvar í viku bæði í loftbýssugreinum

og skammbýssugreinum. Æfingarnar eru á þriðjudags og fimtudags kvöldum milli 20:00 og 21:30

Farið var í töluverðar framkvæmdir á skotsvæðinu á síðasta ári.

Fimleikafélag Akureyrar Ársskýrsla 2014

Starfið hjá Fimleikafélagi Akureyrar gekk vel árið 2014 eins og undangengin ár. Í upphafi árs var Bjarney Sara Bjarnadóttir krýnd íþróttamaður ársins fyrir árið 2013 og fór hún sem fulltrúi FIMAK í valið um íþróttamann Akureyrar sem haldið var í janúar. Bjarney Sara æfði áhaldafimleika og keppti í 3. þrepi árið 2013 og náði góðum árangri þar. Hún er mjög jákvæð og drífandi stelpa sem tók miklum framförum. Hún er mjög góð fyrirmynd fyrir aðra fimleikaiðkendur. Aðrir íþróttamenn voru valin þau Selma Hörn Vatnsdal í hópfimleikum, Þórey Edda Þórleifsdóttir í áhaldafimleikum kvenna, Birgir Valur Ágústsson í áhaldafimleikum karla og Gunnar Skírnir Brynjólfsson í stökkfimi.

fékk 5 milljónir í styrk sem notaðar voru til lækkunar á æfingagjöldum og niðurgreiðslu vegna móta 2014. Kunnnum við þeim miklar þakkir fyrir.

Aðalfundur félagsins var ekki haldinn fyrr en 13. ágúst í Giljaskóla. Það kom til vegna þess að ársreikningar félagsins voru ekki klárir frá bókhaldsþjónustunni fyrr en í ágústbyrjun. Aðalfundinn sóttu í kringum 10 manns fyrir utan þjálfara, stjórn og starfsfólk. Fundastjóri var Unnsteinn Jónsson og fundaritari Lára Halldóra. Á fundinum fóru fram almenn aðalfundarstörf. Framboð til formanns var aðeins eitt og því var Inga Stella Pétursdóttir endurkjörin sem formaður til eins árs. Aðeins eitt sæti stjórnar var ekki til úthlutunar þar sem Rut Jónsdóttir var



FIMAK - meistaraflokkur í hópfimleikum.

Iðkendafjöldi fimleikafélagsins var um 800 sem skiptast í um 40 hópa og þjálfarar félagsins telja 50-60. Kynjahlutfallið var stúlkum í hag þar sem u.þ.b 70% iðkenda voru stúlkur. Aldursbilið var frá 3 ára til 50 ára. Fullt er í flesta hópa og biðlistar voru í suma hópa.

Í lok árs 2013 var stjórn og framkvæmdastjóra FIMAK boðið til samkomu í boði Samherja. Tilefnið var að veita styrki til samfélagsverkefna á Eyjafjarðarsvæðinu. FIMAK

kosin til tveggja ára árið 2013. 5 sæti í stjórn voru því laus til umsóknar þar sem Agla Egilson, Guðrún Vaka og Einar Þorsteinn (sem kom inn sem varamaður þegar Sævar Kristjánsson hætti) áttu öll laust sæti. Öll gáfu þau kost á áframhaldandi stjórnarsetu, Agla til eins árs en hinir til tveggja ára. Að auki gaf Álfheiður Svana Kristjánsdóttir kost á sér í stjórn og var hún sjálfkjörin. Til varamanns buðu sig fram þau Guðmundur Karl Jónsson og Valdís

Jósavinsdóttir og voru þau sjálfkjörin. Í lok árs fór Guð-rún Vaka í leyfi og Guðmundur Karl kom inn fyrir hana og hefur setið fram að þessum fundi.

Mót og viðburðir

Mót og viðburðir sem haldnir voru á árinu 2014 voru Þrepamót, Íslandsmót í áhaldafimleikm, Akureyrarfjör, Vormót í hóp fimleikum, Vorsýning og Haustmót FSÍ í áhaldafimleikum hluti I.

29.-31. mars fór fram Akureyrarfjör þar sem öllum iðkendum félagsins 6 ára og eldri gafst kostur að þátttöku. Ekki voru veitt verðlaun hjá iðkendur yngri en 9 ára, heldur fengu allir þátttökuverðlaun. Krýndir voru Akureyrarmeistarar í öllum flokkum og þrepum jafnt í hóp fimleikum og áhaldafimleikum. Aldursbil þátttakenda á mótinu var 6 -50 ára.

Vorsýningin var hin glæsilegasta þar sem þemað var lönd. Sýningarnar voru 4 talsins og gleði skein úr hverju andliti. Á vorsýningunni gátu aðstandendur keypt ljósmyndir af hópnum og einnig upptöku af sýningunni.

Haustmót FSÍ í áhaldafimleikum var svo haldið hér fyrir norðan. 1.-2. nóvember þar sem keppt var í 3.-5. þrepi íslenska fimleikastigans. Fimleikafélagið sendi keppnishópina sína á flest mót sem haldin voru á vegum FSÍ. Áhaldafimleikakrakkarnir sem Florin, Mirela, Clara, Mihaela og Jan þjálfu sóttu þrepamót, Bikarmót, Íslandsmót og Haustmót. Á Íslandsmótinu átti félagið 22 keppendur, 17 stelpur og 5 stráka, en þangað komast aðeins þeir sem náð hafa lágmarkseinkunn hvers þreps eftir FSÍ mót vetrarins. Jóhann Gunnar gerði sér lítið fyrir og sigraði sinn aldurflokk í 5. þrepi og hann varð einnig stigahæstur í öllu þrepinu svo hann var krýndur Íslandsmeistari í 5. þrepi áhaldafimleikum drengja 2014.

Veturinn gekk vonum framar í hóp fimleikunum þar sem félagið var enn að aðlagast keppnisreglum sem settar voru á sumarið 2013. Framvegis þurfa allir að keppa í Team Gym reglum sem fela í sér erfiðari æfingar. Í janúar sendi félagið tvö lið til keppni á RIG og hafnaði annað liðið It1 í 3. sæti á mótinu. Vormótið í hóp fimleikum var svo haldið á Akureyri og tókum við þá ákvörðun að flytja mótið yfir í KA-höllina þar sem áhorfendastúkan í fimleikahúsinu rúmar ekki þann fjölda sem væntanlegur var á mótið. Á mótinu lenti 3. flokkur Fimak í 1. sæti í B-deild og 5. flokkur í 2. sæti.

Við höldum áfram að senda iðkendur til keppni á stökkfimi mót sem FSÍ stendur fyrir þar sem fram fer einstaklingskeppni á áhöldum hóp fimleika. Á þetta mót sendi fimleikafélagi 5 drengi sem stóðu sig allir frábærlega vel og varð Sæmundur Brynjólfsson Íslandsmeistari í sínum flokki.

Í desember var ákveðið að senda yngri krakka, sem vantaði herslumuninn á að komast á FSÍ mót, á Aðventumót sem haldið er í Ármanni ár hvert. Það lukkaðist vel og vonandi verður þetta að árlegum viðburði hjá okkur.

Í október fór fram stærsti viðburður sem haldinn hefur verið á Íslandi, EM- í hóp fimleikum og raskaði það aðeins starfseminni hjá okkur þar sem við gáfum þeim þjálfurum sem þess óskuðu leyfi til að geta farið suður og horft á viðburðinn. Við áttum því miður ekki keppendur á mótinu en

vonumst til þess að það verði raunin í nálægri framtíð. Stefán Þór þjálfari var mjög nærri því að komast í lið.

Eftir að kennslu lauk á vorönn stóð fimleikafélagið fyrir stuttum sumarnámskeiðum þar sem krökkum gafst kostur á að sækja námskeið sem stóðu yfir viku í senn. Í boði voru námskeið í hóp fimleikum, áhaldafimleikum, almennum fimleikum, parkour og trampólíni. Námskeiðin voru vel sótt.

Stór hópur krakka hélt á Eurogym í Helsingborg í Svíþjóð í júlímánuði og var mikil tillökkun hjá krökkunum og skemmtu þau sér öll vel. Vegna þess hve vel gekk er í skoðun að fara á næsta Eurogym sem haldið verður árið 2016 í Tékklandi.

Sí- og endurmenntun er félaginu mikilvægt og stefna félagsins að halda eitt sérgreina námskeið á hverju ári að lágmarki. Í nóvember var haldið þjálfaranámskeið í sérgreinahluta 1A á vegum FSÍ og var það mjög vel sótt. Erfitt hefur reynst að fá sérgreinanámskeið hingað norður og bíðum við enn eftir að geta haldið dómarnámskeið í áhaldafimleikum kvenna. Nokkrir þjálfarar kláruðu 1. stig þjálfunar ÍSÍ.



Stefán Þór Friðriksson
íþróttamaður ársins 2014.

Stjórnsýsla

Fimleikafélag Akureyrar er þriðja stærsta fimleikafélag landsins á eftir Gerplu og Ármanni og eitt af þrem stærstu íþróttafélögum á Akureyri. Rekstur félagsins er höndum framkvæmdastjóra sem ráðinn var til starfa árið 2012 ásamt því að stjórn FIMAK tekur mikinn þátt í rekstri í félagsins. Sótt var um styrk til KEA í haust og samþykkti stjórn KEA að veita FIMAK 300.000 kr. styrk til reksturs félagsins. Einnig sótti Eurogym 2014 nefndin um styrk til KEA sem samþykkti að styrkja verkefnið um 200.000 kr. Við fengum í lok árs leyfi til að setja upp auglýsingar í salinn og höfum því getað selt auglýsinga sem hanga þar upp. Salan á auglýsingum hefur gengið nokkuð vel og vonum við að það haldi áfram. Stjórn ákvað að leita tilboða í bankþjónustu fyrir félagið og varð raunin sú að félagið skipti frá Íslandsbanka yfir í Landsbankann.

Undanfarin ár hefur félaginu sárlega vantað fastráðna þjálfara. Þörfin er mest í hópþímleikum þar sem félagið hefur nú verið að senda lið til keppni í meistaraflokk. Stjórn hefur í samstarfi við framkvæmdastjóra og yfirþjálfara leitað að þjálfara í fullt starf fyrir hópþímleikana en hefur sú leit ekki enn skilað árangri. Mikill þjálfaraskortur er í greininni bæði hér á landi og erlendis.

Það er óhætt að segja að veðurguðirnir hafi ekki verið á okkar bandi árið 2014 frekar en síðustu ár. Íslandsmótinu sem halda átti 22.-23. mars þurfti að fresta til 6. arpíl vegna ófærðar sem stóð yfir í 5 daga. Þetta olli miklu fjarðarfoki meðal félaganna fyrir sunnan og hefur stjórn ósjaldan fengið að heyra það að það eigi ekki að halda mót úti á landi yfir vetrartímann.

Í byrjun árs 2015 var krýndur íþróttamaður fimleikafélagsins árið 2014. Íþróttamaður FIMAK árið 2014 var valinn Stefán Þór Friðriksson. Stefán hefur mest lagt stund á Parkour en ákvað fyrir þrem árum að reyna fyrir sér í hópþímleikum. Hann keppti með karlaliði Gerplu á Norðurlandamóti 2013 og komst í lokaniðurskurð fyrir EM sem haldið var hér heima síðastliðið haust. Tekin var sú ákvörðun að hætta að veita verðlaun fyrir þann sem þótti bestur í hverri keppnisgrein eins og undanfarin ár og ákveðið að veita heldur verðlaun fyrir ástundun og virkni annars vegar og framfarir hins vegar. Þessi verðlaun verða framvegis veitt í hverjum keppnishóp á vorsýningu félagsins.

Inga Stella Pétursdóttir, formaður FIMAK



Fimleikafélag Akureyrar Ársskýrsla 2015

Starfið hjá Fimleikafélagi Akureyrar gekk vel árið 2015 eins og undangengin ár. Í upphafi árs var Stefán Þór Friðriksson krýndur íþróttamaður ársins fyrir árið 2014 og fór hann sem fulltrúi FIMAK í valið um íþróttamann Akureyrar sem haldið var í janúar. Stefán lagði stund á hópþímleika og Parkour og var einn þriggja sem komu að því að FIMAK biði uppá Parkour. Hann náði undraverðum árangri á stuttum tíma og komst á því ári í 16 manna hóp í landsliðið sem var valið fyrir Evrópumótið sem fór fram þá um haustið. Flottur og vel að þessu kominn, Stefán.

Í febrúar var nýju fyrirkomulagi komið á vegna viðurkenninga innan félagsins og brugðið frá þeirri venju að velja besta iðkandan í hverri keppnisgrein og veita því í stað tvenn verðlaun í hverjum keppnishóp. Annars vegar fyrir framfarir og hinsvegar ástundun og virkni.

Í ársbyrjun var Erla Ormarsdóttir framkvæmdastjóri félagsins boðin á lokahóf FSÍ þar sem hún fékk silfurmerki FSÍ fyrir öflugt og óeigingjarnt starf í þágu sambandsins. Erla hefur verið mjög öflug að jafna rétt okkar á landsbyggðinni til móts við félögin á höfuðborgarsvæðinu. Iðkendafjöldi fimleikafélagsins var um 800 sem skiptast í

um 40 hópa og þjálfarar félagsins telja 50-60. Kynjahlutfallið var stúlkum í hag þar sem u.þ.b 70% iðkenda voru stúlkur. Aldursbilið var frá 3 ára til 50 ára. Fullt var í flesta hópa og biðlistar voru í suma hópa.

Aðalfundur félagsins var haldinn 27. maí í Giljaskóla. Aðalfundinn sóttu 8 manns auk nokkurra þjálfara og stjórnarmeðlima. Fundastjóri var Unnsteinn Jónsson og fundaritari Lára Halldóra. Á fundinum fóru fram almenn aðalfundastörf. Inga Stella Pétursdóttir, formaður til þriggja ára gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Framboð til formanns var aðeins eitt en sitjandi stjórnarmaður, Hermann Herbertsson gaf kost á sér til eins árs. Hermann var því kjörinn formaður félagsins.

Í stjórn félagsins voru 4 sæti laus, eitt til eins árs og 3 til tveggja ára. Inga Stella Pétursdóttir gaf ein kost á sér til eins árs og var hún því sjálfkjörin.

Agla Egilson og Guðmundur Karl Jónsson gáfu bæði kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og einnig gaf Lára Halldóra Eiríksdóttir kost á sér á fundinum. Engin mótframboð komu og því voru þau sjálfkjörnir stjórnarmenn til tveggja ára.



FIMAK - hópur í áhaldafimleikum.

Engin framboð höfðu borist í varastjórn fyrir fundinn en Þórður Birgisson og Jónína Pálsdóttir gáfu kost á sér á fundinum og voru þau réttkjörnir varastjórnarmenn til eins árs.

Hermann Herbertsson, formaður FIMAK



*Auður Anna Jónasdóttir
íþróttamaður ársins 2015.*



Stofnað 2008

Íþróttafélagið Draupnir Ársskýrsla 2014

Stjórnarstörf:

Aðalfundur Draupnis var haldinn 30. apríl. Auk hefðbundinna aðalfundastarfa var kosin ný stjórn. Stefán Heiðar Bjarnason og Vilhelm Þorri Vilhelmsson gáfu ekki kost á sér áfram sökum anna í öðrum störfum. Ný stjórn Draupnis var því kosin og skipuð eftirfarandi einstaklingum:

Formaður: Hans Rúnar Snorrason

Varaformaður: Elín Jóhanna Bjarnadóttir

Gjaldkeri: Valbjörn Helgi Viðarsson

Ritari: Inga Björk Harðardóttir

Meðstjórnandi: Aldís Einarsdóttir

Aðstöðu- og húsnæðismál:

Allt fram í maí æfðum við í Skólastíg. Við þurftum að finna okkur annað húsnæði þar sem aðstaða okkar við Skólastíg stóð okkur ekki til boða nema fram á vor. Eftir nokkra leit bauð KFA okkur að samnýta aðstöðu með sér í Sunnuhlíð. Vel var tekið í það. Eftir nokkrar þreifingar var ákveðið að við fengjum um 300 m² pláss á efrihæðinni og aðgang að búningklefum. Þar af 220 m² æfingapláss. Við fluttum til bráðabirgða í júní og af þeim sökum var ekki hægt að halda úti sumaræfingum fyrir yngri flokka eins og stefnt var að og búið var að auglýsa.

Fljótlega eftir að við vissum að við myndum flytja í Sunnuhlíð biðluðum við til ÍBA um að fá fjármagn til að geta standsett stærri aðstöðu. Þessu var ávalt vel tekið hjá ÍBA og okkur tjáð að verið væri að vinna í þessu. Þegar við vorum farin að ókyrrast höfðum við aftur samband við ÍBA en þá kom í ljós að ekki væri hægt að afgreiða okkar

mál vegna sveitastjórnakosninga en það yrði afgreitt strax eftir kosningar. Okkar mál hefði forgang eins og formaður ÍBA orðaði það. Þann 10. júlí vísaði Íþróttaráð Akureyrar þessu máli alfarið á nýtt fjárhagsár og eftir fund með formanni Íþróttaráðs Akureyrar og íþróttafulltrúa bæjarins var þeirra helsta tromp að hafa nýju aðstöðuna bara tóma fram að áramótum en þess í stað ættum við að flytja aftur í KA heimilið. Þessu tilboði var tekið fálaga og biðluðum við til fyrirtækja og einstaklinga á Akureyri um aðstoð og fengum frábær viðbrögð. Um 400.000 kr. söfnuðust með þessum hætti auk þess sem velviljaður einstaklingur lánaði okkur 2 milljónir fyrir dýnukaupum. Með þessu fjármagni gátum við standsett aðstöðuna rétt fyrir upphaf hausttímabils.

Hin nýja aðstaða okkar í Sunnuhlíð er sannarlega mikil bylting fyrir íþróttina, sérstaklega okkar yngri og fjölmennari hópa. Allir geta glímt á sama tíma og enginn bið er lengur. Æfingar nýtast því mun betur en áður. Einnig er frábært að hafa litla félagsaðstöðu.

KFA hefur verið sem stórirbróðir Draupnis á síðasta ári og kunnum við þeim okkar bestu þakki fyrir. Án þeirra hefðum við varla getað komist í gegnum þetta.

Með nýrri aðstöðu gerðum við tilraunir með nýjungar í æfingum. Við prófuðum að halda byrjendanámskeið og vorum með sérstakar æfingar fyrir kvenfólk. Þessar tilraunir lofa mjög góðu.

Keppni innanlands:

Við tókum þátt í eftirfarandi mótum á árinu:

Í janúar var RIG, Afmælistót JSÍ haldið í Reykjavík. Mótið er alþjóðlegt og voru margir gríðarlega sterkir keppendur á meðal keppenda, þar á meðal gullverðlaunahafi frá síðustu Olympíuleikum. Þeir Draupnismenn sem unnu til verðlauna voru eftirtaldir:

Einar Hreinsson, silfur í -90kg.

Baldur Bergsveinsson, brons í -66kg.

Karl Stefánsson, brons í +100kg.

Í febrúar fór fram afmælistót JSÍ í yngri flokkum, árangur varð eftirfarandi:

Alfa Eir Axfjörð, silfur í -78kg yngri en 21 árs.

Álfheiður Björk Hannesdóttir, gull í -44kg 11-12 ára.

Elizabeth Gunnarsdóttir, gull í -48 kg 11-12 ára.

Hreinn Orri Óðinsson, gull í -30kg 11-12 ára.

Árni Arnarsson, silfur í -34kg 11-12 ára.

Lárus Stefánsson, brons í -38kg 11-12 ára.

Alexander Sveinbjörnsson, silfur í 50kg 11-12 ára.



Júðókynning í miðbæ Akureyrar í tengslum við Akureyrarvöku 2014.

Reynir Valsson, silfur í -55kg 11-12 ára.
 Ágúst Ægisson, gull í +50kg 11-12 ára.
 Alexander Heiðarsson, gull í -50kg 13-14 ára.
 Jón Smári Hansson, brons í -50kg 13-14 ára.
 Birgir Arngrímsson, gull í -55kg 13-14 ára.
 Arnar Þór Björnsson, silfur í -66 kg undir 18 ára.
 Skafti Þór Hannesson, brons í -73kg undir 18 ára.
 Dofri Vikar Bragason, gull í -60kg undir 21 árs.
 Breki Bernharðsson, gull í -60kg undir 21 árs.
 Skafti Þór Hannesson, brons í -73kg undir 21 árs.

Í mars var Vormót JSÍ. Finn árangur þar eins og lesa má hér:

Birgir Arngrímsson, gull í -66kg 13-14 ára.
 Arnar Þór Björnsson, silfur í -66kg undir 18 ára.
 Sigurður Orri Sigurðsson, silfur í -90kg undir 18 ára.
 Alfa Eir Axfjörð, silfur í -78kg undir 21 árs.
 Arnar Þór Björnsson, gull í -66kg undir 21 árs.
 Dofri Vikar Bragason, brons í -66kg undir 18 ára.
 Breki Bernharðsson, silfur í -73kg undir 21 árs.
 Sigurður Orri Sigurðsson, brons í -81kg undir 21 árs.
 Karl Stefánsson, silfur í fullorðinsflokki.
 Valbjörn Viðarsson, silfur í fullorðinsflokki.

Í apríl fór fram Íslandsmót fullorðinna í Reykjavík. Árangur okkar fólks þar var eftirfarandi:

Karl Stefánsson, brons í +100kg og opnum flokki.
 Adam Brands Þórarinnsson, silfur í -100kg.
 Valbjörn Viðarsson, brons í -100kg.
 Arnar Þór Viðarsson, brons í -66kg.
 Breki Bernharðsson, silfur í 73kg.
 Alfa Eir Jónsdóttir brons í -63kg og opnum flokki.
 Fiona Ýr Sigurðardóttir, brons í -78kg.

Í lok apríl var síðan Íslandsmót yngri aldursflokka. Eins og alltaf var árangur okkar þar glæsilegur:

Hreinn Orri Óðinsson, gull í -30kg 11-12 ára.
 Kári Barry, brons í -30kg 11-12 ára.
 Árni Arnarsson, gull í -34kg 11-12 ára.
 Vilhelm Ottósson, brons í -38kg 11-12 ára.
 Alexander Sveinbjörnsson, brons í -50kg 11-12 ára.
 Reynir Valsson, silfur í -55kg 11-12 ára.
 Alexander Jallow, brons í -55kg 11-12 ára.
 Alexander Heiðarsson, silfur í -46kg 13-14 ára.
 Jón Smári Hansson, brons í -46kg. 13-14 ára.
 Birgir Arngrímsson, gull í -60kg 13-14 ára.
 Smári Freyr Kristjánsson, gull í -66kg 13-14 ára.
 Arnar Þór Björnsson, silfur í -66kg undir 18 ára.
 Karl Stefánsson, silfur í +100kg yngri en 21 árs.
 Dofri Vikar Bragason, gull í -60kg yngri en 21 árs.
 Arnar Þór Björnsson, gull í -66kg yngri en 21 árs.
 Breki Bernharðsson, gull í -73kg yngri en 21 árs.
 Álfheiður Björk Hannesdóttir, gull í -48kg 11-12 ára.
 Ína Heiðarsdóttir, silfur í -48kg 11-12 ára.
 Elizabeth Gunnarsdóttir, gull í -52kg 11-12 ára.
 Berenika Bernat, gull í -57kg 13-14 ára.
 Tinna Ósk Ompi Rúnarsdóttir, brons í -57kg.



Fyrsta júdóæfing Draupnis í Sunnuhlíð (september 2014).

Sveitakeppni JSÍ er haldin á hverju ári. Þá er liðakeppni í hverjum aldursflokki. 5 aldursflokkar eru í júdó. Við í Draupni unnum 3 af þessum 5 keppnum sem er frábært. Sigurliðin voru skipuð eftirtöldum:

11-12 ára:
 Hreinn Orri Óðinsson
 Hannes Snævar Sigmundsson
 Vilhelm Ottósson
 Malik Turay
 Reynir Valsson
 Ísak Ingólfsson
 Alexander Jallow

13-14 ára:
 Alexander Heiðarsson
 Jón Smári Hansson
 Birgir Arngrímsson
 Kristófer Snæbjörnsson

Undir 21 árs:
 Dofri Vikar Bragason
 Arnar Þór Björnsson
 Breki Bernharðsson
 Skafti Þór Hannesson
 Unnar Þorgilsson
 Karl Stefánsson

Keppni erlendis:

Í janúar keppti Karl Stefánsson á mjög sterku móti keppendi yngri 21 árs sem fram fór í Hollandi. Kalli stóð sig mjög vel og vann bronsverðlaun í +100kg.

Í maí kepptu þeir Dofri Vikar Bragason, Arnar Þór Björnsson og Breki Bernharðsson á Norðurlandamóti yngri en 21 árs í Finnlandi. Allir stóðu þeir sig vel þó svo að enginn þeirra kæmist á verðlaunapall. Bestum árangri náði Arnar en hann varð í 7. sæti.

Í júní kepptu 8 keppendur frá Draupni á mjög sterku móti í Lundi í Svíþjóð. Alexander Heiðarsson stóð sig frábærlega og vann bronsverðlaun í -38kg 13-14 ára. Hreinn Orri Óðinsson og Smári Freyr Kristjánsson náðu báðir 7. sæti í sínum flokkum. Þau Birgir Arngrímsson, Alfa Eir Axfjörð, Skapti Þór Hannesson, Þorgeir Atli Hávarsson og Sigurður Orri Sigurðsson kepptu einnig en náðu ekki að verða á meðal 8 efstu þrátt fyrir góða baráttu.

Í nóvember kepptu þeir Breki Bernharðsson og Dofri Vikar Bragason á opna Sænska meistaramóti yngri en 21 árs. Hvorugur komst í verðlaunasæti.

Í desember keppur þrír Draupnismenn á Hillerød international í Danmörku. Óhætt er að segja að þeir hafi staðið sig stórkostlega, tvö gull og eitt silfur. Þeir Alexander Heiðarsson og Arnar Þór Björnsson unnu gull, Alex í -40kg undir 15 ára og Arnar í -66kg undir 18 ára. Birgir Arngrímsson vann svo silfur í -66kg undir 15 ára.

Gráðanir:

Mjög margir tóku gráðupróf á árinu. Allar gráðanir eru skráðar skilmerkilega hjá JSÍ og er vísað til þeirrar heimildar. Þó er rétt að setja í þessa skýrslu að 4 nýjir svartbeltar bættust í okkar hóp. Það voru þeir Gunnar Örn Arnórsson, Arnar Þór Viðarsson, Karl Stefánsson og Einar Hreinsson.

Þjálfun:

Þau gleðilegu tíðindi urðu árinu að enn bættist við þjálfarahópinn hjá okkur. Gunnar Örn Arnórsson sér nú um þjálfun við hlið þeirra Jóns Óðins Waage og Adams Brands Þórarinssonar. Þeir félagar settu saman námsskrá fyrir alla flokka á tímabilinu og hefur verið kennt eftir henni.

Annað:

Mikið starf hefur farið í kynningar á árinu. Allur Brekkuskóli og Síðuskóli mættu í kynningu til okkar. Framhaldsskólinn í Fjallabyggð kom til okkar og einnig Íþróttaval Verkmenntaskólans. Þá hafa margir smærri hópar komið til okkar í kynningu.

Á Akureyrarvöku vorum við með dýnur í göngugötunni og leyfðum ungum sem öldnum að prófa júdó. Óhætt er að segja að það hafi tekist vonum frammar, í rúma 2 tíma voru dýnurnar fullar af fólki. Þetta vakti mjög mikla athygli vegfarenda.

Við höfum átt gott samstarf við vini okkar í Fenri og hafa sameiginlegar æfingar með þeim verið haldnar nokkrum sinnum. Það er eins með Fenri og KFA, á milli iðkenda þessara félaga og okkar ríkir einlægur vinskapur og samkennd.

Í lok árs völdum við júdókeppenda ársins. Fyrir valinu varð Arnar Þór Björnsson.



Íþróttafélagið Draupnir Ársskýrsla 2015

Stjórnarstörf:

Aðalfundur Draupnis var haldinn 8. apríl. Í stjórn voru kosin:

Jón Óðinn Waage, formaður
Inga Björk Harðardóttir, varaformaður
Valbjörn Helgi Viðarsson, gjaldkeri
Hans Rúnar Snorrason, ritari
Aldís Einarisdóttir, meðstjórnandi
Hermann Torfi Björgólfsson, meðstjórnandi
Inga Steinlaug Hauksdóttir, meðstjórnandi
Edda Ósk Tómasdóttir, varamaður í stjórn

Haust 2015 varð nokkuð mikil breyting í stjórn en þá ákváðu Inga Björk og Jón Óðinn að söðla um og flytja til Svíþjóðar. Edda Ósk kom í stjórn og Hans Rúnar varð formaður. Hermann tók að sér embætti ritara. Þar sem aðeins einn varamann var kosinn var stjórnin aðeins skipuð 6 stjórnarmönnum í stað sjö eins og lög félagsins kveða á um. Stjórn Draupnis þakkar Ingu Björk og Jóni Óðni kærlega þeirra mikla framlag til félagsins en þau hafa bæði verið frá stofnun júdódeildar félagsins.

Rekstur:

Reksturinn var erfiður á árinu 2015. Lengi vel voru erfiðleikar með að greiða laun og þessi fjárskortur hafði afar hamlandi áhrif á starfsemina. Í sumar þurfti félagið að taka 300.000 kr. yfirdráttarlán til að greiða laun og fl. Með vinnusemi, velvilja, aukinni sölu og fleiri styrkjum náðist að lækka skuldir félagsins. Þegar leið á haustönnina náðist að greiða upp yfirdráttinn sem og flestar lausaskuldir og um áramót var staða félagsins loks orðin viðunandi.

Þjálfaramál:

Í haust flutti Jón Óðinn þjálfari til margra áratuga til Svíþjóðar. Anna Soffía Víkingsdóttir kom inn í þjálfarteymið með Gunnari Erni og Adam Brands. Þau þrjú hafa byggt upp sterka samvinnu og verkaskiptingu. Með brott-hvarfi Óða hefur gríðarlega margt breyst. Auk þjálfunar sá Óði nánast að öllu leyti um skipulag mótsferða og þurfti

stjórnin að hugsa þá skipulagningu upp á nýtt og hefur það verið verðugt og hollt verkefni fyrir ört stækkandi félag. Með innkomu Önnu Soffíu í þjálfunina kom ferskur blær enda á Anna Soffía langan og farsælan keppnisferil að baki auk þess að hafa reynslu af þjálfun. Með komu Önnu Soffíu hefur t.d. kvennajúróðið tekið stakkaskiptum. Æfingar í kvennaflokki voru í tölvuverðri sókn á vorönn en tóku mikinn kipp á haustönninni.

Aðstöðu- og húsnæðismál:

Félagið hefur komið sér vel fyrir í Sunnuhlíð og eru félagsmenn sammála um að húsnæðið er besta framtíðarhúsnæðið fyrir félagið. Það er miðsvæðis og rúmgott. Blikur eru þó á lofti um hvort og þá hve lengi félagið hefur aðstöðuna í Sunnuhlíð þar sem um leiguhúsnæði er að ræða og heyrst hefur að eigendur hafi aðrar hugmyndir að nýtingu þess. Óhætt er að segja að óvissan um framtíðarhúsnæði Draupnis er afar íþyngjandi og í raun algerlega óþolandi.

Árangur keppenda:

Eins og undanfarin ár hefur afreksfólki félagsins sem og yngri einstaklingum gengið ákaflega vel á mótum, innanlands sem utan. Á Reykjavík Judo Open (einnig kallað RIG Int.) náðu Adam Brands Þórarinnsson, Valbjörn Helgi Viðarsson og Karl Stefánsson þriðja sæti en mótið er orðið gríðarlega öflugt alþjóðlegt mót.

Á Norðurlandamótið sem haldið var á Íslandi fór öflugur hópur. Þar landaði Hilmar Jórunnarson Norðurlandameistararitli í U21 árs og Breki Bernharðsson og Dofri Vikar Bragason höfnuðu í 3. sæti í sama aldursflokki. Dofri Vikar bætti um betur síðar um daginn og náldi sér að annað brons í fullorðinsflokki. Í masters, (30 ára og eldri) náldi Hans Rúnar Snorrason í silfur og Heiðar Ríkarðsson í brons í sama þyngdarflokki.

Alexander Heiðarsson vann til bronsverðlauna á Budo Nord mótinu í Svíþjóð í maí. Mótið er með þeim sterkari sem yngri júróðikendur á Íslandi taka þátt í en u.þ.b. 900 keppendur tóku þátt að þessu sinni frá fjölmörgum þjóðum. Sannarlega frábær árangur hjá þessum unga dreng en Alexander er aðeins 15 ára.

Draupnir fóru með 12 keppendur á Hillerød international judo cup í Danmörku og náði hópurinn mjög góðum árangri. Alls unnu keppendur til 13 verðlauna á mótinu. 4 gullverðlaun, 5. silfurverðlaun og 4 bronsverðlaun.

Þeir Breki Bernharðsson og Arnar Þór Björnsson urðu Íslandsmeistarar í fullorðinsflokki. Karl Stefánsson og Dofri Vikar Bragason höfnuðu í öðru sæti auk þess sem Karl Stefánsson varð í þriðja sæti í opnum flokki.

Á Íslandsmóti yngri flokka sópuðu krakkar og unglingar Draupnis til sín verðlaunum. Félagið eignaðist ellufu Íslandsmeistara, 10 silfurverðlaunahafa og fjóra bronsverðlaunahafa. Í sveitakeppni varð sveit U21 árs Íslandsmeistarar auk þess sem sveitir fullorðinna, U13, U15 og U18 höfnuðu í öðru sæti. Kvennasveit frá Draupni keppti í fullorðinsflokki eftir nokkurt hlé og hún hafnaði í 2. sæti og stóð sig gríðarlega vel.

Árangur á Íslandsmótum var meiri en í langan tíma. Eftir árið var Draupnir með flesta Íslandsmeistararitla allra klúbba á Íslandi. Það eitt segir að félagið er á réttri leið og setur markið hátt.

Heiðrun:

Adam Brands Þórarinnsson var í lok árs sæmdur bronsmerki Júróðsambands Íslands. Adam sem hefur undanfarin ár verið einn af aðalþjálfurum félagsins fékk bronsmerkið fyrir óeigingjarnt starf í þágu júró á Íslandi og er mjög vel að þessum heiðri kominn.



Kvennahópur Draupnis 2015 en sérstakar kvennaæfingar hafa nú verið í rúmt ár með frábærum árangri.

Jón Óðinn var útnefndur heiðursfélagi Draupnis. Óði er einn af brautryðjendum júróíþróttarinnar á Akureyri og á langstærstan heiður að því að gera júróði á Akureyri að því sem það er. Óði starfaði sem júróþjálfari í 32 ár og sá á þeim tíma um nánast allt sem að íþróttinni sneri. Á þessum rúmlega 30 árum byggði hann upp afar öfluga júrómenn sem náðu langt. Íslandsmeistararitlar undir hans stjórn skipta mörgum hundruðum og alþjóðlegir titlar og verðlaun tugum ef ekki hundruðum.

Félagar hjá Draupni óska Óða til hamingju með nafnbótina, þakka honum mikið og farsælt starf í þágu íþróttarinnar hér á Akureyri og óska honum alls hins besta á nýjum slóðum.

Íþróttamaður Draupnis:

Breki Bernharðsson var í lok árs valinn íþróttamaður Draupnis. Breki er einn af sterkustu júrómönnum Íslands um þessar mundir. Hann varð Íslandsmeistari fullorðinna og í unglingaflokki yngri en 21 árs auk þess sem hann varð Íslandsmeistari í sveitakeppni unglinga. Hann vann til bronsverðlauna í sínum þyngdaflokki á Norðurlandamótinu.



Stofnað 1937

Svifflugfélag Akureyrar Ársskýrsla 2014

Skammstöfun: SFA
Heimasíða: www.svifflug.is
Netfang: svifflug@gmail.com
Símanúmer 821-1331

Stjórn félagsins 2014:

Formaður: Sigtryggur Sigtryggsson,
Varaformaður: Jónas Hallgrímsson,
Gjaldkeri: Baldur Þorsteinsson,
Ritari: Birkir Baldvinsson
Meðstjórnandi: Finnur Helgason

Varamenn: Bragi Snædal, Gunnar Ingi Láruson

Flugkennarar: Sigtryggur Sigtryggsson, Bragi Snædal,
Baldur Þorsteinsson
Skoðunarstjóri: Jónas Hallgrímsson

Árið 2014 – Kennslumál og annað

Blikur voru á lofti í byrjun ársins þar sem það voru væntanlegar nýjar reglugerðir sem við þurfum að falla undir ef við viljum kenna svifflug. Við höfum þar kost á að fara undir væng SFFÍ sem kennsluaðili undir þeirra kennsluleyfi en einnig er hugsanlegt samstarf við Flugskóla Akureyrar.

Samkvæmt nýjum reglum þá megum við tékka út þá sem hafa haft svifflugskírteini á Dímónuna en ef um vélflugmann er að ræða þá verður það að vera vélflugmaður með TMG réttindi sem hefur einnig kennararéttindi. Þar að auki má ekki sami aðili og kennir tékka nemandann út þannig að við þurfum því að hafa tvo slíka aðgengilega.

Nokkuð var unnið í því að tékka út gamla svifflugmenn og vélflugmenn á vélina sem hleypir nýju blóði í félagið sem er vel. Gunnar Ingi tók sóló um sumarið og er því farinn að fljúga einn áður en hann fær bílpróf sem er alltaf skemmtilegt.

Mótorsviffluga félagsins fékk loksins Íslenskt ríkisfang og var skráning hennar færð frá Hollandi.

Í Hollandi var hún skráð sem PH-1101 en nýja Íslenska einkenni hennar er TF-SBP.



Super Dimona HK-36TC – Mótorsviffluga – TF-SBP

Vel gekk að fljúga Dímónunni á árinu og voru allir mjög ánægðir með þessa góðu flugvél. Ég segi flugvél því að flestir virðast hafa kosið að nota vélina aðallega sem vélflug en þó eru undantekningar á því og hefur Jón Magg náð að fljúga henni tímunum saman án þess að vera að hafa fyrir því að hafa mótörinn í gangi. Sem vélflugvél hefur Dímónan algjörlega sannað sig og henni var flogið víða um land. Félagsmenn tóku þátt í landingarkeppni Vélflugfélags Akureyrar og náði Sigtryggur formaður þar öðru sæti á vélinni, Formaður Svifflugfélags Íslands Kristján tók fyrsta sæti á samskonar vél.



Super Dimona Svifflugfélags Íslands er hér í samfloti við okkur yfir Mývatni

Síðla sumars byrjaði eldgos í Holuhrauni og þar var gott tækifæri til að nota vélina til þess að skoða það stórkostlega sjónarspil og voru farin nokkur flug þar uppeftir.

En óheppnin elti okkur því að á þeim tíma sem eldgosið stóð yfir bilaði startari vélarinnar og það kom í ljós að það þurfti að taka mótörinn úr og fara í frekar stóra aðgerð til að skipta honum út. Til þess þurftum við að fá vottaðan

Rotax Flugvirkja að sunnan og svo vel vildi til að hann var á lausu og viðgerð var lokið á rúmri viku.



Super Dimona Svifflugfélags Íslands er hér í samfloti við okkur yfir Mývatni



Stofnað 1937

Svifflugfélag Akureyrar ***Ársskýrsla 2013***

Stjórn SA 2015

Sigurður Áki Sigurðsson, formaður
Finnur Steingrímsson, varaformaður
Andrés Ívarsson, gjaldkeri
Gyða Árnadóttir, ritari
Guðlaugur Bragi Magnússon, meðstjórnandi

Rekstur Skotfélags Akureyrar gekk vel á árinu 2015 og skilaði rekstrarafgangi eins og undanfarin ár.

Við höldum 33 mót í hinum ýmsu greinum, Mikil gróska hefur verið í öllum keppnisgreinum og þátttaka í mótum verið góð. Þriðja árið í röð höldum við Íslandsmeistaramót í sport- og gróf skammbyssu og einnig höldum við Íslandsmeistaramót í SKEET.

Fimm aðilar unnu Akureyrarmeistaratitlana þetta árið.
Guðlaugur Bragi Magnússon í SKEET

Bragi Óskarsson í Sporting
Finnur Steingrímsson í Silhouette
Wimol Sudee í Benchrest
Grétar Mar Axelsson í Trapp, grófri- og staðlaðri skammbyssu.

Skotfélag Akureyrar átti keppendur á mótum víðsvegar um landið og stóðu þeir sig allir með sóma. Bestum árangri náði Grétar Mar bæði í hagla- og kúlugreinum.

Skotmaður ársins 2015 er Grétar Mar Axelsson. Hann er afar fjölhæfur skotmaður og hefur stundað æfingar af kappi. Grétari hefur á stuttum tíma orðið einn besti skotmaður landsins í sínum greinum, í haglagreinum varð hann í öðru sæti til bikarmeistara Íslands og í þriðja sæti í Íslandsmeistaramótinu. Hann varð einnig Íslandsmeistari í sport- og gróf skammbyssu.

Lokahófið var haldið 26. september og tókst það vel.

Ekkert gerðist í frágangi og vinnu við nýju ríffílbrautina, enn eitt árið! Málið hefur strandað hjá bænum, í haust fengum við heimsókn nokkura aðila tengdum framkvæmdasviði bæjarins ásamt bæjarstjóra sjálfum og var okkur lofað að farið yrði í að klára þetta mál frá.

Inniaðstaðan er frágengin og hefur verið tekin formlega í notkun.

Þar eru nú stundaðar æfingar tvisvar í viku bæði í loftbyssugreinum

og skammbyssugreinum. Æfingarnar eru á þriðjudags og fimtudags kvöldum milli 20:00 og 21:30

Farið var í töluverðar framkvæmdir á skotsvæðinu á síðasta ári.

Byggður var nýr turn á eldri Skeet velli, rafmagnslagnir endurnýaðar fyrir alla velli, byrjað var að setja upp stjórnkerfi fyrir alla haglavellina en ekki náðist að klára þá vinnu fyrir haustið, einnig var sett upp nýtt kassakerfi fyrir svæðið,

Árið 2016 – byrjar vel!

Á dögunum fjölmenntu okkar menn á Íslandsmeistaramót í sport- og gróf skammbyssu og varð Grétar Mar Íslandsmeistari í sportbyssu fjórða árið í röð og í grófbyssu þriðja árið í röð.

Opnunartími skotsvæðisins verður með sama fyrirkomulagi og undanfarin ár.

Helstu framkvæmdir þessa árs er að klára framkvæmdirnar við eldri SKEET völinn. Setja upp nýja rafmagnstöflu fyrir svæðið, klára uppsetningu á stjórnkerfi fyrir haglavelli og koma nýja kassakerfinu í fulla notkun þannig að öll sala fari þar í gegn, einnig þarf að huga að næstu skrefum í uppbyggingu Sporting Valla

Akureyri 15. mars 2016

Sigurður Áki Sigurðsson, formaður Skotfélags Akureyrar



Stofnað 1974

Íþróttafélagið Akur Ársskýrsla 2014

Stjórn Akurs

Vígfús Jóhannesson, formaður
Kolbeinn Skagfjörð, ritari
Jóhanna Jóhannesdóttir, gjaldkeri
Grétar Georgsson, meðstjórnandi
Guðrún Thelma Svansdóttir, meðstjórnandi
Varastjórn: Dóra Sif Indriðadóttir
Varastjórn: Unnur Elva Vébjörnsdóttir.

Stjórn deilda

Vígfús Jóhannesson og Elvar Thorarensen fyrir Boccia
Elvar Thorarensen fyrir Borðtennis, Rúnar Þór Björnsson
fyrir Bogfimi og Anna Breiðfjörð fyrir Dans.

Yfirlit yfir starfsemi

Á árinu var Akur með 4 keppnisgreinar fyrir iðkendur:

Boccia, Borðtennis, Bogfimi og Dans. 3 greinar eru æfðar í Glerárskóla. Boccia 3x í viku, Borðtennis 2x í viku og Bogfimi 2x í viku.

Félagsmenn voru 380 talsins og þar af 60 iðkendur.

Merkisatburður var á árinu þegar félagið varð 40 ára þann 7.des. Og var haldið upp á það í Íþróttahöllinni og bauð Akur öllum Akureyringum upp á að reyna við 2 greinar, Boccia, Borðtennis og Bogfimi

Árangur á árinu

Í Boccia: 2 Norðurlandsmeistarar, 3 Íslandsmeistarar og 1 sveit með Íslandsmeistaratitil í sveitakeppni. Einnig vann boccia-deildin Hængsbikarinn.

Í Bogfimi: 1 Íslandsmeistari

Dans : 2 Íslandsmeistarar.

Einnig átti Akur einn þáttakanda á Ólympíuleikum fatlaðra.





Stofnað 1974

Íþróttafélagið Akur Ársskýrsla 2015

Stjórn Akurs:

Vigfús Jóhannesson, formaður
Kolbeinn Skagfjörð, ritari
Jóhanna Jóhannesdóttir, gjaldkeri
Sædis Inga Ingimarsdóttir, varaformaður
Sif Sigurðardóttir, meðstjórnandi
Varastjórn: Unnur Elva Vébjörnsdóttir
Varastjórn: Jóhanna Valborg Kolbeinsdóttir

Stjórn deilda

Vigfús Jóhannesson fyrir Boccia,
Elvar Thorarensen fyrir Borðtennis, Rúnar Þór Björnsson
fyrir Bogfimi og Anna Breiðfjörð fyrir Dans.

Yfirlit yfir starfsemi

Á árinu var Akur með 4 keppnisgreinar fyrir iðkendur: Boccia, Borðtennis, Bogfimi og Dans. 3 greinar eru æfðar í Glerárskóla. Boccia 3x í viku, Borðtennis 2x í viku og Bogfimi 2x í viku.

Félagsmenn voru 380 talsins og þar af 50 iðkendur.

Árangur á árinu

Í Boccia: 2 íslandsmeistarar í einstaklingskeppni og 1 sveit með íslandsmeistaratitil í sveitakeppni. Einnig vann Akur Hængsbikarinn.

2 íslandsmeistarar **í borðtennis.**

Markmið félagsins: Að efla félagið og allir hafi sama rétt til að taka þátt í íþróttum.





Stofnað 1988

Ungmennafélag Akureyrar Ársskýrsla 2014

Stjórn

Sigurður Freyr Sigurðarson, formaður
Katrín Ásgrímsdóttir, varaformaður
Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir, gjaldkeri,
Birgitta Guðjónsdóttir, meðstjórnandi
Kolbrún Sveinsdóttir, meðstjórnandi
Gyða Árnadóttir meðstjórnandi

Engin skýrsla barst frá stjórninni á aðalfundi vegna ársins 2014.



Stofnað 1988

Ungmennafélag Akureyrar Ársskýrsla 2015

Ungmennafélag Akureyrar, UFA var stofnað 5. apríl 1988 og voru stofnfélagar tæplega 60. Tilgangur félagsins er að efla frjálsar íþróttir á Akureyri, þroska félagsanda og stuðla að heilbrigðu lífni. Í dag eru 590 skráðir félagsmenn og þar af um 132 iðkendur í frjálsum íþróttum og 105 í hlaupadeild UFA.

Aðalstjórn

Sigurður Magnússon, formaður
Katrín Ásgrímsdóttir, varaformaður
Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir, gjaldkeri,
Aníta Jónsdóttir, ritari
Kolbrún Sveinsdóttir, meðstjórnandi
Gyða Árnadóttir meðstjórnandi
Birgitta Guðjónsd, meðstjórnandi

Skoðunarmaður reikninga:

Guðmundur Viðir Gunnlaugsson

Foreldraráð 11 – 14 ára:

Kristín Sóley Björnsdóttir

Steinunn A Ólafsdóttir
Þórhallur Másson

Foreldraráð 15 – 17 ára:

Kolbrún Sveinsdóttir
Sigurbjörg Ólöf Bergsdóttir,
Hulda Mekkín Hjálmarsdóttir

Mótanefnd:

Sigurður Magnússon
Birgitta Guðjónsdóttir
UFA+ Kristín Sóley Björnsdóttir
Pia Viinikka

Fundahöld

Stjórnarfundir voru 18 talsins á milli aðalfunda félagsins. Unglingalandsmóts fundir, Meirihluti stjórnar var einnig í ULM stjórn þar sem Eiríkur Björn Björgvinsson var formaður, Björn Snær Guðbrandsson gjaldkeri og Katrín Ásgrímsdóttir ritari. Haldnir voru 3 fundir 2014, 17 á árinu 2015 og lokauppgjör þann 19. Nóvember.



Hafdis Sigurðardóttir Íslandsmethafi í langstökki.

Samráðsfundur með Þór, ÍBA og ÍTA. Fundur með Fasteignum Akureyrar og íþróttafulltrúa Akureyrarbæjar

Fundur með íþróttafulltrúa og formanni Íþróttaráðs Akureyrar. Fundur með bæjarstjóra og formanni íþrótta-
ráðs í sambandi við húsnæðismál UFA og fleira.

Foreldrafundir voru haldnir tvisvar sinnum á árinu og tveir fundir með meistaraflokki UFA Formannafundur ÍBA. 49. sambandsþing Ungmennafélags Íslands haldið 17. - 18. október 2015 í Vík í Mýrdal.

Ýmis verkefni félagsins á árinu:

Ferð með UMFÍ til Danmerkur, UMFÍ skipulagði ferð fyrir formenn og framkvæmdastjóra sambandsaðila til DGI sem er Ungmennasamband Danmerkur í náms og kynnisferð. Akureyri á iði. 70 ára afmæli ÍBA. UFA dagurinn haldinn 14. júní við Hamar. Sundkort fyrir landsliðsmenn. Í haust sem leið sótti formaður UFA til Íþróttaráðs Akureyrarbæjar, að beiðni landsliðsmanna í hlaupadeild UFA um frían aðgang að sundlaugum bæj-



UFA-hópurinn eftir daglangan buslugang í vatnsrennibrautunum í Skara Sommarland.

arins til æfinga. Niðurstaðan var sú að Íþróttaráð ákvað að veita öllum landsliðsmönnum sem keppa undir nafni ÍBA og hafa náð 18 ára aldri frían aðgang að Sundlaugum Akureyrar og fá landsliðsmenn 2015 því frían aðgang á árinu 2016.

Nýir íþróttagallar fyrir félagið, nýjir íþróttagallar voru teknir í notkun hjá félaginu fyrir ULM, á árinu 2016 verður svo haldið áfram að endurnýja fatnað félagsins, svo sem kaup á úlpum, keppnisbúningi og fleira.

18. Unglingalandsmót UMFÍ á Akureyri

Stórglæsilegt ULM var haldið á Akureyri þetta árið og hafa keppendur og greinar sem boðið var uppá aldrei verið fleiri. Það er ánægjulegt að þegar UFA fékk loksins samþykkt að halda ULM á Akureyri að það skuli hafa tekist svona vel upp og samstarf allra aðildarfélaga ÍBA verið eins gott og raun bar vitni. Og færir UFA stjórn öllum þeim sem komu að ULM bestu þakkir fyrir sína vinnu.

Mót sem UFA iðkendur tóku þátt í og sem UFA hélt á árinu 2015

Nýársnót UFA haldið í Boganum í janúar.

Reykjavík International Games í Laugardalshöll í janúar.

MÍ öldunga haldið í Laugardalshöll í janúar.

MÍ í fjölþrautum haldið í Laugardalshöll í janúar.

Stórmót ÍR haldið í Laugardalshöll í janúar.

MÍ aðalhluti, haldið í Kaplakrika í Hafnarfirði í febrúar.

Coca Cola mót FH innanhúss 2015 haldið í Kaplakrika í Hafnarfirði.

MÍ 11 – 14 ára haldið í Laugardalshöllinni í febrúar.

9. Bikarkeppni FRÍ haldin í Kaplakrika í Hafnarfirði.

Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri haldin í Laugardalshöll í mars.

European Championships - 6.3.2015 - Praha, CZE.

4. Coca Cola mót FH innanhúss - 21.3.2015 Hafnarfjörður.

Berlin Halbmarathon - 29.3.2015 - Berlin, DE.

Vorhlaup VMA og MA 16.4.2015.

Akureyrarmót í Boganum 25.4.2015.

Vormarþon Félags maraþonhlaupara 25.4.2015 Reykjavík.

Vormót UFA 1. hluti 9.5.2015 Akureyri.

Vormót HSK og M.Í. 5. hluti - 16.5.2015 Selfoss.

Grunnskólamót UFA 19.5.2015 Akureyri.

JJ Mót Ármans 20.5.2015 Reykjavík.

MÍ í fjölþrautum 23.5.2015 Hafnarfjörður.

Vormót UFA 2. hluti 26.5.2015.

Games of the Small States of Europe 2.6.2015 Reykjavík.

73. Vormót ÍR 8.6.2015 Reykjavík.

2. Sumarmót UFA 18.6.2015 Akureyri.

25. Stórmót Gogga Galvaska 20.6.2015 Mosfellsbær.

Evrópukeppni Landsliða 2. deild 20.6.2015 Stara Zagora, BUL.

Sumarleikar HSP 20.6.2015 Laugar.

Miðnæturlaup Suzuki 10 KM 23.6.2015 Reykjavík.

FH mótið 4. mótaraðarmót FRÍ 25.6.2015 Hafnarfjörður.

Meistaramót Íslands 11-14 ára 27.6.2015 Selfoss.

Akureyrarhlaup Íslenskra verðbréfa og Átaks 2.7.2015.

Världsongdomsspelen 3.7.2015 Gautaborg.

Evrópumeistaramót Unglinga U23 9.7.2015 Tallinn, EE.
 Selfossmótið í fjöþrautum 11.7.2015.
 Kópavogsmótið 5. mótaraðarmótið 14.7.2015.
 Akureyrarmót UFA 18.7.2015.
 Laugavegurinn 18.7.2015 - Landmannalaugar – Húsadalur.
 89. Meistaramót Íslands 25.7.2015 Kópavogur.
 18. Unglingalandsmót UMFÍ á Akureyri 2015.
 Bætingamót FRÍ 2015 7.8.2015 Reykjavík.
 Ágústsmót UFA 1.9.2015 Akureyri.
 Meistaramót Íslands 15-22 ára 15.8.2015 Sauðárkrúkur.
 Nóvembermót UFA - 8.11.2015 Akureyri .

UFA+

Í Gautaborgarferðinni í júlí kom upp sú hugmynd hjá foreldrum, fararstjórum og þjálfara að láta nú verða af því að stofna deild fyrir eldri iðkendur í frjálsum íþróttum, bæði fyrrverandi keppendur og þá sem aldrei hafa iðkað frjálsar áður en langar að vera með sér til heilsubótar og ánægju. Í febrúar 2016 fóru 9 keppendur á Meistaramót Öldunga í Laugardalshöll og gerðu sér lítið fyrir og komu heim með 26 Íslandsmeistaratitla. Allir 25 ára og eldri eru velkomnir á æfingar á mánudögum og fimmtudögum kl. 19:15 – 20:30 í Boganum. Sjá www.ufa.is



Þorbergur Ingi Jónsson íþróttamaður UFA árið 2015.

Landsliðsmenn UFA 2015

Anna Berglind Pálmadóttir
 Kolbeinn Höður Gunnarsson
 Ásgerður Jana Ágústsdóttir
 Bjartmar Örnusson
 Hafdís Sigurðardóttir
 Selma Líf Þórólfsdóttir
 Rannveig Oddsdóttir
 Stefán Þór Jósefsson
 Steinunn Erla Davíðsdóttir
 Bjarki Gíslason
 Rakel Ósk Björnsdóttir
 Þorbergur Ingi Jónsson

Íslandsmethafar UFA 2015

Hafdís Sigurðardóttir, 1987

Utanhúss: Langstökk 6,56m 18.ULM Akureyri 1.08 2015
 Innanhúss: Langstökk 6,47m Reykjavík International 17.01
Helgi Pétur Davíðsson, 2000
 Innanhúss: 60m grindahlaup (84cm)
Kolbeinn Höður Gunnarsson, 1995
 Innahúss: 200m hl, 21,38 sek met pilt 22 ára og kk 8.02 2
 400m hl, 47,59 sek met pilt 22 ára og kk Stórmót ÍR 1.02
Ragúel Pino Alexandersson, 2001
 Innanhúss: 60m grindahlaup
 Utanhúss: Fimmtapr. í flokki 14 ára og 15 ára, sveinaáhöld, 300m, 80m grind
Sara Ragnheiður Kristjánsd, 2003
 Utanhúss: 60m grindahlaup (68cm) 60m grindahlaup (76,2cm)

Íslandsmeistarar UFA 2015

27 talsins með 74 titla

Anna Berglind Pálmadóttir, 1979
 Ásgerður Jana Ágústsdóttir, 1996
 Andrea Þorvaldsdóttir, 2002
 Ágúst Bergur Kárasón, 1973
 Berglind Björk Guðmundsdóttir, 1998
 Bjarki Jarl Haraldsson, 2001
 Bjartmar Örnusson, 1988
 Glódís Edda Þuríðardóttir, 2003
 Gunnar Eyjólfsson, 1998
 Hafdís Sigurðardóttir, 1987
 Helgi Pétur Davíðsson, 2000
 Hákon Karl Sölvason, 2002
 Hildur Védís Heiðarsdóttir, 2003
 Kara Hildur Axelsdóttir, 2001
 Jón Þorri Hermannsson, 2002
 Kolbeinn Fannar Gíslason, 2001
 Kolbeinn Höður Gunnarsson, 1995
 Ragúel Pino Alexandersson, 2001
 María Catharina Ólafsdóttir Gros, 2003
 Rún Árnadóttir, 1998
 Sara Ragnheiður Kristjánsdóttir, 2003
 Selma Líf Þórólfsdóttir, 1998
 Hólmfríður Svala Jósepsdóttir, 1997
 Stefán Þór Jósefsson, 1993
 Steinunn Erla Davíðsdóttir, 1993
 Sunneva Kristjánsdóttir, 2002
 Þorbergur Ingi Jónsson, 1982



Íþróttafélagið Þór

Ársskýrsla 2014-2015

Árið 2014

Aðalstjórn

Fyrsti viðburður ársins á vegum aðalstjórnar var þrett-ándagleði Þórs sem haldin var sunnudaginn 5. janúar í samvinnu við Akureyrarstofu. Eins og undanfarin ár var hátíðin haldin á planinu við Hamar. Dagskráin var mjög fjölbreytt, jólasveinar, tröll og púkar og alls kyns kynjaverur mættu á svæðið ásamt álfakóng og drottningu. Inn í Hamri voru veitingar, vöflur með rjóma, kaffi og kakó. Á bilinu 600-700 manns sóttu hátíðina að þessu sinni.

Aðalfundur Þórs var haldinn í Hamri 14. apríl. Á fundinum urðu talsverðar umræður um nauðsýn þess að bæjaryfirvöld ráðist í að endurnýja gervigras í Boganum sem er orðið illa farið.

Stjórn Þórs starfsárið 2014-2015; Árni Óðinsson formaður, og Viðar Ólafsson, varaformaður, Arnar Friðriksson gjaldkeri, Páll Jóhannesson ritari, Vigdís Rafnsdóttir meðstjórnandi, Sigurpáll Árni Aðalsteinsson meðstjórnandi, Unnsteinn Jónsson meðstjórnandi. Varamenn Sverris Torfason og Haukur Dór Kjartansson. Helgi Ómar Pálsson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórn-
arsetu.

Fundinn sátu um 40 félagar.

Íþrótt- og tómstundaskóli Þórs

Mjög góð þátttaka var í íþrótt- og tómstundaskóla Þórs þetta sumar og var fjöldi barna heldur fleiri en undanfarin ár. Haldin voru fimm tveggja vikna námskeið það fyrsta hófst 9. júní og seinasta námskeið sumarsins lauk 15. ágúst. Fastir starfsmenn voru fimm talsins auk eins starfsmanns frá vinnuskólanum sem var til aðstoðar í fjórar vikur. Yfirumsjón með námskeiðunum hafði Helena Rós Þórólfsdóttir

Pollamót Þórs og Icelandair var haldið dagana 4 og 5. júlí. Alls voru um 60 lið í fimm deildum skráð til leiks. Keppt var í þremur deildum karla samtals 44 lið og í tveimur deildum kvenna 16 lið. Á föstudeginum fór að rigna mjög og fór svo að á laugardeginum varð að flytja alla leiki inn í Bogann. Einnig var lokahófið flutt inn og þóttist takast með miklum ágætum.

Við áramót. Þriðjudaginn 30. desember var árið 2014 gert upp á hátíðinni Við áramót þar sem hápunktur dagsins var þegar kjöri á íþróttafólki Þórs var lýst. Nú í fyrsta sinn í sögu Þórs var farin sú leið að kjósa íþróttafólk Þórs þ.e. hver deild innan Þórs útnefni íþróttakarl og konu. Það er

svo stigahæsti karlinn og konan sem hljóta útnefninguna íþróttafólk Þórs.

Dagskráin var með nokkuð hefðbundnu sniði þar sem boðið var uppá tónlistaratriði og sérstakur ræðumaður dagsins var Sr. Hildur Eir Bolladóttir prestur í Akureyrarkirkju.

Þremur félögum var veitt silfurmerki Þórs fyrir óeigingjarnt sjálfboðastarf, Þau eru, Bjarki Ármann Oddsson fyrir störf sín í þágu körfuboltans og Elva Haraldsdóttir sem lengi hefur starfaði í foreldraráðum handboltans og fótbolta auk þess sem hún hefur lengi setið í stjórn. Þá var Ragnheiði Jakobsdóttir gjaldkera knattspyrnudeildar veitt gullmerki Þórs. Ragnheiður hefur lengi staðið í fremstu víglínu knattspyrnudeildar og unnið þar mikið og óeigingjarnt starf.

Stjórn Þórs veitti öllum þeim einstaklingum sem höfðu tekið þátt í landsliðsverkefnum fyrir land og þjóð viðurkenningar. Alls átti félagið 17 einstaklinga sem tóku þátt í landsliðsverkefnum á árinu. Þetta er knattspyrnufólkið, Arna Sif Ásgrímsdóttir, Andrea Mist Pálsdóttir, Alexander Ívan Bjarnason, Anna Rakel Pétursdóttir, Aron Birkir Stefánsson, Karen Sif Jónsdóttir, Katrín Ásbjörnsdóttir, Lillý Rut Hlynisdóttir, Harpa Jóhannsdóttir, Sandra María Jessen og Sara Mjöll Jóhannsdóttir. Haukur Fannar Möller og Sveinborg Katla Daniëlsdóttir Taekwondo. Sædis Gunnarsdóttir Scheving körfuknattleik. Bjarni Sigurðsson og Jóhanna Bergsdóttir píluþólk. Sigmar Pálsson handbolta.

Íslandsmeistarar Þórs árinu voru: Haukur Fannar Möller og Sveinborg Katla Daniëlsdóttir Taekwondoþólk og þau María Steinunn Jóhannesdóttir og Hallur Guðmundsson í píluþólk.

Íþróttamenn deilda árið 2014.

Arna Sif Ásgrímsdóttir knattspyrnukona Þórs
Sandor Matus knattspyrnumaður Þórs.
Erna Rún Magnúsdóttir körfuknattleikskona Þórs
Einar Ómar Eyjólfsson körfuboltamaður Þórs.
Haukur Fannar Möller Taekwondamaður Þórs
Sveinborg Katla Daniëlsdóttir Taekwondokona Þórs.
Bjarni Sigurðsson Píluþólk Þórs
Jóhanna Bergsdóttir Píluþólk Þórs.
Ingólfur Valdimarsson Keilumaður Þórs
Nanna Hólm Keilukona Þórs.
Handboltamaður Þórs er svo Vignir Jóhannsson.

För svo að Arna Sif og Sandor voru kjörin íþróttakarlar og kona Þórs árið 2014. Þar sem Arna Sif hlaut fleiri stig í kjörinu var hún fulltrúi Þórs í kjöri til íþróttamanns Akureyrar.

Um eitt hundrað manns sóttu viðburðinn.

Fundur aðalstjórnar Þórs á árinu 2014 voru 25 talsins.

Knattspyrnudeild 2014

Hjá 8. flokki var fjöldinn sem æfði breytilegur, þegar mest var voru hátt í 60 krakkar að mæta. Þau tóku þátt 2 mótum, Strandarmótinu á Árskógssandi og Kiwanis mótinu á Húsavík. Á báðum mótunum var gleðin allsráðandi og allir komu sáttir frá leik. Þegar svo er þá er takmarkinu náð. Þetta sumar voru um 40 strákar sem æfðu hjá 7. flokki. Þeir tóku þátt í 5 mótum og stóðu sig vel á þeim öllum. Það sem lagt var áhersla á við þjálfun strákanna var að læra að standa saman, gera hvorn annan betri. Til þess að þetta tækist þurftu þeir að spila saman, bregðast við mistökum samherja sinna með því að hvetja þá áfram, treysta hvor öðrum og efla samkennd innan hópsins.

7. flokkur kvenna samanstóð af 25 duglegum stelpum sem fóru á þrjú mót þetta sumarið. Við byrjuðum á að fara á Landsbankamót á Sauðárkróki í lok júní. Þrjú Þórslið mættu til leiks og stóðu sig frábærlega og náðu öll liðin í bikar. Á öllum mótum í sumar voru þær valdar þrúðasta liðið!

Strákarnir í 6. fl karla sýndu það strax haustið á undan að þar var á ferð sérstaklega námsfús og hæfileikaríkur flokkur, er æfingar byrjuðu voru um 30 strákar að æfa, mikil fjölgun var í floknum og í lok sumars voru um 50 strákar sem æfðu af fullum krafti. Stelpurnar í 6. flokki tóku þátt í mörgum mótum árið 2014. Fyrst var Goðamótið þar sem teflt var fram fjórum liðum. Hnátumótið fór síðan fram á Dalvík í frábæru veðri í lok júní. Síamótið fór fram í lok júlí og minnti það oft á tíðum á mýraboltann fyrir vestan. Að lokum var svo Þejumótið á Siglufirði, Seinasta mót sumarsins voru síðan úrslitin í Hnátumótinu og var það í raun fimmta mótið. Í úrslitunum var keppt í A- og B liðum og sigraði B-liðið í keppni B-liða.

Tímabilið hjá 5. flokki karla var skemmtilegt. Flokkurinn taldi um 47 stráka yfir sumarið. Strákarnir voru á ferð og



Bikarmeistarar 2015, 2.fl. kvk

flugi og tóku þátt í ýmsum mótum og kepptu í flestum landshlutum ásamt því að fara í skemmtilega keppnisferð til Reykjavíkur í byrjun sumars. Flottur og vandaður hópur sem á sannarlega framtíðina fyrir sér.

Stelpurnar í 5. flokki tóku þátt í fjórum mótum árið 2014. Minnisstæðast er Þejumótið í Eyjum og var mikil upplifun að taka þátt í því. Lagt var af stað með þrjú lið í rútu frá akureyri á miðvikudegi og komið aftur til Akureyrar seint á laugardegi. Þessi ferð var mikið ævintýri og frábær í alla staði og á eftir að sitja lengi í minningunni hjá stelpunum. Einstaklega kurteisar stúlkur voru í 4 flokki kvenna sem auðvelt var að leiðbeina og þjálfra. Innanvallar gekk sumarið ekki eins og þjálfarar og leikmenn vildu, sætið í A-deild að ári tókst þó að lokum að tryggja þó með herkjum væri.

4. flokkur karla samanstóð af 30 leikmönnum. Í Íslandsmótinu gekk upp og ofan og oftar en ekki vorum við með liðið sem spilaði betri fótbolta en úrslitin voru ekki alltaf eftir því. Niðurstaðan eftir sumarið var því nokkuð súrsæt, Knattspyrnusumarið í 3. flokki kvenna var um margt merkilegt og lærdómsríkt. Stelpurnar æfðu vel og framfarir þeirra talsverðar. Hópurinn var frekar fámennur og nokkuð viðkvæmur og verkefni sumarsins í A-deild risastórt. Að spila í erfiðri A-deild þar sem átta af níu sterkustu liðum landsins spiluðu. Í stuttu máli sagt var sá biti of stór fyrir liðið að kyngja að þessu sinni. Hins vegar geta stelpurnar verið stoltar af því að hafa klárað sumarið án uppgjafar.

Í 3. flokk karla voru 33 flottir strákar sem æfðu og kepptu þetta árið. Teflt var fram tveimur liðum sem skipt voru í a- og b-liðakeppni auk þess sem eitt lið var skráð til þátttöku í bikarkeppni. Strákarnir æfðu vel allt árið og lögðu mikið á sig sem sýnir sig í því að bæði lið voru í harðri toppbaráttu allt tímabilið. Í bikarkeppninni komust strákarnir í úrslitaleikinn en þar biðu þeir lægri hlut eftir framlengingu og vítaspyrnukeppni.

Stelpurnar í 2. flokki æfðu vel og mikið á undirbúnings-tímabilinu og litu mjög vel út í vor og mátti sjá á mannskapnum að þær voru klárar í hvað sem er. Íslandsmótið fór nokkuð þægilega af stað en stórir sigrar á Fjölni og Stjörnunni í upphafi móts sýndu að stelpunum var alvara. Þó fóru þær illa að ráði sínu í fyrstu útleikjunum en gegn Val úti og FH í sömu ferð var heldur fámenn í rútnni og

Því þurftu 12 leikmenn að standa vaktina í báðum leikjum á tveim dögum. Þessar 12 stóðu sig eins og hetjur reyndar og börðust í gegnum þreytu og blöðrur til síðasta manns. Stígandi og bæting var áberandi og ljóst að stelpurnar ætla að láta að sér kveða í meistaraflokki Þór/KA á næstunni.

Strákarnir í öðrum flokki æfðu vel og komu vel undirbúnir fyrir sumarið. Þeir tóku þátt í Kjarnafæðismótinu sem byrjaði í jan og stóðu strákarnir sig vel. Þar var eingöngu spilað við meistaraflokkslið. Íslandsmótið byrjaði í maí og byrjaði það ekki vel þar sem þeir töpuðu fyrstu 3 leikjunum. En þeir rifu sig upp og fengu t.d. 9 stig af 12 mögulegum á móti liðunum sem fóru upp í A deild.

Íslandsmótið fór vel af stað hjá meistaraflokki Þór/KA þrátt fyrir að hópurnir væri að glíma við leiðinda meiðsli hjá sterkum leikmönnum. Eftir um þriðjung mótsins sat liðið á toppi deildarinnar. Ljóst var samt að talsvert vantaði uppá markaskorun hjá liðinu. Allt of fá mörk litu dagsins ljós miðað við gang leikja. Liðið barðist þó vel og sýndi karakter sem oft einkennir þennan hóp okkar. Þriðja sætið í deildinni var staðreynd í lok tímabilsins. Talsvert á eftir efstu tveimur en ágætis árangur miðað við allt.

Eftir að hafa endað vel í pepsídeildinni 2013 og tiltölulega gott undirbúnings tímabil fyrir sumarið 2014 voru menn nokkuð bjartsýnir fyrir tímabilið hjá meistaraflokki Þórs. Niðurstaðan var ekki samræmi við væntingar og liðið féll úr Pepsídeildinni með 12 stig. Liðið vann þrjá heimaleiki, gegn Fylki 5-1, KR 2-0 og Breiðablik 2-0 og gerði jafntefli heima við IBV og keflavík. Liðið náði aðeins í 1 stig á útivelli gegn FH.

Erfitt tímabil að baki þar sem hlutirnir voru ekki að ganga upp og þá sérstaklega vantaði uppá að liðið krækti í fleiri stig á útivelli en það fleytti þeim áfram tímabilið á undan.



Þór-Fjarðarbyggð

Píludeild Þórs 2014

Píludeild Þórs hefur það að markmiði að bjóða upp á fjölbreytta og skemmtilega dagskrá þannig að jafnt byrjendur sem lengra komnir finni þar eitthvað við sitt hæfi.

Deildin hefur aðstöðu á miðhæð stúkunnar við Þórsvöllinn og heldur þar uppi skipulegum æfingátímum tvisvar í viku, á mánudags- og miðvikudagskvöldum kl. 20-22, en jafnframt eru oft haldin mót í æfingátímunum.

Æfingátímarnir eru opnir og allir eru velkomnir að koma og prófa pílukast og fá leiðsögn hjá vönu fólki. Auk þess leggur deildin mikið upp úr því að kynna íþróttina fyrir almenningi og tekur oft á móti hópum, t.d. skólabekkjum, vinnustaðahópum, og eru grundvallaratriði íþróttarinnar kynnt og farið í skemmtilegar keppnir.

Reglulega eru haldin opin mót fyrir almenning þar sem spilaður er tvímenningur og stílað inn á að draga vana og óvana spilara saman í pör, svokölluð Lucky Draw mót. Tvö stór mót í þessum anda eru haldin í desember ár hvert, Jólamót Píludeildar Þórs og Kjarnafæðis og Bombumótið, en önnur Lucky Draw mót eru haldin að jafnaði einu sinni í mánuði eða annan hvern mánuð og eru þau stundum haldin sérstaklega til styrktar pílufólki úr Þór sem tekur þátt í landsliðsverkefnum.

Árið 2014 stóð deildin fyrir eftirtöldum mótum: Meistaramót Þórs í 501, Meistaramót Þórs í krikket, Meistaramót Þórs í 301, Fyrirtækjakeppni, HÞ Lagnadeild og Akureyri Open. Jafnframt var Íslandsmótið í 301 haldið í Hamri í samstarfi við Íslenska pílukastsambandið.

Íslandsmeistarar úr röðum Píludeildar Þórs á árinu 2014:

Hallur Guðmundsson í 301, einmenningi.

María Steinunn Jóhannesdóttir í 301, einmenningi.

Landsliðsfólk úr röðum Píludeildar Þórs á árinu 2014:

Jóhanna Bergsdóttir, Evrópumót

Í stjórn deildarinnar áttu eftirtalin sæti: Hinrik Þórðarson formaður, Kristján Örn Helgason varaformaður, Guðrún Þorbjörg Þórðardóttir gjaldkeri, Jóhanna Bergsdóttir ritari, Arnar Oddsson meðstjórnandi og Páll Stefánsson varamaður.

Körfuknattleiksdeild Þórs

Árið 2014:

Áttum ágætis ár í fyrstu deild karla og fyrstu deild kvenna en komumst þó ekki upp með hvorugt liðið.

Árið 2015:

Í lok tímabils 2014 – 2015 höfðum við tapað öllum leikjum í meistaraflokki karla nema einum. Kvinnaliðinu gekk betur en þó aldrei neinar líkur á sæti í úrvalsdeild.

Vorið 2015 fórum við í endurskipulagningu á starfinu. Bættust við margir aðilar í stjórnir deildarinnar og var stefnan sett á úrvalsdeild, sem er síðan búið að takast með meistaraflokk karla. Meistaraflokkur kvenna er þá næstur á dagskrá.

Núna í haust var í fyrsta skipti byrjað með körfubolta-akademíu á Akureyri sem að er undir handleiðslu

Benedikts Guðmundssonar. Auk þess hafa síðustu árin alltaf verið körfuboltaskóli á sumrin.

Stjórn körfuknattleiksdeildar.

Stefán Vilberg Leifsson
Jón Halldórsson
Ómar Aspar
María Hafsteinsdóttir
Hjálmar Pálsson
Böðvar Kristjánsson
Ágúst Jensson
Einar Örn Aðalsteinsson
Haukur Dór Kjartansson
Ragnar Niels Steinsson
Pétur Karlsson

Unglingaráð körfuknattleiksdeildar 2015

Fjöldi iðkenda hefur vaxið ár frá ári síðustu árin og voru iðkendur að hausti 2015 tæplega 140.

Við vorum með 6 flokka í Íslandsmóti og hefur gengið almennt gott, og árangurinn að ansi nálægt markmiðum, en þau eru að eiga flokka í b) riðli eða ofar. Einn íslandsmeistaratitill vannst, en 8. flokkur drengja, undir góðri leiðsögn Ágústs Herberts Guðmundssonar urðu Íslandsmeistarar.

Kjarnafæðismótið er mót sem við höldum í lok hvers keppnistímabils. Þetta mót hefur fallið í gríðarlega góðan jarðveg og létu iðkendur í tuttugu liðum látið ljós sitt skína á mótinu og er þetta er orðinn fastur punktur í starfinu okkar. Þetta árið var það fjölmennasta, en keppendur voru 120 sem komu á mótið.

Starfið hefur gengið mjög vel og margir góðir aðilar sem leggja hönd á plóg. Ýmislegt hefur verið gert til fjáröflunar, en haldin voru 2 bingó og hefur unglingaráð verið að selja merktar hettupeysur og Þórs slaufur.

Unglingaráð körfuknattleiksdeildar skipa

Jóhannes Baldur Guðmundsson formaður
Anna Lilja Sævarsdóttir gjaldkeri
Einar Örn Aðalsteinsson
Arna Jakobsdóttir
Ólafur Jón Ormsson.



Íslandsmeistarar



Þór - Haukar

Keiludeild Þórs

Ársskýrsla keiludeildar Þórs 2014 - 2015

Svipað snið hefur verið í starfsemi keiludeildar Þórs og undanfarin ár. Æfingar fullorðinna eru 3 sinnum í viku, og æfingar barna og unglinga einnig. Æfingar skiptast í aldursflokka, þ.e. 18 ára og eldri sér og svo yngri en 18 ára æfa á öðrum tímum og þá alltaf undir handleiðslu þjálfara.

Eftir að keiludeildin fékk viðurkenningu sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ verður annað fyrirkomulag á æfingum og aldursskiptingu á æfingum fyrir næsta tímabil.

Keiludeildin sendi tvo aðila á þjálfaranámskeið sem Keilusamband Íslands stóð fyrir árið 2015 og er það liður í að hafa menntaða og góða þjálfara á æfingum.

Þjálfarar sem hafa farið á þjálfaranámskeið eru Aníta Ársól Torfadóttir og Nanna Hólm Davíðsdóttir.

Aðrir þjálfarar eru Þorgeir Jónsson og Örvar Eliasson.

Mót sem haldin voru tímabilið 2014-2015

6. vikna mót
Tvímenningur
Bikarmót
Akureyri Open
Akureyrarmeistarinn

Árangur liða og einstaklinga

Árið 2015 var nokkuð gott í heildina hjá þeim liðum sem keppa undir merkjum Þórs í keilu. Þór sem keppti í 2. deild karla, endaði tímabilið í 2. sæti og spilar því nú í efstu deild eftir að hafa fallið þaðan árið áður.

Þór-Plús endaði í 2. sæti 3. deildar karla og spilar nú í 2. deild.

Þór-Víkingar enduðu í 8. sæti 3. deildar karla á sínu fyrsta tímabili

Þór-Þórynjur enduðu í 4. sæti 2. deildar kvenna á sínu fyrsta tímabili

Tvö ný lið voru stofnuð fyrir tímabilið 2015-2016, eitt karla lið sem eingöngu er skipað 15 ára drengjum og svo eitt nýtt kvennalið og eru því 6 lið sem keppa undir merkjum Þórs í keilu.

Guðbjörg Harpa Sigurðardóttir varð í 3. sæti á Íslandsmeistaramóti unglinga.

Bergþóra Pálsdóttir varð í 3. sæti á Íslandsmeistaramóti með forgjöf.

Tveir unglingar voru valdir í unglingaafreksþóp Keilusambands Íslands en það voru Guðbjörg Harpa Sigurðardóttir 15 ára og Ólafur Þór Hjaltalín Ólafsson 15 ára.

Stjórn Keiludeildar Þórs 2015-2016

Guðmundur Freyr Aðalsteinsson - Formaður
Valdimar Geir Valdimarsson - Varaformaður
Haraldur Helgason – Gjaldkeri
Aníta Ársól Torfadóttir - Ritari
Örvar Freyr Eliasson - Meðstjórnandi
Björgvin Helgi Valdimarsson – 1. varamaður
Geirdís Hanna Kristjánsdóttir – 2. Varamaður.

Handknattleiksdeild 2014-2015

Í stjórn handknattleiksdeildar eru 6 stjórnarmenn sem vinna fyrir deildina í sjálfböðavinnu. Meðal verkefna stjórnar eru skipulagsmál, stefna, markmið, fjárhagur, fjármögnun og aðstaða. Eftirtaldir aðilar skipa stjórn handknattleiksdeildar:

Kristján Gylfason formaður
Linda Guðmundsdóttir gjaldkeri
Elva Haraldsdóttir ritari
Helga Lyngdal meðstjórnandi
Sigurbjörg Nielsdóttir meðstjórnandi
Steinn Símonarson meðstjórnandi

Vorið 2015 hætti Sverrir Torfason í stjórn en hann hafði gengt formennsku í nokkur ár, einnig gekk úr stjórn Brynhildur Pétursdóttir. Nýir meðlimir í stjórn eru Sigurbjörg Nielsdóttir og Steinn Símonarson. Hjá deildinni eru 6 flokkar, 3. – 8. flokkur drengja.



Veturinn 2015-2016 er tilraunaverkefni að hafa 8. flokk kynjablandaðan. Fjöldi iðkenda hefur verið nokkuð stöðugur á bilinu 120-130. Hjá deildinni starfa yfirþjálfari, 6 þjálfarar ásamt 5 aðstoðarþjálfurum. Kvennaflokkarnir eru sameiginlegir undir merkjum KA og Þórs. Handboltadeildir KA og Þórs vinna mikið saman og halda félögin m.a. saman tvö stór handboltamót á ári, eitt í október og annað í apríl. Í hverjum flokk eru síðan starfandi foreldraráð sem skipuleggja ferðir og annað starf hjá hverjum flokki fyrir sig. Mikil áhersla er lögð á að foreldraráðin séu virk og þjálfarar fái góðan stuðning frá þeim.

Æfingagjöldum deildarinnar hefur verið haldið eins lágum og kostur er síðustu ár til að gera fleirum kleift að æfa íþróttina. Innifalið í æfingagjöldum eru mismargar æfingar hjá hverjum flokki fyrir sig í íþróttahúsinu í Síðuskóla undir leiðsögn þjálfara.

Deildin býður upp á systkinaafslátt ásamt því sem deildir innan Þórs bjóða upp á afslátt á milli deilda. Einnig bjóðum við þeim sem byrja að æfa um miðjan vetur að greiða æfingagjald eftir hlutfalli.

Flokkaskipting er eftirfarandi, aldurinn miðast við haust:

3. flokkur karla 16-17 ára
4. flokkur karla 14-15 ára
5. flokkur karla 12-13 ára
6. flokkur karla 10-11 ára
7. flokkur karla 8-9 ára
8. flokkur karla og kvenna 6-7 ára



3. flokkur - Deildarmeistari 2013 - 2014

Allar æfingar fara fram í Þróttahúsi Síðuskóla en auk þess hafa verið þrekæfingar fyrir 3. og 4. flokk í Bjargi líkamsrækt og Crossfit Akureyri þar sem aðstaða fyrir slíkt er ekki til staðar hjá félaginu. Ýmis starfsemi deildarinnar fer fram í félagsheimili Þórs, Hamri.

3. og 4. flokkar taka bæði þátt í Íslandsmóti og bikarkeppni. 5. og 6. flokkar sækja 5 mót í Íslandsmóti á hverjum vetri. 7. flokkur tekur þátt í einu móti á hverju ári. 8. flokkur spilar á móti KA a.m.k. einu sinni á ári.

Annað hvert ár fer 4. flokkur í utanlandsferð. Árið 2014 fór 4. flokkur til Svíþjóðar á svokallað Patrille cup mót.

Í september er öllum boðið að æfa frítt, einnig hefur deildin í upphafi hvers árs boðið nýjum iðkendum að koma og æfa frítt í kringum stórmót í handbolta. Þetta hefur komið vel út og hefur það skilað nýjum iðkendum. Í lok september heldur handknattleiksdeild Þórs handboltadag til að kynna starf deildarinnar. Þar er brugðið á lek og í lokin boðið upp á veitingar. Í maí heldur handknattleiksdeild lokahóf. Sú venja hefur skapast að handboltasnillingur hefur komið og rætt við iðkendur hvernig hann hugsar um þjálfun sína og heilbrigðan lífsstíl. Þjálfarar fara yfir starf vetrarins og veita verðlaun í sínum flokki. Yngstu iðkendurnir, í 7. og 8. flokki fá allir viðurkenningarpening. Í 4., 5. og 6. flokki eru veitt verðlaun fyrir mestu framfarir, besta leikmann og hugarfarsverðlaun. Í 3. flokki eru veitt verðlaun fyrir besta leikmann, besta sóknarmann, besta varnarmann og hugarfar. Þjálfarar velja þá sem hljóta viðurkenningar úr sínum flokkum. Í lokin er boðið upp á veitingar. **Um áramót er valinn handboltamaður Þórs. Vignir Jóhannsson var handboltamaður Þórs 2014 og Hafþór Már Vignisson var handboltamaður Þórs 2015.**

Fjórir drengir frá Þór hafa sótt æfingar hjá yngri landsliðum Íslands í handbolta. Þetta eru þeir Sigmar Pálsson, Hafþór Már Vignisson, Haukur Brynjarsson og Sigurður Kristófer Skjaldarson. Æfingar hafa verið 3-4 sinnum á ári yfir helgi. Sigmar Pálsson tók þátt í 4 liða móti í Frakklandi með U-17.

Taekwondo-deild Þórs 2014-2015

Starfsemi deildarinnar hefur verið með svipuðu sniði og undanfarin ár. Deildin skiptist í fjóra flokka, byrjendur yngri, 8-14 ára, byrjendur eldri, 14 ára og eldri, framhaldsflokkur, 8-14 ára og meistaraflokkur 14+. Þjálfarar voru þrír, Haukur Fannar Möller sem sá um þjálfun meistaraflokks og framhaldsflokks, Sveinborg Katla Danielsdóttir sem sá um þjálfun byrjendur yngri, 8-14 ára og Pétur Már Kjartansson sem sá um þjálfun byrjendur eldri.

Æfingar eru haldnar í Hamri, byrjendur yngri og eldri æfa tvisvar í viku og auk þess fær framhaldsflokkur sér æfingu einu sinni í viku. Meistaraflokkur æfir þrisvar í viku.

Haukur Fannar er með 2.dan gráðu og Sveinborg Katla er með 1.dan gráðu (svart belti). Haukur Fannar er auk þess með dómaraéttindi og dæmdi hann á nær öllum íslenskum mótum á árinu 2014-2015. Að þessu sinni var haldið beltaþróf í samstarfi við Völsung á Húsavík og fóru krakkararnir frá okkur á Húsavík, þrír um vorið og fjórir um hausti og stóðu þau sig öll með ágætum.

Haukur Fannar og Sveinborg Katla voru bæði valin í Taekwondo Landslið Íslands í poomse. Þau kepptu með landsliðinu m.a. á Danish Open, Norðurlandamótinu í Noregi og Evrópumótinu í Serbíu. Þau stóðu sig bæði mjög vel á þessum mótum og voru félagi sínu til sóma.

Taekwondo samband Íslands tók í fyrsta skiptið þátt á RIG mótinu eða Reykjavík International games á síðasta ári og átti Þór tvo keppendur á mótinu þau Sveinborgu Kötlu og Hauk Fannar.

Árangur á mótum 2014-15

RIG (Reykjavík International games) :

1 gull, 1 silfur og 1 brons.

Bikarmót II, 2.sæti einstaklings poomse.

Danish Open: 5. sæti einstaklings poomse.

Norðurlandameistaramót í Noregi, 4 sæti Para poomse.

Íslandsmeistaramót í Poomse: 1 gull, 2 silfur.

Evrópumótið í Serbíu: 13 sæti einstaklings poomse.

Fyrir hönd Taekwondo deildar,

Þorgerður Guðmundsdóttir, formaður.



2015

Aðalstjórn

Árið 2015 var afar sérstakt í sögu félagsins þar sem félagið var eitt hundrað ára. Stjórn Þórs hafði ákveðið að haldið skildi uppá afmælið með margvíslegum hætti allt árið þar sem hápunkturinn yrði afmælisviðburður á sjálfan afmælisdaginn 6. júní og öllum boðið að taka þátt án endurgjalds. Hafist var handa við undirbúning og útgáfu Þórsblaðs sem koma skildi út í vikunni fyrir afmælið ritstýrt af Skapta Hallgrímssyni. Einnig var Bjarni Hafþór Helgason fengin til að semja nýtt afmælislag sem frumflutt yrði á sjálfan afmælisdaginn.

Þrettándaglegið var haldin í góðu samstarfi við Akureyrarstofu. Viðburðurinn var haldinn á Þórsvelli, Boganum og inni í Hamri. Hátíðin var opnuð með skrudgöngu þar sem álfakóngur og drottning fóru fyrir göngunni í sleða og á eftir þeim fylgdu 100 hundrað kyndlaberar einn fyrir hvert ár í sögu Þórs, tröll, púkar, jólasveinar, danshópnum Vefarinn og aðrar alls kyns kynjaverur. Meðal skemmtikrafta voru Jónsi í Svörtum fötum og Óskar Pétursson.

Við þetta tækifæri var upplýst um að Hilmar Henry Gíslason hefði verið kjörinn heiðursfélagi Þórs og einni var Eiríki Stefánssyni veitt gullmerki Þórs. Talið er að nærri 1500 manns hafi tekið þátt í gleðinni.

Aðalfundur félagsins var haldinn 12. mars. Rekstu Þórs var í góðu jafnvægi og var rekstrarafgangur um 2,4 milljónir.

Stjórn Þórs 2015-2016 var kosin: Árni Óðinsson formaður, Viðar Ólason varaformaður, Arnar Friðriksson gjaldkeri, Páll Jóhannesson ritari, Unnsteinn Jónsson meðstjórnandi, Helga Lyngdal meðstjórnandi, Sigurpáll Árni Aðalsteinsson meðstjórnandi. Varamenn Þórs eru þeir að þessu sinni, Elva Haraldsdóttir, Geirdís Hanna Kristjánsdóttir og Þorgils Sævarsson. Úr stjórn fara: Vigdís Lovísa Rafnsdóttir og Sverrir Torfason.

Aðalfundurinn sendi frá sér eftirfarandi ályktun: Aðalfundur Íþróttafélagsins Þórs haldinn í Hamri fimmtudaginn 12. mars 2015 skorar á bæjaryfirvöld að endurnýja gervigras Bogans svo fljótt sem verða má. Núverandi gras er löngu úr sér gengið og af því stafar heilsufars- og slyshætta. Ályktunin er samþykkt samhljóða.

Meistarahittingur. Laugardaginn 28. mars var haldinn svokallaður meistarahittingur en það var í tilefni þess að árunum 1969-1976 varð meistaraflokkur kvenna í körfubolta Íslandsmeistari í þriggja og einu sinni bikarmeistari. Titlarnir unnust undir stjórn Einars Bollasonar Íslandsmeistarar 1969, Íslandsmeistarar 1971 undir stjórn Guttorms Ólafssonar Íslandsmeistarar 1975 og bikarmeistarar 1976 undir stjórn Antons Sölvasonar. Fyrst var komið saman í íþróttahúsi Síðuskóla þar sem fjórir meistarafánar voru hengdir upp. Um kvöldið var svo veisla í Hamri af þessu tilefni. Þrýðis mæting var og sannkallaðir fagnaðarfundir þegar afreksfólkið kom saman.

Þann 23. maí stóð stjórnin fyrir hjóladegi í samstarfi við Hjólreiðafélag Akureyrar. Þrátt fyrir rigningu og að heldur kalt væri í veðri var frábær stemning og góð mæting. Í lokin var grillað fyrir alla þátttakendur.

Í byrjun júní kom að því að Þórsblaðið „Þættir af Þórsöld“ kom út og var borið inná hvert heimili í bænum. Blaðið einkar glæsilegt 64 blaðsíður með fjölda ljósmynda úr starfi félagsins í heila öld. Ritstjórn blaðsins var í höndum Skapta Hallgrímssonar.

Föstudaginn 5. júní var haldið 100 ára afmælimót Þórs í golfi. Þátttaka fór fram úr væntingum en alls tókum ríflega 90 manns þátt í mótinu. Um allan undirbúning sá hinn mæti maður Hreiðar Gíslason sem m.a. safnaði fjölda glæsilegra vinninga. Um framkvæmd mótsins sá hann í góðu samstarfi við Golfklúbbinn sem á þakkir skildar fyrir þeirra aðkomu. Sigurvegari mótsins varð Auðunn Aðalsteinn Víglundsson.

Afmælisveisla Þórs haldinn með pompi og prakt laugardaginn 6. júní. Fyrsti viðburður dagsins var þegar hengdur var upp skjöldur á húsið Strandgötu 45 þar sem félagið var stofnað. Það var fyrirlíði Íslenska A-landsliðsins, Aron Einar Gunnarsson sem afhjúpaði skjöldinn.

Dagskemmtun á Þórsvelli klukkan 13-16. Boðið var til grillveislu sem unnin var í samstarfi við Meistarafélags kjötiðnaðarmanna og Landssamband sauðfjárbænda. Fjölbreytt skemmtidagskrá fyrir alla aldurshópa þar sem landsþekkir skemmtikraftar komu fram. Páli Rósinkranz sem flutti nýja Þórslagið „Ég er Þórsari“ eftir Bjarna Hafþór Helgason. Um útsetningu á laginu sá Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson og um undirleik sá Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.

Hátíðarveisla í íþróttahúsi Glerárskóla þar sem um 400 manns var saman komin. Þar voru eftirtaldir félagar heiðrarðir: Bjarni Fannberg Jónasson var gerður að heiðursfélagi í Þór. Gullmerki Þórs hlutu: Árni Konráð Bjarnason, Bjarni Hafþór Helgason, Björk Árnadóttir, Davíð Ómar Þorsteinsson, Guðrún Ása Þorvaldsdóttir, Gunnborg Gunnarsdóttir, Heiða Björk Jónsdóttir, Ingólfur Samúelsson, Jónas Ragnarsson, Kjartan Bragason, Kristinn Hreinsson, Linda Guðmundsdóttir, María Daniëlsdóttir, Páll Jóhannesson, Ragnar Breiðfjörð Ragnarsson, Reynir Brynjólfsson, Rúnar Antonsson, Rúnar Haukur Ingimarsson, Sigurður Vatnsdal og Þóroddur Hjaltalín Jr.

Silfurmerki Þórs hlutu: Aðalsteinn Ingi Pálsson, Guðmundur Bjarnar Guðmundsson, Guðni Þór Ragnarsson, Jóhannes Axelsson, Jörunn Jóhannesdóttir, Kolbrún Jónsdóttir, Lára Kristinsdóttir, Magnús Ingi Eggertsson, Reynir Karlsson, Rainer Lorenz Jessen, Rósa Antonsdóttir, Sigurlína Sigurgeirsdóttir, Þórir Ólafur Tryggvason.



Þá veittu Knattspyrnusamband Íslands og Handknattleikssamband Íslands nokkrum Þórsurum gull og silfurmerki fyrir störf sín í þágu íþrótta.

Kvöldskemmtun 20:00-22:30 á Þórsvelli. Þar sem hluti þeirra listamanna sem komu fram fyrir um daginn tróðu upp stemningin alveg ógleymanleg. Í blöðum var svo greint frá því að þúsundir hafi sótt viðburðinn í þrýðis góðu veðri.

Íþrótta- og tómsundaskóli Þórs í ár var með hefðbundnu sniði. Boðið var uppá fimm tveggja vikna námskeið og hófst það fyrsta mánudaginn 8. júní og síðasta námskeiðinu lauk 14. ágúst. Námskeiðin voru mjög vel sótt og var fjöldi barna ríflega 40 þetta sumarið. Fimm starfsmenn voru í fullu starfi við leikjaskólann og þrír starfsmenn á vegum unglingavinnunnar fyrir hluta sumars. Yfirumsjón með námskeiðunum höfðu: Elma Rún Grétarsdóttir og Katla Ósk Rakelardóttir.

100 ára ljósmyndasýning Þórs á Glerártorgi.

Í tilefni af aldarafmæli félagsins var ráðist í þá vinnu að setja upp ljósmyndasýningu úr starfi Þórs. Við undirbúning vann hópur góðra manna við að flokka myndir og skrá. Það var svo í höndum Geimstofunnar að sjá um að koma hanna útlit og prentun á myndunum og búa þær til sýningar. Sýningin var svo sett upp 3. Júlí og stóð uppi í þrjár vikur.

Pollamót keppt í þrem deildum karla alls 46 lið og þremur deildum kvenna alls 18 lið eða 64 lið alls á mótinu. Við áramót

Það var margt um manninn í Hamri miðvikudaginn 30. desember þegar kjöri á íþróttafólki Þórs var lýst á opnu húsi „Við áramót“ en um 120 manns tóku þátt í hátíðinni og nutu dagsins í notalegu umhverfi. Dagskráin var með nokkuð hefðbundnu sniði þ.e. að landsliðsfólki var heiðrað, sem og það íþróttafólk sem varð Íslandsmeistarar og bikarmeistarar á árinu. Ræðumenn dagsins, tónlistaratriði

og hápunktur dagsins þegar kjöri á íþróttafólki Þórs var lýst. Þá hlutu allar deildir og félagið í heild útnefningu ÍSÍ sem fyrirmyndarfélag.

Viðar Sigurjónsson færði Þór afmælisgjöf frá ÍSÍ í tilefni 100 ára afmæli félagsins fallegan skjöld sem á stendur „Íþróttafélagið Þór 100 ára. Árnaðaróskir Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands. Ræðumenn dagsins voru þau Arna Sif Ásgrímsdóttir knattspyrnukona og Sverre Jakobsson þjálfari Akureyri handboltafélags.

Stjórn Þórs veitti öllum þeim einstaklingum sem höfðu tekið þátt í landsliðsverkefnum fyrir land og þjóð viðurkenningar, alls 19 einstaklingar. Þau eru: Aron Birkir Stefánsson, Birkir Heimisson, Arna Sif Ásgrímsdóttir, Sandra María Jessen, Harpa Jóhannsdóttir, Silvía Rán Sigurðardóttir, Andrea Mist Pálsdóttir, Anna Rakel Pétursdóttir, Lillý Rut Hlynisdóttir, Margrét Árnadóttir og Saga Líf Sigurðardóttir allt knattspyrnufólk, Tryggvi Snær Hlinason körfuknattleik, Hafþór Már Vignisson, Haukur Brynjarsson og Sigurður K. Skjaldarson handboltamenn, Jóhanna Bergsdóttir og María Steinunn Jóhannesdóttir pílufólk og Haukur Fannar Möller og Sveinborg Katla Daniélsdóttir taekwondofólk.

Þá var Helgu Lyngdal Þorsteinsdóttur veitt silfurmerki Þórs en Helga hefur um árabíl unnið mikið og gott sjálfbodastarf fyrir handknattleiksdeild Þórs og á síðasta aðalfundi Þór var hún kjörin í aðalstjórn félagsins.

Hápunktur dagsins var svo þegar kjöri á íþróttafólki Þórs var lýst. Hver deild útnefnir tvo einstaklinga, karl og konu en aðalstjórn kys svo í leynilegri kosningu íþróttafólk Þórs. Sá aðilinn sem fær fleiri stig hlýtur nafnbótina íþróttamaður Þórs og verður fulltrúi félagsins í kjöri til íþróttamanns Akureyrar.

Handboltadeild Þórs velur svo aðeins handboltamann Þórs sem er karl en stúlkurnar æfa undir merkjum KA/Þórs og því tilnefnir Þór ekki handboltakonu.

Þessi voru tilnefnd:

Körfuknattleiksfólk Þórs 2015: Helga Rut Hallgrímsdóttir og Tryggvi Snær Hlinason.

Knattspyrnufólk Þórs 2015: Jóhann Helgi Hannesson og Roxanne Kimberly Barker.

Taekwondofólk Þórs 2015: Haukur Fannar Möller og Sveinborg Katla Daniélsdóttir.

Pílufólk Þórs 2015: Bjarni Sigurðsson og Jóhanna Bergsdóttir.

Keilufólk Þórs 2015: Erna Hermannsdóttir og Ingólfur Ómar Valdimarsson.

Fór svo að Tryggvi Snær Hlinason hlaut flest stig í kjörinu og er því íþróttamaður Þórs 2015 og verður hann fulltrúi Þórs í kjöri til íþróttamanns Akureyrar. Knattspyrnukonan Roxanne Kimberly Barker var stigahæst kvenna í kjörinu og er því íþróttakona Þórs 2015.

Handboltamaður Þórs 2015 er Hafþór Már Vignisson.

Fundir aðalstjórnar Þórs á árinu 2015 voru 25 talsins.

Knattspyrnudeild 2015

Iðkendur í 8.fl í sumar voru rúmlega 70, bæði stelpur og strákar. Á æfingum hjá þessum krökkum var gríðarleg áhugasemi og gleði sem skilaði sér til vel á vellinum. Einnig voru stelpurnar í 7.flokk kvenna gríðarlega flottar í sumar og framfarirnar eftir því. Það fjölgaði talsvert í hópnum og þær nýju stelpur sem komu inn voru fljótar að komast inni þetta og læra á leikinn. Mótin sem farið var á þetta sumar- ið voru: Landsbankamótið, Strandamótið, Þæjumótið og Kiwanismótið.

7.flokkur karla var frekar stór flokkur með yfir 40 iðk- endur þegar flestir voru. Flokkurinn tók þátt í fjölmörg- um mótum í sumar um allt land og náðist góður árangur í flestum þeirra. Hjá 6. flokki kvenna var farið á þrjú stór mót ásamt því að spila í Hnátumóti. Á öllum mótunum gekk vel og spiluðu stelpurnar flottan fótbolta. Hópurinn stækkaði hratt á tímabilinu en um 14 stelpur hófu æfingar sl. haust en þegar sumrinu lauk voru þær orðnar 35 talsins. Þessu má ekki síst þakka frábæru foreldrarstarfi í flokkn- um. Í 6. flokki karla var lagt upp með að vera jákvæðir og hafa gaman á æfingum og strákarnir mættu nær undan- tekningarlaust þannig stemmdir á æfingar. Það gekk upp og ofan á mótum sumarsins en strákarnir voru vaxandi þegar leið á sumarið og enduðu árið með stæl á Kiwanismótinu á Húsavík í ágúst.

Íslandsmótið hjá 5. flokki kvenna stóð yfir allt sumarið og voru 3 lið skráð, tvö A-lið og eitt B-lið og heppnaðist það frábærlega. Öll liðin stóðu sig mjög vel í sumar og fór annað A-liðið okkar í úrslit þar sem þær lentu í 3. sæti í sínum riðli. Í flokknum voru um 30 stelpur að æfa.

Hinn líflegi hópur 5.flokks karla taldi yfir 60 stráka yfir blá sumarið sem þykir ansi gott. Árangurinn hjá strákun- um inni á vellinum var aldeilis frábær þar sem menn stóðu sig með stakri þrýði og lærðu í bland að sigra og tapa eins og gengur og gerist í boltanum en umfram allt að gera alltaf sitt besta og hafa gaman af.

4. flokkur kvenna var með tvö lið skráð til leiks í Íslandsmótinu, A-lið sem spilaði 11 manna bolta og B-lið sem spilaði 7 manna bolta. A-liðið endaði í 4.-5. sæti í A-riðli sem er frábær árangur. B-liðið átti marga fína leiki og þar voru nokkrar stelpur að stíga sín fyrstu skref inni á fótboltavellinum. 25 stelpur voru að æfa í þessum flokk í vetur og sumar og margar nýjar stelpur sem höfðu ekki æft áður byrjuðu að æfa.

Í 4. flokki karla voru 35 strákar skráðir og sendu þeir 3 lið í Íslandsmót. A og B lið í B riðil og svo A lið í Norðurlandsriðil. Sumarið gekk vel og enduðu A liðin í 4.sæti í sínum riðlum og B liðið í 3. sæti og voru hársbreidd frá því að komast í úrslitakeppnina en þeir sátu eftir á markamun.



3. flokkur karla - bikarmeistari 2015

Í andstæðu við aðra flokka á árinu voru stelpurnar í 3. flokki kvenna fáar þetta árið en náðu þó að tefla fram 11 manna liði á Íslandsmóti og í bikarkeppni. Mótið gekk misvel þar sem gengi liðsins fór mikið eftir því hvernig mannskap var hægt að stilla upp í hvert skipti.

Strákarnir í 3.flokki voru rétt um 30 talsins. Tvö lið voru skráð til leiks í Íslandsmóti og eitt lið í bikarkeppni. Íslandsmótið gekk ágætlega hjá báðum liðum og í bikar- keppninni stóðu strákarnir uppi sem sigurvegarar eftir sigur gegn KA. Sumarið hjá 2. flokki karla gekk að mörgu leyti vel, Liðið hafnaði í 8. sæti með 21 stig. Bikarkeppnin byrjaði vel og náðust góðir sigrar á móti KF og Selfoss en liðið féll hinsvegar úr keppni á heimavelli á móti Fjölni.

Stelpurnar í 2.fl. ÞórKA undirbjuggu sig vel fyrir tímabilið 2015. Æfðu vel og sýndu heilt yfir metnað til að ná árangri og bæta sig í fótbolta. Eftir gott gengi í Íslandsmótinu og þrátt fyrir að gríðarlegur fjöldi leikmanna á öllum aldri hafi tekið þátt í þessum 12 leikjum þá endaði liðið í 2.sæti á eftir meisturum FH. Skoruðu stelpurnar okkar flest mörkin í deildinni eða 27 talsins í 12 leikjum. Hápunktur sumarsins var þó að liðið varð bikarmeistari eftir sigur á FH í úrslitaleik sem fram fór á Þórsvelli 27. september. Mikið var lagt upp úr umgjörð leiksins sem var eins og um úrvalsdeildarleik væri að ræða. Auk þess var leikurinn sýndur í beinni útsendingu á vefvarpi Þórs, Þórtv.

Undirbúningstímabilið hjá meistaraflokki Þór/KA gekk heilt yfir nokkuð vel og aðeins Breiðablik og Stjarnan náðu að leggja liðið okkar að velli í Lengjubikarnum. Markaskorunin gekk vel í sumar en alls skoraði liðið 51 mark í deild og bikar. Á móti kom að verr gekk að verja markið og töpin og jafnteflin urðu of mörg. Liðið fékk á sig 33 mörk í báðum keppnum sbr. 25 mörk í fyrra. Þór/ KA vann 9 leiki í Íslandsmótinu, gerði 3 jafntefli og tapaði 6. Endaði í fjórða sæti eða einu sæti neðar en í fyrra.



ÞórlKa - Selfoss

Hjá meistaraflokki karla fór fyrsti leikurinn í mótinu ekkert sérlega vel af stað og mögulega voru menn líklega örlítið yfirspenntir þar en 4-1 tap á útivelli fyrir Þrótturum var staðreynd. Eftir þann leik fór vélin í gang og 5 sterkir sigurleikir fylgdu í kjölfarið á móti Fram, BÍ, HK, Fjarðabyggð og Haukum. Mjög sterkur kafla hjá liðinu og sjálfstraustið í botni. Þrátt fyrir að hafa unnið 12 leiki á tímabilinu og skorað 40 mörk þá er allt of mikið að tapa 8 leikjum og fá á sig 34 mörk. Stöðugleikinn var ekki nægilegur í varnarleik liðsins sem heild og föst leikatriði flæktu st fyrir þeim fyrri hluta tímabilsins.

Heilt yfir geta Þórsarar verið nokkuð sáttrir eftir tímabilið, auðvitað ætluðu þeir að fara upp um deild og það var vissulega metnaður og geta til þess.



Þór - Haukar

Píludeild 2015

Píludeild Þórs hefur það að markmiði að bjóða upp á fjölbreytta og skemmtilega dagskrá þannig að jafnt byrjendur sem lengra komnir finni þar eitthvað við sitt hæfi.

Deildin hefur aðstöðu á miðhæð stúkunnar við Þórsvöllinn og heldur þar uppi skipulegum æfingatímum tvisvar í viku, á mánudags- og miðvikudagskvöldum kl. 20-22, en jafnframt eru oft haldin mót í æfingatímunum.

Æfingatímarnir eru opnir og allir eru velkomnir að koma og prófa pílukast og fá leiðsögn hjá vönu fólki. Auk þess leggur deildin mikið upp úr því að kynna íþróttina fyrir almenningi og tekur oft á móti hópum, t.d. skólabekkjum, vinnustaðahópum, og eru grundvallaratriði íþróttarinnar kynnt og farið í skemmtilegar keppnir.

Reglulega eru haldin opin mót fyrir almenning þar sem spilaður er tvímenningur og stílað inn á að draga vana og óvana spilara saman í þör, svokölluð Lucky Draw mót. Tvö stór mót í þessum anda eru haldin í desember ár hvert, Jólamót Píludeildar Þórs og Kjarnafæðis og Bombumótið, en önnur Lucky Draw mót eru haldin að jafnaði einu sinni í mánuði eða annan hvern mánuð og eru þau stundum haldin sérstaklega til styrktar pílufólki úr Þór sem tekur þátt í landsliðsverkefnum.

Árið 2015 stóð deildin einnig fyrir eftirtöldum mótum: Meistaramót Þórs í 501, Meistaramót Þórs í krikket, Meistaramót Þórs í 301, Fyrirtækjakeppni, HÞ Lagnadeild og Akureyri Open. Jafnframt voru Íslandsmótin í 301 og Íslandsmótið í krikket haldin í Hamri í samstarfi við Íslenska pílukastsambandið.

Píludeildin fékk einnig það verkefni á árinu 2015 að sjá um pílukastkeppni Unglingalandsmóts UMFÍ sem fram fór á Akureyri um verslunarmannahelgina. Skráningar í mótið fóru fram úr björtustu vonum og tókst framkvæmd mótsins í alla staði mjög vel.

Á árinu 2015 var Deildakeppni Píludeildar Þórs komið á fót. Eins konar forkeppni var haldin á vormánuðum þar sem allir kepptu í einni deild, en deildaskipting að hausti markaðist af árangri í vordeildinni. Markmiðið er að spila Deildakeppnina í þremur hlutum yfir veturinn og ljúka henni svo með úrslitakeppni stigahæstu manna að vori. Þátttakendur í keppninni á árinu 2015 voru 17.

Íslandsmeistarar úr röðum Píludeildar Þórs á árinu 2015:

María Steinunn Jóhannesdóttir í 501, einmenningi og tvímenningi.

Bjarni Sigurðsson í 501, einmenningi.

Bjarni Sigurðsson og Hinrik Þórðarson í krikket, tvímenningi.

Jóhanna Bergsdóttir í krikket, tvímenningi

Landsliðsfólk úr röðum Píludeildar Þórs á árinu 2015:

Jóhanna Bergsdóttir, Evrópumót í pílukasti

Í stjórn deildarinnar áttu eftirtalin sæti: Hinrik Þórðarson formaður, Jóhanna Bergsdóttir varaformaður, Guðrún Þorbjörg Þórðardóttir gjaldkeri, Haraldur Ingólfsson ritari, Arnar Oddsson meðstjórnandi og Sigurður Fannar Stefánsson varamaður.



Stofnað 2006

Akureyri handboltafélag

Ársskýrsla 2014

Akureyri Handboltafélag er sameign félaganna KA og Þór og heldur utanum starfsemi meistaraflokks karla og 2. flokk karla.

Hannes Karlsson, formaður
Bjarni Bjarnason, meðstjórnandi
Ingólfur Samúelsson, meðstjórnandi
Maron Pétursson, meðstjórnandi
Sigurður Tryggvason, meðstjórnandi
Stefán Jóhannsson, ritari
Þorsteinn Hlynur Jónsson, meðstjórnandi

Hlynur Jóhannsson er framkvæmdastjóri félagsins

Starfsemi félagsins var með hefðbundnu sniði almanaksárið 2014 og kemur raunar inn á tvö keppnistímabil þ.e.a.s. seinni hluta 2013 – 2014 og fyrri hluta tímabilsins 2014 – 2015.

Meistaraflokkur karla

Á fyrra tímabilinu voru Heimir Örn Árnason og Bjarni Fritzson þjálfarar liðsins og léku jafnframt báðir með liðinu. Eftir það tímabil yfirgaf Bjarni félagið eftir fjögur ára samstarf og en Heimir Örn tók við þjálfun liðsins ásamt Sverre Andreas Jakobssyni sem kom til liðs við félagið sumarið 2014.

Í byrjun nóvember óskaði Heimir Örn eftir að losna undan þjálfarastarfinu en verða leikmaður á ný. Við þjálfuninni tók gamalreynndur kunningi og reynslubolti, Atli Hilmarsson og Sverre til aðstoðar. Jafnframt kom Sævar Árnason aftur inn í þjálfarateymið.

Liðið hafnaði í 6. sæti Olís deildarinnar vorið 2014 en þar sem einungis fjögur efstu liðin tóku þátt í úrslita-keppninni um Íslandsmeistaratitilinn fór liðið í snemmbúið sumarfrí.

Í CocaCola bikarnum komst liðið í 8 liða úrslit en varð þar að sætta sig við tap gegn FH.

Sumarið 2014 var gengið til samninga við nokkra sterka leikmenn, landsliðsmennina Sverre Andreas Jakobsson, Ingimund Ingimundarson og Hreiðar Levý Guðmundsson auk þess sem Elías Már Halldórsson gekk til liðs við liðið frá Haukum. Hreiðar Levý var reyndar að koma úr aðgerð og var ekki orðinn leikhæfur fyrr en á árinu 2015. Þá sneri Elías reyndar heim til Hauka í árslok 2014. Í árslok 2014 sat Akureyri Handboltafélag í 6. sæti deildarinnar eftir 16 umferðir af 27 á tímabilinu.

Vorið 2014 þegar tímabilið 2013-2014 var gert upp var Bjarni Fritzson valinn besti leikmaður félagsins, Kristján

Orri Jóhannsson besti sóknarmaður liðsins og markvörðurinn Jovan Kukobat besti varnarmaðurinn. Sigþór Árni Heimisson var valinn efnilegasti leikmaðurinn og markvörðurinn Tomas Olason besti varnarmaðurinn.

Jovan Kukobat var í lok tímabilsins valinn besti markvörður Olís deildarinnar.

Sigþór Árni Heimisson var í árslok tilnefndur af hálfu félagsins til íþróttamanns Akureyrar.



Ósvikin bros eftir magnaðan sigurleik á toppliði Aftureldingar 6. nóvember 2014.

2. flokkur karla

Tímabilið 2013-2014 þjálfaði Sigurður Brynjar Sigurðsson 2. flokkinn en Elías Már Halldórsson og Ingimundur Ingimundarson þjálfuðu 2. flokkinn fyrri part tímabilsins 2014-2015 en Ingimundur tók alfarið við liðinu í árslok.

Tímabilið 2013-2014 sendi félagið eitt lið til keppni í 2. flokki og hafnaði í 4. sæti fyrstu deildar um vorið 2014. Liðið vann Gróttu í átta liða úrslitun en tapaði fyrir Val í fjögurra liða úrslitunum en Valur vann síðan Hauka með yfirburðum í úrslitaeinvíginu um Íslandsmeistaratitilinn.

Tímabilið 2014-2015 sendi félagið eitt lið til keppni í 2. flokki en jafnframt tók sá aldursflokkur þátt með Hömrinum í 1. deild meistaraflokks.

Vorið 2014 var Brynjar Hólm Grétarsson valinn besti leikmaður tímabilsins hjá 2. flokki

Markmið félagsins er hér eftir sem hingað til að halda úti handboltaliðum á Akureyri sem eru samkeppnishæf við það besta sem gerist hér á landi.

*Með kveðju,
Stefán Jóhannsson*



Stofnað 2006

Akureyri handboltafélag

Ársskýrsla 2015

Akureyri Handboltafélag er sameign félaganna KA og Þór og heldur utanum starfsemi meistaraflokks karla og 2. flokk karla.

Í lok keppnistímabilsins 2014-2015 lét Hannes Karlsson af formennsku í félaginu og við tók Þorsteinn Hlynur Jónsson. Gunnar Jónsson hætti einnig sem gjaldkeri félagsins og við gjaldkerastöðunni tók Sævar Pétursson. Akureyri handboltafélag vill nota þetta tækifæri til að þakka Hannesi og Gunnari kærlega fyrir þeirra mikla framlag í þágu Akureyrar handboltafélags til margra ára. Nokkrir nýir aðilar komu jafnframt inn í stjórn en stjórn félagsins er þannig skipuð frá sumri 2015:

Þorsteinn Hlynur Jónsson, formaður
Bjarni Bjarnason, meðstjórnandi
Ingólfur Gíslason, meðstjórnandi
Jón Kjartan Jónsson, meðstjórnandi
Maron Pétursson, meðstjórnandi
Sigurður Tryggvason, meðstjórnandi
Stefán Jóhannsson, ritari
Steingrímur Pétursson, meðstjórnandi

Hlynur Jóhannsson er framkvæmdastjóri félagsins

Starfsemi félagsins var með hefðbundnu sniði almanaksárið 2015 og kemur raunar inn á tvö keppnistímabil þ.e.a.s. seinni hluta 2014 – 2015 og fyrri hluta yfirstandandi tímabils 2015 – 2016.

Meistaraflokkur karla

Á fyrra tímabilinu var Atli Hilmarsson þjálfari meistaraflokks og Sverre Andreas Jakobsson honum til aðstoðar ásamt Sævari Árnasyni. Sverre tók við sem aðalþjálfari liðsins á yfirstandandi tímabili og honum til aðstoðar eru Ingimundur Ingimundarson og Sævar. Með þeim er einnig styrktarþjálfarinn Guðmundur Daði Kristjánsson.

Liðið hafnaði í 6. sæti Olís deildarinnar vorið 2015 og tók fyrir vikið þátt í átta liða úrslitakeppninni um Íslandsmeistaratitilinn þar sem liðið mætti ÍR. Liðin unnu hvort sinn heimaleik og þurfti því hreinan úrslitaleik um að komast áfram. Sá leikur varð æsispennandi en að lokum fóru ÍR-ingar með tveggja marka sigur og þar með lauk þar með þátttöku Akureyrar Handboltafélags þá tímabil.

Í CocaCola bikarnum komst liðið í 8 liða úrslit en varð þar að setta sig við tap gegn Val.

Í árslok 2015 voru búnar tvær umferðir af þremur í Olís

deild karla tímabilsins 2015-2016 og þá sat Akureyri Handboltafélag í 6. sæti deildarinnar.

Vorið 2015 þegar tímabilið 2014-2015 var gert upp var Kristján Orri Jóhannsson valinn besti leikmaður félagsins, svo og besti sóknarmaður liðsins. Brynjar Hólm Grétarsson var valinn efnilegasti leikmaðurinn og markvörðurinn Tomas Olason besti varnarmaðurinn.

Kristján Orri var í lok tímabilsins valinn af HSÍ í úrvalslið Olís deildarinn sem besti hægri hornamaðurinn.

Kristján Orri Jóhannsson var í árslok tilnefndur af hálfu félagsins til íþróttamanns Akureyrar.

Á árinu 2015 fengu leikmenn félagsins ýmiss tækifæri með landsliðum Íslands. Sverre Andreas Jakobsson var í landsliðnu sem tók þátt í heimsmeistaramótinu í Katar. Markvörðurinn Hreiðar Levý Guðmundsson var valinn í æfingahóp landsliðsins í haust og aftur til undirbúnings Evrópumótsins í janúar 2016 en vegna meiðsla varð ekki af þátttöku hans í lokahópnum.

Kristján Orri Jóhannsson og Tomas Olason voru valdir til æfinga með sérstökum afrekshópi sem HSÍ velur.

2. flokkur karla

Seinni hluta tímabilsins 2014-2015 þjálfaði Ingimundur Ingimundarson 2. flokkinn og heldur því áfram á yfirstandandi tímabili ásamt Andra Snæ Stefánssyni.

Tímabilið 2014-2015 sendi félagið eitt lið til keppni í 2. flokki en jafnframt tók sá aldursflokkur þátt með Hömrúnum í 1. deild meistaraflokks.

Lið 2. flokks hafnaði í 2. sæti annarrar deildar vorið 2015 og fékk fyrir vikið keppnisrétt í átta liða úrslitum Íslands mótsins. Þar mátti liðið setta sig við eins marks tap gegn FH sem stóð að lokum upp sem Íslandsmeistari.

Tímabilið 2015-2016 sendir Akureyri tvö lið til leiks hjá 2. flokki. Akureyri 1 leikur í fyrstu deild og Akureyri 2 í annarri deild.

Vorið 2015 var markvörðurinn Bernharð Jónsson valinn besti leikmaður tímabilsins hjá 2. flokki og Arnór Þorri Þorsteinsson efnilegastur. Jafnframt var Kristján Már Sigurbjörnsson leikmaður 2. flokks valinn besti leikmaður Hamranna.

Bernharð Jónsson var jafnframt í U-20 ára landsliðshópi Íslands.

Nýtt merki félagsins

Á árinu 2015 var tekið í notkun nýtt eða ný útfærsla á merki félagsins. Sem áður er það Samúel Jóhannsson sem

hannar merkið en að þessu sinni í samstarfi við Ölmú J. Árnadóttur sem er grafískur hönnuður hjá Stíl. Þessi nýja útgáfa er byggð á fyrra merkinu sem Samúel kynnti árið 2008.



Merkið 2015



Merkið 2008

Fyrir yfirstandandi keppnistímabil var ákveðið að færa heimavöll félagsins úr Íþróttahöllinni í KA heimilið. Tilgangurinn með þessari breytingu var að skapa meiri nálægð áhorfenda við leikinn þar sem þeir sitja mun nær völlum auk þess sem áhorfendapallarnir eru nánast allan hringinn í kringum völlum. Vissulega voru ýmsir efns um breytinguna en þegar upp er staðið teljum við að breytingin hafi verið liðinu og áhorfendum til gagns, nálægðin við leikinn og stemmingin enn sterkari en áður.

Heimaleikir 2. flokks hafa verið jöfnum höndum í Höllinni og KA heimilinu og sama gildir um æfingar beggja flokka. Heimilisfang og félagsaðstaða félagsins er í Höllinni eins og verið hefur undanfarin ár.

Markmið félagsins er hér eftir sem hingað til að halda úti handboltaliðum á Akureyri sem eru samkeppnishæf við það besta sem gerist hér á landi.

Félagið í sinni núverandi mynd fagnar 10 ára starfsaf-

mæli á þessu ári (2016). Á síðasta ári (2015) fór fram þónokkur umræða um framtíðarskipan Akureyrar handboltafélags og var meðal annars haldinn sameiginlegur fundur með fulltrúum AHF, KA og Þór ásamt varaformani ÍBA og formanni og forstöðumanni íþróttamála hjá Akureyrarbæ, ÍRA. Í framhaldi af þeim fundi ákvað aðalstjórn KA á fundi sínum í desember að stuðla að stofnun starfshóps sem skoða ætti framtíð handboltans á Akureyri. Hjalti Þór formaður handknattleiksdeildar KA tók að sér að leiða þá vinnu og boðaði Kristján Gylfason formann handknattleiksdeildar Þórs og Hlyn Jónsson formann Akureyri handboltafélags til undirbúningsfundar um stofnun starfshópsins. Ætlunin er stofna starfshóp með 2-3 fulltrúum frá hverju félagi og á sá starfshópur síðan að skila af sér greinagerð til aðalstjórna KA og Þórs um framtíðsýn handboltans á Akureyri. Undirbúningshópurinn fundaði tvisvar fyrir áramót og átti einn fund með formanni ÍBA en enginn fundur hefur enn verið haldinn á þessu ári og því er ákveðin biðstaða á þessari vinnu. Mikilvægt er að halda áfram þessari vinnu, stofna starfshópinn og klára þessa greinagerð til félaganna handboltanum til heilla á Akureyri.

Fjölmarginir einstaklingar hafa komið að beinni eða óbeinni vinnu fyrir félagið og er þeirra framlag gríðarlega mikilvægt fyrir starfsemina og þökkum við öllu þessu frábæra fólki kærlega fyrir þeirra magnaða framlag.

Að lokum þökkum við samstarfsfólki okkar í stjórninni ásamt stjórnendum og framkvæmdastjórum KA og Þórs fyrir samstarfið sem hefur verið með miklum ágætum.

*Með kveðju,
Stefán Jóhannsson*

Liðsmýnd tekin á æfingu í desember 2015

Aftasta röð: Kristján Blær Sigurðsson, Halldór Logi Árnason, Ingimundur Ingimundarson, Brynjar Hólm Grétarsson, Róbert Sigurðarson, Bergvin Þór Gíslason, Hörður Másson.

Miðröð: Sævar Árnason, Friðrik Svavarsson, Kristján Orri Jóhannsson, Heiðar Þór Aðalsteinsson, Benedikt Línal, Garðar Már Jónsson, Sverre Andreas Jakobsson.

Fremsta röð: Sigþór Arni Heimisson, Bjarki Simonarson, Tomas Olason, Andri Snær Stefánsson, Hreiðar Levý Guðmundsson, Arnar Þór Fylkisson, Patrekur Stefánsson.



Hjólreiðafélag Akureyrar

Ársskýrsla 2014

Fram til ársins 2014 hafði Hjólreiðafélag Akureyrar mestmegnis verið félagsskapur fólks sem vann ótullega að uppbyggingu fjallahjólastíga og viðhaldi þeirra í bæjarlandinu. Búið var að eyða hundruðum klukkustunda á hverju ári í hjólastígakerfið í Kjarnaskógi og við töldum að kominn væri tími á að fjölga iðkendum og kynna hjólreiðar meira fyrir almenning á svæðinu.

Því hófst um vorið undirbúningur fyrir Hjólreiðahelgina á Akureyri. Markmiðið var strax sett hátt, haldin skildu 3 mót, eitt þeirra yrði 4ra ganga mótið sem hefjast ætti fljótamegin við strákagöng og þræða öll fjögur jarðgöngin til Akureyrar. Svo skyldi vera fjallahjólamót frá Fálkafelli og niður í gegnum Kjarnaskóg og að lokum barna og unglingamót við minjasafnið.

Þetta var ekki lítið verkefni sem við réðumst í og haldnir voru ótal vinnufundir og fjöldinn allur af fólki kom að þessu verkefni yfir sumarið.

Mörg fyrirtæki í bænum styrktu okkur með litlum peningagjöfum og á endanum gátum við haldið þetta með promp og prakt.

Ekki komust margir Akureyringar á pall þetta árið en ofurhuginn Jónas Stefánsson kom sá og stigraði í kirkju-tröppubruninu.

Svo vel heppnaðist þessi helgi að strax var farið að óska þess að keppnin yrði haldin aftur að ári. Bæði af sveitafé-

lögnum sem við hjóluðum í gegnum og keppendum sem flestir komu frá Reykjavík og nýttu sér verslun og þjónustu við Eyjafjörðinn.

Að sama skapi var okkur hrósað í allar áttir af göngu-fólki og skokkurum sem fram til þessa höfðum verið að nýta sér stigin frá Fálkafelli að Kjarnaskógi því í undirbúning að helginni var ráðist í að brúa gil og læki á þessarri útsýnisleið sem gerði mun fleiri kleift að fara þarna yfir.

Í kjölfarið blésum við til okkar fyrsta Akureyrarmóts um haustið. Komu þá saman á þriðja tug Akureyringa og kepptu í fyrsta skipti í hjólreiðum flestir. Stemmingin var frábær og keppendur skemmtu sér vel þrátt fyrir stífa sunnan átt.

Skipt var í flokka eftir götuhjólum og fjallahjólum og bar Orri Einarsson sigurorð af félaga sínum Unnarri Jónssyni í götuhjólaflokki Karla, Rachel Lorna sigraði svo kvennaflokkinn.

Varð þetta upphafið af stórkostlegu hjólreiðaæfintýri Akureyringa sem ekki sér fyrir endann á.

Í kjölfarið af vel heppnuðu sumri hófust æfingar fram að áramótum sem endaði svo með því að allir hjóluðu saman í Jólaveinahúsið þar sem þeir nutu þess að fá sér kökur og heitt kakó á skreyttum hjólaþákum í skrautlegum jólabúningum.

Hjólreiðafélag Akureyrar

Ársskýrsla 2015

Árið hófst nokkurnvegin eins og 2014 endaði, aukning í áhuga á hjólreiðum var sem aldrei áður á Akureyri. Menn hittust og hjóluðu saman og ýmsar uppákomur voru fram á vorið. Við hittumst og borðuðum bollukaffi eftir góðann hjólatúr og ýmislegt fleira. Æfingar voru reglulegar og góð mæting í öllum veðrum

Um páskana vorum við svo með Páskaeggjaleit fyrir börnin og mætti fjöldinn allur af börnum og leitaði páskaeggja af öllum stærðum á reiðhjólunum sínum þó snjór væri yfir öllu. Krökkunum þótti einstaklega gaman að mæta og fá að hjóla í snjónum.

Það var svo ekki fyrr en um Hvítasunnuhelgina sem við héldum næsta mót. Mikill fjöldi gesta var í bænum og við stóðum fyrir Criterium móti í kringum tjörnina inn í innbæ. Þónokkur fjöldi mætti og tók þátt. Þetta var í fyrsta skipti sem við héldum þetta mót og þurftum að

ganga svo langt að loka annarri akgreininni á Þjóðvegi 1 á meðan keppt var.

Þarna komum við Akureyringar sterkir inn og í karlaflokki sigraði HFA maðurinn Valdimar Valdimarsson í öðrusæti varð svo Stebbi Áka og þriðji Hörður Finnbogason. Í kvennaflokki komust HFA liðarnir Freydis Heba Þorsteinsdóttir í annað sætið og Hafdís Sigurðardóttir í þriðja.

Vegna einstaklega kalds sumars var vormót HFA felld niður og næsta mót var hjólreiðahelgin okkar í júlí. Undirbúningur helgarinnar var gríðarlegur. Ráðist var í að gera fjallahjólastíg frá gönguskíðaskálanum í Hlíðarfjalli og niður yfir Gleránna og þaðan upp í Fálkafell frá Súluplani. Í þetta fóru hundruðir vinnustunda ef ekki þúsundir, á annað hundrað metrar af tré-

brúm voru settar í brautina og einhver tonn af mól og sandi.

Allt varð þetta til þess að flottasta og besta fjallahjólbraut landsins sem náði frá Hlíðarfjalli niður í gegnum Kjarnaskóg var orðin að veruleika.

Hjólreiðahelgin var svo haldið með promp og pragt og markið í 4ra ganga mótinu var flutt frá jaðarsíðu og endaði á stórglæsilegum stað á Strandgötu fyrir framan HOF. Auk þess héldum við Criterium mót í kringum tjörnina, Kirkjutröppubrun, og Enduro fjallahjólakeppni. HFA liðinn Freydís Heba sigraði glæsilega í Criterium keppninni og Jónas Stefánsson sigraði Kirkjutröppubrunið og endaði í 3ja sæti í Enduro fjallahjólakeppninni. Steini Þór Sævarsson tók svo þriðja sætið í kirkjutröppunum.

Akureyringar héldu áfram að raða sér á verðlaunapalla á mótum utan Akureyrar yfir sumarið en Jónas Stefánsson sigraði í Tour de Orminn í 106 km vegalengd en hann sigraði einnig í Enduro Ísland haustkeppninni með nokkrum yfirburðum og er að stimpla sig inn sem einn af albestu hjólurum landsins. Svo í 68 km flokki kom Hörður Finnbogason og sá og sigraði á brautarmeti. HFA liðarnir Hafdís Sigurðardóttir, Freydís Heba Þorsteinsdóttir og Sigrún Kristín Jónsdóttir röðuðu sér svo í efstu 3 sætin í kvennahlutanum.

Síðast en ekki síst má svo segja frá Íslandsmeistaránum okkar í Fjallabruni og handhafa þriðja sætis í hjólreiðakona ársins á Íslandi henni Emelia Niewada sem kom eins og stormsveipur inn í fjallabrunið og sigraði allar keppnir sumarsins. Hún var síðan í top 3 úrtaki til hjólreiðakonu ársins og endaði í þriðja sæti.

Hjólasumrinu var svo fagnað með því að 2 rútur af hjólurum á vegum HFA fóru og hjóluðu saman frá Dettifossi og niður í Ásbyrgi meðfram gljúfrunum.

Takk fyrir okkur.



Tjarnarhringurinn í Criterium mótinu.



Townhill í tröppunum hjá Akureyrarkirkju.



Krakkamót í júlí 2015.



Stofnað 1944

Íþróttabandalag Akureyrar

Ársskýrsla 2014

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar var haldinn 22. apríl 2014. Á ársþingi ÍBA sem haldið var 8. apríl var ný stjórn kjörin til tveggja ára og skipti hún þannig með sér verkum á stjórnarfundum:

Formaður: Geir Kristinn Aðalsteinsson

Varaformaður: Haukur Valtýsson

Gjaldkeri: Ármann Ketilsson

Ritari: Hrafnhildur Guðjónsdóttir

Varamenn stjórnar: Áslaug Kristinsdóttir, Hörður Sigurharðarson og Sonja Sif Jóhannsdóttir.

Stjórnarfundir eftir ársþing 2014 voru alls 8 talsins og auk þess voru haldnir tveir formannafundir.

Íþróttabandalag Akureyrar átti stórafmæli 20. desember þegar bandalagið varð 70 ára. Ákveðið var að afmælishátíðin færi fram þegar snjóá tæki að leysa í maí 2015.

Þá var öllum aðildarfélögum boðið að koma í Íþróttahöllina við Skólastíg, Sundlaug Akureyrar og á svæðið umhverfis Höllina og kynna starfsemi sína fyrir bæjarbúum. Nánar er vikið að þeim þætti í starfinu í skýrslu stjórnar fyrir árið 2015.

Í tilefni afmælis þann 20. desember var boðað til samkomu þar sem nokkrir valinkunnir einstaklingar voru heiðraðir fyrir störf sín með gull- og silfurmerkjum ÍBA.

Eftirtaldir einstaklingar voru heiðraðir við þetta tilefni:

Gullmerki

Þróstur Guðjónsson, ÍBA, Akur

Gunnar Kárasen, ÍBA

Jósep Sigurjónsson, Akur

Gísli Kristinn Lorenzson, Þór

Silfurmerki

Sigfús Ólafur Helgason, Þór, Léttir

Nói Björnsson, Þór

Helga Steinunn Guðmundsdóttir, KA

Hrefna G. Torfadóttir, KA

Erlingur Kristjánsson, KA

Jóhannes G. Bjarnason, KA

Björn J. Jónsson, Léttir

Elvar Thorarensen, Akur

Rúnar Þór Björnsson, Akur

Matthea Sigurðardóttir, FIMAK

Fríða Pétursdóttir, FIMAK, ÍBA

Aðstaða aðildarfélaga ÍBA

Draupnir flutti félags- og æfingaaðstöðu sína í Sunnuhlíð og nýtur þar samneytis við KFA og gengur það samstarf mjög vel. Aðstaða Draupnis er mjög góð en farið var í dýnukaup, sem og kaup á fjaðurgólfi með stuðningi Akureyrarbæjar sem gerir æfingaaðstöðuna alla hina ákjósanlegustu.

Framkvæmdir héldu áfram við félagssvæði Nökkva við Pollinn og gengu þær vel á árinu. Bogfímifélagið Álfarnir fékk inngöngu í ÍBA.

Unnið var áfram í aðstöðu Skotfélagsins og Golfklúbbsins í Íþróttahöllinni.

Annað úr starfinu

Framkvæmdastjóri ÍBA situr í samstarfsnefnd íþróttahéradanna en hlutverk hennar er að taka til skoðunar stöðu íþróttahéradanna m.t.t. nýttkominnar stefnu Mennta- og menningarmálaráðuneytisins í íþróttamálum.

Þá tók varaformaður ÍBA einnig sæti í nefnd á vegum ÍSÍ sem fjallar um aðild Íþróttabandalaga að UMFÍ.

Nokkur aðildarfélög áttu stórafmæli á árinu.

Narfi í Hrísey varð 50 ára, Bílaklúbbur Akureyrar 40 ára og Akur varð 40 ára. Afmælisfagnaðir voru með stærra móti af þessu tilefni.

Stjórn ÍBA varð þess heiðurs aðnjótandi að fá stjórn og nokkra starfsmenn ÍSÍ í heimsókn í september. Fundað var um ýmis mál áður en farið var með hópinn í skoðunarferð um nokkur af íþróttamannvirkjum bæjarins.

Í september og októbermánuði fundaði stjórn ÍBA ásamt íþróttafulltrúa og formanni íþróttaráðs með fulltrúum íþróttafélaganna á Akureyri, hverju fyrir sig. Fundir sem þessir hafa verið haldnir á þriggja ára fresti og á þeim er farið yfir málefni íþróttafélaganna og annað sem snýr að samskiptum félaganna, ÍBA og Akureyrarbæjar.

Í desember kom út glæsileg bók sem nefnist Áfram ÍBA. Bókin er skrifuð af Stefáni Arngrímssyni og fjallar hún um sögu knattspyrnuliðs ÍBA 1944-1974. ÍBA stóð fyrir útgáfuhófi sem haldið var í stúku Akureyrarvallar og var það afar fjölmennt, enda öllum gömlu knattspyrnukempunum boðið ásamt mökum.

Skipuð var nefnd sem sá um undirbúning og framkvæmd

athafnar í tilefni af vali Íþróttamanns Akureyrar. Nefndina skipuðu Sonja Sif Jóhannsdóttir frá ÍBA, Hrefna G. Torfadóttir frá KA og Haraldur Ingólfsson frá Þór. Styrktaraðilar voru Akureyrarbær, Höldur, Blómaval, FA, FÍ, Sportver og Salka.

Athöfnin, sem fram fór í Hofi í janúar var öll hin glæsilegasta en það var Hafðís Sigurðardóttir frjálsíþróttakona sem var útnefnd Íþróttamaður Akureyrar annað árið í röð.

Formaður ÍBA átti m.a. sæti í undirbúningsnefnd vegna Unglingalandsmóts UMFÍ á Akureyri 2015, sat í starfshópi vegna framkvæmda á félagssvæði Nökkva, sat árlegan formannafund ÍSÍ auk ýmissa annarra verkefna.

*Stjórn og formaður ÍBA
Geir Kristinn Aðalsteinsson*



Gullhafar



Silfurhafar



Stofnað 1944

Íþróttabandalag Akureyrar Ársskýrsla 2015

Stjórnin hélt 12 stjórnarfundir og þrjá formannafundi á árinu.

Mikið var um að vera hjá ÍBA á árinu. Fyrst ber að nefna að Haraldur Sigurðsson, kallaður Lalli, var gerður að heiðursfélagi ÍBA í byrjun árs við útnefningu Íþróttamanns Akureyrar í Hofi. Haraldur er svo sannarlega vel að þessari nafnbót kominn enda hefur hann skilað miklu og góðu starfi í þágu íþróttar á sínum 90 árum. Haraldur hefur hlotið ótalmargar viðurkenningar sem of langt mál væri að telja upp hér. Þá hefur Haraldur unnið mikið við ritstörf tengdum íþróttum og er hann gangandi alfræðiorðabók þegar kemur að íþróttum á Akureyri. Haraldur er annar heiðursfélagi ÍBA en fyrir er Hermann Sigtryggsson.

Allan maímánuð var í gangi mikil íþróttahátíð sem nefnist „Akureyri á iði“ og íþróttafélög bæjarins ásamt fleirum buðu þá upp á fjölmarga viðburði þar sem bæjarbúum og gestum gafst tækifæri til hreyfingar.

Einn af hápunktum okkar var afmælishátíð ÍBA þar sem 70 ára afmælinu var fagnað á veglegan hátt. Öll íþróttafélög innan ÍBA, tóku þátt í hátíðarhöldunum sem fram fóru laugardaginn 9. maí. Hátíðin fór fram í Íþróttahöllinni, Sundlaug Akureyrar og á svæðinu þar í kring. Lögð var áhersla á að bæjarbúum og gestum gæfist kostur á að sjá og prufa allar þær íþróttir sem í boði eru í bænum. Sem dæmi um viðburði og sýningar sem í boði voru má nefna hópreið Hestamannafélagsins Léttis í gegnum svæðið, fornbílasýningu og „burnout“ Bílklúbbsins, svifflugvél í sal Íþróttahallarinnar, kajaksiglingu í sundlauginni, karate sýningu, grillveislu, hoppukastala og glæsilega sýningu BMX brós. Þá gátu gestir spreytt sig á allflestum íþróttagreinum sem Akureyri hefur upp á að bjóða, allt frá því að skjóta af byssu upp í fimleikaæfingar. Áætlað er að um 3.000 gestir hafi sótt afmælishátíðina.

Unglingalandsmót UMFÍ fór fram á Akureyri um verslunarmannahelgina og heppnaðist með miklum ágæt-

um. UFA var aðalskipuleggjandi mótsins en fjöldi annarra félaga kom einnig að skipulagningunni og framkvæmd mótsins og ber að þakka þeim öllum fyrir góða vinnu. Mikill fjöldi keppenda frá Akureyri tók þátt í mótinu og alls átti ÍBA um 344 keppendur á mótinu.

ÍBA þakkar Samskipum fyrir stuðninginn til aðildarfélaga.

Annað úr starfinu

Ritun íþróttasögu Akureyrar er nú loks komin af stað. Mörg undanfarin ár hefur verið stefnt að því að koma vinnu við ritun íþróttasögunnar af stað en vegna fjárskorts hefur það ekki gengið. Nú hefur verið gengið frá samningum við þá Skapta Hallgrímsson og Óskar Þór Halldórsson um að taka verkið að sér og er vinnan nú komin af stað. Fjármögnunaraðilar verkefnisins eru ÍBA og aðildarfélög innan ÍBA í gegnum ákveðið hlutfall af Lottófjármagninu frá ÍSÍ. Nauðsynlegt er að sækja styrki til fyrirtækja og hins opinbera einnig og er sú vinna komin af stað. Einnig verður reynt að sækja styrk til Akureyrarbæjar þar sem verið er að skrifa sögu Íþróttar á Akureyri. Mörg félög hafa verið hér á Akureyri sem hafa verið lögð niður og saga þeirra er í raun saga Akureyrar.

Íþróttafélagið Þór varð 100 ára á árinu og í tilefni afmælisins bauð félagið upp á einn viðburð á dag allt árið.

Golfklúbbur Akureyrar varð 80 ára á árinu og hélt klúbburinn upp á það með veglegri samkomu.

Kraftlyftingafélag Akureyrar varð 40 ára á árinu og var mikil hátíð hjá þeim.

Formaður ÍBA ásamt íþróttafulltrúa og formanni íþróttaráðs Akureyrar fóru í heimsókn til ÍTR og ÍBR í janúar. Fundað var með ýmsum aðilum innan íþróttamála

í Reykjavík um ýmis mál og voru þeir fundir afar lærdómsríkir og hafa skilað auknu samstarfi á milli sveitarfélaganna.

Íþróttaping ÍSÍ var haldið í apríl. Slík þing eru haldin annað hvert ár og sátu framkvæmdastjóri og formaður ásamt fleiri stjórnarmönnum þingið að þessu sinni.

Í október var varaformaður ÍBA, Haukur Valtýsson, kjörinn formaður UMFÍ. Haukur mun því ganga úr stjórn ÍBA á ársþingi 2016 og mun það verða mikill missir fyrir bandalagið. Hæki eru þökkuð vel unnin störf fyrir ÍBA og íþróttalífið á Akureyri.

Hjólreiðafélag Akureyrar sótti um inngöngu í ÍBA og er það nú í þriggja ára aðlögunarferli bandalagsins.

Skipuð var nefnd sem sá um undirbúning og framkvæmd athafnar í tilefni af vali Íþróttamanns Akureyrar. Nefndina skipuðu Sonja Sif Jóhannsdóttir frá ÍBA, Hrefna G. Torfadóttir KA, Guðjón Rúnar Guðjónsson Létti, Steinunn Heba Finnsdóttir SA og Haraldur Ingólfsson frá Þór. Styrktaraðilar voru, Akureyrarbær, Höldur, Blómaval, FA, FÍ, Laufabrauðssetrið, Strikið, Bautinn og Sportver.

Athöfnin, sem fram fór í Hofi í janúar var öll hin glæsiglegasta en það var Viktor Samúelsson kraftlyftingamaður sem var útnefndur Íþróttamaður Akureyrar fyrir árið 2015.

Stjórn ÍBA þakkar Akureyrarbæ fyrir allan stuðning til aðildarfélaga og ÍBA.

*Stjórn og formaður ÍBA
Geir Kristinn Aðalsteinsson*





Stofnað 1944

61. ársþing Íþróttabandalags Akureyrar

61. ársþing ÍBA haldið í Golfskálanum að Jaðri 8. apríl 2014. Klukkan 18:00

Þröstur Guðjónsson formaður ÍBA setur þingið og byrjar á því að minnast látinna félaga. Þeir eru frá:

Bílaklúbb Akureyrar: Páll Steindór Steindórsson.

Eik: Unnur María Hjálmarasdóttir.

KA: Knútur Ottestedt og Einar Helgason.

Þór: Haraldur Marinó Helgason, Gíslína Margrét Óskarsdóttir, Kristjana Guðrún Benediktsdóttir og Þorbergur Ólafsson.

Léttir: Hugi Kristinsson.

Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar:

Ómar Kristinsson, Rut Guðbrandsdóttir og Árni Óðinsson.

Hannes Karlsson var kjörinn þingforseti og þingritari: **Páll Jóhannesson.**

Þröstur Guðjónsson formaður ÍBA flutti skýrslu stjórnar og sérráða. Magnús Gauti Gautason fór yfir reikninga bandalagsins.

Að umræðum loknum um skýrslu stjórnar og reikninga var ársskýrsla og reikningar samþykktir samhljóða.

Ávarp gesta: Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. Byrjaði ávarp sitt á því að minnast Ólafs Rafnssonar, fyrrum forseta ÍSÍ, sem lést á síðasta ári og hefði orðið 51. Árs þann 7. apríl. Helga Steinunn talar m.a. um aukningu á Ferðasjóði ÍSÍ sem er afar jákvætt og hvetur íþróttafélög sem ekki hefur hlotið útnefningu Fyrirmyndarfélag ÍSÍ að fara í það ferli. Að lokum kallaði Helga Steinunn Þröst Guðjónsson upp og veitti honum heiðurskross ÍSÍ fyrir hans langt og óeigingjarnt starf í þágu íþróttahreyfingarinnar.

Fyrirlestur: Viðar Halldórsson, lektor við HÍ, „Framtíðin“ Viðar kom víða við í sínum fyrirlestri sem snérist að mestu leyti um rannsóknir hans þar sem eftirfarandi spurningum er varpað fram. „Hvernig nýtum við starfið og það sem fyrir er. Hlutverk Íþróttafélaga, Hvert er uppeldisstarf íþróttafélaga?, Afreksstarf, Forsendur árangurs í íþróttum. Félagslegir þættir, Andlegir þættir og líkamlegir þættir. Hvað skiptir máli í íþróttum, hugarfar? Umhverfið. –

Hið ósýnilega afl eitthvað sem hvetur mann áfram. – Uppruni þekkingar, bein kennsla, dulin kennsla, Framtíðin hugmyndafræði er eins konar leiðarvísir um hvernig við eigum að vinna í framtíðinni“.

Rut Guðbrandsdóttir gerir grein fyrir störf kjörbréfanefndar. 66 fulltrúar af 90 eru mættir á fundinn eða 73,3% og öll kjörbréf lögmæt.

Lagabreytingar: Engar liggja fyrir en Hrefna Torfadóttir, formaður KA, kynnir tillögu að lagabreytingu sem hún ásamt Árna Óðinssyni óska að vísað verði til stjórnar.

Tillögurnar eru:

61. þing ÍBA, haldið 8. apríl 2014, beinir því til stjórnar ÍBA að endurskoða 10.gr. laga Bandalagsins sem fjallar um tölu þingfulltrúa miðað við fjölda félagsmanna og leggja fram tillögur um breytingu á þeirri grein á næsta þingi ÍBA. Núverandi ákvæði tekur ekki mið af þeirri fólksfjölgun sem hefur orðið á félagssvæði ÍBA og ekki heldur á þeirri fjölgun félagsmanna aðildarfélaga sem einnig hefur átt sér stað.

Við þessa endurskoðum mætti hafa samsvarandi ákvæði hjá ÍBR og ÍBH til hliðsjónar.

61. þing ÍBA, haldið 8. apríl 2014, beinir því til stjórnar ÍBA að endurskoða 12.gr. laga bandalagsins hvað varðar fjölda aðalmanna og varamanna í stjórn ÍBA og leggja fram tillögur um breytingu á þeirri grein á næsta þingi ÍBA.

Núverandi ákvæði tekur ekki mið af þeirri fólksfjölgun sem hefur orðið á félagssvæði ÍBA og ekki heldur á þeirri fjölgun aðildarfélaga sem einnig hefur átt sér stað, því er eðlilegt að fjölga aðalmönnum í stjórn en á móti mætti fækka varamönnum.

Haukur Valtýsson mælir fyrir tillaga um fjármögnun ritunar íþróttasögu Akureyrar. Þar sem m.a. mælt er til að 700 þúsund króna framlag frá íþróttafélögum af lottótekjum næstu þrjú árin.

Tillagan er svohljóðandi:

Tillaga til 61. ársþings Íþróttabandalags Akureyrar, haldið í Golfskálanum að Jaðri á Akureyri:

„Í tilefni af ritun íþróttasögu Akureyrar, leitar stjórn Íþróttabandalags Akureyrar eftir heimild 61. ársþings ÍBA til að halda eftir af lottótekjum sínum kr: 700.000.- (sjöhundruð þúsund krónur) á ári í þrjú ár sem framlag aðildarfélaga þess til verkefnisins. Á móti leggur Íþróttabandalagið fram sömu upphæð á ári í þrjú ár.

Skilyrði þess að heimildin verði notuð, er að um semjast við Akureyrarbæ að leggja fram sem nemur tvisvar sinnum þeirri upphæð sem aðildarfélög ÍBA og Íþróttabandalagið leggja fram samtals, eða annað framlag sem um semst.

Heimildin fellur úr gildi sjái Akureyrarbær sér ekki fært að taka þátt í verkefninu“.

Málinu vísað til umræðu í Allsherjar- og fjárlaganefnd.

Þróstur Guðjónsson mælir fyrir breytingu á reglugerð um kjör á íþróttamanni Akureyrar hvort setja eigi aldurstakmark á íþróttafólk sem er tilnefnt og hvort hvert félag megi tilnefna tvo einstaklinga. Tillögunni vísað í Allsherjarnefnd.

Þróstur mælir fyrir reglum ÍBA og ÍRA um styrki vegna aðstöðu til æfinga og keppni í íþróttamannvirkjum bæjarins. Þar er m.a. átt við utanum hald og skráningu á iðkendum á æfingum. Málinu vísað í Allsherjarnefnd.

Magnús Gauti mælir fyrir fjárhagsáætlun bandalagsins til næstu tveggja ára. Áætlunin fer í nefnd.

Kosningar í nefndir: Fjárlaganefnd; Sigurður Sigurðsson, Sigríður Jóhannsdóttir og Erlingur Guðmundsson. Allsherjarnefnd; Erla Ormarsdóttir, Hans Rúnar Snorrason og Grétar Skúli Gunnarsson. Laganefnd; Þorsteinn Hjaltason, Hrefna Torfadóttir og Jósep Sigurjónsson.

Þinghlé

Álit nefnda.

Allsherjarnefnd – Erla Ormarsdóttir segir nefndina sam-mála því að kjósa skuli íþróttamann og konu Akureyrar. Hvað viðvíkur aldurtakmörk er nefndin sammála um að setja þurfi aldurstakmark en ekki samstaða um hver þau mörk eru en leggja til að stjórn ÍBA endurskoði þessar reglur.

Úthlutunarreglur styrkja þurfa vera í föstum skorðum. En nefndin telur ógjörning að ætla félögunum að gefa út að vori hvaða mót haldin verði frá og með komandi hausti. Mótaskrár liggi oft ekki fyrir fyrr en skömmu áður en haustannir byrja. Um úthlutun og nýtingu þurfi að taka tillit til minni félaga. Skráning og eftirlit, nýting á mann-virkjum þurfi að útfæra betur og útbúa vinnureglur. Hver á að fylgjast með iðkendafjölda í húsi hverju sinni. Varðandi skráningu á íþróttasaga bæjarins. Allsherjarnefnd leggur til að ekki verði föst krónutala af lottótekjum heldur prósentutala.

Umræður.

Haukur Valtýsson kemur með tillögu um fjármögnun ritun á íþróttasögu Akureyrar. Eftir umræður er svohljóð-andi tillaga og viðbórtillaga samþykkt.

Tillaga til 61. ársþings Íþróttabandalags Akureyrar, haldið í Golfskálanum að Jaðri á Akureyri:

„Í tilefni af ritun íþróttasögu Akureyrar, leitar stjórn Íþróttabandalags Akureyrar eftir heimild 61. ársþings ÍBA til að halda eftir af lottótekjum sínum kr: 700.000.- (sjöhundruð þúsund krónur) á ári í þrjú ár sem framlag aðildarfélaga þess til verkefnisins. Á móti leggur Íþróttabandalagið fram sömu upphæð á ári í þrjú ár.

Skilyrði þess að heimildin verði notuð, er að um semjast við Akureyrarbæ að leggja fram sem nemur tvisvar sinnum þeirri upphæð sem aðildarfélög ÍBA og Íþróttabandalagið leggja fram samtals, eða annað framlag sem um semst.

Heimildin fellur úr gildi sjái Akureyrarbær sér ekki fært að taka þátt í verkefninu“.

Viðbórtillaga við aðaltillögu, borin upp á ársþingi ÍBA vegna fjármögnunar á ritun Íþróttasögu Akureyrar.

Viðbórtillagan er eftirfarandi:

61. ársþing Íþróttabandalags Akureyrar samþykkir tillögu stjórnar ÍBA um fjármögnun á ritun Íþróttasögu Akureyrar en felur formannafundi aðildarfélaganna, sem er æðsta vald ÍBA á milli ársþinga, ákvaðri þá upphæð sem félögin leggja til verkefnisins.

Samhliða skal fjárhagsáætlun Íþróttabandalagsins tekin til endurskoðunar vegna þessa, á sama formannafundi.

Fjarhagsnefnd: Sigurður Sigurðsson segir nefndina ekki gera athugasend við fjárhagsáætlun að öðru leiti en því að tölu vantar sem setja á í áætlunina sem fer í söguritun.

Umræður: Þróstur Guðjónsson, Jóhannes Árnason, Haukur Valtýsson (Tillaga) samþykkt, fjórir á móti.

Kosning stjórnar: Stella Pétursdóttir gerði grein fyrir störf-um uppstillingarnefndar.

Formaður Geir Kristinn Aðalsteinsson. Ekkert mótfram-boð og hann því sjálfkjörinn. Aðrir í stjórn: Haukur Valtýsson, Hrafnhildur Guðjónsdóttir og Ármann Ketilsson.

Varamenn: Hörður Sigurharðarson, Áslaug Kristinsdóttir og Sonja Sif Jóhannsdóttir.

Skoðunarmenn: Guðmund Bjarnar Guðmundsson og Sveinn Torfi Pálsson.

Stjórnin kjörin einróma.

Geir Kristinn Aðalsteinsson þakkar traustið og segir það stór spor að fylla. Geir segir einhverja telji ekki gott að hann sé beggja vegna borð þ.e. annars vegar sem formaður ÍBA og hins vegar sem forseti bæjarstjórnar. Menn þurfi ekki að hafa af þessu áhyggjur enda ætli hann að hætta í pólitík eftir kosningar í vor.

Kosning fulltrúa á ÍSÍ þing vísað til stjórnar.

Önnur mál.

Ellert Örn Erlingsson, aukið samstarf milli félaga og deilda til að Akureyri verði best alls staðar.

Viðar Sigurjónsson, árnaðar óskir til nýs formanns og þakkar Þresti frábær störf. Fór víða í máli sínu. M.a brýnir hann félög til að gerast fyrirmyndarfélög séu þau það ekki fyrir. Menntun þjálfara. Hvert er verksvið yfirþjálfara? Viðar telur einnig að umræður og þátttaka í nefndum á þingi ÍBA mættu vera meiri.

Haukur Valtýsson þakkar þeim aðilum sem gengu úr stjórn fyrir þeirra störf: Magnús Gauti, Gautason gjaldkeri, Margrét Ólafsdóttir ritari. Bæði sátu í stjórn í fjögur ár og fengu blómvönd.

Í lokin var Þresti Guðjónssyni færð gjöf fyrir hans áralanga starf fyrir ÍBA.

Haukur Valtýsson þakkar þingfulltrúum gott þing og felur svo Þresti Guðjónssyni fráfarandi formanni ÍBA að slíta þinginu.

Þingslit klukkan 21:05.

*Fundarritari
Páll Jóhannesson*



Íþróttabandalag Akureyrar Ársreikningur 2014

Stjórn og gjaldkeri Íþróttabandalags Akureyrar, staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2014 með áritun sinni.

Akureyri 27 maí 2015

Stjórn:

Geir Kristinn Aðalsteinsson

Haukur Valtýsson

Hrafnhildur Guðjónsdóttir

Gjaldkeri:

Ármann Ketilsson

Við skoðunarmenn Íþróttabandalags Akureyrar höfum yfirfarið ársreikning félagsins fyrir árið 2014.

Akureyri 26. maí 2015

Sveinn Torfi Pálsson

Guðmundur Bjarnar Guðmundsson

Rekstrarreikningur ársins 2014

Rekstrartekjur	2014	2013
Rekstrarframlag Akureyrarbæjar	9.330.996	9.330.996
Lottó frá ÍSÍ	14.123.824	11.708.374
Framlag frá ÍSÍ	2.125.064	1.847.366
Framlag frá Getraunum	990.383	953.901
Framlag frá Samskipum	659.068	608.173
Framlag frá Ríkissjóði	0	0
	<u>27.229.335</u>	<u>24.448.810</u>
Rekstrargjöld		
Laun og tengd gjöld	3.696.155	4.289.675
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	1.117.497	1.535.809
Úthlutun til aðildarfélaga vegna lottó og styrkja	14.682.893	12.316.553
Annar rekstrarkostnaður	7.472.223	6.017.489
	<u>26.968.768</u>	<u>24.159.526</u>
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	260.567	289.284
Vaxtatekjur	361.688	321.214
Vaxtagjöld	0	8
	<u>361.688</u>	<u>321.214</u>
Hagnaður ársins	<u>622.255</u>	<u>610.498</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

Eignir	2014	2013
VELTUFJÁRMUNIR		
Bankainnstæður	6.804.876	7.248.238
Veltufjármunir	<u>6.804.876</u>	<u>7.248.238</u>
Eignir	<u>6.804.876</u>	<u>7.248.238</u>
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Eigið fé frá fyrra ári	5.930.251	5.319.753
Hagnaður ársins	622.255	610.498
Eigið fé	<u>6.552.506</u>	<u>5.930.251</u>
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Ógreitt vegna launa	0	30
Ýmsar skammtímaskuldir	252.370	94.981
Aðrar skammtímaskuldir	0	1.222.976
	<u>252.370</u>	<u>1.317.987</u>
Skuldir	<u>252.370</u>	<u>1.317.987</u>
Eigið fé og skuldir	<u>6.804.876</u>	<u>7.248.238</u>



Íþróttabandalag Akureyrar Ársreikningur 2015

Stjórn og gjaldkeri Íþróttabandalags Akureyrar, staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2015 með áritun sinni.

Akureyri 11. mars 2016

Stjórn:

Geir Kristinn Aðalsteinsson

Haukur Valtýsson

Hrafnhildur Guðjónsdóttir

Gjaldkeri:

Ármann Ketilsson

Við skoðunarmenn Íþróttabandalags Akureyrar höfum yfirfarið ársreikning félagsins fyrir árið 2015.

Akureyri 10. mars 2016

Sveinn Torfi Pálsson

Guðmundur Bjarnar Guðmundsson

Rekstrarreikningur ársins 2015

Rekstrartekjur	2015	2014
Rekstrarframlag Akureyrarbæjar	9.330.996	9.330.996
Lottó frá ÍSÍ	13.476.853	14.123.824
Framlag frá ÍSÍ	1.764.638	2.125.064
Framlag frá Getraunum	1.177.854	990.383
Framlag frá Samskipum	655.123	659.068
Framlag frá Ríkissjóði	0	0
	<u>26.405.464</u>	<u>27.229.335</u>
Rekstrargjöld		
Laun og tengd gjöld	4.807.119	3.696.155
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	1.190.238	1.117.497
Úthlutun til aðildarféлага vegna lottó og styrkja	12.950.858	14.682.893
Annar rekstrarkostnaður	10.565.959	7.472.223
	<u>29.514.174</u>	<u>26.968.768</u>
Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(3.108.710)	260.667
Vaxtatekjur	263.567	361.688
Vaxtagjöld	(5.036)	0
	<u>258.531</u>	<u>361.688</u>
(Tap) hagnaður ársins	<u>(2.850.179)</u>	<u>622.355</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

Eignir	2015	2014
VELTUFJÁRMUNIR		
Bankainnstæður	3.980.327	6.804.876
Veltufjármunir	<u>3.980.327</u>	<u>6.804.876</u>
Eignir	<u>3.980.327</u>	<u>6.804.876</u>
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Eigið fé frá fyrra ári	6.552.506	5.930.251
(Tap) hagnaður ársins	(2.850.179)	622.255
Eigið fé	<u>3.702.327</u>	<u>6.552.506</u>
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Ýmsar skammtímaskuldir	278.000	252.370
Skuldir	<u>278.000</u>	<u>252.370</u>
Eigið fé og skuldir	<u>3.980.327</u>	<u>6.804.876</u>

Lög Íþróttabandalags Akureyrar

1 gr.

Íþróttabandalag Akureyrar skammstafað ÍBA er héraðssamband íþróttafélaga á Akureyri. Það starfar samkvæmt lögum ÍSÍ og íþróttalögum nr. 64 frá 1998.

2 gr.

Hlutverk ÍBA er:

1. Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera þar fulltrúi ÍSÍ, en sérráð er stofnuð eru fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins.
2. Að annast samstarf um íþróttamál við bæjaryfirvöld.
3. Að varðveita og skipta á milli félaganna því fê sem til þess hefur verið veitt.
4. Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði.
5. Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfs innan héraðsins.
6. Að staðfesta lög aðildarfélaga.
7. Að fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á réttum tíma skal stjórn ÍBA ef þörf krefur boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.
8. Að skipa nefnd sem sér um framkvæmd á kosningu á íþróttamanni Akureyrar.

3 gr.

Öll félög á Akureyri sem hafa íþróttir að megin markmiði eiga rétt á að gerast aðilar að ÍBA, enda fullnægi þau þeim skilyrðum sem á hverjum tíma gilda í lögum ÍBA og ÍSÍ.

4 gr.

Óski félag eftir að gerast aðili að ÍBA, skal það senda stjórn þess umsókn sína ásamt lögum félagsins, skýrslu um stofndag og ár, stjórn þess og tölu félagsmanna.

Uppfylli félagið inntökuskilyrði þessara laga, öðlast það réttindi í ÍBA eftir að aðild þess hefur verið samþykkt af stjórn ÍBA. Ennfremur öðlast félagið keppnisrétt hjá ÍSÍ eftir að sambandið hefur staðfest inntöku í ÍBA. Stofnfund félagsins skal auglýsa með a.m.k. viku fyrirvara á sannanlegan hátt. Til þess að öðlast full réttindi sem aðildarfélag í ÍBA þ.m.t. aðgang að íþróttamannvirkjum og styrkjum, sem ÍBA veitir, þarf félagið að senda inn fjárhagsáætlanir og halda aðalfundi í samræmi við lög þess. Aðlögunartími til þess að öðlast slík réttindi skal vera 3 ár.

5 gr.

Aðildarfélög og sérráð skulu senda ársskýrslu til ÍBA fyrir 1. mars og starfsskýrslu til ÍSÍ fyrir 15. apríl ár hvert.

Félög og sérráð skulu í ársskýrslu tilgreina aðalstjórn, stjórn deilda og nefnda ásamt sögulegu yfirliti yfir starfið.

6 gr.

Félög og sérráð sem ekki hafa sent tilskilin gögn sbr. 5.gr. eða ekki haldið aðalfundi sína á réttum tíma missa atkvæðisrétt sinn á næsta ársþingi ÍBA og missa einnig rétt til að tilnefna fulltrúa á ÍSÍ þing. Komi til þessa er stjórn ÍBA heimilt að fella niður styrk til viðkomandi aðila. Líði annað ár svo að félag geri ekki skil á skýrslum og reikningum eða ekki haldið aðalfund á réttum tíma skal stjórn ÍBA tilkynna félaginu að því hafi verið vikið úr ÍBA.

7 gr.

Félag getur misst öll réttindi sín innan ÍBA um stundarsakir ef það brýtur landslög um íþróttamál, lög og reglur eða ákvæði ÍBA, lög sambanda sem ÍBA er meðlimur í svo og leikreglur ÍSÍ og öðlast þau ekki aftur fyrir en það hefur fullnægt settum refsíákvæðum.

8 gr.

Leggi félag innan ÍBA niður starfsemi, skulu eigur þess renna til ÍBA (eða bæjarsjóðs Akureyrar hafi félagið hlotið framkvæmdarstyrk frá Akureyrarbæ).

9 gr.

Þing ÍBA skal halda annað hvert ár, eigi síðar en 30. apríl, og fer það með æðstu stjórn ÍBA.

Átta vikum fyrir þing skal stjórn ÍBA tilnefna 3. manna uppstillinganefnd.

Þingboð ásamt tillögu um lagabreytingar ef einhverjar eru skal senda aðildarfélögunum skriflega með 4 vikna fyrirvara.

Þau mál sem aðilar ÍBA óska eftir að verði á dagskrá skulu berast stjórn bandalagsins í síðasta lagi tveimur vikum fyrir þing.

Viku fyrir þing skal aðilum send ársskýrsla, endurskoðaðir reikningar, kjörbréf og skrá yfir fulltrúafjölda þann sem heimilt er að senda á ársþingið. Ennfremur þær tillögur sem ákveðið hefur verið að leggja fyrir þingið.

Ársþing ÍBA er lögmætt, ef löglega hefur verið til þess boðað.

10 gr.

Hvert bandalagsfélag hefur rétt á að senda fulltrúa á þing ÍBA. Skal tala fulltrúa miðuð við fjölda félagsmanna skv. síðustu ársskýrslu þannig að félag með:

- 1 – 100 félagsmenn hljóti 2 fulltrúa.
- 101 – 250 félagsmenn hljóti 3 fulltrúa.
- 251 – 400 félagsmenn hljóti 4 fulltrúa.
- 401 -550 félagsmenn hljóti 5 fulltrúa.

551-700 félagsmenn hljóti 6 fulltrúa.
701 og fleiri félagsmenn hljóti 7 fulltrúa.

11 gr.

Á þingi ÍBA eiga sæti með atkvæðisrétti fulltrúar þeir sem aðildarfélög ÍBA hafa kjörið til þings skv. 10 gr. sbr þó 6 og 7 gr. svo og tveir fulltrúar frá hverju virku sérráði á bandalagssvæðinu.

Fulltrúar aðildarfélaga og sérráða innan ÍBA hafa einir atkvæðisrétt eða varamenn þeirra. Enginn fulltrúi má fara með meira en eitt atkvæði. Fulltrúi getur því aðeins farið með atkvæði, að hann hafi lagt fram kjörbréf sitt og að það hafi verið staðfest af þinginu.

Rétt til þingsetu með málfrelsi og tillögurétti hafa auk stjórnar ÍBA, framkvæmdastjórn ÍSI, íþróttafulltrúi ríkisins, íþróttafulltrúi Akureyrarbæjar og fulltrúi frá Vetrar-íþróttamiðstöð Íslands.

12 gr.

Dagskrá þingsins skal vera þessi:

1. Þingsetning.
3. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
4. Kosning þingforseta, þingritara og varamanna þeirra.
5. Ársskýrslur stjórnar og sérráða ræddar svo og reikningar þeirra og atkvæði greidd um þá.
6. Fyrri umræða um lagabreytingum.
7. Ræddar tillögur og mál sem fyrir liggja.
8. Fyrri umræða um fjárhagsáætlun.
9. Kosið í alsherjarnefnd, fjárhagsnefnd og laganefnd, 3 menn í hverja nefnd.

ÞINGHLÉ.

1. Álit nefnda, umræður og atkvæðagreiðsla.
2. Kosningar og tilnefningar.
Tilnefningar í sérráð ÍBA.
Kosinn formaður ÍBA.
Kosnir 3 menn í stjórn ÍBA og 3 til vara.
Kosnir 2 skoðunarmenn.
Kosning í nefndir, er þingið ákveður.
Kosning fulltrúa á ÍSÍ þing.

1. Önnur mál.
2. Þingslit.

Þingið skal standa í einn dag nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Nefndir starfi í þinghléi. Allar kosningar skulu vera skriflegar séu fleiri tilnefndir en kjósa skal. Verði atkvæði jöfn skal varpa hlutkesti.

13 gr.

Aukaþing skal halda, ef nauðsyn krefur og eða helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar og tilkynningarfrestur til aukaþings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan, og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt.

Á aukaþingi má ekki gera laga- eða reglnabreytingar og

ekki kjósa stjórn nema bráðbirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leiti gilda sömu reglur og um venjulegt ársþing.

14 gr.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í málum sem tilkynnt hafa verið í þingboði, hvort sem er á reglulegu ársþingi eða aukaþingi. Til að taka megí mál sem ekki er getið í fundarboði á dagskrá þingsins þarf samþykki 2/3 greiddra atkvæða.

Til lagabreytinga þarf samþykki 2/3 greiddra atkvæða.

15 gr.

1. Stjórn ÍBA skiptir með sér verkum og kýs varaformann, gjaldkera og ritara. Formenn einstakra félaga, sérráða eða sérsambanda má ekki kjósa í stjórn.
2. Starfstími stjórnar ÍBA er 2 ár.
3. Stjórn ÍBA setur sér starfsreglur.
4. Stjórn ÍBA fer með umboð í málefnum ÍBA milli þinga og skal sjá um allar framkvæmdir þess og vinna að málum þess.
5. Stjórninni er heimilt að skipa nefndirinnar eða utan sinna vébanda til að sjá um og framkvæma viss mál ÍBA.
6. Formaður skal boða stjórnarfundir eftir því sem þurfa þykir. Skyld er að halda stjórnarfundir ef einhver stjórnarmaður óskar þess.
7. Atkvæði formanns ræður úrslitum ef atkvæði eru jöfn.

16 gr.

1. Halda skal fundir með formönnum aðildarfélaga a.m.k. tvisvar á ári. Á formannafundi gerir stjórn ÍBA grein fyrir starfsemi sinni frá því að síðasti formannafundur var haldinn. Auk þess skal taka fyrir á formannafundi önnur mál, sem stjórnin eða aðildarfélögin telja nauðsynlegt að ræða.
2. Stjórn ÍBA boðar til formannafundar með a.m.k. viku fyrirvara ásamt dagskrá.

17 gr.

Í íþróttagreinum þar sem sérráð eru ekki starfandi, fer stjórn ÍBA með hin sérfræðilegu málefni innan héraðs og getur skipað til þess sérstaka nefnd ef ástæða þykir til.

Sérráð fer með stjórn íþróttalegra sérmála þeirra íþróttagreina sem það varðar, að svo miklu leiti sem það fer ekki inn á svið annarra sérgreina.

18 gr.

Dómstólar ÍSÍ skulu hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan íþróttahreyfingarinnar. Nánar er fjallað um þá í lögum um dómstóla íþrótt- og Olympíusambands Íslands.

Þannig samþykkt á 60. ársþingi ÍBA 25. apríl 2012.



Fimleikafélag Akureyrar

Ársskýrsla 2015

Vegna mistaka birtist aðeins hluti ársskýrslu Fimleikafélags Akureyrar fyrir árið 2015 í Ársskýrslu ÍBA. Því er skýrslan prentuð hér í heild sinni.

Viðkomandi eru beðnir afsökunar á þessum mistökum

Starfið hjá Fimleikafélagi Akureyrar gekk vel árið 2015 eins og undangengin ár. Í upphafi árs var Stefán Þór Friðriksson krýndur íþróttamaður ársins fyrir árið 2014 og fór hann sem fulltrúi FIMAK í valið um íþróttamann Akureyrar sem haldið var í janúar. Stefán lagði stund á hóp fimleika og Parkour og var einn þriggja sem komu að því að FIMAK biði uppá Parkour. Hann náði undra-verðum árangri á stuttum tíma og komst á því ári í 16 manna hóp í landsliðið sem var valið fyrir Evrópumótið sem fór fram þá um haustið. Flottur og vel að þessu kominn Stefán. Í febrúar var nýju fyrirkomulagi komið á vegna viðurkenninga innan félagsins og brugðið frá þeirri venju að velja besta iðkandan í hverri keppnisgrein og veita því í stað tvenn verðlaun í hverjum keppnishóp. Annars vegar fyrir framfarir og hinsvegar ástundun og virkni.

Í ársbyrjun var Erla Ormarsdóttir framkvæmdastjóri félagsins boðin á lokahóf FSÍ þar sem hún fékk silfurmerki FSÍ fyrir öflugt og óeigingjarnt starf í þágu sambandsins. Erla hefur verið mjög öflug að jafna rétt okkar á landsbyggðinni til móts við félögin á höfuðborgarsvæðinu.

Iðkendafjöldi fimleikafélagsins var um 800 sem skiptast í um 40 hópa og þjálfarar félagsins telja 50-60. Kynjahlutfallið var stúlkum í hag þar sem u.þ.b 70% iðkenda voru stúlkur. Aldursbilið var frá 3 ára til 50 ára. Fullt var í flesta hópa og biðlistar voru í suma hópa.

Aðalfundur félagsins var haldinn 27. maí í Giljaskóla. Aðalfundinn sóttu 8 manns auk nokkurra þjálfara og stjórnarmeðlima. Fundarstjóri var Unnsteinn Jónsson og fundarritari Lára Halldóra. Á fundinum fóru fram almenn aðalfundastörf. Inga Stella Pétursdóttir, formaður til þriggja ára gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Framboð til formanns var aðeins eitt en sitjandi stjórnarmaður, Hermann Herbertsson gaf kost á sér til eins árs. Hermann var því kjörinn formaður félagsins. Í stjórn félagsins voru 4 sæti laus, eitt til eins árs og 3 til tveggja ára. Inga Stella Pétursdóttir gaf ein kost á sér til eins árs og var hún því sjálfkjörin. Agla Egilson og Guðmundur Karl Jónsson gáfu bæði kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og einnig gaf Lára Halldóra Eiríksdóttir kost á sér á fundinum. Engin mótframboð komu og því voru þau sjálfkjörnir stjórnarmenn til tveggja ára.

Engin framboð höfðu borist í varastjórn fyrir fundinn en Þórður Birgisson og Jónína Pálsdóttir gáfu kost á sér á fundinum og voru þau réttkjörnir varastjórnarmenn til eins árs.

Stjórnsýsla

Fimleikafélag Akureyrar er þriðja stærsta fimleikafélag landsins á eftir Gerplu og Ármanni og eitt af þrem stærstu íþróttafélögum á Akureyri. Daglegur rekstur félagsins er höndum framkvæmdastjóra, Rutar Jónsdóttur ásamt því að stjórn hittist mjög reglulega. Á árinu 2015 komu til breytingar á starfsfólki á skrifstofu. Í fyrsta lagi var auglýst staða starfsmanns á skrifstofu í desember 2014. Um var að ræða stöðu sem fyrir var, en vegna skipulagsbreytinga tók stjórn félagsins þá ákvörðun að fá nýjan starfsmann í hús. Margir hæfir einstaklingar sóttu um en eftir viðtöl við nokkra útvalda var Valdis Anna Jónsdóttir ráðin.

Í febrúar breyttust forsendur hjá framkvæmdastjóra sem sótti um leyfi og þáverandi gjaldkeri félagsins var fenginn til að sitja tímabundið sem framkvæmdastóri. Þegar leið á árið og undir vor, var svo komið að stjórn félagsins ákvað að gera róttækar skipulagsbreytingar. Þar á meðal var skipuriti félagsins breytt og framkvæmdastjóri, Erla Ormarsdóttir sneri sér að öðrum verkefnum. Við þetta tilefni vil ég fyrir hönd stjórnar og félagsins alls, þakka Erlu fyrir mikið og óeigingjarnt starf í þágu FIMAK. Við njótum þó enn krafta Erlu sem þjálfara en þar hefur hún mikla reynslu. Um þetta leyti, ákvað stjórn að ráða Rut Jónsdóttur sem framkvæmdastjóra Fimleikafélagsins.

Sótt var um styrki víða en til dæmis samþykkti stjórn KEA að veita FIMAK 300.000 kr. styrk til reksturs félagsins. Salan á auglýsingum/skiltum í salinn hefur gengið nokkuð vel og vonum við að það haldi áfram og er hún í formi beinna fjárstyrkja, inneigna o.s.frv. Í febrúar var svo skrifað undir langtíma styrktarsamning við Höldur-Bílaaleigu Akureyrar sem er félaginu gríðarlega mikilvægur og í mars var skrifað undir samstarfssamning félagsins og Flugfélags Íslands. Núverandi viðskiptabanki félagsins, Landsbankinn hf., hefur komið félaginu til aðstoðar á margan hátt, t.d. verið félaginu til aðstoðar við yfirferð og annað gagnvart rekstri og gefið verðlaun á Akureyrarfjör.

Í lok desember bauð Samherji til veislu í nýju húsnæði sínu við Fiskitanga og um leið til úthlutunar úr Samherjasjóðnum. Samherji óskaði í fyrsta sinn eftir umsóknum í sjóðinn, þar sem meðal annars kæmi fram í hvað félögin ætluðu að nýta styrki sína og hvernig áður úthlutuðum styrkjum var varið. Formaður FIMAK veitti styrknum viðtöku en hann hljóðaði upp á kr. 7.000.000. Fimleikafélag Akureyrar færir Samherja miklar þakkir og

þarf ekki að fara mörgum orðum um það að svona fjármunir nýtast á margan hátt. Stjórn ákvað svo í lok ársins að styrkurinn yrði nýttur allur á árinu 2016, m.a. í formi lækkunar á æfingagjöldum.

Undanfarin ár hefur félaginu sárlega vantað fastráðna þjálfara. Þörfin er mest í hóp fimleikum þar sem félagið hefur nú verið að senda lið til keppni í meistaraflokk. Stjórn hefur í samstarfi við yfirþjálfara leitað að þjálfara í fullt starf fyrir hóp fimleikana en hefur sú leit ekki enn skilað árangri. Mikill þjálfaraskortur er í greininni bæði hér á landi og erlendis.

Mót og viðburðir

Mót og viðburðir sem haldnir voru á árinu 2015 voru Þrepamót 2 (1.-3. þrep), Fyrirtækjamót WOW í hóp fimleikum, Parkour mót í tengslum við Ak Extreme, Akureyrarfjör Landsbankans, Vorsýning, stökkfimi/Parkour í tengslum við Unglingalandsmót UMFÍ, Haustmót FSÍ í áhaldafimleikum hluti I og Íslandsmót í Stökkfimi.

Í febrúar fór fram WOW mótið í hóp fimleikum hjá FIMAK. Þar er keppt í meistaraflokki og 1. flokki. Það er gaman að segja frá því að þarna skartaði FIMAK sínu fyrsta meistara flokksliði sem keppti í B-deild og hafnaði í 1. sæti.

Dagana 17.-19. apríl fór fram Akureyrarfjör þar sem öllum iðkendum félagsins 6 ára og eldri gafst kostur að þátttöku. Ekki voru veitt verðlaun hjá iðkendum yngri en 9 ára, heldur fengu allir þátttökuverðlaun. Krýndir voru Akureyrarmeistarar í öllum flokkum og þrepum jafnt í hóp fimleikum/stökkfimi og áhaldafimleikum. Aldursbil þátttakenda á mótinu var 6 -50 ára.

Vorsýningin var hin glæsilegasta og voru sýningarnar 4 talsins og gleði skein úr hverju andliti. Á vorsýningunni gátu aðstandendur keypt ljósmyndir af hópnum.

Um verslunarmannahelgina fór fram stærsta unglingalandsmót hingað til og var keppt í stökkfimi og Parkour. Það er í fyrsta sinn sem keppt er í Parkour á unglingalandsmóti en það var gert fyrir tilstuðlan fimleikafélagsins.

Haustmót FSÍ í áhaldafimleikum var svo haldið hér fyrir norðan 17.-18. október þar sem keppt var í 4.- 5. þrepi íslenska fimleikastigans.

Fimleikafélagið sendi keppnishópana sína á flest mót sem haldin voru á vegum FSÍ. Áhaldafimleikakrakkarnir sóttu Þrepamót, Bikarmót, Íslandsmót og Haustmót. Á Íslandsmótinu átti félagið 23 keppendur, 16 stelpur og 7 stráka, en þangað komast aðeins þeir sem náð hafa lágmarkseinkunn hvers þreps eftir FSÍ mót vetrarins. Jóhann Gunnar gerði sér lítið fyrir og sigraði sinn aldurflokk í 4. þrepi og hann varð einnig stigahæstur í öllu þrepinu svo hann var krýndur Íslandsmeistari í 4. þrepi áhaldafimleikum drengja 2015.

Í maí fóru um 30 keppendur á Mínervumót Bjarkanna og kepptu í 6. og 5. þrepi íslenska fimleikastigans. Liðunum gekk mjög vel, komu heim með tvö silfur og eitt brons en mótið er góður undirbúningur fyrir yngri þátttakendur.

Árið gekk vonum framar í hóp fimleikum og stökkfimi. Í þessum greinum hefur verið fjölgun iðkenda, örlítið á kostnað áhaldafimleikanna. Árið byrjaði með að 2. flokkur vann til bronsverðlauna í A-deild á Íslandsmóti unglinga sem var haldið í Gerplu.

Meistaraflokkurinn fór á tvö mót yfir veturinn, WOW mótið þar sem hann lenti í 1. sæti í B-deild og á bikarmótið sem fór fram á Selfossi í mars þar sem hann lenti í 2.sæti.

Í apríl byrjun fór stór hópur iðkenda á bikarmót FSÍ í stökkfimi og náðist mjög góður árangur hjá þessum 4 liðum. Hæst ber að 15-16 ára drengir urðu bikarmeistarar. Haustmótið var haldið á Akranesi helgina 20.-22. nóvember og er þetta fjölmennasta mót sem haldið hefur verið og voru keppendur tæplega 1000. FIMAK sendi 6 lið á mótið.

Fimak hélt svo í nóvemberbyrjun Íslandsmót í stökkfimi eins og áður sagði og eignaðist 5 Íslandsmeistara á mótinu.

Eftir að kennslu lauk á vorönn stóð fimleikafélagið fyrir stuttum sumarnámskeiðum þar sem krökkum gafst kostur á að sækja námskeið sem stóðu yfir viku í senn. Í boði voru námskeið í hóp fimleikum, áhaldafimleikum, almennum fimleikum, Parkour og trampólíni. Námskeiðin voru vel sótt.

Einnig voru haldin sérstök námskeið til undirbúnings þeirra sem ætluðu að taka þátt í Unglingalandsmótinu.

Fimleikafélagið eignaðist 6 Íslandsmeistara á árinu 2015, einn í áhaldafimleikum og 5 í stökkfimi.

SÍ- og endurmenntun er félaginu mikilvæg og stefna félagsins að halda eitt sérgreina námskeið á hverju ári að lágmarki. Á fyrri hluta ársins sóttu 5 þjálfarar dómarnámskeið í Team Gym reglum í hóp fimleikum og einn þjálfari sótti dómarnámskeið í áhaldafimleikum karla. Á sama tíma sóttu tveir þjálfarar móttökunámskeið FSÍ. Í októberbyrjun sóttu svo 7 þjálfarar dómarnámskeið í áhaldafimleikum en félagið hefur ekki átt dómara í áhaldafimleikum kvenna í 4 ár.

Tveir þjálfarar sóttu námskeið á vegum ÍSÍ á árinu.

Í byrjun árs 2016 var krýndur íþróttamaður fimleikafélagsins árið 2015. Íþróttamaður FIMAK árið 2015 var valin Auður Anna Jónasdóttir. Er þetta í annað sinn sem Auður Anna hlýtur þennan titil. Auður Anna er einn fremsti iðkandi félagsins í hóp fimleikum og því vel að titlinum komin. Hún er yndisleg persóna og frábær fyrirmynd fyrir aðra iðkendur félagsins. Hún var lykilmanneskja í liðum félagsins í meistaraflokki og 1. flokki sem bæði stóðu sig vel á árinu. Til að mynda keppti meistaraflokkur á Bikarmóti í hóp fimleikum þar sem þær höfnuðu í 2. sæti í B-deild. Þar gegndi Auður Anna hlutverki fyrirliða og gerði það vel. Auður Anna varð einnig Íslandsmeistari í opnum flokki 16 ára og eldri í stökkfimi síðastliðið haust. Þar vann hún til gullverðlauna á báðum áhöldum; trampólíni og dýnuæfingum og í samanlögðum árangri.

Hermann Herbertsson, formaður FIMAK



Íþróttamenn Akureyrar 2014.



*Heiðursviðurkenningar frá íþróttaráði Akureyrarbæjar 2014:
Nói Björnsson, Björg Finnbogadóttir og Sigfús Ólafur Helgason.*

70 ÁRA AFMÆLISHÁTÍÐ ÍBA

